

# Þingsályktanir afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

## 1. Þjóðfáninn.

Á 3. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:  
Till. til þál. um notkun þjóðfánans (A. 6).

Á 6. fundi í Ed., 28. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Ed., 1. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Ed., 7. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

\*Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál er nú komið fram fyrir nokkru og því fylgir dáltil grg., þannig, að það er ekki þörf fyrir mig að fjöl-yrða um nauðsyn þess.

Ástæðan til þess, að ég bar þessa till. fram, var sú, að ég hafði veitt því eftirtekt, að hér á landi og í næstu löndum er það nokkuð ólíkt, hvernig nágrannaþjóðir okkar nota sinn fána og hvernig við notum hann. Því að það er nokkur ljóður á því, hvernig við förum með hann undir vissum kringumstæðum. Þetta er kannske að nokkru leyti eðlilegt, af því að við höfum ekki haft okkar eigin fána nema í 20 ár. Áður höfðum við fána, sem við töldum okkur óviðkomandi og við Íslendingar vorum ekki hrifnir af. Það bætti heldur ekki um í þessu efni, að sá fáni, sem við fengum, var ekki kominn beinlínis sem ávöxtur af þjóðarhrifningu, heldur ávöxtur af málamiðlun, sem þeir, sem mest höfðu barizt fyrir fánamálinu, voru ekki sérstaklega hrifnir af. Þá hlið læt ég svo að öðru leyti órædda nú.

Ég vil minnst á það í fáum orðum, að það er eðlilegt, að þjóðir eins og t. d. Danir og Englendingar, sem hafa haft sama fánann eða lítið breyttan öldum saman, og hann hefir verið borinn fyrir þjóðinni bæði á hættustundum og einnig á frægðarstundum, og ég tala ekki um, þegar hann er af guðlegum uppruna, eins og fáni Dana, beri mikla virðing fyrir fánanum. Og þeir, sem vaxa upp í slíkum hugsunarhætti, lita á

fánann sem helgan dóm. Þannig er ekki með okkar fána.

Á ferðalagi mínu um Ameríku veitti ég því eftirtekt, hvernig fáninn þar er notaður. Í Bandaríkjunum hefir verið lögð stund á það, að fáninn sé skoðaður sem helgur dómur, bæði af því að fáninn er ekki tiltölulega gamall, og þar eru líka margar þjóðir, sem þarf að bræða saman.

Ég veitti því eftirtekt í Winnipeg, að menn hafa fánann þar í kirkjunum, og í íslenzku kirkjunum í Winnipeg höfðu þeir stundum tvo fána, sinn hvorum megin við kórinn. Og ég hygg, að allir skólar ríkisins hafi þar fánann dreginn við hún á meðan skóli er — eins og t. d. við höfum hann hér á alþingishúsinu á meðan á fundum stendur —, til þess að venja börnin við þá hugsun, að þau eigi að vinna starf, sem sé þess virði, að þjóðfáni þeirra blakti yfir þeim. Það er óviða farið eins vel með íslenzka fánann eins og hér á hæstv. Alþ., því að þar eru fastar venjur um, hvernig hann er notaður.

Í Bandaríkjunum er ekki eins oft flaggað í hálfra stöng eins og við gerum hér, heldur aðeins við sérstaka sorgaratburði. Það sagði mér maður í San Fransisco, að til þess að flaggað væri í hálfra stöng þyrfti forseti að falla frá eða einhver annar maður, sem öll þjóðin þekkti. Þessi venja hjá okkur, að flagga við hvers manns dauða og daglega, gerir fánann mjög hversdagslegan. Þó er annað, sem komið hefir fyrir hjá okkur, sem er leiðinlegra, að menn láta fánann hanga á stöng alla nóttina; stundum er fáninn rifinn og oft bættur. Og það þarf ekki að lýsa því hér á Alþingi, hversu mikil fjarstæða það er, ef á að líta á fánann sem helgan dóm.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja frá einu atriði, sem sýnir vel, hversu oft er áfátt um okkar smekk og virðingu fyrir okkar þjóðfána. Það var þannig ástatt á strandferðaskipi ríkisins, þegar núverandi forstjóri tók við útgerðinni, að okkar íslenzki fáni var steiptur í gúmmí, og var í forstofunni, þegar komið var inn á 1. farrými, sem fótapurrka á almanna-færi. Þetta var svona á strandferðaskipi þjóðarinnar. Þó dettur mér ekki í hug að halda, að slíkt hafi verið gert af neinum illvilja, heldur aðeins vöntun á smekk, eins og víða kemur fram hjá okkur í sambandi við okkar þjóðfána, og tilfæri ég þetta dæmi aðeins til þess að

\*) Stjarna (\*) framan við nafn ræðumanns tákna, að ræðan sé prentuð eftir handriti innþingssskrifara, óyfírlésin af ræðumanni.

sýna, hvað getur komið fyrir hjá okkur í þessu almenna hugsunarleysi.

Ég hefji séð út um gluggann hjá mér nú í nokkrar vikur eitt af þessum hirðuleysisdæmum um fánann. Það er í Þjóðleikhúsinu flugmodelsýning, sem búin er að vera í nokkrar vikur, og það er mjög ánægjulegt að koma þar inn, því að þar eru prýðilega fallegir hlutir, sem drengir hafa gert í frístundum sínum, sem er þeim til mikils sóma. Og þetta starf drengjanna sýnir okkur vel, hvernig við ættum að heina okkar uppeldi að því að reyna að leiða börnin frá þeim stöðum, þar sem þau geta leiðzt út í það versta, og til hinnar þörfustu handavinnu. Þessir drengir hafa notað fánann sem nokkurskonar leiðbeiningarmerki til sín, en hafa haft hann dreginn við hún oft dag og nótt. Þetta hefji ég séð út um gluggann hjá mér, og mér hefji þótt það mjög leiðinlegt, því að ég veit, að þessir drengir eru fyrirmynd annara drengja, en ég sé, að þeir hafa aðeins notað fánann eins og aðrir, mest af hugsunarleysi, af því að þeim hefji ekki verið kennt að líta á fánann sem virðingarmerki þjóðarinnar, hvað þá heldur helgan dóm.

Ég legg til, að hæstv. ríkisstj. afli sér heimilda frá ýmsum löndum um löggjöf og venjur um rétta notkun þjóðfánans. Ég get ekki séð annað en að það hafi verið sett l. um margt ómerkilegra en notkun þjóðfánans. Ég veit, að í sumum löndum liggja sektir við því að hafa fána, sem er rifinn, og ég tala nú ekki um, ef hann er bættur. Fyrir slíkar myndir eiga menn að fá hegningu, þótt ekki sé það lífs eða limalát. Ég þykist þess fullviss, að auðvelt muni að kippa þessu í lag, og ég álit fullkomna nauðsyn til þess að fá um það löggjöf, hvernig nota á fána þjóðarinnar.

Ég álit, að þessi þáttill. þurfi ekki til n.; hefji ég þó ekkert á móti því. En ég álit, að samþ. megi þáttill. strax, og senda hana svo áleiðis til hæstv. ríkisstj.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Mér finnst sem hér hafi orð verið fullkomlega í tíma töluð, og hefði gjarnan mátt vera fyrr. Ég finn til þess, hversu oft hefji verið illa með okkar fána farið. Það er rétt, að það þarf að venja fólkið við að líta á fánann öðruvísi en hvern annan klút. Og ég, án þess ég nefni nokkur dæmi, sem eru þó fjölmörg um misnotkun fánans, veit, að talsvert mörgum hefji sárnað, hvernig okkar þjóðartákn er notað hér í hugsunarleysi og af misgáningi, einkum og sér í lagi, þegar maður oft getur gert samanburð á því, hvernig aðrar þjóðir nota sitt þjóðarmerki af sömu tegund. Það á því mjög vel við, að þessi þáttill. fái hina beztu fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 82).

## 2. Hitun og lýsing háskólans.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um hitun og lýsing háskólans (A. 15).

Á 4. fundi í Sp., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sp., 12. marz, var till. tekin til einnar umr.

\*Flm. (Jónas Jónsson): Það hefji verið lítið talað um þessa þáttill., eins og von er til ennþá, þó að það sé liðinn nærri mánuður síðan hún kom fram.

Þetta mál er ekki alveg nýtt, vegna þess, að síðan byrjað var á hugmyndinni um háskóla-bygginguna eins og hún er nú, þá hefji verið þegjandi samkomulag á milli ríkisstj., Alp. og bæjarstj. Reykjavíkur, af því að það væri svo mikil áhætta að koma þessu húsi á fót með þeim rekstri, sem gert er ráð fyrir, að verði á háskólanum, að ekki veiti af, að allir aðilar hjálpist að í þeim efnum.

Ég vil fyrst taka það fram, að Reykjavík hlynti að háskólanum með því að leggja fram þá lóð, sem háskólinn er byggður á og er svo stór, að gera má ráð fyrir, að þar megi ekki aðeins bæta við mörgum húsum fyrir háskólann sjálfan á komandi árum, heldur líka öllum þeim kennarabústöðum, sem þar munu reistir, þegar byggingar hefjast aftur. Þetta er vitanlega myndarlega gert af Reykjavík, að hafa þarna lyft undir þetta merkilega mál. En það er alveg fullvíst, að það hlýtur að verða geysilega dýrt að reka slíkar byggingar, sem svo eru stórar, og þá sérstaklega hve hiti og ljós verða dýr. Það er varla hægt að gera sér það ljóst, hve miklu það munar, að hita upp þann háskóla, sem nú er, aðeins fjórar kennslustofur, og hefji verið aðeins til bráðabirgða, og hinn nýja háskóla, sem byggður er fyrir framtíðina og deildir háskólans eins og þær eru nú fylla ekki út í. Það má kannske segja, að það verði óeðlilega mikill kostnaður við hitun og ljós, þegar háskólinn er fluttur. Til þess að rétt megi telja, að Reykjavíkurbær leggi háskólanum til ókeypis ljós og hita, er ein mikilsverð ástæða, fyrir utan þær, hve miklir hagsmunir það eru fyrir bæinn að hafa háskólann, og þá stækkun, sem hlýtur að verða á þænum, að nú er þærin búinn að fá Sogsvirkjunina og bráðum hitaveituna, og þessar orkulindir hefði Reykjavík ekki getað fengið, nema ábyrgð allra landsmanna væri fyrir þeim lánum, sem til þeirra virkjana þurfti.

Ég hreyfði því fyrir nokkrum árum við núv. forseta Sp., sem þá var atvrmh., og dr. Alexander Jóhannesson, þáv. rektor háskólans, að ef Reykjavík fengi leyst hitaveituspursmálið, þá nyti háskólinn þess. Og ég geri ráð fyrir, að þessir menn hafi rétt við ýmsa áhugamenn í Reykjavíkurbæ. Þegar gengið var frá ábyrgðinni vegna hitaveitunnar á síðasta vori, þá varð samkomulag milli mín og annara í bæjarstj.

## Hitun og lýsing háskólans.

Reykjavíkur um að fara ekki frekar út í það þá, heldur mætti gera ráð fyrir, að þetta yrði samkomulagsatriði milli bæjarstj. og ríkisstj. Það eru margir miklir menn í bæjarstj. Reykjavíkur, sem líta á þetta svipuðum augum og ég. Og mér er kunnugt um, að allmargir hv. þm. úr sama flokki og meiri hluti bæjarstj. Reykjavíkur álíta þetta fullkomið sanngirnismál. Vel getur verið, að styrjöldin taki einhverjum þeim breyt., að ekki takist að koma hitaveitunni á svo fljótt sem æskilegt er; þá verður vitanlega hinn nýi háskóli ekki notaður að vetrinum fyrir en hitaveitan er komin í hann, sem kannske yrði ekki fyrir en eftir stríð, sem maður vonar samt, að komi ekki fyrir.

Ég vil aðeins bæta því við, að Reykjavík sýndi mjög sína höfðingslund með því að leggja til hina stóru lóð undir háskólabygginguna. En það er ekki einstakt í veröldinni, heldur þvert á móti. Það er ákaflega víða annarstaðar, þegar háskólar eru byggðir, að það er miklu meira lagt fram af bæjarfélögum þar sem þeir eru reistir heldur en lóðirnar undir þá. Í Árósum, sem er tvisvar sinnum stærri bær en Reykjavík hafa ekki einungis verið lögð fram lönd, heldur líka geysimiklir peningar. Og Gautaborg, sem á háskóla á stærð við okkar, lagði fram megnið af því fé, sem þurfti til þess að reisa háskólann. Í Ameríku eru svo stór framlögin til háskólanna, að slíkt þolir ekki samanburð hér í Evrópu. Þess vegna getur Reykjavík ekki tekið það nema sem kurteisi að gefa henni þarna tækifæri til þess að veita háskólanum ókeypis ljós og hita.

Þegar þessi þáttill. hefir verið samþ., kemur að því, að semja milli bæjarstj. og ríkisstj., sem ég vænti, að verði byggt á skilningi á því að hafa fengið háskólann reistan hér, sem einnig er mikill metnaðarauki fyrir Reykjavíkurbæ.

Ég sé ekki ástæðu til þess að óska þess, að málið fari til n.; það liggur ljóst fyrir. En ef till. kemur um það frá hv. þm. eða hæstv. forseta þætti ástæða til þess, þá finnst mér það ætti að fara til allshn. Annars óska ég heldur eftir, tímans vegna, að þáttill. verði nú þegar samþ.

\*Héðinn Valdimarsson: Mér finnst nokkuð til mikils mælt, að ætlast til þess, að Reykjavíkurbær hiti upp háskólann og leggi honum til ókeypis rafmagn, ekki sít þegar ekki hafa verið leidd fram rök fyrir því, hve mikið af hita og rafmagni verður afgangur hjá bænum, að þá skuli bærinn eiga að láta taka af sér rafmagnið til þess að þessi stóra bygging verði upphituð og upplýst, sem vitanlegt er, að hefir verið reist miklu stærri en þörf var á, og kostnaður því meiri í framlögum og vöxtum en nauðsynlegt er. Það er álika eins og með Þjóðleikhúsið, sem húsið er verja í 1 millj. kr., bæði til skaða og skammar fyrir Reykjavíkurbæ og allt landið, hvernig farið var með féð. Ég hefji ekki á móti því, að þessir hlutir verði athugaðir og rannsakaðir, en ég vil ekki kveða svo á, að Reykjavíkurbær skuli leggja til ókeypis rafmagn og hita, þegar Reykjavík er búin að leggja fram mörg þús. kr. í löðum.

Ég vil leggja til, að málinu verði vísað til allshn. milli þessarar umr. og framhaldsumr., en ef það fæst ekki, ætla ég að bera fram brtt.

\*Flm. (Jónas Jónsson): Mig furðar á því, að þessi sonur Reykjavíkur, sem hér talaði og er nú einn af þeim tiltölulega fáu þm., sem hefir þá ánægju að vera fæddur í þessum bæ, og ætti að vera ánægður yfir öllu, sem bænum er gert til sæmdar, skyldi tala svo höstuglega í þessu efni. Ég veit, að hv. þm. neitar ekki, að það hafi verið rétt, að bær eins og Árósar taldi borga sig að gefa ekki aðeins löð undir háskóla, heldur og líka peninga, til þess að fá hann til sín, og vitum við þó, að danska ríkið er betur státt heldur en við. En þeir höfðu langa reynslu í þessum efnum og vissu, hve miklum hagsmunum var þarna að ná. Hv. þm. sagði, að það þyrfti að taka hita frá einhverjum öðrum, ef háskólinn fengi þennan hita. En þetta á bara ekki við um hitaveituna, því að enginn er búinn að fá hana til sín. Ég held, að það eigi ekki heldur við um ljósin, því að það verður enginn vafi á því, að jafnvel þótt það verði ekki samþ., að háskólinn fái þau ókeypis, þá mun hann samt sem áður fá ljós eins og önnur hús hér, þannig, að röksemdir hv. 3. þm. Reykv. koma að litlu liði fyrir hann, sérstaklega þar sem hér er aðeins um kostnaðaratriði að ræða.

Það, sem ég legg áherzlu á, er, að Reykjavík fái tækifæri til þess að gera skyldu sína í þessum efnum, að enda eins og hún hefir byrjað vel; haldi áfram að gera það sómastrík, að lyfta undir með rekstri þessa húss.

\*Garðar Þorsteinsson: Herra forseti! Ég ætla mér ekki að fara að lengja þessar umr., en finnst ég ekki komast hjá því að minnst á það nokkrum orðum, hvernig farið hefir verið með landsins fé, ekki aðeins með þessari háskólabyggingu og Þjóðleikhúsinu, heldur með öllum þeim skólabyggingum, sem reistar hafa verið og öllum kemur saman um, að séu allt of stórar.

Þegar hv. þm. S.-Þ. minnst á háskólann í Árósum, að sá bær hafi lagt til löð undir háskólabyggingu og auk þess lagt háskólanum til stórfé, má benda honum á það, að háskólinn í Árósum er ekki byggður kannske 600 ár fram í tímann eins og háskólinn hér. Þessi háskóli hér er svo stór, að með normal-aukningu á nemendafjölda mundi hann vera nógu stór í 600 ár, en háskólinn í Árósum er byggður eftir College-systeminu, svo það er hægt að bæta við hann eftir þörfum. Og hvernig er svo hugsað fyrir nemendum í þetta hús? Í fyrra, þegar háskólinn var settur, sagði rektor háskólans, að hann mundi beita sér fyrir því, að settar yrðu takmarkanir fyrir aðsókn að skólanum, og það er á sama tíma sem verið er að byggja þessa stóru byggingu. Það er vitanlegt, að það vantar fé til þess að reka þessa stóru eign. Það þarf, eins og líka kemur fram í þessari till., fé til þess að hita húsið og lýsa. Að mínu áliti er þetta líkt eins og að koma til rausnarbóndans Davíðs á Arnbjargarlæk og sjá hús hans, sem byggt er upp á þrjár hæðir með marmaratröppum og stórum herbergjum. Hvernig

ætti hann að hita þetta hús? Þótt hann eigi gott bú, ber það þetta ekki. Þetta kalla ég að yfirbyggja sig. Ég er ekki að segja þetta þessum manni til lasts. Ég tek hann aðeins sem dæmi um það, hvornig menn yfirbyggja sig. Það þarf ekki að fara víða um sveitir landsins til þess að finna hús, sem eru í ósamræmi við jarðirnar, sem þær standa á, eins og háskólinn er fyrir nemendafjöldann.

Þegar minnzt er á háskólann í Árósum, má minna á, að hann er byggður við hæfi þeirra, sem stunda nám í honum. Til þess að sýna, hve mikið er hugsað um það hér, vil ég benda á ummæli Nielsar Dungals, er hann sagði, að sá hluti háskólans, sem ætti að tilheyra lækna-deildinni, ætti að byggjast við landsspítalann. Það var það, sem átti að gera. Hvað eigum við með þetta stóra hús að gera? Var ekki hægt að hafa það fallegt nema það væri svona stórt? Þessi háskólabygging er sorglegt dæmi um okkar fyrirbyggjuleysi, og það hefir sagt mér verkfræðingur, sem kunnugur er þessum málum, að þetta fyrirkomulag á byggingunni væri svo dýrt, að hægt hefði verið að byggja þennan háskóla og þau 10 íbúðarhús, sem áætluð hafa verið fyrir prófessora hans, fyrir sama verð og þessi eina bygging kostar.

Það var gert ráð fyrir, að háskólinn mundi kosta eina millj. króna. Nú eru eftir 4 ár af happdrættinu, og það er ekki hægt að halda áfram byggingunni, nema að fá það framlengt um þrjú ár. Þetta er af því að byggingin er of dýr, og þeir menn, sem fyrir þessu standa, sjá nú ekki nokkur ráð nema fá viðbót. Nú er það vitanlegt, að það er ríkissjóður, sem ber þetta, svo það er einkennilegt að þurfa að fá framlengd happdrættislögin, þótt haldið sé áfram byggingu háskólans.

Ég held, að þetta hafi verið eftirlitslaust og kontrolaust, og að það verði álika baggi fyrir ríkissjóð að reka þetta allt of stóra hús, eins og þjóðleikhúsið er álitíð nú.

ATKVGR.

Till. frá 3. þm. Reykv. um að fresta umr. um málið og vísa því til nefndar felld með 23:21 atkv.

\*Fjmrh. (Jakob Möller): Mér finnst þetta ekki svo víðurhlutamikið mál, að það megi ekki ganga fram nokkurnveginn slindrulaust. Það er ekki farið fram á annað en að leita samninga við Reykjavíkurbæ um hitun og lýsingu háskólans.

Mér er ljóst, að það eru nokkur vandkvæði á því, að bærinn geti tekið þetta að sér eins og nú stendur. Hitaveitan er rétt að komast á, og henni eru bundnir þungir baggar, svo sennilega er varla um það að ræða, að hún geti borið kostnaðinn af hitun háskólans fyrstu árin, og kæmi þá til mála, hvort bærinn gæti gert þetta sjálfur. Um lýsinguna er svipað að segja. Sogsvirkjunin á við nokkra erfiðleika að etja og er á byrjunarstigi.

Ég get staðfest það, sem hv. flm. sagði um, að þetta hefir borið á góma í bæjarstj. Reykjavíkur og yfirleitt tekið þannig, að ekki er ástæða til fyrir þingið að vísa því frá fyrir þeirra

hluta sakir. Mér finnst, að vel mætti samþ. að fela ríkisstj. að vekja máls á þessu við bæinn. Það felst engin ábyrgð í því fyrir þingið og það er ekki farið fram á að beita neinum þvingunarráðstöfunum; ekkert annað en að málið verði rætt. Ég sé ekki annað en að það sé víðurhlutalítið að samþ. till. og fela ríkisstj. að at-  
huga málið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 3. þm. Reykv. (sjá þskj. 118) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

\*Héðinn Valdimarsson: Ég þarf nú lítið að skýra þessa till., ég veik að henni áður. Með henni er ekki átt við annað en það, að ríkisstj. sé ekki sagt að hætta að tala við bæjarstj., ef hún vill ekki láta ókeypis hitun og ljós til háskólans.

Því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði í minn garð, ætla ég aðeins að svara örfáum orðum. Hann vill ekki taka eftir Dönnum nema þegar það á við, en ég hygg nú samt, að honum sé ekki svo kunnugt um fjárhag Árósabæjar, að hann geti gert þennan samanburð. Það er vitanlegt, að það var háskóli í Danmörku áður en háskólinn í Árósum var byggður, og hver sem fjárfra-  
lögin hafa verið af hálfu Árósabæjar, er hitt vist, að Reykjavíkurbær hefir lagt fram mikið fjármagn með því mikla landi, sem hann lagði til. Þeir, sem hafa staðið að byggingu þessa háskóla, eins og hv. þm. S.-Þ. og sá arkitekt, sem hann heldur mest af, hafa gert hann allt of stóran og dýran, og einkennilegt er það, að þegar búið er að byggja þessar allt of stóru byggingar, sem eru of stórar til þess að hægt sé að reka þær, á að koma því á einhvern annan. Það var eytt 100 þús. krónum í það eitt að grafa skál fyrir framan háskólann til þess að opna betri útsjón. Það er bersýnilegt, að hægt var að koma þessu upp fyrir þetta fé, sem almenningur í landinu hefir lagt fram til háskólabyggingarinnar.

Ég ætla svo að minnst stuttlega á fyrirkomulag háskólans, sem ekki mun vera notað erlendis, að byggja eina stóra byggingu fyrir margar aldir, í stað þess að byggja mörg smá-  
hús.

Í sambandi við það, sem fjmrh. gat um með hitaveituna og Sogsvirkjunina, vil ég geta þess, að mér er kunnugt um, að ekki muni vera lengur en fram á næsta vetur sem rafmagns-  
þörf bæjarbúa er fullnægt með því rafmagni, sem til er, og verður að taka til athugunar, hvort hægt muni vera að ráðast í að bæta við stöðina á þeim sparnaðartímum, sem nú eru. Um hitaveituna held ég, að útreikningar séu svo, að ekki sé vist, að mikill afgangur sé, og hygg ég réttara að taka til athugunar, hvort heppilegt sé að halda áfram rekstri háskólans. Þetta eru hvortveggja fyrirtæki bæjarins, sem hann þarf að nota.

Vil ég svo mæla með því, að þessi brtt. verði samþ., svo þetta sé hlutlaust af þingsins hálfu, og að sjálfsögðu reynir ríkisstj. að komast að sem beztum kjörum, ef tiltækilegt þykir að reka háskólann í hinu nýja hús.

\*Flm. (Jónas Jónsson): Það undrar mig, að síðasti ræðumaður skyldi vera að ómaka sig til þess að gera till. um að fá með einhverju móti ljós og hita í þessa byggingu. Ég skil það svo, að þetta sé af því, að hann telur sig ekki stuðningsmann ríkisstj. og geri þar af leiðandi ráð fyrir því, að það þurfi að taka það fram við stjórnina, að hún geri slík verk. Ég vil nú álita, að stjórnin jafnvel þótt ekki væru í henni 5 menn muni hafa leitast við að fá ljós og hita í þetta hús, eins og hann gerði, þegar hann byggði sitt hús.

Hinsvegar finnst mér þessi till. svo skemmtilegur smíðisgripur, að ég vil biðja um nafnakall um hana. Mér finnst þurfa að standa í bókum þingsins, hve margir vildu samþ. slíka till. Út af því, sem annar þm. sagði, að háskólinn væri stór, þá er það mál, sem mér kemur ekki við. Það er búið að byggja háskólann, og hann verður ekki starfræktur nema hann hafi ljós og hita. Hvort sem hann er vel eða illa byggður, verður hann að hafa ljós og hita. Það, sem hér liggur fyrir, er því það, hvort við ætlum að reyna að létta af ríkinu þessum kostnaði. Þetta hefði ekki komið til mála, ef um aðra byggingu hefði verið að ræða, en háskólinn er alþjóðareign, og það hefir mikla þýðingu fyrir bæinn að hafa svona stofnun og að hafa hana sem fullkomnasta. Þegar hæstv. fjmrh., sem er bæjarráðsmaður fyrir Reykjavík og bæjarfulltrúi, hefir sem skynsamur maður bent á það, að ekki er hundrað í hættunni, þótt till. sé samþ., og stutt mína sögusögn um, að þessu var tekið með nokkrum velvilja í bæjarstj. Reykjavíkur, af því þeir fundu til þess, að þetta var bænnum til hags, held ég ekki, að hv. þm. þurfi lengur að hræðast þetta skref.

Ég hygg ekki ástæðu til þess að tala meira um þetta, en vil minna á það, að það, sem hér liggur fyrir, er það, hvort þm. vilja reyna að koma á sparnaði, sem kemur bænnum við og landinu líka.

\*Héðinn Valdimarsson: Endilega þurfti hv. þm. S.-Þ. á venjulegan hátt að snúa við orðalaginu á brtt. minni, sem orðrétt hljóðar þannig: „Orðin „að bærinn leggi fram ókeypis“ falli niður“, en hann þurfti að bæta þarna inn í, og það eins og þegar hann er að skýra frá því í sínum blöðum, hvað andstæðingarnir segi.

Annars hefir hann ekki gert grein fyrir, hvað þetta mundi kosta, og býst ég við, að á þessum tímum mundi það kosta a. m. k. 100 þús. krónur.

ATKVGR.

Brtt. 118 felld með 28:5 atkv.. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, Gþ,<sup>1)</sup> HV, SK, ÁJ.

nei: EÁrna, EE, ErlÞ, EystJ, HelgJ, HermJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, TT, ÞBr, ÞP, ÁÁ, BSt, BÁ, BJB, BSN.

1) Gþ: Ég sé ekki, hvers vegna ríkisstj. ætti ekki að vera heimilt að semja við bæjarstj. án þess að fyrirfram sé ákveðið, að þetta ætti að vera gefið, og segi því já.

GSv, ÍsIH, JakM, MJ,<sup>2)</sup> SÁÓ, HG greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOI, EmJ, FJ, GG, JJós, MG, PHald, PO, VJ, BJ) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 33:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, TT, VJ, ÞBr, ÞP, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BJB, BSN, EÁrna, EE, ErlÞ, EystJ, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JÍv, JPálm, JJ, JörB, HG.

nei: SK, BrB, EOI, ÍsIH.

SÁÓ, ÁJ, Gþ, HV greiddu ekki atkv.

8 þm. (PHald, PO, SEH, EmJ, FJ, GG, JJós, MG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 119).

### 3. Lýðræði og öryggi ríkisins.

Á deildafundum 29. marz var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. vegna flokksstarfsemi, sem er ósamrýmanleg öryggi ríkisins (A. 250).

Á 9. fundi í Sp., 30. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sp., 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.

\*Flm. (Jónas Jónsson): Á þeim tímum, er við lifum nú, er tvennt, sem sérstaklega kemur við okkar frelsi. Hið fyrra er það, að nú er komið að þeim tíma, er þjóðin á, ef gæfa er með, að taka í sínar hendur þau mál, er aðrar þjóðir hafa farið með um margar aldir. Við erum nú, eftir langa baráttu, komnir að því, sem þjóðin hefir sett sér sem ýtrasta takmark í frelssímalunum.

Annað er það, að á síðustu tímum hafa komið upp í heiminum ýmsar stefnur, sem ekki bærðu á sér fyrir heimsstyrjöldina. Þessar stefnur hafa sett svip sinn á heimsþólitíkina og þólitíkina hér á landi. Það skipulag, sem við höfum fengið frá elztu þingræðisþjóðinni, Bretum, er nú í verulegri hættu af þessum stefnum. Þetta hefir komið fram síðustu 20—25 árin, og þær einkennilegu ástæður hafa skapast, að við erum nú nær því að ná fullu frelsi en forfeður okkar hefðu getað búið við, en hinsvegar er þetta frelsi í hættu af nýjungum, sem geta skaðað okkar eðlilegu þróun, ef ekki er í tíma á stöðvuð að ósi.

Ég játa, að í þessu er nýjung fólgin, en minni þó á, að ekkert er nýtt undir sólinni. Í okkar sögu eru glögg dæmi frá fyrri öldum

2) MJ: Mér sýnist liggja það sama í till., hvort sem samþykkt verður, og að ríkisstjórnin hljóti að leyta beztu kjara hjá bænnum um hita og ljós, og greiði því ekki atkv.

um svipaðar meinsemdir. Ég tek þrjú dæmi frá hinum forna þjóðveldistíma, því að þar er í rauninni um að ræða þrjár tegundir þeirra meinsemda, sem við eigum nú við að stríða, þó að í nokkuð öðrum formum sé.

Þegar landið var að byggjast, sendi Danakonungur Una hinn danska til landsins sem einskonar flugumann, til þess að véla landið undir konung. En landsmenn, sem höfðu farið hingað í öðrum tilgangi en þeim að verða þjónar konungs, komu þannig fram við hann, að honum reyndist erfitt að haldast hér við og reka starfsemi sína. Þannig lauk fyrstu tilrauninni til að svikja frelsið af Íslendingum í hendur stærri þjóðar.

Svo þegar kemur fram á Sturlungaöldina, eru tveir frægir menn, sem þekktir eru úr okkar sögu, þeir Þorvaldur Vatnsfirðingur og Guðmundur góði. Þorvaldur Vatnsfirðingur var einn hinn mesti ofbeldismaður aldarinnar. Hann og aðrir slíkir settu ofbeldið ofar lögum og rétti, og þeir áttu mestan þáttinn í því að gera lýðveldið ófært um að starfa á þann hátt, sem þurfti til þess, að þjóðin gæti verið frjáls. Í fornöld var þannig til bæði undirróður framandi þjóðar og svo dæmi Þorvaldar Vatnsfirðings og annara, sem beittu ofbeldi og eyðilögðu þjóðskipulagið. Þjóðin var þá sumpart ekki nógu sterk til að standast ofbeldið, og á hinn bóginn var ofbeldið sjálft orðið of sterkt í landinu.

Þá er þriðja atriðið, sem er að vissu leyti mest táknrænt fyrir hættu þá, sem lýðræðinu stafar af alþjóðlegum kenningum. Guðmundur góði virðist hafa verið mikill hugsjónamaður, eins og viðurnefni hans bendir til, einlægur í sinni kaþólsku trú. En hann beygði sig fyrir páfanum í Róm, sem var hans æðsti yfirmaður, og erkibiskupinum í Niðarósi, sem var hans næsti yfirmaður. Það, sem þessir menn skipuðu, reyndi hann að framkvæma. Sök Guðmundar var sú, að hann setti það lægra að vera Íslendingur en hlýða þeirri alþjóðlegu stefnu, er hann fylgdi. Guðmundur góði var til með að líða mikið fyrir sína trú; það er margt falllegt í fórnarsögu Guðmundar, en því verður ekki neitad, að þessi trú, sem virðist hafa verið honum fullt hjartans mál, hafði þær afleiðingar að veikja hið íslenska þjóðskipulag, er hann og fleiri fóru að reka erindi erlendra hagsmuna á Íslandi. Ég veit, að hver, sem hér er viðstaddur, þekkir þessi dæmi og mörg önnur hlíðstæð. En við þetta áttum við að búa strax í fornöld, erlendan áróður framandi hagsmuna, alþjóðlegan áróður trúarhreyfingar og svo það, að margir Íslendingar tóku að heita ofbeldi, þó að þeir væru ekki undir þessum alþjóðlegu áhrifum, svo að það má segja, að líkt fór fyrir Íslendingum á seinni hluta 13. aldar og fyrir stóru lýðræðisríki í Evrópu fyrir skömmu, eftir að þar höfðu um hríð barizt tveir alþjóðlegir öfgaflokkar, þannig að mjög menntuð þjóð lagði sig undir harðstjórn til að fá frið, eins og Íslendingar á 13. öld.

Nú vil ég leiða hugann að því, að það, sem kom fyrir í okkar sögu áður, steðjar að okkur nú. Sumar þessara alþjóðlegu stefna, og þær eru fleiri en ein, hafa uppi fullkomnari áróður

en Hákon gamli, þó að slyngur væri, eða jafnvel kaþólska kirkjan. Vísindin eru tekin í þjónustu þessarar propaganda og ekki svifizt neins til að véla þjóðirnar undir þessar kenningar. Ég tek það til dæmis, er stj. Rússlands leggur í stríð við Finnland og fullyrðir, að stj. þar sé ekki lögleg, þjóðin vilji ekki hafa hana; hin rétta stj. sé í Rússlandi, hún vilji ekki tala við hina finnsku stj. vegna þess, að hún sé ólögleg, og ætli að setja í hennar stað mann, sem hefir verið lengi í útlegð þar austur frá. Það er enginn vafi á því, að Rússar hafa gert sér vonir um þetta í hjarta sínu; þeir hefðu ekki sagt það annars, því að þeir hafa gert sig ærið hlægilega á þessum mislukkuðu hollaleggingum. Sannleikurinn er sá, að finnska þjóðin stóð saman af svo miklum krafti, að henni tókst að bjarga mestum hluta af landi sínu og geta sér ódauðlega frægð fyrir hreysti sína í baráttunni gegn þessu stórveldi. Það, sem gerzt hefir í Finnlandi, er það, að finnska þjóðin hefir með gífurlegu aðhaldi, oft með hörku, því er ekki að neita, og með miklum dugnaði viggirt land sitt og undirbúið sig undir þetta mikla átak. Og ég vil halda því fram, að það sé erfitt fyrir lýðræðislöndin nú á tímum að standast, nema þau gæti þess, að þessi undirróður fái ekki að festa rætur, leyfi ekki undirróðursmönnum að skipuleggja ofbeldishópa, sem setja ofbeldið yfir réttinn, þannig að það takist að eyðileggja opinberar stofnanir landsins.

Þá er till. sú, sem við flytjum þrjú þm., hver úr sínum stuðningsflokki núverandi ríkisstj. Það, sem vakir fyrir okkur og jafnframt fyrir þorra hv. þm. og þorra þjóðarinnar, er það, að Alþingi og ríkisstj. eigi að slá því föstu, að það sé meining umboðsmanna hins íslenska lýðræðis að láta ekki lukkast þennan neðanjarðaráróður, þó að við líkjum okkur ekki við Finna um allan dugnað, enda erum við betur settir en þeir í þessu efni. En við verðum að gæta þess, að ekki verði hægt að sprengja okkur sundur með þeim vitisvélum, sem hinn aðkomni áróður hefir í fórum sínum. Nú munu margir segja, sem hallast að ofbeldiskenningum, að hið íslenska þjóðfélag hafi ekki í þjónustu sinni aðra menn en þá, sem eru með þjóðfélaginu, og sé hart að farið, ef aðgæta eigi í hvert sinn, hvort ekki sé meðal vor einhver Uni danski, Þorvaldur Vatnsfirðingur eða Guðmundur góði. Þeir munu segja: Lofið okkur að hafa Una danska. — Þó að vitad sé, að hann er að vinna fyrir erlenda valdhafa. Um þetta má deila. Einhverjir, sem eru undir þessum skaðlegu áhrifum, munu segja, að með slíku eftirliti sé sýnd of mikil harka. En ég leiði athygli að því, hvernig þessir flokkar fara að í öðrum löndum. Mörg lönd eru nú, því miður, komin undir ofbeldisstjórnir, sem áður hafa átt sér fáa forsvarsmenn, — og hvernig hafa þær farið að við okkar samherja? Ég tek dæmi af einu ágætu menningarlandi. Þar voru þeir menn, sem hér eru kallaðir góðir Alþfl.-menn, teknir af skrifstofum sínum. bundnir á hestkerrur, ekið með þá um bæina og þeir harðir með svipum. Allir ofbeldisflokkar hafa þessi einkenni. Sumstaðar er andstæðingum þeirra ekki leyft að lifa, sumstaðar er

þeim varpað í fangelsi og þeir látnir sæta herfilegri meðferð. Því er það, að hver sá maður, sem aðhyllist ofbeldiskenningar nútímans og segir, að það sé ranglátt, ef fulltrúar erlands valds megi ekki hafa fullan embættisrétt, hann gerir meiri kröfur til okkar en sjálfs sin. Ein af þessum ofbeldisstefnum hefir t. d. undarlegt lag á því inn á við að slátra miskunnarlaust og með herfilegum aðferðum helztu mönnum stefnunnar, ef þeir eru ekki þoknanlegir þeim mönnum, sem eru á toppinum í það sinn. Það er því ólíku saman að jafna, þessu og því, sem við lýðræðismenn segjum og gerum. Hér er aðeins stungið upp á að gefa leiðarvisi fyrir hæstv. ríkisstj., nefndir, bæjarstj. og opinberar stofnanir, að láta ekki menn eins og Una danska og Guðmund góða, sem þó góður væri, var um marga hluti óhæfur til að gegna valdamikilli stöðu, vera trúnaðarmenn þess opinbera. Það segir sig sjálf, að menn með slíkan skoðanahátt geta ekki gegnt ábyrgðarmiklum trúnaðarstörfum eða verið í neinum sérstökum dáleikum hjá ríkisstj. Í þessari till. er ekki talað um neinar fangabúðir né að gera menn útlæga, enn síður um að kvelja menn eða taka þá af lífi. Hið eina, sem farið er fram á að gera, ef till. verður samþ., sem ég vona, að verði, er aðeins það, að hið íslenska lýðræðisþjóðfélag taki upp þann sið hægt og rólega, án þess að nota samskonar dómstóla og rannsóknarnefndir, sem þessir ofbeldismenn viðhafa í öðrum löndum, að reyna smátt og smátt að koma þeim skilningi inn hjá þjóðinni, að menn með slíkar öfgaskoðanir geti ekki haft umboð fyrir þjóðfélagið. Menn geta ekki farið með umboð fyrir þjóðfélagið nema því aðeins, að þeir séu með þjóðfélaginu. En hvaða lífsmöguleika hafa þessir menn? mun einhver e. t. v. spyrja. Því er þar til að svara, að þeir hafa alla okkar framleiðslumöguleika. Það eru til hjá okkur vissar atvinnugreinar, sem þeir menn, er hafa komið þannig fram, að þeir verðskulda ekki að hafa trúnað þjóðfélagsins, geta stundað og haft jafnvel meiri tekjur heldur en allir 5 ráðh. til samans. Enda þótt þessi till. verði samþ., geta slíkir menn samt bjargað sér, ef þeir geta grætt á einhverjum atvinnurekstri, því að ekki er hægt að banna þeim það að svo komnu. En ef slíkir menn brjóta meira af sér og gerast brotlegir við greinar hegningarl., má að sjálfsgöðu refsa þeim.

Ég held, að ég taki aðeins eitt dæmi áður en ég lýk máli mínu, til þess að sýna, hve undarlega miklu valdi þessi alþjóðlegi áróður af ýmsum lit getur náð yfir mönnum. Það er ung kona hér í þessum bæ, sem ég þekki, því að ég hefi verið kennari hennar. Þetta er mjög vel greind og góð kona, en hún er ekki alveg heilbrigð andlega, því að hún er áhangandi einnar þessarar ofbeldisstefnu. Hún sagði við einn þeirra, er vinna við Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis: „Blessað barn ert þú, að þú skulir halda, að Rússar hafi ráðizt á Finnland, því að Finnar réðust á Rússa. Rússar viðurkenndu það, að fyrir nokkrum mánuðum hefðu heyrzt skotdrunur á landamærunum, og þá voru landamæraskæpur byrjaðar, og Finnar voru byrjaðir

á skjóta.“ Þetta er gott dæmi þess, að greindur og vel menntaður maður getur fyrir áhrif þessa undarlega trúboðs orðið alveg fjarrí því að vita hin allra einföldustu sannindi, svo sem þau, að finnska þjóðin hafi ekki gert annað en að verja sig, og að hún bauð alla hugsanlega friðarkosti, en rússneska stórveldið hafnaði þeim öllum, og finnska þjóðin var hrjáð og hrakin úr nokkrum hluta landsins af þessu stórveldi, er lét her sinn sækja fram með öllum sínum vígvélum.

Nú vil ég spyrja hv. þm.: Er ekki fullkomin ástæða til að taka tillit til þess, að þetta fólk, sem hinn útlendi áróður hefir gínt, svo að það hefir hliðstætt viðhorf við Guðmund góða, sé þannig á vegi statt, að því megi treysta til að vinna íslenzku þjóðfélagi gagn í trúnaðarstöðum? Einn frumlegur íslenzkur sagnfræðingur, sem að mörgu gefur gaum, hefir komið með þá kenningu, að þegar ófarnaðurinn var kominn inn í hið íslenska þjóðfélag og útlendur áróður var að byrja að festa hér rætur, hafi Íslendingar verið svo vel á verði gagnvart þessari afstöðu, að þeir byrjuðu á því að gera Þorlák biskup Þórhallsson að dýrlingi og litlu síðar gerðu þeir Jón Ógmundsson einnig að dýrlingi. Það var þvert á móti boði rómversk-kaþólsku kirkjunnar að búa til dýrlinga, nema því aðeins, að þeir hefðu hina réttu línu, og það mál varð að herja undir Moskva þeirra tíma, páfann í Róm. Íslendingar gerðu þetta beinlínis til þess að verja sig fyrir hinu trúarlega og jafnframt pólitíska trúboði þeirra tíma, og líka til þess að tryggja sig gegn því, að dýrlingatruin yrði greidd óhæfilega dýru verði. Íslenska þjóðin var of fátæk til skattgreiðslu til hinna alþjóðlegra dýrlinga. Það er dálítið ánægjulegt fyrir okkur núlifandi Íslendinga, sem eftir langar hörmungar erum að byggja upp okkar frelsi, að minnast þess, hvernig forfeður okkar reyndu af öllum mætti að berjast gegn hinu alþjóðlega og hættulega valdi kirkjunnar, en þar var hættan fölgín á þeim tímum.

Ég býst ekki við, m. a. af því, að ég er ofurlítið kvefaður, að ég muni taka aftur til máls um þetta mál, nema mér gefist beinlínis tilefni til þess. Ég álit, að þetta mál liggi ákaflega ljóst fyrir. Ég býst ekki við, enda hefi ég ekki hugsað mér að sannfæra neinn, að ég hafi sannfært menn um réttmæti þess. Ég ætlaði aðeins að reifa málið frá hlið okkar flm. þess. Ég geri ekki ráð fyrir framhaldi þessarar umr. Ég get imyndað mér, að það verði stungið upp á því af einhverjum hv. þm. að setja málið í n.; um það get ég vitanlega ekkert sagt. En ég tel það alveg óþarft; málið er alveg ljóst. Ég tel, að það beri vott um, að þm. skilji ekki fullkomlega þessa tíma, ef þeir telja hægt að komast hjá því að taka hiklausu afstöðu, eða þeir greiða atkv. gegn því. Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, að hann reyni að hraða afgreiðslu þessa máls, svo að málið verði rétt og afr. á undan fjárl.

\*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Mér þykir rétt að minnast nokkrum orðum á það málefni, sem liggur til grundvallar till. á þskj. 260. Það er öllum þingheimi mjög vel kunnugt, að á

síðustu og ég held að e. t. v. mætti segja verstu tímum hefir orðið allverulegt umrót í heiminum. Yfir löndin hafa flætt stefnur, sumpart með hvatvísium forgangsmönnum, og valdið röt-tækri umturnun. Við Íslendingar höfum frá því að hér var sett ríki á stofn í raun og veru, þótt misjafnlega hafi gengið, kostað kapps um það, að fólkið, sem í landinu byggdi, réði lögum og lofum, og að þjóðskipulagið væri byggt upp eftir þeirri meginreglu, að það væri meiri hl., sem réði á hverjum tíma í þjóðfélaginu. Að visu höfum við Íslendingar eins og flestar aðrar þjóðir haft tímabil, þegar l. voru lítilsvirt og hnefarétturinn látinn ganga fyrir atkvæðisréttinum. En sérstaklega eftir að við á síðustu öld fengum meira lýðfrelsi heldur en áður var, þá hefir það gengið eins og rauður þráður gegnum stjórnmalabaráttuna og yfirlýsingar flestra þeirra aðalstjórnmalaflokka, sem starfað hafa hér á Íslandi, að það sé meiri hl., sem eigi að ráða á hverjum tíma, þ. e. a. s. sá meiri hl. fulltrúa, sem þjóðin velur sér til þess að leysa úr ágreiningsefnunum og til að setja l. og reglur fyrir þjóðina.

Hinsvegar er það jafnljóst, að nú er víða orðið þannig umhorfs í heiminum, að ekki er lengur gildandi þetta fyrirkomulag á ákvörðun þegnanna um skipulag og málefni þjóðfélagsins. Í staðinn fyrir lýðræðið, sem er fólgið í því, eins og allur þingheimur veit mætavel, að meiri hl. í d. þingsins hefir lögformlega rétt til að ákveða, hverjir stjórna landinu og setja þjóðinni l. og reglur, þá hefir annað þjóðskipulag komið upp, og það hefir þegar sigrað í nokkrum löndum, þar sem almenningur er útilokaður frá að hafa áhrif á opinber málefni, og fólkið er stundum hindrað með hervaldi frá því að ráða lögum og lofum í þessum löndum. Það má segja, að á síðustu tímum hafi komið á tvennskona skipun á skipulagi þjóðfélagsmála, annarsvegar lýðræðið og hinsvegar einræðis- og einveldisstefnurnar. Ekki má blanda þessu saman við það mál, hvornig eigi að innréttu þjóðfélagið, því að slíkt getur verið með ýmsum hætti. Þótt fullkomið lýðræði ríki, þá vita þm. mjög vel, að stjórnarskipun landanna er með ýmsum hætti. Menn getur að sjálfsögðu greint mjög á um það, hvornig eigi að stjórna landinu og hvaða fulltrúa eigi að velja til þess að hafa stj. landsins með höndum.

En til þess að lenda ekki í almennum hugleiðingum um þetta meira en orðið er, vil ég bara benda á það, sem öllum þm. er ljóst, að stefnur þær, sem berjast yfirla um völdin í þjóðfélaginu, eru annarsvegar einræðis- og hinsvegar lýðræðisstefnan. Nú er það einkenni hins fullkomna lýðræðis, að leyfa mönnum að tala og skrifa innan þeirra sámilegu ramma, sem þjóðfélagið setur á hverjum tíma. Þó er ekki frjálst að ræða og rita með hótunum um ofbeldi eða annað slíkt. Það er líka mjög eðlilegt, að slíkt sé hindrað, og er einkenni lýðræðisþjóðfélagsins sjálfs. Um leið og lýðræðisþjóðfélagið verndar sitt skipulag með því að halda fram kenningum sínum um það, að það sé tryggasta og öruggasta skipulagið innan þjóðfélagsins, þá verður það að gæta þess, að

það sé ekki sýnd of mikil linkind og of mikið umburðarlyndi með þeim öflum, sem vaða uppi og hafa það höfuðmarkmið að grafa undan lýðræðissskipulaginu.

Það hefir stundum verið sagt um lýðveldisstj. á Þýzkalandi, sem var sett á stofn árið 1918, að það hafi orðið Weimar-lýðveldinu að falli, að það hafi verið of síðfágað og of umburðarlynt í garð andstæðinganna, og þeir, sem héldu því uppi og áttu að gefa því innihald, hafi verið of vægir. Í æstu röðum hins nýja þýzka lýðveldis drottnuðu menn, sem hugsuðu fyrst og fremst um það, allt frá stofnun þess, að verða því að falli. Í æstu dómstólum og æstu herstjórn þýzka ríkisins sátu þessir menn, sem notuðu vinnubrögð sín og áhrif til þess að grafa undan tilverumöguleikum hins nýja lýðræðisfyrirkomulags í Þýzkalandi, og þetta lýðræði féll. Ég skal ekkert segja um það, hve mikinn þátt þetta umburðarlyndi Weimar-lýðveldisins þýzka við óvægna andstæðinga, sem ekki skirrdust við að nota hvert tækifæri, sem opinberar stöður og aðstæður þjóðfélagsins veittu þeim til að steypa lýðræðinu, hafi átt í því, að það féll. En ég hika ekki við að fullyrða, að slíkt umburðarlyndi hafi átt mikinn þátt í því, að lýðræðið leidd þar undir lok.

Við, sem trúum á lýðræðið sem hið ákjósanlegasta skipulagsform, hljótum líka að hugsa um það, að það verða að vera takmörk fyrir því, sem leyfa má af áróðri gegn þessu skipulagi. Við viljum vernda það framar öllu öðru, og þá má undanhald okkar og umburðarlyndi ekki ganga svo langt við höfuðandstæðinga okkar, sem vilja fella þjóðskipulag okkar í rústir, að við gefum þeim beinlínis betri aðstöðu til þess að ná sínum tilgangi. Við viljum vernda lýðræðið, halda því uppi og gera það fullkomnara og betra. Það getur líka orðið svo einmitt nú á síðustu tímum, eftir að ný stórveldastyrjöld hefir brotizt út, að litlu lýðræðisþjóðirnar læri af reynslu sögunnar og þeim verði ljóst, að það dugir ekki eintóm bliða og linkind við andstæðingana, sízt þá andstæðinga, sem eiga bæði völduga krafta og sterka stuðningsmenn að baki sér, e. t. v. í heilum stórveldum. Það dugir ekki tóm linkind og umburðarlyndi við þá menn, sem róa að því öllum árum að steypa lýðræðissskipulaginu. Við munum eftir því, allur þingheimur, þegar eitt af mestu stórveldum og eitt af mestu herveldum heimsins réðst um mánaðamótin nóv. og des. síðastl. ár á eina minnstu lýðræðisþjóðina hér í Norðurálfu, sem haldið hafði uppi lýðveldissskipulagi sínu endurheimtu um 20 ára skeið. Ég man eftir því, að sá svipur var þá á þingheimi og meiri hluta landsmanna, að þeim þótti sem hér hefðu gerzt stórtíðindi, og illt til þess að vita, ef litla finnska þjóðin yrði kúguð, og í stað lýðræðis kæmi þar útgardaríki einvaldsríkisins rússneska fyrir austan. Þá var það einmitt, að allir alþingismenn í Alþfl., Framsfl., Sjálfstfl. og Bændafll. gáfu yfirlýsingu hér í sölum Alþ., og mun hún áreiðanlega hafa verið í samræmi við huga margra þúsunda hinnar íslensku þjóðar. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að rifja upp þessa yfirlýsingu, sem hljóðar svo:



„Vegna þeirrar afstöðu, er Kommfl., sem hér starfar undir nafninu Sameiningarflokkur alþýðu — sósíalístaflakkurinn, þm. þess flokks og málögð hafa markað sér til frelsis, réttinda og lýðræðis smáþjóðanna síðustu vikunnar, og alveg sérstaklega viðvíkjandi málefnum Finnlands, lýsa undirritaðir alþingismenn yfir því, að þeir telja virðingu Alþ. misboðið með þingsetu fulltrúa slíks flokks.“

Þetta var viljayfirlýsing Alþ. út af þeim atburðum, sem um þetta leyti dundu yfir úti í heimi, út af þeim atburðum, er öllu svo miklu róti í hugum manna, að mikill meiri hl. íslenzku þjóðarinnar fordæmdi slíkt athæfi og fann ekki nógu hörð orð í málinu til að lýsa andúð sinni gegn því. Aftur á móti var lítil klika hér á landi, sem lofaði þessar aðfarir og taldi þær réttar og eðlilegar. Það getur vel verið, að Finnar hafi ekki getað hindrað það, að áróðri væri beitt innan Finnlands sjálfs til að ákalla stórveldið við hliðina um það að hafa áhrif á stjórnskipulag Finnlands. Það voru áreiðanlega til menn með sama hugarfari sem Kuusinen, sem um 20 ára skeið hafði beint ákalli sínu austur til Moskva til að biðja um hjálp handa finnsku kommúnistunum til þess að gerbreyta þjóðskipulaginu finnska og færa það í einræðisátt eftir þeirra huga og kenningum. Það var kallað í 20 ár, og eftir 20 ár var kallinu hlýtt. Hve mikil áhrif þetta kall í 20 ár hefir haft á þá viðburði, sem gerzt hafa nú síðustu mánuðina, er ómögulegt að segja um með vissu. Það eru til í hverju þjóðfélagi menn, sem halda uppi slíku tali og ákalla stórveldin um að hjálpa sér með einhverju móti til að hafa áhrif á lýðræðisskipulagið. Þeir eygja þá leið, að því verði gerbreytt með ofbeldi. Við getum ekki að visu hindrað það, samkv. skipulagi lýðræðisins, að þeir fái að halda áfram með sin köll og hróp. En við getum hindrað það, að þessir menn fái aukna og betri aðstöðu innan þjóðfélagsins til að gera köll sín áhrifaríkari og meiri líkindi til, að þeim verði hlýtt.

Ég sagði áðan, að það væri auðséð, að litlu lýðræðisþjóðirnar muni nú læra af hinni sorglegu reynslu sögunnar undanfarið og hugsji sig um betur en áður. Þær munu sjá, að ekki dugir að halda lengra á þeirri braut, að sýna linkind og umburðarlyndi gegn þeim, sem keppa að því af öllum mætti að ráða niðurlögum lýðræðisskipulagsins. Ég get bent á það, að einmitt nú nýlega hafa verið gerðar ákvarðanir um það á löggjafarþingi Svía. Þær ákvarðanir voru m. a. í því fölgnar, að neita að flytja blöð og timarit sænskra kommúnista með ríkisjárnbrautunum eða öðrum tækjum, sem ríkið hefir til sinna eigin umráða. Löggjafarþing Svía hefir ákveðið að banna að nota ríkisjárnbrautirnar til að breiða út kommúnistisk rit. Í grg., sem fyrir þessu var gerð af dómsmrh. Svía, var þess getið, að full ástæða væri til þessa, þar sem blöð kommúnista væru með hótanir í garð stjórnarvaldanna hvað eftir annað. Þess háttar hótanir gætu valdið hættu fyrir öryggi ríkisins og skaðað afstöðu sænska ríkisins til annara ríkja, ef þær fengi að vaxa upp áróður, er hefði þann tilgang að velta þjóðskipulaginu með hjálp er-

lends stórveldis og með ofbeldi. Þess vegna taldi sænska stj. rétt að hindra, að þeim yrði hjálp að með því að láta járnbrautir og bila ríkisins flytja þennan boðskap út um byggðir landsins. Þetta er ekki einsdæmi. Nýtt viðhorf er runnið upp hjá litlu lýðræðisþjóðunum vegna reynslu síðustu og verstu tíma. Dómsmrh. sænski bætti því við, að það væri ástæða til að gera ráðstafanir til að taka til sérstakrar athugunar félagsskap og samastað þeirra manna innan sænska ríkisins, er ynnu að því með ofbeldi og aðstoð erlendra valda að kollvarpa lýðræðisskipulaginu. Það er áreiðalega von á meiri og ríkari ráðstöfunum úr þeirri átt. Viða annarstaðar á Norðurlöndum eru gerðar ráðstafanir til verndar því skipulagi, er stjórnarvöld landanna vilja halda uppi, lýðræðisskipulaginu.

Ég tel reyndar rétt, að sú till., sem liggur hér fyrir, eigi að vera að efni til rökrétt áframhald og afleiðing þeirrar viljayfirlýsingar, sem mikill meiri hl. þingheims gaf hér 4. des. síðastl. Ég tel rétt, að hér sé endurtekin viljayfirlýsing Alþ. um það, að það vilji ekki hlynnu að því, að gefa þeim mönnum sérstaka aðstöðu í þjóðfélaginu, sem sjálfsagt nota allt sitt afl, allan sinn áróður og alla sína tækni til þess að leggja að grunni sjálft lýðræðisskipulagið. Þess vegna er viljayfirlýsing Alþ. um þetta atriði í beinu áframhaldi af þeirri viljayfirlýsingu, sem hér var farið fram á 4. des. síðastl. Það getur vel verið, að ágreiningur risi upp um það, hvað sé heppilegasta aðferð til þess að verja lýðræðisskipulagið fyrir skæðum og ófyrirleitnum andstæðingum innan þjóðfélagsins. Ég atla, að þeir flokkar, sem stóðu að yfirlýsingunni í vetur, muni einnig geta orðið sammála um þessa yfirlýsingu.

Það er að öllu leyti nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að vernda sjálfstæðið og lýðræðisskipulagið í landinu fyrir þeim alvarlegu hættum, sem stæðja að því innan að með aðstoð utan frá. Þingheimi verður að vera ljóst, að hér dugir ekki að fljóta söfandi að feigðarósi. Ég legg enga sérstaka áherzlu á, hvort þessi yfirlýsing verður samb. í þessu formi eða hinu, og hvort ákvarðanir Alþ. ganga þessa leið eða hina. Aðalatriðið er, að Alþ. sýni vilja til að vernda, fullkomna og bæta það skipulag, sem íslenzka lýðveldið byggist á. Ég hefi ekkert á móti því, að þetta mál fari til n. til skjótrar ákvörðunar, og ég hefi heldur ekkert á móti því, þó að aðrar yfirlýsingar komi fram um þetta efni. Aðalatriðið er, að haldið sé áfram á þeirri réttu braut, sem mörkuð var 4. des. síðastl., að Alþ. haldi verndarhendi sinni yfir lýðræðisskipulaginu í landinu, og gerðar séu allar þær hugsanlegar.

Lýðræðið verður að verja sig sjálft á sinn eigin hátt. Við óskum ekki eftir því, að Pétur og Páll, sem vill ráðast á lýðræðisskipulagið, fái ekki að tala eða skrifa, en hann má ekki tala, ekki skrifa og ekki starfa á þá lund, að ósamboðið sé sjálfu lýðræðisskipulaginu. Það á að vernda sína tilveru með eigin starfsaðferðum, en það má ekki láta geigvænlegar árásir sem vind um eyrun þjóta, þótt ekkert sé til

## Lýðræði og öryggi ríkisins.

varnar, heldur sigra í þeirri baráttu eftir reglum hins rétta lýðræðis. Það er hreinasti mis-skilningur, að lýðræðið eigi að gefa Péttri og Páli ótakmarkað frelsi til að láta í ljós þær skoðanir á opinberum málum, sem gætu orðið til að fella hið íslenska lýðveldi með aðstoð útlendrar einræðisstefnu.

Ég vildi láta þessi almennu orð falla um málefni það, sem liggur til grundvallar till. til þál. á þskj. 260. En ég vil að lokum endurtaka það, að fyrir mér er ekkert höfuðatriði, hvort formið er þetta eða hitt, eða hvort aðferðin er þessi eða hin, sem leitt gæti að þessu marki, heldur það, að halda uppi eðlilegri lögvernd og lýðræði í landinu.

Vilmundur Jónsson: Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir til umr. og nú hefir verið mælt fyrir, hreyfir við svo þýðingarmiklu vandamáli, að hún er að mínum dómi og ýmissa annara hv. þm. of losaralega hugsuð og orðuð af of flauturslegri og fyrirhyggjulausri léttúð til þess að hæfa jafnháalarlegu úrlausnarefni og því, hvornig vernda skuli lýðræðið í landinu og sjálfstæði ríkisins gegn aðsteðjandi hættum.

Lýðræði í ekki mjög rúmri merkingu er það, að sameiginlegum málum þjóðfélags ráði vilji meiri hl. þjóðarinnar eins og hann birtist við almennar, frjálsar kosningar, framkvæmdur af réttkjörnum fulltrúum og framkvæmdunum hagg- að eftir þeim reglum, sem þeir setja, en þjóð- inni gefst síðan kostur á við hverjar kosningar að hafa áhrif á að breyta. Um lýðræði skilgreint á þennan hátt getur okkur, fylgjendum næsta óskyldra stjórnálflokka, komið saman — og vonandi meira en að nafni til. Þó að ýms- um okkar kunni jafnvel til skamms tíma að hafa fundizt fátt um slíkt lýðræði — sumum fyrir það, hvers því væri vant, en öðrum þótt það um of ríflega skammtað — ætla ég, að at- burðir síðustu tíma hafi mátt sannfæra okkur og margan hálfvolgan fylgjanda lýðræðisins um, hvað í húfi er, ef vikið er af grundvelli þess og horfið til mótsetningar lýðræðisins: einræðisins í einu formi eða öðru. Vissulega hafa þeir atburðir mátt gera okkur umburðar- lyndari við sjálfsagða ófullkomleika og van- kanta lýðræðisins, sem eru ekki vandfundnir: margvislegar mótsagnir þess varðandi almenn réttindi, seinangangur, skriffinnsla, orðaglamur, úlfúð og illdeilur, málamíðlanir, hálfverk í flest- um efnum og spilling í mörgum greinum. Okkur hafa gefizt gildar ástæður til að minnast þess, að þrátt fyrir alla sína veikleika hefir lýðræðið til þessa dags reynzt hvorttveggja í senn: öflugast í vörn og þegar til lengdar lætur drýgst í sókn fyrir þeim mannréttindum, sem ein eru fær um að tryggja til nokkurrar fram- búðar friðsamlegt samfélag manna, er skilið eigi að heita þjóðfélag — að ég tali ekki um menningarþjóðfélag. Og þegar öllu er á botninn hvolft, lofar lýðræðið enn beztu um, að þjóð- félögin nái undir merkjum þess lengst í átt þeirrar fullkomunar, sem beztu og réttýnustu menn fyrr og síðar hefir dreymt um. Bezti horfir þetta með þeim þjóðum, sem kalla má, að lýðræðishugsjónin sé í blóðið borin, sum-

part og sennilega fyrst og fremst vegna lyndis- einkunna þeirra, þ. e. skapfestu eða hæfileika til rólegrar, skynsamlegrar yfirvegunar, en óbeitar á geðæsingum og loftkóstum eftir duttl- unum tilfinninganna, en einnig fyrir erfða- venjur og langa tamningu. Er hér ekki sízt að geta Norðurlandþjóðanna, sem við teljumst til, og má því segja, að við höfum ásamt þeim sérstakar skyldur að rækja, þar sem er varð- veizla lýðræðisins og jafnframt, m. a. fyrir smæðar sakir, bezta möguleika til að gæta þess — ef við og þær fáum þá að vera í friði fyrir voldugri þjóðum, sem haldnar eru öðrum og verri anda.

Þau mannréttindi, sem lýðræðið hefir eink- um talið sér til gildis að tryggja, og við, sem teljum okkur fylgja lýðræði og órar fyrir því, hvað það þýðir, teljum að í lengstu lög eigi að tryggja borgurum hvers lýðræðisþjóðfélags, eru hugsanafrelsi, skoðanafrelsi, þar með talið frelsi til að láta í ljós hugsanir sínar og skoð- anir, atvinnufrelsi og sem fullkomnast réttar- öryggi. Þessi réttindi eru einkum dýrmet póli- tiskum minni hl. í þjóðfélögunum, en það hafa þótt höfuðeinkenni og aðalsmerki lýðræðis- skipulagsins, að það tryggði minni hlutanum slík réttindi, enda taki jafnan til hans sem fyllst tillit.

Nú þjóða nokkrir vinir lýðræðisins, og þar á meðal þeir, sem einna fjállegast hafa barið sér á brjóst af umhyggju fyrir því, sjálfu hv. samein- uðu Alþ. upp á að samþ. að kalla má aðgæzlu- laust og fyrirvaralítið, líkt og væri húrrahróp fyrir konunginum, ályktun, sem stefnir ber- lega að því — hvetur til þess, að þurruð verði út í einni stroku öll þessi réttindi lýðræðisins, er eiga að vera þrauttryggð í sjálfri stjórnar- skránni: hugsanafrelsi, skoðanafrelsi, atvinnu- frelsi og réttaröryggi. Mætti lýðræðið gera að sínum orðum hið fornkeðna: Guð verndi mig fyrir vinum mínum. Í till. eru fingurnir ekki lagðir í milli. Ef „vitanlegt“ er, segir þar. Hverjum? Hverjum sem er: Péttri eða Páli, Jóni eða Jónasi. Ef „vitanlegt er“ — slíkt þarf ekki að viðurkennast og enn síður að sannast fyrir dómstólum — að þú eða ég hafi hættulegar skoðanir, eða jafnvel hugsanir, að þú eða ég „vilji“ illa eða sé í vafasömum félagsskap, eða einum eða öðrum of auðsveipur — eða „á ann- ari bylgjulengd“, eins og það hefir verið kall- að, er það nægilegt til að flæma þig eða mig frá atvinnu og bjargráðum og stimpla óverð- ugan alls „trausts og viðurkenningar“ þjóðfé- lagsins. Hafi annar verið viðurkenndur sam- viksusamar embættismaður, skal sú viðurkenn- ing af honum tekin. Sé hinn viðurkennt þjóð- skáld, skal hann ekki vera það lengur. Hafi hann ort kvæði á borð við Huldufjóð, skal það vera eftir ókunnan höfund. Við könnumst við fyrirmyndina. Að visu er látið í veðri vaka, að hér sé aðeins átt við kommúnista — og ef til vill nazista — sem nú er mjög mikið samkomu- lag um, að hafi sérstaklega hættulegar skoð- anir, a. m. k. hinir fyrrnefndu — en að því ógleymdu, að jafnvel kommúnistar eru líka menn og borgarar þessa þjóðfélags, hver er ör- uggur um, að ekki verði þá og þegar, e. t. v. eftir

viðeigandi snuður og njósnir, ef ekki ljúgvitni, „vitanlegt“ um hann, ef á liggur að ýta við honum, að hann sé kommúnisti? Ég ætla, að ekki sé lengra síðan en í vetur, að sjálfur höfundur og hv. aðalflm. þessarar till. gaf það vel í skyn, bæði í ræðu og riti, að ekki aðeins ég og hv. 9. landsk. þm. (ÁJ), bersyndugir menn, værum — ef ekki kommúnistar, þá þeim mjög nærri standandi, — heldur mjög margir aðrir hv. þm., til þess mun ólíklegri, og þeirra á meðal hv. 4. þm. Reykv., Pétur Halldórsson borgarstjóri, að ég ekki minnst á prófessor Sigurð Nordal og „skáldin sjó“. Of fyrir hvað? Fyrir það, að við dirfðumst að treysta Alþingi og þar á meðal sjálfum okkur ekki miður til að úthluta styrkjum til skálda og listamanna en sjálfum honum! Þá mætti hv. aðalflm. vera minnugur þess, að árum ef ekki áratugum saman hefir hann sjálfur því nær daglega verið titl-aður kommúnisti. Það hefir verið „vitanlegt“ um hann, eins og hann orðar það í till. Og hann er jafnvel hvergi nærri laus undan þessum grun-semðum enn. Nú er ég sannfærður um, að fyrr á árum voru þetta staðlaus brigzl. Ég er því miður ekki öldungis eins öruggur um tilhæfuleysi bandalags hans við kommúnista hin síðustu ár — honum að visu óvitandi bandalags. Það eru fleiri en kommúnistar, sem hafa orðið varir við og fengið á að kenna hinu hálf- og alnazistiska ófrelsi, ihlutunarsemi, slettirekuskap, snuðri og jafnvel hótunum, sem virðist vera að leggjast eins og pestarfarg yfir allt andlegt líf í þessu landi. Og það fer ekki dult, hver hefir valið sig til þess að veifa þar þræla-svipunni, sem þessi tillaga er einn hnúturinn á. En þess háttar andlegur „terror“ skapar framar öllu öðru kommúnismanum tilverumöguleika, ef ekki beinlínis tilverurétt, og skiptir ekki máli, þó að hann kunnir að hafa verið upphaflega vakinn af brekum kommúnista og komi þeim e. t. v. fyrst í stað einkum í koll.

Hér er ég kominn að kjarna málsins og aðal-atríði. Á að flana að því að snúa allri pólitík í þessu landi upp í baráttu á milli kommúnisma annarsvegar og nazisma hinsvegar, þar til yfir lýkur í þeirri baráttu? Þetta skiptir öllu máli fyrir unnendur lýðræðisins, því að hvor sem sigrar, er því búinn fullkominn ósigur. Ég vil, að við gripum tækifærið, stöldrum við andspænis þessari till., tókum okkur umhugsunarfrest og athugum okkar gang. Ég get mér þess til, ef við svörum spurningunni játandi, að einhverjum okkar veiti ef til vill ekki af að hugsa sig stundarkorn um, í hvorn óaldarflokkinn þeir eigi þá að skipa sér.

Um mig er það að segja, að ég vil ekki gefa lýðræðið og helztu landvinninga þess að öllu óreyndu upp á bátinn, og hið sama veit ég um nokkra hv. þm. úr öllum stjórnarflokkunum. Ég hefi jafnvel ástæðu til að halda, að þeir séu ánægjulega margir. Mér er það ljóst, sjálf-sagt eins ljóst og hverjum öðrum, að lýðræðið hér á landi, eins og annarstaðar, á nú í vök að verjast, og hið sama sjálfstæði ríkisins. Steðja hættur að hvorutveggja úr ýmsum áttum. Er ég þannig ekki ugglas um, að lýðræðinu og skipu-lagsháttum þess kunnir að stafa nokkur hætta

af sjálfu sér, eða réttara sagt: ég veit það með vissu. Væri ekki full ástæða til að athuga það atríði vandlega, ef úr kynni að mega bæta?

Þá geri ég engan veginn lítið úr þeirri hættu, sem lýðræðinu stendur af þeim, er beinlínis játast til ofbeldisflokka, staðráðnir í að koll-varpa lýðræðinu, og hirði ég aldrei, hve fagurt þeir mæla um að endurreisa það aftur í full-komnari mynd. Vísa ég um það bæði til Rúss-lands og Þýskalands. Í viðskiptum sínum við þessa flokka er lýðræðið vissulega stótt í hættu-legu öngþveiti og sjálfhældu. Annarsvegar er að rétta þeim andvaralaust upp í hendurnar öll réttindi lýðræðisins og horfa á þá nota þau til að grafa undan því, og hinsvegar er sú bráða hætta, að lýðræðið verði gripit þvi hysteriska fátí geðæsingamanna, að það afnemi sjálft sig til þess að andstæðingunum gefist ekki tómt til að tortíma því. En þetta er að láta sér farast eins og manni, sem bjargar sér undan brennu-vargi með því að brenna sjálfur upp býli sitt. Ég er ekki við því búinn að segja til um, hvað upp skuli taka, en að óreyndu vil ég ekki trúna því, að hér megi ekki með góðri aðgæzlu finna skynsamlegan og hallkvæman meðalveg, lýð-ræðinu samboðinn. Loks tel ég þá hættu, sem hvorutveggja: lýðræðinu og sjálfstæði ríkisins, stendur af þeim, sem mjög mæna nú til annara landa um ihlutun mála hér. Má svo fara, að skilgreining þess, sem nefnt er landráð, og við-urlog við þeim brotum reynist fyrr en varir algerlega úrelt, og ætla ég fulla ástæðu til að taka það til mjög rækilegrar endurskoðunar.

Í samræmi við það, sem ég hefi nú leyft mér að segja, er það, að ég vil beiðast leyfis hæstv. forseta til að bera fram skrifl. brtt. við þáttill. þá, sem fyrir liggur. Það, sem skorta kann á, að hv. þm. hafi skilið, hvað ég er að fara, vænti ég, að þeim verði ljóst, er þeir heyrja brtt. Með-flm. mínir að henni eru þeir hv. 9. landsk. (ÁJ) og hv. þm. Barð. (BJ), en mér er skylt að geta þess, að á grg. minni fyrir henni bera þeir að sjálfsgöðu enga ábyrgð. Fer ef til vill eins vel á því, að ég lesi brtt. sjálfur, ef hæstv. forseti vill gefa mér það til leyfis. Hún er svo hljóðandi:

„I. Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvornig hið is-lenzka lýðræði fái bezt fest sig í sessi og var-izt jafnt áróðri sem undirróðri ofbeldisflokka-anna og annara andstæðinga lýðræðisskipulags-ins, með sérstöku tilliti til þess, að einstökum mönnum, stofnunum, félögum eða flokkum hald-ist ekki uppi að nota sér réttindi lýðræðisins til að grafa undan því og síðan tortíma því, en jafnframt með sem fyllstu tilliti til þess, að lýð-ræðið beiti jafnan þeim aðferðum sér til varnar, er sem bezt fái samrýmzt anda þess og því, að ekki leiði til þess, að það verði sér sjálfu að falli. Athugunum þessum verði lokið fyrir næsta Alþingi og svo frá þeim gengið, að þær geti orðið undirstaða löggjafar um þessi efni, ef til-tækilegt þykir. Í sambandi við þetta láti ríkis-stjórnin endurskoða ákvæði íslenzkrar löggjafar varðandi landráð og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta Alþingi.

## 2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar og annara ráðstafana til verndar lýðræðinu og öryggi ríkisins.“

**Forseti (HG):** Mér hefir borizt brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. við till. þá til þál., sem nú er til umr. Það þarf tvennskona afbrigði til þess, að hún megí koma fyrir.

## ATKVG.R.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 307) leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

\*Einar Olgeirsson: Till. sú, til þál., sem hér liggur fyrir, er þannig, eins og hv. þm. N.-Ísf. tók fram, að langt er fyrir neðan virðingu Alp. að bera hana fram. Hún virðist undarlega sett saman af mótsögnum, hugsanavillum og ákvæðum, sem brjóta í bág við lög Þjóðfélagsins, og þess undarlega er, að meira að segja einn meðlimur ríkisstj. skuli hafa borið hana fram.

Eitt af því, sem hefir þótt sjálfsgaður grundvöllur undir öllum l. í lýðræðislöndunum, er það, að allir væru jafnir fyrir lögunum. En hér er gengið út frá því, án þess að breyta stjórnarskránni á nokkurn hátt, að hætta þessu jafnrétti. Það hefir alltaf verið skoðað sem grundvallaratriði í allri íslenzkri löggjöf, að einn maður sé álitinn saklaus af því, sem á hann er borið, þar til tekizt hefir að sanna sekt hans. En með þessari þáttill. kemur ný stefna fram á sjónarsviðið, að einn maður sé fundinn sekur, svo framarlega sem hann „vilji“ gera eitthvað illt, og skuli sæta harði refsingu. Hér er hvorki um að ræða orð eða athafnir, heldur er dæmt eftir hugrenningum fólksins, eða eftir því, sem búizt er við, því að enginn getur dæmt um hugsanir fólks, nema það gefi þær í skyn með einhverju móti. Þetta er hættulegt þjóðfélagi, þar sem hver einstaklingur á alla atvinnu komna undir náð valdhafanna, og alveg dæmalaust, að menn skuli kveða upp úr með þessa hugmynd innan Alp. Það er jafnvel ætlazt til þess, að þm. fari að ræða svona nokkuð í fullri alvöru.

Hv. þm. hafa tekið eftir því, að þeir 2 hv. ræðumenn, sem mælt hafa fyrir þessari till., hafa ekki komið með eitt einasta atriði til að sanna mál sitt og að hvaða leyti nauðsynlegt sé að refsa mönnum fyrir svokallaðar „hugrenningasyndir“. Það er því undarlega og hlálegra að koma fram með slíka þáttill. og þá, sem hér liggur fyrir, þar sem vitað er, að þungar refsingar liggja við, er menn í trúnaðarstöðum reyna að koma landinu undir erlend ríki. Hvað segja íslenzku hegningarlögin við því, ef menn eru uppvisir að því að fremja landráð? Það gildir hvorki meira né minna en 16 ára fangelsi. Svo kemur fram till. á Alp., þar sem segir, að menn, sem „vilji“ gera þetta, eigi ekki að hafa á hendi trúnaðarstöf, — og er undarlegt, að menn, sem setið hafa á Alp. í mörg ár, skuli koma fram með slíka firru. Það er harla undarlegt, að hægt skuli vera að fá 3 flm. að þessari till., þó að reyndar aðeins 2 séu þm., og því undarlega, að tveir af þessum hv. flm. skuli tala fyrir henni af miklum eldmóði, rétt eins og hér

sé alvara á ferðinni hjá þeim. Það er í raun og veru ekki hægt að rökræða till. eins og þá, sem hér liggur fyrir, því að hún brýtur algerlega í bág við allt það, sem gengið er út frá í sambandi við réttindi þingmanna í siðuðu þjóðfélagi. Ef hv. flm. till. tekst að skapa slíkt hugarástand hjá allmörgum í þjóðfélaginu, þá er réttindum Íslendinga hætta búin úr þeirri átt. Þessum mönnum virðist ekki einu sinni vera ljóst það grundvallaratriði, sem hér er um að ræða. Þeir tala um að gerbreyta þjóðskipulaginu, en vita ekki einu sinni, hvað það þýðir. Þessum mönnum virðist það óljóst, þegar þeir eru að koma með heimspekilegar hugleiðingar um mál, sem liggja til grundvallar fyrir borgaralegum réttindum í þjóðfélaginu, hvað það er, sem þeir eru að tala um. Það er vitanlegt, að þetta þjóðskipulag, sem við búum við, svo maður fari út í heimspekilegar hugleiðingar eins og þessir hv. þm. hafa gert, er skapað með byltingu. Þau mannréttindi og það lýðræðisskipulag, sem við búum við, er skapað með byltingu eða á þann hátt, að því þjóðskipulagi, sem fyrir var, var gerbreytt með ofbeldi.

Nú segja þessir 2 hv. flm. þessarar till., að eitt sé óhugsandi og óviðunandi að öllu leyti, og það sé að búa við það, að menn hugsi til að breyta þjóðskipulaginu með ofbeldi. Hvað vilja þessir hv. þm. gera við það þjóðskipulag, sem þeir búa við? Vilja þeir fleygja því í burt, af því að það er skapað með ofbeldi? Vilja þeir eyðileggja aftur hinar blessunarríkustu afleiðingar frönsku byltingarinnar, vegna þess að hún gerbreytti hinu gamla einvaldsskipulagi með ofbeldi? Eigum við að eyðileggja allt, sem franska byltingin hefir gert fyrir Evrópu, af því að það er gert með byltingu og ofbeldi?

Ég vil svo vitna í það, sem þessir menn segja um hið enska þingstjórnarfyrikomulag, að það hafi þróazt um margar aldir. En þetta fyrikomulag er einmitt skapað með byltingu, sem gekk svo langt, að hún endaði þannig, að konungurinn var tekinn af lifi. Hver öld hefir svo breytt því á þann hátt, að millistéttirnar hafa knúið yfirstéttina til að gefa sér réttindi, sem yfirstéttin hefir ekki látið í té nema af ótta við ofbeldi.

Ég vil biðja þessa háu herra að líta aftur í timann og rekja okkar sögu í þúsund ár, ef þeir á annað borð vilja ræða grundvöllinn að okkar þjóðskipulagi nú á tímum. Ég vil segja þeim til fróðleiks, ef þeim er ekki ljóst, hvernig þeir menn hugsuðu, sem sköpuðu núverandi borgaralegt lýðræði, að bæði í þeirri yfirlýsingu, sem amerísku lýðveldin gáfu út, og einnig í frönsku yfirlýsingunni er það talinn einn helgasti réttur einstaklinganna, að steypa hverri stjórn, sem beitir gerræði og vinnur á móti vilja meiri hl., með ofbeldi, ef með þarf.

Ég set þetta aðeins fram til þess, að þessir góðu menn athugi nánar, til hvers það myndi leiða, ef farið væri að rekja sögu þessara hluta, sem þeir tala svo digurbarkalega um. Ég minni líka á þetta af því, að ég sé, að í grg. fyrir þáttill. er verið að reyna að koma inn fyrrirlitningu á þeim þjóðum, sem kallaðar eru byltingarþjóðir. Ég veit þó ekki betur en að franska

þjóðin sé talin hin klassiska byltingarþjóð. Englendingar sköpuðu þingstjórnarfyrirkomulag sitt með byltingu og Bandaríki Norður-Ameríku voru grundvölluð með uppreisn og byltingu.

Það er rétt fyrir þessa menn að athuga þetta, ef þeir vilja fara út í heimspekilegar hugleiðingar um það þjóðskipulag, sem við búum við.

Ég vil biðja þessa háu herra að gleyma ekki okkar íslenska þjóðfélagi, þegar þeir eru að tala um þessa hluti. Hvernig hefir það verið í þessi rúm þúsund ár, sem Íslendingar hafa búið í þessu landi? Hafa þeir allan tímann búið við almennan kosningarrétt? Hefir meiri hl. fengið að ráða með því að kjósa sína fulltrúa? Ég held ég verði að upplýsa þessa menn um það, að þetta hefir einungis átt sér stað í tæpa hálfu öld, og meiri partinn af þessari hálfu öld á mjög ófullkominn hátt. Það hefir því lengst af á Íslandi verið ráðið ráðum þjóðarinnar án þess að þjóðin hafi notið lýðræðis og án þess að meiri hl. þjóðarinnar hafi verið kvaddur til ráða.

Það er bezt fyrir þessa menn að athuga þetta, þegar þeir eru að vitna langt aftur í tímann. Lýðræðisskipulag það, sem íslenska þjóðin á við að búa, er meira að segja skapað undir sterkum áhrifum erlendis frá, og það frá þeim byltingarþjóðum, sem verið er að reyna að hallmæla í grg. Okkar beztu fyrirmyndir lýðræðis og frelsis höfum við einmitt sótt til þeirra strauma, sem áttu sér stað, þegar alþýða og millistéttir þessara landa voru að losa sig við einvaldsfyrirkomulagið, sem þá ríkti.

Ég ætla svo í öðru lagi, úr því að hv. flm. þessarar till. hafa tekið sig svo alvarlega í þessari þáttl., þó hún verðskuldi það ekki eins og hún er orðuð, að taka þetta til nýrrar athugunar og vita, hvort það myndi ekki í raun og veru hitta þá sjálfa skarpast fyrir, ef farið væri að athuga málið ofan í kjölinn og taka þeirra eigin meiningu bókstaflega. Þeir tala um, að það sé ógurlega ljótt að vilja gerbreyta þjóðskipulaginu með ofbeldi. Ég vil spyrja þessa hv. þm.: Hvað eru þeir sjálfir að gera? Hvað hafa þeir borið hver öðrum á brún síðasta áratuginn? Það er ekki lengra síðan en 1931, að Sjálfstfl. hélt því fram, að Framsfl. væri að breyta þjóðfélaginu, að svo miklu leyti sem hægt er að skilja það sem pólitísk form, með ofbeldi, hann væri að setja á fót einræðisstjórn. Hann hélt þessu fram í blöðunum, og þingflokkur Sjálfstfl. og þingflokkur Alþfl. stóðu saman um þetta. Það er heldur ekki lengra síðan en við síðustu kosningar að núv. forsrh. upplýsti, að núv. atvmrh. hefði ætlað að brjóta l. hér á landi á þann hátt, að láta fangelsa allmarga áberandi stjórnmalamenn, setja þá í sérstakar fangabúðir og beita síðan ýmiskonar aðferðum, sem ekki er fullkunnugt, hvernig áttu að vera. Hæstv. forsrh. sló þessu fram í útvarpi fyrir kosningarnar, til þess að sýna fram á, hvernig hann hefði forðað þjóðskipulaginu frá því að verða að meira eða minna leyti breytt með ofbeldi af núv. hæstv. atvmrh. Ég held, að öllum þeim, sem nú sitja í ríkisstj., farist ekki að tala um það að gerbreyta þjóðskipulaginu með byltingu, því þeir ættu að stinga

hendinni í eigin barm og athuga, hvað þeir hafa sagt hver um annan. Ég býst við, að það verði sjálfsagt, ef þeir samþ. till. eins og þessa, að þeir reki hver annan úr ráðherrastóli, því þeir megi þá ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir hið íslenska þjóðfélag. Það kann að vera, að þeim hafi ekki tekizt það, en það er þá nóg að hafa viljað það.

Ég ætla að skjóta því hér inn, að einn af þessum mönnum, sem bera hver öðrum á brún, að þeir vilji gerbreyta þjóðskipulaginu með ofbeldi, og telja hver um sig, að þeir hafi forðað þjóðinni frá byltingu, hefir á síðasta þingi fengið meira vald en nokkur annar maður hefir haft um langan aldur hér á landi, þar sem samþ. voru l. um ríkislögreglu, sem hann getur aukið eins og hann vill og vopnað eins og hann vill. Þegar búið er að gefa slíkum manni svona mikið vald, þá má vera, að þeir, sem legið hafa undir því að vilja gerbreyta þjóðskipulaginu með ofbeldi, megi fara að vara sig.

Svo er talað um, að ef menn vilji koma Íslandi undir erlend ríki eða standi í hlýðnisaðstöðu um íslensk landsmál við valdamenn í öðrum þjóðlöndum, þá sé ekki viðunandi, að þeir gegni trúnaðarstörfum fyrir þjóðfélagið. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að minna þm. Sjálfstfl. á, að í hinu eina tímariti, sem talið er opinbert málagn Sjálfstfl., „Þjóðinni“, var því haldið fram af opinberum erindreka Sjálfstfl. seinast á árinu 1938, að Íslendingar verði að haga innanríkismálum sínum í samræmi við vilja þeirra manna, sem ráða ríkjum nú í Þýskalandi og Englandi. „Tíminn“ tók þetta óstínt upp og sagði, að þarna væri Sjálfstfl. að svivirða íslensku þjóðina, þar sem hann heldi því fram, að hún yrði í innanlandsmálum sínum að fara eftir því, sem erlendar ríkisstj. vildu.

Ég skal ennfremur minna á, að á árinu 1936 gerðust þau tíðindi á Íslandi, að fjármálastjórnin íslenska gerði samning við þýzku ríkisstj. um bráðabirgðalán handa Íslandi, að því er Morgunblaðið þá tilkynnti. Alþýðublaðið og Verkalýðsblaðið, sem þá kom út, atyrtu þýzku stjórnina, en þá kom grein í Morgunblaðinu um það, að íslenska ríkisstj. yrði að grípa í taumana og bezt væri fyrir hana að athuga, hvaða skuldbindingar hún hefði gengizt undir í sambandi við lán það, sem íslenska fjármálastjórnin hafði þá tekið í Þýskalandi. Þar er verið með hótanir í garð þeirra manna, sem leyfa sér að setja út á gerðir íslensku stj. Þarna er reynt að hafa áhrif á það, hvað íslenskir þegar megi segja og hvaða skoðanir þeir megi láta í ljós. Var þetta hlýðnisaðstaða við valdamenn í öðru þjóðlandi, — eða hvað skyldi það hafa verið?

Ég vil nefna eitt dæmi enn í þessu sambandi. Það gerðist árið 1935, að það upplýstist á Alþ., að núv. hæstv. viðskmrh., sem þá var fjmrh., hefði orðið að senda skeyti til London, til þess að gefa yfirlýsingar um það, hverskonar fjármálastjórn þáv. ríkisstj. ætlaði að hafa í frammi á næstu árum. Þetta varð kunnugt, er skeytið var birt. Það var í öðrum anda en stj.flokkarnir gengu út frá að haga gerðum sínum eftir, þeg-

ar þeir gengu til kosninga 1934. Það varð því augljós breyt. á stefnu stj. í sambandi við þá samninga, sem fóru fram í London milli fulltrúa ríkisstj., Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra, og þess enska banka, sem þar átti hlut að máli. Þessi stefnubreyt. hafði það í för með sér, að allar lánsúttegningar voru stöðvaðar á næstunni. Það var þess vegna af núv. stuðningsflokki ríkisstj., Sjálfstfl., ráðizt á ríkisstj. fyrir það, að hún hefði í raun og veru að meira eða minna leyti lagt fjármál ríkisins undir erlenda valdamann og hlýðnast þeim, en brugðizt því, sem þjóðin hefði ætlat til, að hún gerði.

Ég vil ennfremur sérstaklega leyfa mér að minna hæstv. félmrh. á, út af því, sem hann sagði hér, að viss stjórnmalaflokkur hér á landi, sem nú tekur þátt í ríkisstj., hefir staðizt í mánu sambandi við valdamann erlendra þjóða, en þar á ég við Norðurlönd. Hæstv. ráðh. talaði um það áðan, að dómismrh. Svía hefði haldið ræðu, þar sem hann hefði sagt, að Svíar væru að koma þessu á hjá sér. Hæstv. félmrh. talaði um þetta af miklum þjósti og sagði, að það væri óhjákvæmilegt, að við hér á Íslandi færum að líkja eftir þeim í þessu. Ég vil nú benda á það, að hæstv. félmrh. er hér meðflm. að till. um það, að menn séu sviptir opinberum trúnaðarstörfum, ef þeir hlýðnast erlendum valdamönnum, en sjálfur er hann í sinni eigin ræðu að fara fram á, að hermt sé eftir erlendum valdamönnum um þetta. Ég vil benda á, að þessi hæstv. ráðh. stendur í mánu og einkennilegu sambandi við þann valdamann erlendra þjóðar, sem hann var að skirskota til, og ég vil sérstaklega vekja eftirtekt þingsins á því, hvort það sé viðeigandi, að strax og erlend þjóð eins og Svíar taka upp hjá sér að gera ákveðnar breyt. á sinum l., þá fari Íslendingar að herma eftir þeim í því. Ég vil ennfremur spyrja, hvort það sé viðeigandi, að utanþingsmaður, eins og hæstv. félmrh. er, komi hér fram og skipi okkur að fara eftir því, sem þessi maður segir úti í Svíþjóð. Ég vil spyrja, hvort það sé viðeigandi og virðingu þingsins samboðið, að þessi hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að koma með annað eins, þar sem það er sannað, að þessi hæstv. ráðh. hefir á árinu 1938 fengið að láni til handa einum stjórnmalaflokki hér á landi 250 þús. kr. hjá þeim flokki, sem fer með völd í Svíþjóð, til þess að nota innanlands í stjórnmaláráðum. Ég vil leyfa mér að spyrja, hvort það sé viðeigandi, að þessi hæstv. ráðh. fari hér að tala um þjónustu við erlenda valdamann, sem heimtar það af Íslendingum, að þeir fari að herma eftir því, sem er að gerast í Svíþjóð. Er það viðeigandi, þegar þessi ráðh. og sá flokkur, sem hann veitir forstöðu, hefir á síðasta ári fengið 30 þús. kr. styrk frá Norðurlöndum til þess að hafa áhrif á stjórnmal á Íslandi?

Ég vil biðja þessa háu herra, sem tala með svona miklum þjósti og þykjast hátt upphafnir yfir aðra, að stinga hendinni í eigin barm, því það gæti þá verið, að þetta hitti þá sjálfa fyrir.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvað það sé, sem er að gerast í okkar þjóðfélagi nú sem stendur og í afstöðu okkar

viðvikjandi valdamönnum þeirrar erlendu þjóðar, sem mest áhrif hefir gagnvart Íslendingum, en þar á ég við Breta og brezku stjórnina. Í Reykjavík hefir nýlega verið undirskrifaður sérstakur samningur og gerðar sérstakar skuldbindingar, þar sem svo að segja allir kaupskuldmenn, innflytjendur og útflytjendur, voru látnir skrifa undir sérstaka skuldbindingu, þar sem þeir skuldbinda sig til að hlýða í einu og öllu fyrirmælum hinnar brezku innflutningsnefndar um útflutning og innflutning. Á þeim fundi, sem þetta átti sér stað, var mælt fyrir þessari skuldbindingu af Birni Ólafssyni, sem var einn af fulltrúum ríkisstj. við samninga þá, sem fóru fram í Englandi í lok síðasta árs. Hann sagði við þá, sem þarna voru, að það þýddi ekkert annað fyrir þá en undirskrifa þetta, því við yrðum að beygja okkur. Þetta er það, sem er að gerast í okkar þjóðfélagi nú sem stendur. Það var fulltrúi ríkisstj., sem heimtaði það af hinum frjálsbornu Íslendingum, að þeir skrifuðu undir þessa skuldbindingu.

Af hverju var þetta gert? Af því að nefnd sú, sem fór til Englands, var búin að gera samkomulag við brezku stjórnina, og hún kom heim með fyrirmæli frá brezku stjórninni, þar sem krafizt var, að íslenzkir borgarar skrifuðu undir þessi plögg. Hvað er verið að gera hér? Er verið að hlýðnast valdamönnum annars lands?

Ég held, að flm. þessarar till. væri bezt að athuga staðreyndirnar, en vera ekki með heimspékilegar hugleiðingar, sem tylla hvergi tám á jörðina. Það er bezt fyrir þá að athuga það, sem er að gerast í kringum okkur. Það er bezt fyrir þá að athuga, hvernig farið er með frelsi og sjálfstæði landsins af þeirri stj., sem nú situr að völdum.

Það stendur síðast í till., að menn megi ekki starfa í pólitískum félögum með einræðisskipulagi. Það er hæstv. félmrh., sem er meðflm. þessarar till. Hann er forseti Alþýðusambands Íslands. Það á að vera samband verkalýðsfélaganna í landinu, en í lögum þess er svo ákveðið, að það megi ekki velja aðra en þá, sem játa trú þessa hæstv. félmrh., á þing sambandsins. Þó í einu verkalýðsfélagi á landinu væri ekki nema einn alþýðuflokksmaður, þá má ekki velja annan mann en hann á þing sambandsins.

Það stendur í þáttill., að menn megi ekki gegna trúnaðarstörfum, ef þeir starfa í pólitískum félögum með einræðisskipulagi, en Alþýðusamband Íslands hefir tekið upp í sín lög samskonar fyrirkomulag og tíðkast í hinu núv. Þýzkalandi.

Það er eftirtektarvert, hvað menn geta gengið langt í því að misbjóða skynsemi manna og misbjóða virðingu Alp., þar sem hæstv. félmrh., sem raunar er utanþingsmaður, dirfist að gerast meðflm. að till., sem hefir þær afleiðingar, ef hún væri samþ. og henni væri beitt, að hann fengi ekki að sitja áfram í ráðherrastóli.

Svo stendur í þáttill.: „eða vinna á annan hátt gegn fullveldi og hlutleysi ríkisins“. Það er eins og þessu öllu sé snúð upp á helztu trúnaðarmenn þjóðstjórnarinnar. Ég vil t. d. minna á það, að í einu ensku blaði birtist mynd af nokkrum helztu trúnaðarmönnum rík-

isins. Það var mynd af bankastjóra Landsbankans, Magnúsi Sigurðssyni, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, og einum helzta fjármálamanni landsins, Richard Thors. Undir þessari mynd stóð: „Helping us to beat the submarines“. Það þýðir, að þeir ætli að hjálpa Englendingum til að sigrast á kafbátunum.

Manni þykir ólíklegt, að opinber nefnd, sem fer til Englands og dvelur þar langan tíma og lætur taka myndir af sér, gæti ekki það vel að orðum sínum í viðtölum við blöð og málsmetandi menn, að gefa þeim ekki ástæðu til að gera að aðalatriði í umsögn um þá, að þeir ætli að hjálpa Englendingum til að berjast við þýzka kafbáta.

Ég skal viðurkenna, að það er full ástæða til að berjast á móti kafbátunum, en fyrir þá, sem vilja vera hlutlausir og koma með till. um að refsa mönnum, ef þeir verði sekir um að standa í hlýðnisaðstöðu við valdamann í öðrum þjóðlöndum, þá virðist það vera afarfjarri lagi, að láta hafa slík ummæli eftir sér í erlendu blaði, og það í stórblaði stríðsþjóðar, þar sem því er lýst yfir, að valdamann hins íslenska ríkis hafi gerzt aðilar að því að berjast á móti einu ófriðarriki. Ég vil þess vegna enn einu sinni biðja þessa menn, sem flytja þessa þáttill. hér, að athuga, hvort þeir hittu ekki sjálfa sig skarpast fyrir.

Það liggur hér fyrir framan mig Alþýðublað frá því í dag, þar sem verið er að segja frá því, að fundur hafi verið haldinn í Stokkhólmi, þar sem alþýðusamtökin hafi rætt afstöðu sína til varnarbandalags Norðurlanda, og er sagt frá því, að hæstv. félmrh. hafi fengið samskeyti frá formanni Sósíaldemokratafl. danska og fyrirspurn um það, hvort Íslendingar gætu sent þangað fulltrúa. Það hefir verið gengið út frá þessu af formanni Sósíaldemokratafl., að Íslendingar, sem hafa lýst yfir sínu eilífa hlutleysi, fari nú að taka þátt í einhverju slíku bandalagi. Það væri gaman, að þessi hæstv. félmrh. stæði þm. dálítið nánari skil á öllu sínu sambandi við þessa flokksbræður sína á Norðurlöndum. Það væri vafalaust margt fróðlegt, sem sá maður gæti upplýst hv. þm. í því sambandi, þegar hann er með till. um það, að útiloka þá menn frá stöðum, sem hafa einhvern vilja eða er diktað upp af honum eða hans nánustu, að hafi einhvern sérstakan vilja.

Þá kem ég að því spursmáli, sem vakti sérstaklega fyrir flm. þessarar till., sem sé að reyna á einhvern hátt að henda Sósíalistafl. við þessar hugmyndir, sem þessir aðilar eru þarna að koma með.

Ég skal í þessu sambandi, til þess að taka af öll tvímæli um afstöðu okkar flokks, lesa upp fyrir hv. þm., með leyfi hæstv. forseta, hvað flokkurinn ákveður í sinni stefnuskrá viðvíkjandi fyrsta atriðinu, um að gerbreyta þjóðskipulaginu með ofbeldi. Í stefnuskránni byrjar 3. kafli á þessa leið:

„Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalista-flokkurinn vill hejja baráttu sína með stéttarsamtökum sínum, verkalyðs-, samvinnu-, fræðslu- og stjórnmalasamtökum, og varast ofbeldi. Vill flokkurinn ekkert frekar en að alþýðan geti náð

völdunum í þjóðfélaginu á lýðræðislegan og friðsamlegan hátt“.

Nú er það eftirtektarvert í sambandi við þetta, að þessir tveir flm. þessarar þáttill., hv. þm. S.-Þ. og hæstv. félmrh., hafa ekki reynt með einu einasta orði að sýna fram á, að þessi flokkur, sem þeir eru að koma inn, að þessi þáttill. eigi sérstaklega við, hafi sýnt sig í að vilja gerbreyta þjóðskipulaginu með ofbeldi. Ekki eitt einasta sönnunargagn hefir verið lagt á borðið í þessu efni, og ekki með einu einasta orði reynt að sýna sekt Sósíalistafl. í sambandi við það. Þetta mál er flutt hér á Alþ. til þess að reyna að gera einn stjórnmalafll. útlægan, alveg án þess að reynt sé á einn eða annan hátt að sanna á hann þær sakir, sem reynt er að dæma hann útlægan fyrir.

Ég get tekið það fram um leið, að ég held bókstaflega, að Sósíalistafl. sé eini flokkurinn, sem alveg ákveðið hefir lýst yfir því, að hann vilji fyrst og fremst vinna á lýðræðislegan hátt í þjóðfélaginu. Það eru alls ekki svo ákveðnar vírlýsingar um slíkt hjá hinum flokkunum. Sömu leiðis, ef ætti að fara eftir stefnuskránni einni saman, myndi margt undarlegt verða uppi á teningnum.

Viðvíkjandi afstöðu til erlendra ríkja er það sérstaklega greinilega tekið fram í stefnuskrá okkar flokks, að flokkurinn vill vinna að fullkomnun okkar sjálfstæðis. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla um það:

„Flokkurinn skoðar sig sem arftaka þeirra, sem á undanförunum öldum hafa háð baráttu fyrir frelsi íslensku þjóðarinnar, fyrir því að leysa handa undan erlendri og innlandri áþjám, þar sem vitanlegt er, að fullt frelsi íslensku þjóðarinnar er þá fyrst fengið, þegar þjóðin sjálf ræður sameiginlega auðlindum landsins og atvinnutækjum, þegar enginn einstaklingur er lengur kúgaður á einn eða annan hátt og menningin jafnt sem auðæfin er orðin almennings eign. Flokkurinn vill því vernda það sjálfstæði, sem íslensku þjóðin hefir öðlzt, fullkomna það með myndun sjálfstæðs og fullvalda íslensks lýðveldis og tryggja það varanlega með fullum sigri sósíalismanna.“

Sósíalistafl. er eini flokkurinn, að Alþfl. undanteknum, sem lýst hefir yfir, að hann vilji vinna að stofnun fullveðja sjálfstæðs lýðveldis 1943. En það er óljós afstaða stærri flokkanna í stefnuskrám þeirra viðvíkjandi lýðræðinu hér á landi og að slíta sig algerlega úr öllum tengslum við Dani. Sannleikurinn, sem býr bak við þá till., sem hér liggur fyrir, og tilgangurinn með henni, sem greinilega kom fram hjá þessum tveim hv. flm., hv. þm. S.-Þ. og hæstv. félmrh., og var greinilega viðurkenndur af hv. þm. N.-Ísf., er bersýnilega sá, að skapa einhverskonar lagalega viðurkenningu fyrir ofsóknum á hendur fylgjendum sósíalismanns hér á landi. Það er vitanlegt, að hv. þm. S.-Þ. hefir haft óbilandi trú á því, til þess að vinna að málefnum hér á landi, að reyna að kúga menn með hótunum um atvinnuleysi. Þessi maður hefir unnið að því leynt og ljóst, að ríkið hefði aðstöðu til að hafa fullkomið eftirlit með flestu því, sem snertir líf þegnanna, þannig að varla

væri hægt fyrir menn að draga andann, sem ekki væru meira og minna í samræmi við vilja valdhafanna.

Þetta ofsóknaræði hjá hv. þm. S.-Þ. hefir upp á síðkastið verið sett í kerfi, og á síðasta miðstjórnarfundi Framsfl. reynir hann svo að fá blessun flokksins yfir þessa ofsóknarþáttill. sína. Og til þess er þessi till. fram komin hér, að hið háa Alp. leggi blessun sína yfir þessar sömu ofsóknir.

Þessi maður, hv. þm. S.-Þ., virðist hafa trú á, að eina örugga ráðið til þess að fá menn til að skipta um skoðun sé að svelta þá. Þessi maður virðist ekki hafa hugmynd um það, hversu róttækar hreyfingar skapast og eru bornar uppi af áhuga fólksins, sem engar ofsóknir og vald getur drepið, og að það þýðir ekki að heita ofsóknum gegn þeim hreyfingum, sem eiga rétt á sér í þjóðfélaginu, og að því þýðir ekki að gripa til svona aðferða, sem hér er ætlað að gripa til. Þetta hefir verið reynt áður. Undir eins og sósíalisminn fór að ryðja sér til rúms í Evrópu, þutu til menn með slíku hugarfari eins og hv. þm. S.-Þ. og reyndu að kæfa þessa hreyfingu. Má þar nefna, hvernig farið var með Karl Marx og Friedrich Engels, sem urðu að dvelja landflótta erlendis og sakaðir um landráð. Árið 1878 voru sett l. í Þýskalandi, sem sérstaklega voru sett til verndar öryggis því opinbera, sem kallað var. Það minnir óþægilega á nafn þessarar þáttill. Bismark reyndi á þennan hátt með 12 ára skipulögðum ofsóknum að brjóta á bak aftur Sósíalistafl. í Þýskalandi. Hver var svo afleiðingin? Eftir 12 ára ofsóknir var Sósíalistafl. þýzki miklu sterkari heldur en hann var, þegar ofsóknirnar hófust. Landráðakærurnar dundu á flokknum hundruðum saman, og voru margir forvígismenn hans fangelsaðir þessi ár.

Þá var litill karl í Danmörku um sama leyti, sem tók sér fyrir hendur að herma eftir Bismark; hann hét Estrup, og hann var kallaður litli Bismark, og fór álíka fyrir honum. Það er litill karl hér á landi, l. flm. þessarar þáttill., hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson. Það má mikið vera, ef hann gengur ekki undir því nafni í sögunni, að heita litli Estrup.

Það þýðir ekki fyrir þessa háu herra að reyna að brjóta á bak aftur þær hreyfingar, sem eiga rétt á sér í þjóðfélaginu, á meðan til er fátækt í því innan um nægtir og auð. Á meðan verkalyðurinn verður að búa við hágindi og kúgun á sama tíma, sem nokkrir menn raka saman auðæfum, sem nægt hefði fyrir þjóðina í heild til þess að geta sómasamlega komið af, þá verður sósíalismahreyfingin til í þjóðfélaginu. Það verður barizt fyrir að afnema auðvalds-skipulagið og koma sósíalísmannum á. Það eru engir möguleikar til þess að drepa þessa hreyfingu, hvaða kúgunarráðstafana sem gripið er til. Það er hægt að kúga menn og svelta, fangelsa, dæma og jafnvel drepa forvígismennina, en það er ekki hægt að sigra hreyfinguna. Þar kemur maður í manns stað. Rússakeisarar hafa fengið sig fullsadda af því.

Það er ekki heppilegt fyrir okkar litla Estrup að ætla að fara að feta í þessi sömu fótspor.

Og það er jafnþýðingarlaust, þó að breitt sé yfir það með grímu föðurlandsástar og reynt að þyrlla upp einhverju moldviðri kringum forvígismenn sósíalista og þeir stimplaðir sem þýzkir erindrekar, eins og var gert með Lenin hér á árunum, og þeir, sem það gerðu, hafa orðið að athlægi í veraldarsögunni.

Það er því hjákátlegra hjá manni eins og núv. formanni Framsfl. að koma fram með öllum þessum þjósti og tala um það, hvernig eigi að reyna að vernda þjóðskipulagið, þegar hann, áður en blað hans var orðið gerspíllt, lýsti því yfir 1929, að núv. ásigkomulag verkalyðsins og þau kjör, sem hann ætti við að búa, væru aðeins ein tegund af þrældómi. Og það mun margur muna eftir þeirri mynd, sem hv. þm. dró upp af þrældómshúsinu, sem einu sinni átti að leiða íslenzku þjóðina út úr. Og það er því fjarri fyrir þennan mann að fara svo að koma með það í viðbót, að reyna að breiða yfir það með einhverri þjóðernisblæju og reyna að láta það líta þannig út, að verið sé að vinna fyrir frelsi íslenzku þjóðarinnar með því.

Ég spyr: Hvað hefir þessi maður, sem hefir verið mesti valdamaður íslenzku þjóðarinnar síðustu 14 árin, gert til þess að frelsa íslenzku þjóðina þann tíma? Hvernig standa fjármál þjóðarinnar nú? Núi skuldar Ísland brezka auðvaldinu 70—80 millj. kr. Það er sem sé meira en verð allra atvinnutækja, sem til eru í landinu, sem því í raun og veru eru eign brezka auðvaldsins. Í krafti þessarar skulda og þessa fjárhagsófrælsis, sem þær hafa í för með sér, geta síðan brezkir auðmenn leyft sér að fyrirskipa íslenzkum stjórnarvöldum, hvað gera skuli hér á landi. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Sp., 2. apríl, var fram haldið cinni umr. um till.

**Einar Olgeirsson** [frh.]: Annars vildi ég upplýsa hv. Alþingi um það, að þessi till., sem hér liggur fyrir, og það, sem farið er fram á í henni, er í rauninni ekkert annað en það, sem þegar er framkvæmt af valdaklíku landsins og hún vill fá þingið til að staðfesta. Það er fyrirfram byrjað á njósnum og ofsóknum, og það er nú þegar skipuð nefnd, ókunnugt af hvaða aðilum, sem Jónas Jónsson á sæti í og beinlínis vinnur að því að skipuleggja ofsóknir í ríkisstofnunum. Það er þannig ákveðin klíka, sem hfrifar til sín það vald, sem hún ætlar sér, og svo á að láta Alþingi leggja blessun sína yfir þetta. Það er ekki verið að spyrja um vilja þess, heldur vill þessi klíka fá staðfestingu á því, sem byrjað er á. Það er byrjað á því að afhenda það skoðanafrælsi, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði í gær, að væri hyrningarsteinn lýðræðisins. Ég veit, að hv. þm. vita, að þetta, sem hv. þm. N.-Ísf. talaði um, er staðreynd. Þessar grunsemdir eru allt í kringum okkur. Þetta liggur eins og mara á okkar landi, og það sýndi sig bezt á síðasta Alþingi, hve þungt þetta liggur á allri þjóðmálastarfsemi. Það er alveg rétt, að ef þessi till. verður samþ. og færð út í praksis áframhaldandi, verður enginn óhultur. Þetta sagði hv. þm. N.-Ísf. í



gær, og það er ekki eins og þetta sé nýtt fyrirbrigði. Ég vil lofa ykkur að heyra það, sem Karl Marx segir fyrir 92 árum í Kommúnistaávarpinu. Þar segir svo: „Hvar eru þeir stjórnarandstæðingar, sem ekki hefir verið úthúðað fyrir það, að þeir væru kommúnistar? Hvar er sá andstæðingaflokkur, sem ekki hefir borið bæði róttækari flokkum og afturhaldssömum stjórnarfyrgifiskum hið sama á brýn?“ — Ég vil bæta því við: Hvað oft hefir þetta ekki endurtekið sig hér í okkar þjóðfélagi nú? Svo vil ég benda þeim flm. þeirrar till., sem liggur hér fyrir og láta sig dreyma um það, að þeir kveði niður sósíalismann með þessu, ég vil benda þeim á það, hvað þeir fá fyrir. Dettur mönnum í hug, þegar farið er að ofsækja menn fyrir skoðanir sínar og gera þeim ómögulegt að lifa, að þeir gripi þá ekki til þess að dylja skoðanir sínar? Hvað mundu menn gera, ef ástandið væri þannig, að ekki væri óhætt að fara með skoðanir sínar? Ég skal segja eina smásögu til dæmis um það, og fara í því að dæmi hv. þm. S.-Þ. Það er sagt um Göring, að hann hafi fyrir nokkru síðan komið í verksmiðju í Þýzkalandi og hafi spjallað við verkamennina. Hann spurði þá um, hvaða pólitíska skoðun menn hefðu í verksmiðjunni, og hét þeim, að ef þeir væru alveg hreinskilnir, skyldi hann í engu hefna sín á þeim. Jú, þeir sögðu, að 1/3 hluti þeirra væri kommúnistar og um 1/2 sósíaldemókratar, en 1/3 væru demókratar af gamla taginu. „Nú“, svaraði Göring, „en hvernig er það með nazistana, eru engir nazistar?“ „Jú“, svöruðu verksmiðjumennirnir, „nazistar erum við allir saman.“ — Svona mundi líka fara hér, ef þessi till. verður samþ. Það er enginn vandi fyrir mann að segja, að hann sé framsóknarmaður, þó hann hafi kommúnistiskar eða sósíalistiskar skoðanir. Hver yrði nú afleiðingin? Sú, að lýgin og yfirdrepskapurinn yrði skipulagt til þess að tryggja persónufrelsi manna. Þessir valdamenn, sem eru að ofsækja, yrðu hvergi óhultir. Þeirra eigin börn mundu skrökva að þeim, til þess að dylja fyrir þeim, hvaða skoðanir þau hefðu. Þá gæti farið svo, að maður eins og hv. þm. S.-Þ., sem ekki hefir alltaf þótt vera sannleikur með samkvæmastur, yrði stimplaður sem faðir lýginnar hér á þessu landi. Með svona aðferðum verður ekki unnið. Það er aðeins eitt, sem lýðræðið getur varið sig með, og það er með því að berjast fyrir sínum málstað og að láta aðra líka hafa sama rétt.

Svo vil ég koma inn á það, sem lagt er til grundvallar fyrir þessari till., og það, hvað lýðræðið er í raun og veru. Beri að skilgreina lýðræðið sem rétt meiri hl. til þess að ráða hér, vil ég spyrja: Ef skilgreiningin er rétt, hvaða skipulag ríkir? Hefir meiri hl. nokkra sönnun fyrir því, að hann ráði? Ég vil minna á það, að í hvert skipti, sem gengið er til kosninga, leggja flokkarnir fram fyrir sína kjósendur nokkurskonar skipulagsskrá, sem þeir eru svo kosnir til að framkvæma, ásamt þeim loforðum, sem þeir gefa kjósendum. En þeir framkvæma ekkert af þessu. Vilji meiri hlutans fær hvergi að koma fram. Ég vil vekja athygli á því, hve ófullkomið fyrirkomulagið er, að styrkur eða vald

kjósendanna kemur hvergi fram. Fulltrúar þeirra geta, eftir að þeir eru kosnir, farið eftir sínum eigi geðþótta, eða það, sem verra er, eftir annara geðþótta. Í öðru lagi er það, að með núv. kjördæmaskipun á Íslandi er ekki nokkur trygging fyrir því, jafnvel þótt þingmenn reynist algerlega trúir kjósendum sínum, að vilji meiri hl. komi fram. Okkar kjördæmaskipun er þannig, að það er hægt fyrir 1/4 hluta kjósenda að ná meiri hl. í 26 kjördæmum og þannig meiri hl. á þingi og ráða í umboði meiri hl. af þjóðinni, og út frá þessu valdi er það, sem menn eins og hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Borgf. ganga svona berlega fram á móti lýðræðinu. Það er af því þeir hafa það á bak við sig að geta ráðið við meiri hlutann.

Ég vil að lokum koma að þeirri till., sem hv. þm. N.-Ísf. ásamt tveim öðrum hefir lagt fram til breytingar. Það kom greinilega í ljós af ræðu hans í gær, að honum er ljóst, hvaðan hætta stafar. Hún stafar hægra megin frá. Ég vil benda á það, að hér eru nú samskonar ástæður fyrir hendi eins og voru í Þýzkalandi, þegar Hitler komst til valda. Það, sem reið baggamuninn fyrir Hitler, var það, að junkararnir þýzku, stóreignamennirnir, voru svo skuldum hlaðnir, að þegar jafnaðarmannastjórnin ætlaði að koma upp um þá og gera upp skuldir þeirra, risu þeir upp og komu Hitler með aðstoð Hindenburgs til valda. Ég vil benda á, hvað var gert hér, þegar Framslf. og Alþfl. ætluðu að fara að hreyfa við skuldum Kveldulfs og hvernig þjóðstjórnin er mynduð með það alveg sérstaklega fyrir augum að vernda þá fjármálaspillingu, sem grafið hefir um sig hér á landi. Það er sama staðreynd og í Þýzkalandi, að stærstu skuldakóngarnir semja um lögin, og það sama gerist hér. Lýðræðið féll á því í Þýzkalandi að sýna of mikla linkind, en ég vil segja það, að þessi linkind var ekki sýnd verkamönnunum, en hún var gagnvart öðrum. Hún var sýnd þeim, sem voru til hægri. Ég þekki sjálfur af eigin reynd, hvernig Weimar-lýðveldið fór. Ég var í Þýzkalandi, þegar Walter Rathenau var myrtur af æstum nazistum. Ég var í kröfugöngunni, sem farin var til Berlín til þess að mótmæla þessu morði, og þegar lagt var fram í þinginu frv. til laga um verndun ríkisins. Þegar það var lagt fram, sögðu sósíalistarnir: „Þetta frv. er í sjálfu sér gott, og það veitir ekki af því að vernda lýðræðið gegn þeim mönnum, sem eru að stofna lýðveldinu í hættu, en með þessari stjórn og embættismönnum verður þessu frv. ekki beitt gegn réttum aðilum; því verður ekki beitt gegn þeim, sem hættulegir eru lýðræðinu, heldur hinum.“ — Þýzka Weimar-lýðveldið ól nazistana við brjóst sér. Embættismannastéttin þýzka var öll gegnsýrð af nazismanum, og hér á Íslandi hefir hv. þm. S.-Þ. manna mest unnið að því að gerspilla embættismannastéttinni, af því hann hefir talið, að þeir væru líklegastir.

Það, sem hv. þm. N.-Ísf. leggur til í sinni brtt., lögin, sem hann fer fram á að verði sett, og rannsóknin, sem hann vill að verði gerð, er gott í sjálfu sér, og við, fulltrúar Sósíalistafl., mundum standa með því, að ráðstafanir væru

## Lýðræði og öryggi ríkisins.

gerðar til þess að vernda lýðræðið, — en hvaðan er það, sem lýðræðinu stafar hætta? Mennirnir, sem flytja þessa þáttill. eru form. Framsfl., félmrh. og form. fjvn. Það eru þrír af mestu valdamönnum flokkanna, og það er ekki annað vitað en að meiri hluti ríkisstj. standi með þessu. Þannig berst ríkisstj. fyrir skoðanafrelsi á Íslandi. Nær það þá nokkurri átt, að fela þessari ríkisstj. að gera rannsókn um það, hvernig ætti að vernda þetta lýðræði, að fela þessari ríkisstj. að rannsaka, hvernig lýðræðinu og öryggi ríkisins verði bezt borgið?

Hv. þm. N.-Ísf. komst svo að orði, er hann mælti fyrir sinni till. í gær, að hann yrði að biðja guð að vernda lýðræðið fyrir þessum mönnum. Já, þá þykir mér undarlega bregða við, þegar hv. þm. N.-Ísf. sér ekki önnur ráð en að biðja guð að vernda það, sem hann ætti að vernda sjálfur. Ég hélt nú satt að segja, að hv. þm. N.-Ísf. hefði nú ekki hingað til treyst svo mikið á handleiðslu úr þeirri átt, að hann hefði farið að líta á það sem síðustu hjálparvö. Annars held ég, að menn verði í þessu efni að treysta á sjálfa sig. Ég held, að þeir, sem að brtt. standa, verði sjálfir að taka verndun lýðræðisins í sínar hendur. Ég tel ekki rétt að fela ríkisstj. aðgerðir í þessu máli. Það, sem þeir eiga að gera, er að skipuleggja sjálfir baráttu til verndar lýðræðinu, fyrst og fremst með því að koma núv. ríkisstj. frá völdum, sem sjálf er að gerast harðstjórn á Íslandi. Og ég vil vekja eftirtekt hv. þm. á því, að það kemur núna fyrst berlega í ljós, hvernig þm. stjórnarflokkanna skiptast á milli fasisma annarsvegar og lýðræðis hinsvegar. Sú lína, sem þar skiptir, gengur ekki milli flokkanna, heldur gengur hún þvert í gegnum þá alla. Það er ekki lengur Framsfl., sem er róttækari en Sjálfstfl. Það er síður en svo. Það er andstaða í öllum stjórnarflokkunum móti harðstjórnarpólitíkinni, sem nú er í fyrsta skipti að koma fram hér á Alþ. Það eru að meira eða minna leyti framtíðarflokkatakörk, sem þarna eru að skapast upp úr deiglu. Og það eru þessar línur, sem þurfa að koma skýrt fram á næstunni. Þess vegna er fyrsta atriðið að fella þá ríkisstjórn. sem nú situr. Að fela núv. ríkisstj. að vernda lýðræðið, það væri álika gáfulegt og þegar Chamberlain fól Hitler að vernda Tékkóslóvakíu.

Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd okkar í Sósíalistafll., að við viljum vernda lýðræðið engu að síður, hó við álitum það ófullkomið. Við álitum, að lýðræðisskipulagið verði alltaf ófullkomið, meðan vald auðsins fær að ráða, meðan peningagildið er metið meira en manngildið og meðan peningarnir geta eyðilaggt og gert að engu þau mannréttindi, sem er hugsjón lýðræðisins, að séu framkvæmd út í æsar. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega benda á það, að baráttan stendur ekki milli svokallaðs einræðis og lýðræðis, heldur stendur hún milli auðvaldsskipulagsins og sósíalismans. Vald auðvaldsins getur verið margvíslegt, en eitt er alveg víst, að með hvaða mynd sem það er, þá leyfir auðmannastéttin aldrei alþýðunni meira frelsi en svo, að hún sé sjálf örugg um sína hagsmuni. Það er þess vegna skilyrðið fyrir alþýðuna, að

losa sig við auðvaldið. Þá fyrst fær alþýðan fullt frelsi. Auðmannastéttin finnur það, að hennar dagar eru að verða taldir í heiminum, og þess vegna grípur hún nú til þess að þurrka sitt borgaralega lýðræði út til þess að verja sig.

Verkamannastéttin getur líka drottnað á mismunandi hátt. Hún getur beitt mismunandi formum til að framkvæma sitt skipulag. Hún getur beitt formum, sem banna þá flokka, sem eru andvígir sósíalismunum, svo framarlega sem þess þykir við þurfa til að vernda hennar skipulag, en hún getur líka beitt aðferðum, sem leyfa hennar andstæðingum fullkomið mál-frelsi og baráttu fyrir þeirra málefnum. Það er enginn kominn til með að segja, hverskonar skipulag sósíalismans kann að verða ráðandi hér á Íslandi. Það er enginn kominn til að segja, að það þurfi að verða eins og t. d. í Rússlandi. Auðmannastéttin hefir haft ýmsar aðferðir til að drottna, og þær hafa allar miðað að því að tryggja hennar völd. Verkamannastéttin tekur ekki völdin til að gera sjálfa sig að yfirstétt, en hún kemur líka til með að þurfa að beita ýmiskonar aðferðum til að verja sig. Það eitt veit ég, að þeir, sem berjast fyrir sósíalismunum, þeir vilja, að það stjórnarform, sem alþýðan velur sér, geti orðið sem mildast, án þess að alþýðunni sjálfri og hennar takmarki stafji hætta af.

Þetta vildi ég sagt hafa í sambandi við hinar fræðilegu umr., sem fram hafa farið í sambandi við þetta mál.

**Forseti (HG):** Mér hefir horizt skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk. þm., en áður en ég skýri frá efni hennar mun ég bera undir atkv. till. frá hv. þm. Barð. um að fresta umr. og vísa málinu til allshn., og brtt. við hana frá hv. 3. þm. Reykv., um að vísa málinu til allshn., þegar þeir hafa talað, sem eru á mælendaskrá, og ber ég fyrst upp brtt. frá 3. þm. Reykv.

## ATKVGR.

Brtt. 3. þm. Reykv. felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÁJ, ÁÁ, BSn, BrB, EOl, EmJ, GÞ, HelgJ, HV, ÍslH, JJós, JPálm, Mj, PHald, SK, StSt, VJ.

**nei:** BJ, BSt, BÁ, BJB, EÁrna, JakM, JÍv, JJ, JörB, PHerm, PO, SÁÓ, SkG, StgrSt, SvBH, TT, ÞBr, ÞÞ, HG.

EE, GSv, PZ greiddu ekki atkv.

10 þm. (ErlÞ, EystJ, FJ, GG, HermJ, IngP, MG, ÓTh, PHann, SEH) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 23:4 atkv.

**Héðinn Valdimarsson:** Hæstv. forseti skýrði frá því áðan, að sér hefði horizt skrifleg brtt. frá hv. 1. landsk. við till. til þál., sem var verið að vísa til allshn. Forseti lofaði að tilkynna þinginu, hvernig hún væri, en það hefir ekki verið gert.

**Forseti (HG):** Ég bið afsökunar, að mér láðist að lesa upp brtt., en mun með leyfi hv. þm. gera það nú. Brtt. er frá hv. 1. landsk. þm. og er á þá leið, að í stað orðanna „vilja gerbreyta

þjóðskipulaginu“ komi: vilja viðhalda þjóðskipulaginu. — Ég vil mælast til þess við allshn., að hún taki þessa till. einnig til athugunar.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Sp., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 250, 307, 319, n. 353).

Frsm. (Einar Árnason): Allshn. hefir haft þessa þáttill. til meðferðar ásamt brtt. á þskj. 307 og 319. N. var öll sammála um það, að fallast á aðalefni till. á þskj. 250 og 307. Hún lítur svo á, að það sé full ástæða til þess, að Alþ., ríkisstj. og þjóðin sé vakandi á verðinum um frelsi sitt og sjálfstæði og það lýðræðisskipulag, sem hún hefir búið við og býr enn við, það skipulag, sem ríkir hjá nágrannaþjóðum okkar og þær telja sitt dýrmætasta hnoss, og eru þess albúnar að verja það með blóði og brandi. Og það er einmitt sérstakt tilefni til þess að hafa vakandi auga á þessu nú, þar sem einstaklingsfrelsið og mannréttindi virðast aldrei hafa verið í meiri hættu stödd í heiminum heldur en einmitt nú. Eindræðisandi virðist nú vera að festa rætur hér í okkar litla þjóðfélagi. Og það mun vera tilefnið til þess, að slíkar till., sem hér liggja fyrir, hafa komið fram. Allshn. hefir orðið ásátt um að taka upp allt aðalefnið, sem er í þáttill. á þskj. 250 og 307, og sameina það í eina þáttill. með nokkrum orðabreyt. N. flytur brtt. á þskj. 353, sem hún leggur til, að hið háa Alþ. samb. Ég skal taka það fram viðvíkjandi brtt. n., að það er prentvilla á einum stað í þáttill., í fyrri málsg. lölul. 1, þannig að í staðinn fyrir orðið „verndar“ í niðurlagi mgr. á að vera varnar, og verður það leiðrétt í endurprentun þáttill.

Efni þáttill., eins og n. orðar hana, er tvíþætt. Í fyrsta lagi, að Alþ. væntir þess, að ríkisstj. og önnur stjórnarvöld hafi vakandi auga á starfsemi þeirra manna í landinu, sem lýðræðisskipulaginu virðist stafa hætta af, og beiti öllu því valdi, sem hún hefir, til varnar gegn slíkri starfsemi. Í öðru lagi felst það í þáttill., að fela ríkisstj. að athuga, með hverjum hætti lýðræðið geti bezt varizt þeim mönnum og flokkum, sem telja má, að séu því skaðsamlegir, og jafnframt að endurskoða þau ákvæði íslenzkrar löggjafar, sem nú gilda um landráð. Og að síðustu að ríkisstj. undirbúi undir næsta þing þessi mál, þannig að sá undirbúningur geti orðið undirstaða undir nýrri löggjöf um þessi efni. Sem afleiðing af því formi, sem n. hefir sett þáttill. í, flytur hún einnig brtt. við fyrirsögn þáttill., svo að fyrirsögn þáttill. verði í nánú samræmi við efni og skipulag hennar.

Ég hygg nú, að lýðræðisflokkarnir hér á landi hafi ekki mikla ástæðu til að ræða þessa þáttill. mjög mikið frá sinni hlið, enda ætla ég ekki að fara út í neinar almennar umr. um þetta mál, en aðeins óska þess fyrir hönd n., að till. sú, sem n. flytur á þskj. 353, verði samb.

\*Héðinn Valdimarsson: Það er nokkuð óvenjuleg aðferð, sem notuð hefir verið um þetta mál, að fresta umr. þess og koma því til n. án þess að þeir menn fengju að tala út, sem þá þegar

höfðu beðið um orðið. Ég vil sérstaklega benda á, að forseti knúði frestunartill. fram á þann hátt, sem gert var hér, enda þótt hv. þm. Barð., sem kom með till. um að fresta þessu máli, hafi skýrt frá því, að hann hafi aldrei lagt til, að það yrði gert á þann hátt, að þeir fengju ekki að tala áður, sem beðið höfðu um orðið. (BJ: Þetta er ósatt). En þessu verður forseti náttúrliga að ráða; ef hv. þm. fá ekki að tala um mál fyrr en búið er að ákveða gang þeirra, þá verður það svo að vera. — Síðan hafa komið fram tvær brtt. við þessa þáttill. þeirra hv. þm. S.-Þ., hæstsv. félmrh. og hv. þm. Borgf. Og þar sem búið er að bræða þetta saman í n. á þennan hátt, sem hér kemur fram, þá gerir maður ráð fyrir, að málið verði afgr. í því formi. Ég fyrir mitt leyti get greitt atkv. með þessari till., sem kemur frá n., enda er með henni búið að kollvarpa algerlega stefnu þeirra hv. þm. S.-Þ. og hæstsv. félmrh. í upphaflegu þáttill. og búið að taka upp algerlega annað lag á þessu. Og till., sem hv. 2. þm. Eyf. gat um, er ekki um annað en að skora á ríkisstj. að gera þá skyldu sína, sem ríkisstj. hvers ríkis á að gera, þar sem á að vera lýðræðisskipulag, og að athuga fyrir næsta þing almennar varnir fyrir lýðræði landsins.

Ég vil þó koma með ýmsar nánari aths. í sambandi við málið og þær framsöguræður, sem fluttar voru hér um það af þeim hv. þm. S.-Þ. og hæstsv. félmrh., og vil sérstaklega geta þess, að sá siðarnefndi tók það greinilega fram, að þessi till., eins og hún er horin fram af honum og hv. þm. S.-Þ., sé ekki annað en beint framhald af þeim samþykktum og yfirlýsingum, sem flokkar þjóðstjórnarinnar komu með í desember síðastl. út af Finnlandsmálanum. Þá er nú hafður sá lýðræðisbragur á málinu, að settur er hér fundur og lesin upp yfirlýsing þeirra flokka, sem tilheyra hinum svo kölluðu lýðræðisflokkum, þar sem lýst er fyrirlitningu á okkur, sem þá vorum saman í Sósíalistafli, þ. e. mér og þeim sósíalístum, sem nú sitja á þingi, út frá ályktunum, sem allir hv. þm. vissu, að voru rangar, sem sé þeim, að Sósíalistafli. Þá væri búinn að taka afstöðu í Finnlandsmálanum. Enda kom það einmitt fram þá dagana, að verið var einmitt að leita afstöðu um þessi mál í flokknum. En svo mikið lá á að koma þessari vísitandi röngu yfirlýsingu svo að segja allra þm. fram, að það mátti ekki einu sinni taka til máls um hana í þinginu. Og svo þegar þingmannafélagsfundurinn var haldinn til þess að visa okkur úr þingmannafélaginu, þá var það ákveðið fyrirfram, þó að þm. Sósíalistafli. hefðu innbyrðis gersamlega andstæðar skoðanir um þetta mál, að láta eitt yfir þá alla ganga í þessu efni Hv. þm. stjórnarfl. gerðust þá svo litilsigldir að gefa yfirlýsingar, sem þeir vissu, að voru rangar.

Ég veit, að starfsaðferðum eins og þessum stóðu fyrst og fremst að ákveðnir menn og reðu þar um, einmitt þeir sömu menn, sem standa að þessari þáttill. upphaflega, þeir hv. þm. S.-Þ. og hæstsv. félmrh., sem kunnur er að þessari stjórnaraðferð og kallar hana síðan lýðræðislega stjórnaraðferð. Þessi þáttill. þessara hv.

þm. er beint framhald af þessum yfirlýsingaflutningi í desember í vetur.

Nú skyldi einhver maður halda, að þessir menn, sem að þessari till. standa, væru þekktir meðal fólksins fyrir að vera lýðræðissinnaðir í hvívetna. Jú. Hv. þm. S.-Þ. er landskunnur af þeim málum, þar sem enginn maður mun hafa á þingi staðið eins mikið á móti lýðræðisskipulagi eins og hann, í sambandi við breyt. á kjördæmaskipuninni. Aftur á móti hefir hæstv. félmrh. að sinu litla leyti innan síns flokks haft forustu í að rífa niður allt lýðræði, sem þar var, og koma á einræðisstjórn þar.

Sú þáttill., sem hér á í raun og veru að fella með því að samþ. till. n., sem breytir henni svo, að það stendur ekki steinn yfir steini í henni, er líka á þann hátt, að í staðinn fyrir það, að í haust var ekki verið að gera annað af þm. þjóðstjórnarinnar en að búa til einskonar yfirlýsingar um sína andstæðinga, þá átti nú samkv. þessari þáttill. að gefa rúm fyrir hverskonar atvinnukúgun, sem hægt er að hugsa sér af hálfu þess opinbera. Eins og allir vita, hefir hv. þm. S.-Þ. sózt mikið eftir virðingarkerkjum og völdum nú upp á síðkastið; hann notaði þessa aðferð í haust til þess að sínir andstæðingar yrðu sviptir virðingarkerkjum. En honum hefir ekki fundizt það bita nógu vel, heldur vill hann nú taka líka upp það, sem oft hefir verið notað af Framsfl., og þá sérstaklega af hv. þm. S.-Þ., sem vopn, þ. e. atvinnukúgun, og fá það notað af þinginu. Það hefir sem sé verið viðurkennt af tveimur hv. ræðumönnum á undan mér, að eftir þessari þáttill. er svo fyrir mælt, að ef vitanlegt sé um einhverja, að þeir vilji þetta eða þetta, sem nánar er til tekið í þáttill., þá eigi ekki að nota starfskrafta þeirra fyrir þjóðfélagið til þess að hafa þá í trúnaðarstöðum, og að þá eigi ekki að sýna þeim vott um traust eða viðurkenningu ríkisins. Hverjum á þetta svo að vera „vitanlegt“? Jú. Það á að vera vitanlegt hverjum manni, sem ræður yfir að veita opinberar stöður eða störf. Ef þeim mönnum er „vitanlegt“ þetta eða hitt um hugsanir einhvers manns, þá getur hann haft það sér til afsökunar, og þannig er veitt opin braut til hverskonar gerræðis um embættaveitingar eða embættasviptingar, því að þeir menn, sem ráða yfir stöðunum, geta hvernær sem er og þeim býður við að horfa sagt: Mér er vitanlegt, að þú vilt þetta eða hitt, sem stendur í þessari þáttill., og þar af leiðandi mátt þú ekki fara í þetta starf, sem þú kannst annars að vera vel fær um. Það er kannske eins og einn hv. ræðumaður á undan mér gat um, að sagt væri, að það starfaði hér nefnd, sem ætti að lita eftir pólitískum sköðunum fólks, sem vinnur í ríkisstofnununum, og hv. þm. S.-Þ. væri í þeirri n. Ég hefi ekki heyrt neitt um þá n. fyrr, en gaman væri, að hæstv. félmrh. gæfi upplýsingar um þetta. En þó að ekki sé nein opinber n. til þessa kjörin, þá er slíkt gert af stjórnarfl., þó ekki sé neinn opinber stimpill á því. En hvernig sem það er, þá veit maður, slíkur eljumaður sem hv. þm. S.-Þ. er, að ef þessi þáttill. væri samþ., þá mundi hún bera tilætlaðan ávöxt; það er ekki svo þröngt sviðið, sem markað er í henni

til gerræðis í því að synja mönnum um störf fyrir það opinbera og svipta menn þeim. Svið þetta er ákaflega vítt. Það nær ekki aðeins til þeirra, sem vilja „gerbreyta“ þjóðskipulaginu með ofbeldi“ og „koma Íslandi undir erlend ríki“. Það tekur líka til þeirra, sem „standa í hlýðnisaðstöðu um islenzk landsmál við valdamenn í öðrum þjóðlöndum“, og mundi það fara eftir því, hver væri við völd á hverjum tíma, hvernig það yrði túlkað. Af andstæðingum hæstv. félmrh. væri t. d. hægt að lita svo á, að hann stæði í hlýðnisaðstöðu við stjórn málafl. í nágrannalöndunum. Auk þess mætti taka þetta bókstaflega á þann hátt, að ræðismenn hér á þingi stæðu í hlýðnisaðstöðu við erlenda valdamenn, svo að ekki mætti þess vegna trúá þeim fyrir trúnaðarstörfum fyrir þjóðfélagið. Þetta er ákaflega teygjanlegt orðalag. Og auk þess, sem ég nú taldi, er í þáttill. til vara sagt: „eða vinna á annan hátt gegn fullveldi og hlutleysi ríkisins, svo sem með því að starfa í pólitískum félögum með einræðisskipulagi, sem er ósamrýmanlegt efni og anda stjórnarlaga í lýðfrjálsum löndum.“ Ég sé ekki betur en að hér sé gengið beint og bókstaflega á móti ákvæðum stjórnarskrárinnar, með því að ekki sé leyfilegt að hafa pólitískan félagsskap í löglegum tilgangi með hvaða skipulagi sem er, hvort sem menn vilja hafa það með einræðisfyrirkomulagi, eins og í Alþfl. og Alþýðusambandi Íslands, eða menn vilja hafa það eins og í þeim félagsskap, sem Brynleifur Tobíasson stendur að, þar sem einn segir fyrir og allir aðrir verða að hlýða. (Vöðskmrh.: Er ekki alveg sama fyrirkomulag í flokki hv. 3. þm. Reykv.?). Það getur hæstv. ráðh. talað um og gert fyrirspurn um, ef hann vill standa upp til þess.

Þessi gerræðistilraun hv. þm., sérstaklega þeirra hv. þm. S.-Þ. og hæstv. félmrh., hefir nú gengið svo langt, að allir hv. þm. í allshn. eru sammála um það, að ekki beri að samþ. þessa þáttill., því að það sé svo opinbert, hvað gera eigi með því að samþ. hana; og þess vegna er þeirra brtt. gerð með samkomulagi allra nm.

Þá er sú grg., sem flutt er hér fram af þeim hv. þm. S.-Þ. og hæstv. félmrh., sem ég ætla ekki að fara út í nema að tiltölulega litlu leyti. Þó vil ég aðeins benda á, að það virðist svo sem hv. þm. S.-Þ., sem sennilega hefir skrifað hana, sé ekki of vel að sér um gang lýðræðismálanna, eins og hann orðar þessa hluti. Annað en það, sem ég hefi rætt um, sem virðist vaka fyrir hv. flm. þessarar þáttill., er, að það sé ákveðinn varanlegur flokkur í landinu og að lýðræðisskipulagið byggist á því. Ég gæti trúað, að það vektir fyrir báðum þessum mönnum að löggilda þá flokka, sem fyrir eru, til þess að þeir geti verið nógu ákveðnir og varanlegir. Það þarf ekki mikið að vita til þess að sjá, að slíkt lýðræði, sem þróast hefir á undanförunum 100—200 árum, hefir ekki þróast á þann hátt, að flokkar hafi verið varanlegir á neinn hátt, heldur hafa þeir myndast hver upp úr öðrum. T. d. verkamannaflokkarnir, þeir, sem nú eru við lýði, hafa ekki verið til slíkir sem þeir eru nú í hverju landi, er verklyðsfl. voru þar

fyrst stofnaðir. Enda er það einn hluti lýðræðisins, að ekki sé aðeins hægt að skiptast milli tveggja ákveðinna flokka, heldur einnig að hægt sé að stofna nýja flokka eða breyta þeim. Það er ekkert sérstakt tákni fyrir lýðræðisskipulagið, að menn standi alltaf saman út á við. Ég veit ekki betur en að þar, sem lýðræðið er mest, deili menn ákaflega mikið um utanríkismálin, t. d. í Englandi, þar sem aðalágreiðingurinn milli flokka er kannske um utanríkismálin, þó að þeir geti á hættutímum staðið meira og minna saman um þau mál, sem varða tilveru þjóðarinnar. En það er undirstaðan undir þessu lýðræði, að utanríkismálin séu öllum opinber, svo að þjóðin geti fylgt með öllu, sem gerist á því sviði. En þessi þjóðstjórn hefir alltaf reynt að halda því sem allra leyndustu fyrir alþjóð, sem hún hefir samið við aðrar þjóðir. Og þó að þessir flokkar hafi með þeim samningi, sem gerður var á milli þeirra, þegar þessi sambræðslustjórn var sköpuð, lýst yfir, að þeir ætluðu að standa saman um sjálfstæðismálið, þá hefir ekkert heyrzt frá þeim um, hvernig þeir ætluðu að leysa það mál, svo að ekki er hægt að segja, að mikill lýðræðisbragur sé á því starfi með sjálfstæðismálið, þar sem enginn má vita, hvað er að gerast eða á að gera.

Hv. þm. S.-Þ. færir aðallega fram þrjár ástæður fyrir þessari till. sinni. Ein er viðvikjandi kommúnistum, önnur er viðvikjandi þeim félagsskap, sem hefir verið stofnaður á Akureyri og virðist ekki eiga miklu fylgi að fagna, sem Brynleifur Toblason hefir verið talinn leiðtogi fyrir, og það þriðja er rödd, sem á að hafa komið fram um, að íslenska þjóðin eigi að afhenda sjálfstæði sitt. Vegna samtals, sem hv. þm. S.-Þ. hefir átt við mig, og vegna ummæla, sem komið hafa í ýmsum blöðum sambræðslustj., vil ég minnst nokkru nánar á þessi atriði.

Það er svo, eins og ég hefi bent á, að allir þingflokkarnir munu sammála um, að sambandinu við Dani verði sagt upp 1943. Um það hefir verið gerð samþykkt af öllum þingflokkum og staðfest með síðari yfirlýsingum. Þrátt fyrir það hafa stjórnmalaflokkarnir, og það enda þótt einn þeirra kalli sig sjálfstæðisflokk, enga stefnu lagt fram um, hvað gera skuli. Maður heyrir, þegar um þetta er talað, að þeir hafa mismunandi skoðun. Sumir koma með það, að ekki skipti miklu máli, hvernig við förum með þessi mál, við tækjum utanríkismálin í okkar hendur, en hvort við skulum verða konungsríki, lýðveldi eða í sambandi við Dani, virðast vera mismunandi skoðanir um.

Ég lit svo á, að tímar eins og þeir, sem við lifum nú á, séu þannig, að miklir möguleikar séu fyrir Íslendinga að verða sjálfstæðir á hvern hátt sem þeir óska sér, og eins sé auðvitað allmikil hætta á, að þeir geti lent inn í valdahring þeirra stórvelda, sem kunna að vilja leggja undir sig landið. Þá væri ekkert eðlilegra en það, þegar að stj. standa menn í flestum þingflokkum, að ákveðin yfirlýsing kæmi frá stj. og þessum flokkum, hvernig starfa skuli og stefna í þessum málum. Þetta gerði Alþfl. á sínum tíma, þegar ég var í honum. Hann vildi hafa algerðan skilnað við Dani, og einstakir

þm. úr öllum flokkum hafa líka viljað það. Við vitum líka, að eftir samningnum við Dani er konungssambandið óuppsegjanlegt og verður ekki riftað nema með vilja hins aðilans, en það er ekki búizt við, að mikil fyrirstaða verði frá þeirra hálfu, ef Íslendingar vilja losna við Dani.

Það, sem ég tók fram í þessari gr., var það, að ef Íslendingar vildu vera sjálfstæð þjóð, yrðu þeir að koma svo högum sínum, að sjálfstæði þeirra væri tryggt. Þeir yrðu að ráða því, hvort þeir yrðu konungsríki eða lýðveldi, í beinu sambandi við önnur ríki eða ekki, og þá hver. Nú hefðum við konungssamband, á pappírnum óuppsegjanlegt, og því ættum við að segja upp nú þegar.

Þá ræddi ég um það í þessari grein, hvar við gætum aðallega átt verndar von, ef á okkur yrði ráðizt. Við vitum, að ríki leita í sambönd á hverjum tíma, t. d. Noregur og Svíþjóð; einnig hefir Holland verið í sambandi við England, Frakkland og Belgíu. Sambönd milli landa eru ákveðin eftir því, hvernig á hverjum tíma er bezt að haga sér. Ég hygg, að allir séu sammála um, að ef við höfum eitthvert samband við önnur lönd, þá hljóti það að verða á þann hátt, að við höldum okkar fullkomna sjálfstæði, og ég skýrði það, að við gætum ráðið, hversu lengi það stæði og hvernig það væri. Það, sem ég minntist á í þessari grein, var það, að eins og nú stæðu sakir gæti verið hættulegt fyrir okkur að hafa samband við Dani vegna þeirra þjóða, sem eru í nágrenni við þá, og er hætt við, að vilji ásælast þá eða taka af þeim lönd, og í öðru lagi vegna þeirra menningaráhrifa, sem nú er dreift yfir önnur lönd sunnan úr Mið-Evrópu, en ef við vildum halda okkar lýðræðisskipulagi, ekki merkilegra en það er, þá hlýtum við að verða að halla okkur til þeirra þjóða, sem öflugastar væru, og tók ég þar til Bandaríkin og England. Það gæti komið til mála að athuga, hvort við vildum ganga inn í ríkjasamband Stóra-Bretlands. En að tala um, að ég hafi rætt eða á nokkurn hátt haldið fram, að Íslendingar ættu að afhenda sjálfstæði sitt, er aðeins bull eða vísvitandi rógur og ósannindi. Hver maður, sem skyn ber á, hvernig þetta samband er milli samveldislanda Bretlands og Bretlands sjálfs, veit, að þessi ríki eru gersamlega jafnréttá og geta farið úr sambandinu, hvenær sem þau vilja, og þau eru það mjög breytilega og á ýmsan hátt, eftir því hvernig þau vilja hafa það. Það er því ekkert annað en hvernig við eigum að halda okkar sjálfstæði, til þess að eitthvað verði úr þessu annað en orðaleikur, eins og virðist vera hjá þessum flokkum, og þessi sjálfstæðismál meira en einhver hlutur, sem aðeins eigi að gera grein fyrir og ræða fyrir kosningar. Hér er um það að ræða, hvort við eigum að ganga úr sambandinu við Dani 1943, og þó ekki síður hitt, að hvaða pólitík við eigum að halla okkur á eftir til þess að halda okkar sjálfstæði og okkar menningu og lýðræði og öðru, sem við getum komið í okkar löggjöf. Utanríkispólitíkin er ekki, hvort við viljum losna við Dani eða ekki, heldur hvernig við eigum að búa þannig um,

að þjóðin geti lifað sem sjálfstæðust og komið sinni menningu sem bezt í það form, sem hún vill, ihlutunarlaust erlendis frá.

Ég tala svo nákvæmlega um þetta vegna þess, að það er merkilegt, hvernig þessir pólitísku flokkar hegða sér og hvernig blöðin hafa getið um grein mína, og er þar alveg samsekur Sósíalístafli og blað hans við hin blöðin, þar sem hann visvitandi reynir að blekkja sína lesendur og rangfæra orð min um þetta mál.

Ég þarf ekki margt að segja um brtt. hv. 1. landsk. við þáttill., að í stað orðanna „gerbreyta núverandi þjóðskipulagi með ofbeldi“ komi „viðhalda núverandi þjóðskipulagi með ofbeldi“. Mér virðist, að með þessari till. gangi hv. þm. inn á till. hv. þm. S.-Þ., en vilji aðeins beita henni gagnvart þeim, sem viðhaldi þjóðskipulaginu með ofbeldi, að þeir fái engar trúnaðarstöður. M. ö. o., hann gengur inn á hugsunarhátt hv. þm. S.-Þ., vill nota sömu aðferð og hann, en aðeins refsá öðrum.

Ég þarf svo ekki miklu að bæta við þessi orð, sem ég hefi látið hér falla. Það stendur í grg., að það eigi að safna öllum lýðræðisvinum í þinginu gegn öfgastefnum og til varnar frelsi þjóðarinnar. Ég vil aðeins geta þess, að þeir flokkar, sem standa að sambræðslustj. og hafa tekið upp slíka sameiningarpólitík viðvikjandi lýðræðinu, ættu þá að sýna það í framkvæmd á margvíslegri hátt, bæði á þingi og utan þings, svo að maður nefni ekki annað en kjördæmaskipunina sjálfa, hvernig hún er nú og það skipulag, sem heldur henni við.

**\*Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Ég held, að sé óþarfi nú við þessa umr. að ræða mikið till. hv. 3. þm. Reykv. um innlimun Íslands í brezka heimsveldið. Ég geri ráð fyrir, að hann standi einn allra alþm. um þá till. Þ. e. a. s., það kann vel að vera, að margir fleiri hv. alþm. hugsji líkt og hann, en hann tali einn þeirra hugsanir, en a. m. k. er það svo, að allir aðrir en hann hafa vit á að þegja.

Hvað snertir ummæli þessa hv. þm. um Þjóðviljann, að þar hafi ummæli hv. þm. verið rangfærð, þá er því til að svara, að Þjóðviljinn gerði ekki annað en að taka ummæli hans orðrétt upp eins og hver maður getur sannfært sig um með því að lesa Þjóðviljann og bera hann saman við grein hv. þm.

Annars stóð ég upp til þess að mæla nokkur orð fyrir brtt. þeirri, sem ég þarf fram við till. á þskj. 250, Þ. e. a. s. þá upprunalegu till., sem nú er verið að ræða, frá hv. þm. S.-Þ., hv. þm. Borgf. og hæstv. félmrh.

Þessi litla till. mín er á þá leið, að í stað orðanna „vilja gerbreyta þjóðskipulaginu með ofbeldi“ komi: vilja viðhalda þjóðskipulaginu með ofbeldi. — Ef brtt. mín yrði þamb., myndi till. í heild sinni hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameinað Alþingi ályktar að lýsa því yfir, að það telur ekki viðunandi, að þeir menn gegni trúnaðarstörfum fyrir þjóðfélagið, eða sé sýndur vottur um sérstakt traust og viðurkenningu, sem vitað er um, að vilja viðhalda þjóðskipulaginu með ofbeldi, koma Íslandi undir erlend

riki, standa í hlýðnisaðstöðu um íslensk landsmál við valdamenn í öðrum þjóðlöndum eða vinna á annan hátt gegn fullveldi og hlutleysi ríkisins, svo sem með því að starfa í pólitískum félögum með einræðisskipulagi, sem er ósamrýmanlegt efni og anda stjórnarlaga í lýðfrjálsum löndum.“

Þannig mundi till. hljóða, ef brtt. mín væri samþ. Nú vil ég fylgja þessari till. úr hlaði til þess að skýra, hvað ég meina með henni.

Þessu þjóðskipulagi, sem við eigum hér við að tala, er viðhaldið með ofbeldi, eins og öllu auðvaldsskipulagi alstaðar um heim. Með þessari þáttill. er farið fram á að afnema það lýðræði, sem á að heita, að sé til hér á landi, og koma á fasistisku stjórnarfyriřkomulagi á Íslandi. Þessi till. fer fram á að afnema skoðanafrelsi, afnema ritfrelsi, afnema félagafrelsi, afnema athafnafrelsi, afnema hugsanafrelsi, og þar með afnema stjórnarskrá Íslands. Mönnum eru með þessari till. settir tveir kostir. Það er sagt við þá: Annaðhvort fellur þú fram og tilbíður mig, Þ. e. a. s. stjórnarvöldin, Þ. e. a. s. þjóðstjórnina, Þ. e. a. s. þetta þjóðskipulag, eða þú verður ofsóttur eins og dýr merkurinnar, þú verður ofseltur, því að þú færð enga vinnu. Þetta er efni till. í stuttu máli. Allir, sem um till. hafa talað, eru sammála um, að þetta sé efni hennar, bæði fylgjendur hennar og andmælendur. Hv. þm. S.-Þ. sagði í ræðu sinni, til þess að réttlæta þetta: Auðvitað geta þessir menn grætt á atvinnurekstri. — Ójá, það er nú gott og blessað. Hvilik mildi! En ég vil spyrja: Hvernig eiga menn að geta sett upp atvinnurekstur, ef þeir eru félausir, ef þeir fá ekki lán í bönkum og ekki innflutnings- og gjaldeyrisleyfi? Hvernig eiga þeir að fara að því? Þeir eiga aðeins einn kost, en hann er sá, að svelta. Nú er ekki nóg, þó að þeir hafi fé til þess að setja í atvinnurekstur. Menn þurfa líka að hafa rétt hugarfar, og væri hægt að nefna þess mörg dæmi. Það var meira að segja svo, að Siglufjörður fékk ekki að setja upp nauðsynlegt atvinnufyrirtæki, síldarverksmiðju, vegna þess að hugarfar meiri hluta bæjarstj. var ekki í samræmi við það, sem valdhafarnir vildu vera láta. Ef maður vill koma upp báti eða setja upp iðnfyrirtæki, þarf hann að hafa rétt hugarfar. Hann þarf að vera framsóknarmaður eða „sannur Íslendingur“. En ef hann aftur á móti er sósíalísti, ef hann er föðurlandslaus, ef hann er eins og Pétur Þrihross orðar það: Írskur þræll, Dani eða Rússi. — Þá fær hann ekki innflutningsleyfi eða gjaldeyrisleyfi, þá skulu honum allar þjargir bannaðar. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að þetta væri ákaflega mild aðferð. Honum fannst það ákaflega mild aðferð að svelta menn fyrir skoðanir sínar. Þá eru þó, sagði hann, frændur okkar, Finnar, hinn mikli menningarlegi útvarður í austri, miklu röggsumari. Ójá, rétt er nú það! Finnar eru röggsumari. Finnsla yfirstéttin er röggsumari. Þar er ekki nóg að svelta menn fyrir skoðanir sínar. Finnsla yfirstéttin kom þannig fram gagnvart lýðræðinu, að hún sendi þýzkan her inn í landið gegn sinni eigin þjóð. Það er rétt, mild er aðferð hv. þm. S.-Þ. móti þessu. Finnsla yfirstéttin lét 1918 drepa þúsundir af andstæðingum.

Það er rétt, að mild er aðferð hv. þm. S.-Þ. á móti þessari aðferð. Ég get nefnt fjölda dæma um hugarfar finnsku yfirstéttarinnar, þessarar miklu fyrirmyndar, gagnvart lýðræðinu, gagnvart alþýðunni. Í einu blaði finnsku hvítliðanna frá þessum árum stendur: Hvers vegna á að þyrma konum og börnum? Hvers vegna á ekki að drepa unga vargynjunnar eins og vargynjuna sjálfa? Þetta stendur í blöðum finnskra hvítliða frá þessum árum. Þetta er sú mikla fyrirmynd. Þetta er það mikla menningarriki. Þetta er sá mikli útvörður menningarinnar, sem hv. þm. S.-Þ. talar um. Það er enginn vafi, að ef haldið verður áfram á þessari menningarbraut, verði haldið áfram að taka þennan mikla útvörð menningarinnar í austri sem fyrirmynd, þá verður næsta stigið eitthvað á þessa leið. Ég get nefnt dæmi um, að þessu hugarfari er farið að skjóta upp í þessu þjóðfélagi. Ég þarf þar ekki annað en að vitna í Alþýðublaðið. Þar birtist fyrir nokkrum dögum síðan forustugrein, þar sem sagt var frá atburði, sem gerðist í Luleå í Svíþjóð. Þar voru fimm menn brenndir inni; það voru kommúnistar og konur þeirra og börn. Alþýðublaðið skrifar forustugrein um þetta mál og segir, að kommúnistar hafi yfir engu að kvarta. M. ö. o., það réttlætir morð þessara fimm manna með því, að þeir séu kommúnistar. Það rökstyður þetta með því, að Þjóðviljinn hafi réttlætt morð á konum og börnum í Finnlandi. Allir, sem lesa Þjóðviljann, geta sannfært sig um, að þetta er hin hróplegasta lygi. Þjóðviljinn hefir aldrei mælt með morðum á konum og börnum. Hann hefir ekkert gert annað en leiðrétta það allra sviðilegasta af brezka lygaundirröðrinum, sem dreift hefir verið út yfir þetta land. En hugarfar Alþýðublaðsins kemur skýrt fram í þessari grein. Það lítur svo á, að fyrst þetta hafi verið kommúnistar, hafi þeir verið réttdræpir. Það megi ofsækja þá eins og dýr merkurinnar, og séu þeir drepnir, þá hafi þeir yfir engu að kvarta. (Forseti (hringir): Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við efni till.). Þetta er sannleikur. Ég hefi ekkert gert nema skýra frá bláköldum sannleikanum. Það er hreint og beint verið að æsa upp til hryðjuverka með svona skrifum. Sé þjóðskipulaginu viðhaldið með ofbeldi, hv. alþm., þá er ég viss um, að það er aðeins hægt að breyta því með ofbeldi. Það er augljóst, og um það þarf ekki að ræða, að þjóðfélagið kveður upp dauðadóm yfir öllu lýðræði með samþykkt slíkrar till., eins og hv. þm. N.-Ísf. tók svo greinilega fram í ræðu sinni.

Annars skil ég ekkert í, að þeir hv. þm., sem bera till. fram, skuli flytja þannig till. gegn sér sjálfum. Allt það, sem í þessari till. stendur, að einni línu undanskilinni, er nákvæm lýsing á þjóðstjórnarflokkunum eins og hv. 5. þm. Reykv. hefir svo rækilega sýnt fram á í ræðu sinni, því að það er í raun og veru svo, að ef þessi till. væri samþ., þá mætti Alþfl. ekki gegna einu einasta trúnaðarstarfi fyrir ríkið eða það opinbera. Ég skal rökstyðja þetta nokkru nánar. Í rauninni er það nægilegt að benda á, að ef nokkur flokkur er uppvis að því að standa í hlýðnisafstöðu við erlend stjórnar-

völd, þá er það Alþfl. Og hér er í rauninni kveðið enn frekar að. Flokkurinn má ekki vera uppvis að því að vinna á annan hátt gegn fullveldi eða hlutleysi ríkisins. Alþfl. hefir einn allra flokka orðið uppvis að því, að hafa fengið fé frá erlendum valdhöfum, sænskum valdhöfum, og það er líka hægt að sanna, að hann hefir einnig tekið fé frá öðrum valdhöfum, þó að ég fari ekki út í það nú.

Í blaði flokksins í fyrradag var skýrt frá því, að flokknum hefði verið boðið að senda fulltrúa á ráðstefnu til þess að ræða um hernaðarsamband Norðurlanda. Það var harmað, að ekki skyldi hafa verið hægt að þiggja boðið. Það var harmað í blaðinu, að þeir skyldu ekki hafa getað sent fulltrúa á ráðstefnu til þess að ræða um hernaðarbandalag, sem Ísland hefði þá átt að taka þátt í, geri ég ráð fyrir. Þarna er m. ö. o. verið að ræða um að afsala f. h. Íslendinga hinu eilífa hlutleysi, sem Ísland hefir lýst yfir. Mér er því verið að vinna gegn fullveldi og hlutleysi ríkisins. En má ég spyrja: Hvað mundi hafa verið sagt, ef Sósíalistafl. hefði gefið svona yfirlýsingu, að hann óskaði eftir að senda fulltrúa til Rússlands til þess að ræða um hernaðarbandalag við Rússa? Ætli þá hefði ekki verið litið svo á, að þeir hefðu gert sig seka um og orðið uppvisar að svikum við fullveldi og hlutleysi ríkisins? En afstaða Sósíalistafl. er sú, að hann er í engu alþjóðasambandi og engum háður nema íslenzkri alþýðu. Það er hægt að bera lygi á hann, en þetta er bláköld staðreynd. Í Sósíalistafl. ríkir fullkomið innanflokkslegt lýðræði; það getur hver maður sannfært sig um með því að kynna sér l. hans og stefnuskrá.

Þá kem ég að afstöðunni til ofbeldisflokka. Hv. flm. þessarar þáttill. hafa berlega lýst sig fylgjandi ofbeldinu með því að flytja þessa till. Hver sé stefna Sósíalistafl., er bezt skýrt með því að lesa upp úr stefnuskrá flokksins, með leyfi hæstv. forseta: „Flokkurinn starfar á lýðræðisgrundvelli innan vébanda sinna og utan, og telur rétt þjóðarmeirihlutans skýlausan til að ráða málum þjóðarinnar, en álitur lýðræðinu í sinni núverandi mynd mjög ábótavant, enda fullkomið lýðræði aðeins hugsanlegt á grundvelli sósíalismans. Flokkurinn berst þó fyrir því, að bæta lýðræðið og fullkomna það, og vill koma í veg fyrir, að því sé misbeitt gegn hinum vinnandi stéttum. Jafnframt telur flokkurinn eitt af höfuðverkefnum sínum að verja lýðræðið gegn öllum árasum ofbeldis-, einræðis- og afturhaldsflokkanna og vill hafa um það samvinnu við alla þá, sem vilja vernda það, hvaða flokkum og stéttum sem þeir tilheyra“.

Ennfremur segir svo: „Sameiningarflokkur Alþýðu — sósíalistaflokkurinn vill heyja baráttu sína með stéttarsamtökum sínum, verkalýðs-, samvinnu-, fræðslu- og stjórnálagasamtökum, og varast ofbeldi. Vill flokkurinn ekkert frekar en að alþýðan geti náð völdunum í þjóðfélaginu á lýðræðislegan og friðsamlegan hátt. En búast má við því, að auðmannastéttin láti ekki af fúsum vilja af hendi forrétindi sín og yfirráð. Þegar það nálgast, að alþýðan

## Lýðræði og öryggi ríkisins.

taki völdin að fullu, má gera ráð fyrir harðvitugri stjórnmalabaráttu, tilraunum til að setja þvingunarlög í því skyni að hefta sókn alþýðunnar og hin ýmsu samtök hennar, árásum á stéttasamtökin og illkynjaðri vinnulög-gjöf, atvinnukúgun og rögi um alþýðusamtökin, varalögreglu í vinnudeilum, jafnvel beinum lagabrotum til að sundra alþýðunni og lama hana í baráttunni, en efla og vernda valdaaðstöðu auðvaldsins. Hættan á slíkum fasisma og gerræði auðvaldsins hér á landi hefir aukizt við það, að erindrekar þess, sem sölsað hafa undir sig völd í stjórnmalaflokkum þess, eru teknir að beita jöfnum höndum lýðskrumi og ofbeldishótunum og kúgun, að dæmi einræðis-flokka úti í heimi, enda standa í vinsamlegu sambandi við þá og lofa fordæmi þeirra. Flokkurinn berst gegn öllu slíku gerræði og ofbeldi og beitir til þess jöfnum höndum aukinni fræðslu- og útbreiðslustarfsemi gegn fasism-anum, en til verndar lýðræðinu og til þess að vinna sósíalismannum fylgi með tillögum um ráðstafanir gegn atvinnuleysinu og öðrum erf-ðileikum auðvaldskreppunnar, stöðugri hvatningu til sameiningar alþýðunnar gegn ofbeldi og einræði auðvaldsins og skipulagðri baráttu sam-takanna með öllu því harðfyllgi, sem þau eiga yfir að ráða.“

Þetta er afstaða Sósíalistafl. til lýðræðisins. Hann hefir heldur aldrei gert tilraun til þess að beita ofbeldi. Hinsvegar gæti ég talað í allan dag, og nægði varla til, ef ég ætti að lýsa öllu því ofbeldi, sem stjórnarflokkarnir hafa haft í frammi. Niðurstaðan er því sú, að ef brtt. mín yrði samþ., þá væri komið fullt samræmi í þessa umræddu þáttill. hv. þm. S.-Þ. Þá væri því og ótvírætt slegið föstu hér á Alþingi, að t. d. enginn alþýðuflokkur maður mætti gegna trúnaðarstörfum í Þjóðfélaginu.

Hv. 3. þm. Reykv. hefði vel getað sparað sér ræðu sína. Mér datt ekki í hug að greiða till. hans atkv., þó að till. mín væri samþ. Till. mína flutti ég aðeins til þess að samræma till. á þskj. 250, svo að um hana væri hægt að greiða atkv., því að enda þótt till. þessi sé of-beldistillaga, þá á hún rétt á sér, til þess að stjórnarflokkarnir fái að njóta aðstöðu þeirrar, er þeir hafa samkv. stjórnarskránni sem meiri hluti Alþingis. Það er og heldur ekki nema gott, að till. þessi kom fram, því að það er alltaf gott, að menn fletti af sér grimunni.

Hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni, að Þjóð-skipulaginu, eins og það væri nú, bæri að halda við. Að sjálfsögðu þá með ofbeldi, ef það væri ekki hægt á annan hátt. Hér sannast það, sem við sósíalistar höfum haldið fram um þennan mann, en jafnan hefir verið neitað af Alþfl., að hann væri beinlínis hatramur andstæðingur sósíalista, í stað þess að vera sósíalisti sjálfur. Maður, sem vill beita ofbeldi til þess að halda við ofbeldisþjóðskipulagi. Till. sú, sem hér liggur yfir til umr., er líka beinn ávöxtur af inn-ræti hans, og í framhaldi af stefnu hans og framkomu. Öll störf hans frá því að hann varð ráðh. eru og lifandi sönnun þess, sem ég hefi nú sagt. Eins og kunnugt er, þá er t. d. búið að gera ríkisútvarpið að áróðurstæki, ekki að-

eins fyrir flokk hæstv. ráðh. og Þjóðstjórnarinnar hér innanlands, heldur er og búið að gera það að áróðurstæki fyrir eitt hernaðarstór-veldi gegn öðru hernaðarveldi. Hugsanafrelsi hafa menn og ekki lengur, hvað þá meir, allt verður að lúta járnvilja ofbeldisstjórnarinnar. Það er til dæmis daglegur viðburður, að til mín komi menn, sem hafa þá sögu að segja, að þeim hafi verið settir þeir kostir, annað tveggja að breyta um pólitíska skoðun og segja sig úr Sósíalistaflokknum, eða verða sviptir atvinnu sinni að öðrum kosti. Þetta gengur svo langt, að jafnvel þvottakonunum, sem hreinsa skitinn í stjórnarbyggingunum, eru sett þau skilyrði, að þær verði að hugsa eins og stjórnarklikan vill vera láta. Í Hafnarfirði fær og enginn atvinnu hjá þænum nema hann hugsi eins og valdhafarnir þar. Þá er og mönnum meinað að stunda nám við opinbera skóla, ef þeir vilja ekki æpa með lygakórnum, þeir eru beinlínis reknir úr skóla. Til þess svo að slá múr um þessa kúgun er lögreglan aukin og ótakmarkað fé veitt til þess að búa hana vopnum. Núna þessa dagana er hún t. d. að gera æfingar í því, að ráðast á bæi, og til hennar er svo að segja ótakmarkaður vopnaflutningur. Það er svo sem fagnaðarefni, að þetta skuli allt vera viðurkennt og staðfest í till. Við ykkur, hv. þm., vil ég aðeins segja þetta, að ef þið viljið, að þessi stefna haldi áfram, þá skuluð þið samþ. till., en ef þið hinsvegar óskið ekki eftir, að þessi ofbeldisstefna haldi áfram, þá skuluð þið fella till. En umfram allt, verið ekki með neitt hálfkák, að fella till., en láta stjórnarvöldunum á eftir haldast uppi, eftir sem áður, að framfylgja ofsóknum sínum. Ef þið fellið till., þá verið sjálfum ykkur samkvæmir og knýið stjórnina til þess að hætta ofsóknum sínum á hendur saklausum borgurum, sem ekkert hafa annað til saka unnið en að hafa aðra skoðun á landsmálum en stjórnarklikan. Hvað sem þið samþykkið, hvort sem það verður þessi till. eða annað, sem beint er gegn Sósíalistafl., þá látið ykkur ekki detta í hug, að þið getið bugað hann. Starf hans heldur áfram. Það skeður ekkert annað en að hann vinnur ef til vill með meiri leynd, eftir því sem ofsóknirnar harðna. Allt í kringum ykkur verða þögulir menn, sem hata ykkur og vinna í kyrrþei að því að losa Þjóðfélagið við ykkur.

Það hafa komið fram margar játningar í sambandi við þessa tillögu, sem sanna ljóslega tilgang hennar. Hv. þm. S.-Þ. sagði t. d., að kona ein í Þjónustu ríkisins héldi því fram, að Finnar hefðu ráðizt á Rússa, en það væri í mótsetningu við staðreyndirnar. Þetta sýnir, að þessi hv. þm. hefir snúðrara sína og sporhunda alstaðar. Hvað átt er við með því, þegar sagt er, að ein Þjóð ráðist á aðra, held ég, að ekki sé vettvangur til þess að fara að ræða hér. Um það, hver hleypi af fyrsta skotinu, má vist oft deila. Í þessu tilfelli, sem hér er um að ræða, telur hv. þm. S.-Þ. fullsannað, hver hafi hleypst af fyrsta skotinu, en ég vil bara spyrja: Hvað kemur slíkt þessu máli við, og yfirleitt hvað satt er eða ósatt í því? Það, sem þessi hv. þm. vill draga út úr þessu, er það, að til er



kona í þjónustu ríkisins, sem heldur öðru fram en hann sjálfur í þessu máli. Hún er gáfuð hæfileikakona, en fyrst hún heldur því fram, að Finnar hafi hleypt fyrsta skotinu af á Rússa í vetur, þá stoða gáfur hennar ekkert. Hún skal útlæg gerð úr þjóðfélaginu.

Fyrir nokkru réðst hæstv. forsrh. á mig og sló mig í andlitið. Þessu sneri Tíminn við og sagði, að ég hefði ráðizt á ráðh., en hann ekki á mig. Sé nú einhver til, sem ekki trúir þessu og heldur kannske, að forsrh. hafi ráðizt á mig, — hvað stoða hann þá gáfur eða hæfileikar? Hann skal útlægur ger úr þjóðfélaginu eins og konan, sem vildi halda því fram, að Finnar hefðu skotið fyrsta skotinu í finnsk-rússneskastríðinu í vetur. Svona mætti lengi telja. Trúi menn ekki skilyrðislaust því, sem stjórnarklíkan telur sannleika, þá er atvinna og frelsi manna í voða.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég vika nokkrum orðum að brtt. á þskj. 353, frá hv. þm. N.-Ísf., sem er ólíkt skynsamlegri en till. hv. þm. S.-Þ. og þeirra félaga. Þó get ég ekki fallizt á till. þessa, því að enginn veit, hvað átt er við, þegar talað er um ofbeldisflokka í þessari till.; það er að vísu viðurkennt, að þörf sé á að gera ráðstafanir til þess að vernda lýðræðið, en þegar framkvæmdir er falin þeim, sem lýst hafa sig fylgjandi ofbeldi og lýðræðinu stafar því hættu af, þá eru slíkar yfirlýsingar vitanlega einskisvirði og ná engri átt.

Það eru að sjálfsögðu starfandi hér njósnarar fyrir erlendrar þjóðir; slíkt er algengt á stríðstímum. En ég vil spyrja: Eru ákvæði hegningarlaganna ekki nægjanleg, svo hægt sé að reisa mönnum fyrir landráð og njósnir? En það eitt er víst, að þó að njósnarar séu einhverjir hér á landi, þá eru þeir ekki úr Sósíalístafl., af þeirri einföldu ástæðu m. a., að slíkt væri hin heimskulegasta aðferð, að velja menn úr þeim flokki til þess að hafa njósnir á hendi, því að þeir hafa minnst skilyrði allra borgara landsins til þess að afla vitneskju um þá hluti, sem hernaðarþjóðirnar vilja fá vitneskju um og þeim mega að gagni koma.

**Bergur Jónsson:** Dagblaðið „Visir“ hefir birt kafla úr ræðu hv. þm. N.-Ísf., er hann flutti um leið og hann lagði fram brtt. okkar á þskj. 307. Lætur blaðið jafnframt svo um mælt, að hann hafi gert grein fyrir till. af hálfu flutningsmanna. En það lætur þess ekki getið, að hv. þm. lýsti því yfir skýrt og greinilega, að grg. hans fyrir till. væri eingöngu á hans ábyrgð, en ekki okkar meðflm. hans. Ég fyrir mitt leyti taldi sjálfsagða þessa yfirlýsingu hv. þm., því að hann talaði yfirleitt á allt annan veg um málið heldur en ég hafði búizt við, og raunar allt öðruvísi en hann hafði leyfi til, ef hann ætlaði að skýra mína afstöðu til málsins. Árásir hans á hv. þm. S.-Þ., form. Framsfl. áttu einkar illa við í grg. fyrir brtt., er flutt var með þm. úr Framsfl. Þær hefðu verið eðlilegri í svarræðu við 3. umr. fjárl. á milli jóla og nýárs í vetur, eða t. d. í blaðagrein sem svar við greinaflokki hv. þm. S.-Þ. „Sjö skáld leiðbeina Alþingi“. Þá hefði hv. þm. ekki þurft að

slá varnagla um það, hver bæri ábyrgð á ummælum hans. Mín skoðun er sú, að markmið þáttill. og brtt. okkar sé í raun og veru hið sama: Nauðsynin á að verja stjórnskipulag okkar, lýðræðis- og þingræðisskipulagið, baráttu gegn ofbeldis- og byltingastefnum, undirlægjuhætti fyrir erlendum yfirdrottunarstefnum og svikum við frelsisvilja íslenzku þjóðarinnar. Ágreiningurinn er því ekki um markmið og tilgang, heldur um leiðir að sama marki.

Ég er sammála flm. þáttill. um það, að Alþingi sem löggjafarsamkoma þjóðarinnar eigi að hafa vakandi auga á því, að háskalegar ofbeldis- og einræðisstefnur, svo sem kommúnismi, nazismi og fasismi, fái ekki að þróast með þjóðinni. Það stjórnarfar, sem slíkar stefnur hafa skapað, þar sem þær hafa orðið þingræði og lýðræði yfirsterkari, er svo ægilegt fyrir menningu, mannúð og andlegt frelsi, að það gengur firnum næst, að nokkur óbrjáláður þjóðfélagsþegn lýðfrjálsrar, óvopnaðrar og hlutlausrar smáþjóðar, eins og íslenzku þjóðarinnar, skuli aðhyllast slíkar háskastefnur. Þetta ætti okkur öllum að vera deginum ljósara af þeim fregnum, sem okkur hafa borizt daglega síðustu árin af hörmungum og þjáningum, andlegum og líkamlegum, sem einræðisherrar og flokkar steypa yfir heilar þjóðir. Ég vil engan mun gera þessara óheillastefna, hverju nafni sem þær nefnast. Spurningin fyrir mér er eingöngu sú, á hvern hátt við getum bezt varið þjóðfrelsi okkar og lýðræði, inn á við sem út á við. Engri stofnun þjóðarinnar ber meiri skylda til að leggja þar hönd á plóginn en Alþingi. Og vopn Alþingis í þeirri baráttu er auðvitað fyrst og fremst réttlát og viturleg lagasmíð, sem markar starfsvið framkvæmdarvaldsins og dómsvaldsins. „Með lögum skal land byggja, en ólögum eyða“, sögðu forfedur okkar, — og hverjum ber frekar að fylgja því boðorði en Alþingi? Vantrú mína á gagnsemi þáttill. leiðir fyrst og fremst af því, að með henni eru gefnar yfirlýsingar um mjög alvarlegar og viðkvæmar ráðstafanir, án þess að séð sé fyrir því, að þeim sé réttlátlega beitt eða komi að gagni. Slík aðferð löggjafarvaldsins við fyrirskipanir er ekki í samræmi við þingræði og lýðræði. Ef svipta á mann rétti til þess að gegna trúnaðarstarfi eða njóta trausts eða viðurkenningar þjóðfélagsins, verður að krefjast tvöfaldrar sönnunar á afbroti mannsins, en ekki láta sér nægja, að einhver ráðamaður í landinu telji sér eða segi sér vitanlegt, að maðurinn sé brotlegur. Ég skil ekki annað en að öllum hv. þm. hljóti að vera ljóst, að Alþingi getur ekki verið þekkt fyrir að búa til svo eftirlitslausa refsivendi fyrir þjóðina. Til samræmis við það lýðfrelsi, sem meginþorri þjóðarinnar óskar eftir, verður Alþingi a. m. k. að krefjast einherrar lágmarksvissu fyrir réttmæti útlökunar frá trúnaðarstörfum og trausti og viðurkenningu í þjóðfélaginu. Annars er Alþingi sjálft komið inn á einræðisbrautina, sem allur þorri aþm. er þó sammála um, að ekki megi eiga sér stað.

Auk þess sem það eitt nægir samkv. þáttill., að „vitanlegt“ sé um staðreyndirnar, er aðeins gerð sú krafa, að hlutaðeigandi maður „vilji

gerbreyta Þjóðskipulaginu með ofbeldi“ o. s. frv. M. ö. o., það á að refsa mönnum fyrir það eitt, að hafa skaðlegan vilja eða hugarfar! Hvernig verður hjá því komizt, að svona fyrirskipanir verði „vindhögg“ eða „klámhögg“, þótt hátt sé reitt?

Eitt mikilvægasta verðmæti, sem þegar lýðræðisríkja njóta, gagnstætt þegnum einræðisríkja, er það, að engum manni má refsa „án dóms og laga“. Að hverfa frá þeirri meginreglu í lýðræðislandi, er stórkostlegt skref í einræðisátt — „fasistískt vixlspor“. Þess vegna finnst mér það gegna furðu, að hæstv. félmrh., sem er reyndur lögfræðingur, og hv. aðalflm. þáttill., sem er fyrrv. dómsmrh. og hefir unnið með skörungsskap að endurbótum á réttarfari landsins, skuli bera fram till., sem brýtur berlega í bág við þessa lýðræðismeginreglu. Í refsirétti lýðræðislanda er „in dubio pro reo“, vafi til hags sakborningi, ófrávikjanleg meginregla. Að brjóta þá reglu er brot á einni af meginreglum lýðræðisins. Mér er fyrir barnsminni, að faðir minn, góður dómari í æðsta innlenda dómstólnum, sagði mér, að betra væri að sleppa sekum en dæma saklausan. Sú hugsun hefir ávallt verið í mínum huga aðalsmerki mannúðlegs dómara. Góðan dómara tekur ávallt sárt að þurfa að dæma menn í þungar refsingar, sem baka þjáningar, en skyldan og réttlætistilfinningin krefst þess, ef vist er um sök. Hvilik reynsla er þá ekki að dæma saklausan mann? [frh.]

Árni Jónsson: Ég ætla að fá að skjóta inn ofurlitilli afsökun út af ummælum hv. þm. Barð. Ég hefi átt nokkurn þátt í því, að ræða hv. þm. N.-Ísf. var birt í Vísi á dögnum, en það var ekki tekið nægilega skýrt fram, að ræðan var algerlega á hans ábyrgð að öllu leyti. Ég bið hv. þm. Barð. afsökunar og lýsi yfir því, að ég mun hlutast til um, að þessa verði getið í blaðinu.

Bergur Jónsson [frh.]: Mér þykir vænt um að heyra þetta. — Um afstöðu mína til þessa máls frá upphafi vil ég taka fram: Þegar mér varð kunnugt um, að þáttill. var ráðgerð, réð ég frá því að bera hana fram, því að ég þekkti ofurkapp flutningsmanna. Þegar því ráði var eigi sinnt, gerðist ég meðflm. að brtt., sem ég taldi í fullu samræmi við anda þingræðis og lýðræðis. En með því að ég viðurkenndi tilgang þáttill. réttan, óskaði ég eftir að nefnd athugaði málið gaumgæfilega og gerði tilraun til að sameina leiðirnar að hinu sameiginlega takmarki, þannig að allir þingræðis- og lýðræðisvinir mættu vel við una. Er mér ánægja að lýsa yfir því, að hv. allshn. hefir tekizt að leysa þetta vandamál vel. Með till. hennar tel ég, að sameinaðar hafi verið á hagkvæman hátt þær tvær leiðir til þess að tryggja lýðræðisskipulagið, sem bent hefir verið á, — í fyrsta lagi gerir Alþingi það, sem í þess valdi stendur, til þess að heitt verði þeim vörnum, sem núverandi löggjöf og ef til vill bráðabirgðalöggjöf heimilar, og í öðru lagi er fyrirskipað að skapa fullkominn löggjafargrundvöll í sama skyni. Mega allir

þingræðis- og lýðræðisvinir vel við það una. Tel ég, að með till. hennar séu sameinaðar vel hinar tvær leiðir, að tryggja lýðræðisskipulagið og undirbúa vandaða löggjöf í sama skyni.

Hæstv. félmrh. hefir getið þess, að hann teldi þáttill. nokkurskonar framhald af yfirlýsingu þeirri, er meiri hl. þm. gaf 4. des. 1939 um, að þeir teldu óviðeigandi að hafa á þingi nokkra þm., sem vitanlegt væri um, að vildu gerbreyta Þjóðskipulaginu með ofbeldi. Ég skal geta þess, að ég stend á þessum grundvelli, en ég var einn þeirra, sem undir þessa yfirlýsingu skrifuðu. Ég taldi hana réttmæta þá og studdi það við þá afstöðu, sem hv. þm. Sósíalistafl. höfðu sýnt eftir að finnsk-rússneska styrjöldin höfst. Þessi afstaða þeirra kom þó bezt í ljós í sumar, er einræðisstefnur Þýzkalands og Rússlands féllu saman og hinir gömlu fjandmenn nazismans lýstu yfir ánægju sinni af því tilefni. Auk þess sýndi þetta sig á þingfund, er tveir af þm. þessa flokks gáfu yfirlýsingu og formaður Sósíalistafl. lýsti yfir því, að Kuusinen-leppstj. væri hin eina lögmæta stj. Finnlands, en hin böðlar, og þar sem hv. 4. landsk. hótaði Alþingi með rússnesku hervaldi, ef slíkar samþykktir væru gerðar. En það var reginmunur á þessari yfirlýsingu 4. des. og þáttill. þeirri, er hér er um að ræða. Yfirlýsingin 4. des. var um það, hvernig meiri hl. þm. vildi haga sér gagnvart þessum ákveðnu þm. Alþingi var þarna að skapa sér starfsreglur og hefir síðan haldið þeim með því að láta allar till. þessara hv. þm. sem vind um eyrun þjóta. Áður en þetta kom fyrir, átti ég tal við þessa hv. þm. hér í hv. d. og lýsti þá yfir því, að ég gæti ekki talið þá íslenska stjórnmalamenn, þar sem þeir legðu blessun sína yfir allt, sem einræðisherrar í erlendu ríki gerðu. En það verður líka að gjalda varhuga við mönnum, sem tilheyra öðrum einræðisstefnum, þó að þeir séu ekki bersyndugir, heldur vinni í skotgröfum að því að grafa undan lýðræðisskipulaginu.

Ég vona því, að brtt. hv. allshn. verði samþ. með atkv. allra lýðræðissinnaðra þm., en þó ætla ég til smekkbætis að bera fram skrifl. brtt. við brtt. í nál. á þskj. 353, þess efnis, að í stað orðsins „landshættulegri“ komi „þjóðhættulegri“, því að till. ræðir um að sporna við hættum, er stefna að þjóðinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 389) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

\*Ísleifur Högnason: Hv. 1. landsk. hefir nýlega gert grein fyrir málstað okkar þm. Sósíalistafl. gagnvart þessu máli, og hefi ég litlu við það að bæta. Þó vil ég ekki láta hjá liða að mótmæla síðustu orðum hv. þm. Barð. Hv. þm. vitnaði í fundinn 4. des., þar sem samþ. var að reka þm. Sósíalistafl. úr Þingmannasambandi Norðurlanda. Þetta var lokaður fundur, þar sem engir þingskrifarar voru og engir áheyrendur. Hv. þm. sagði, að ég hefði þar komið með hótanir um að koma því til leiðar, að hingað kæmi rússneskur her, sem réðist á landið. Þetta lýsi ég ísvitandi ósannindi, sem borin

eru fram aðeins af því, að á þessum fundi var ekkert ritað af því, sem gerðist, og engir áheyr-  
endur nema hv. þm. sjálfir, sem ég býst reynd-  
ar við, eftir sannleiksást þeirra að dæma al-  
mennt, að muni staðfesta þennan framburð hv.  
þm. Barð. Ég gerði aðeins gys að þessum ásök-  
unum á hendur okkur um landráð og æsingun-  
um gegn Rússlandi og varpaði fram þeirri  
spurningu, hvort skoða bæri þessi læti sem  
stríðsýfirlýsingu á hendur Sovét-Rússlandi. Ég  
sagðist ekki hafa verið kallaður til vopna og  
kvaðst ekki vita, hvort ég ætti að vera í her-  
deild Ólafs Thors eða Hermanns, og kvaðst ekki  
telja mína afstöðu til Rússa landráð fyrr en ég  
hefði verið kallaður til vopna.

Hv. þm. Barð. sagði, að hæstv. félmrh. hefði  
lýst yfir því, að þessi nýja herferð, sem hér  
er hafin, væri framhald af herferð þeirri, sem  
hafin var 4. des., en eins og hv. 1. landsk. þm.  
hefir lýst, voru ekki viðhafðar neinar lýðræðis-  
legar aðferðir í því máli. Þá var aðeins lesin  
upp yfirlýsing frá öllum þjóðstjórnarflokku-  
num, en engar umr. fengust um málið. En mér  
skildist, að við værum bornir þeim sökum að  
hafa tekið afstöðu í styrjöld Finna og Rússa.  
Með því að ég var ekki vel heima í þessum mál-  
um, ætlaði ég að reyna að gera mér grein fyrir  
því, hvernig málstaður Mannerheims er og ann-  
ara hvíliða í Finnlandi. Ég fletti upp í alfræði-  
bók, sem hér er í þinginu, Encyclopædia Brit-  
annica. Þetta er talið ágætt heimildarrit, og hv.  
þm. til uppbyggingar skal ég geta þess, að þar  
má lesa á 254. bls. í 9. bindi, um Finnland, að  
uppreisn rauða hersins finnska hafi leitt til  
hvíttra ofsókna gegn finnsku þjóðinni, þar sem  
15000 körlum, konum og börnum hafi verið  
slátrað, og í júní 1918 hafi 73915 rauðir up-  
preisnarmenn, þar af 4600 konur, verið teknir  
til fanga og settir í fangabúðir, og þetta undir  
stj. Mannerheims, þessarar þjóðhetju, sem hann  
er kallaður. Nú má nærri geta, þar sem ekki  
eru liðin nema 22 ár síðan þetta varð og hann  
hefir enn tekið að sér vörn og sókn fyrir borg-  
arastéttina finnsku, að ekki muni öll finnska  
þjóðin geta verið sameinuð undir forystu þessa  
manns. Og vegna þess, að við höfum ekki tekið  
afstöðu með þessum frægasta böðli finnsku al-  
þjóðunnar, á að setja okkur utangarðs í þjóð-  
félaginu. Annars er þetta auðvitað ekki annað  
en yfirsíksástæða. Þjóðstj. var áður búin að  
vinna svo mörg svívirðileg verk, að hún þurfti  
að beina frá sér athyglinni á gengislækkun-  
inni, gifurlægri hækkun tolla og skatta, skatt-  
frelsi togarafélaganna o. s. frv., og þetta var  
talin heppileg leið til þess. Síðan hafa daglega  
borizt hingað nýjar og nýjar fréttir, þar sem  
saman var hrugað óhróðri um Sovétríkin, en  
Mannerheim og hans lið dáð fyrir hreysti, hug-  
þrýði og aðrar dyggðir. Á þessu byggir svo hv.  
þm. Barð. dóm sinn um Sovétríkin. Hann  
blandar saman sósíalisma og fasisma og hefir  
ekki við annað að styðjast en þessar lygafregn-  
ir, sem oft á hverjum sólarhring hafa verið  
sendar þjóðstjórnarblöðunum hérna.

Svo að ég viki nokkurn orðum að till. þeirra  
hv. þm. S.-Þ., hv. þm. Borgf. og hæstv. fél-  
mrh. á þskj. 250, þá viðurkenndi hv. þm. Barð.,

að hún væri gagnsýrð af fasisma, gagnstætt  
till. hv. allshn. Það er rétt, að þessar till. eru  
mjög ólíkar. Það er auðvitað ekkert á móti því,  
að fólk sé varað við ofbeldisflokkum, og það er  
líka rétt, að tryggja verður lýðræðið sem bezt,  
og þar sem till. hv. allshn. fer fram á, að hæstv.  
ríkisstj. sé falið að láta fara fram athugun á  
því, á hvern hátt hið íslenska lýðræði fái bezt  
fest sig í sessi og varizt með lýðræðisaðferð-  
um, sé ég ekki, að annað lægi nær, eins og nú  
er ástatt, en að tryggja það, að minnihluta-  
flokkar séu ekki ofbeldi beittir, tryggja það  
t. d., að Sósíalistafl. megi fá húsrúm fyrir fundi  
sína, sem honum er nú meinað, afnema það,  
að þjóðstjórnarflokkarnir geti haft með sér  
nokkurskonar þjófafélag um auglýsingar handa  
blöðum sínum, koma í veg fyrir það, að þm.  
verði fyrir kjaftshöggum af ráðh. í sölum Al-  
þingis o. s. frv. Ýmsum slíkum breytingum  
myndum við fagna.

Annars mun ég greiða atkv. gegn báðum  
þessum till., aðaltill. og brtt. n., því að ég tel  
núv. ríkisstj. ekki færa um að bæta úr því mis-  
rétti, sem hér er um að ræða, og að samþ. að  
fela ríkisstj. þessi mál, væri að votta henni  
traust í stað vantrausts, sem hún á skilið.

\*Einar Olgeirsson: Hv. þm. muna sjálfsagt  
eftir meðferð þeirri, sem frv. hæstv. félmrh.  
fékk hér nýlega, er hv. allshn. klippti úr frv.  
einræðisþáttinn, og hann labbaði að því loknu  
hér út úr salnum, og heldur lúþulegur. Það er  
lík meðferð. sem þessi till. hv. þm. S.-Þ. hefir  
fengið nú, er hv. allshn. hefir máð úr henni  
mestu firrurnar, enda þorir hv. flm. ekki að  
sýna sig á þinginu, er þetta fer fram. Það hefir  
sjaldan verið reitt hærra til högs en þá, er  
hann kom með þessa till. Hann rakti m. a.  
sögu Íslands um þúsund ár og virðist með fram-  
söguræðu sinni hafa ætlað að vinna sér til for-  
setatignar á Íslandi; en er málið kemur frá hv.  
n., þorir hann ekki að sýna sig hér í salnum.  
Raunar er ekki nema sjálfsagt að fagna því,  
er slíkir menn fá þvilika útreið. Og málið er  
nú komið á nýjan grundvöll, þannig að ekki er  
lengur hægt að gera gys að því eða draga það  
sundur í háði. Það er ljóst, hvað fyrir þeim  
mönnum vakir, sem flytja málið á þessum nýja  
grundvelli; málið er nú nokkurn veginn mót-  
sagnalaust, svo að hægt er að ræða það. Aðal-  
tilgangur upphaflegu till. var að veita valdhöf-  
unum rétt til að útiloka ákveðna menn frá trún-  
aðarstöðum í þjóðfélaginu vegna pólitískra  
skoðana þeirra. Þetta hefir hv. allshn. fellt.  
Raunar er hér ekki um nýja stefnu í þjóðfélag-  
inu að ræða, þessar ofsóknir hafa áður verið  
beinlínis skipulagðar, og hefir Jónas Jónsson  
stofnað sérstaka n. í því skyni. Nú mætti virð-  
ast sem hv. allshn. hefði með till. sinni snúizt  
á móti þessum atvinnuofsóknum. Þó kemur  
þetta ekki fram í till. hv. n. Úr þessu þarf að  
bæta og gera ráðstafanir til tryggingar því,  
að atvinnuofsóknunum sé hætt. Þegar ég ber  
fram þessa kröfu við hæstv. ríkisstj., tala ég  
fyrir munn Alþ. og samkv. samþykkt, er Alþ.  
hefir gert. Sú samþykkt leggur ríkisstj. á herð-  
ar að binda enda á slíkar ofsóknir út frá þeirri

forsendu, að þær feli í sér mikla hættu fyrir þjóðfélagið. Ég á hér við samþykkt þá, sem hv. Nd. gerði árið 1937 og fólst í rökst. dagskrá, er samþ. var í sambandi við ákveðið mál. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér nokkrar línur úr þingtíðindunum, D-deild frá síðara þingi 1937. Þáttill. sú, sem um ræðir, er prentuð á 101. dálki og hljóðar svo:

„Þar sem deildin telur þörf á að koma í veg fyrir hverskonar atvinnukúgun í þjóðfélaginu og misrétti um veitingar embætta og starfa við öll atvinnufyrirtæki, er nauðsyn á nánari rannsókn um þessi efni og yfirgrípsmeiri, — og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti gera þá athugun hið fyrsta, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þetta var samþ. með miklum atkv. mun, og allir þeir þm., sem töluðu í málinu, lýstu yfir samþykki sínu. Sveinbjörn Högnason mælti þá (Albt., D. 1937, d. 100):

„Fyrsta skilyrðið fyrir hvern þann, sem gerast vill umbótamaður á þessu sviði, er, að hann sé jafnfús til að viðurkenna ranglætið, hvar sem það á sér stað, og sé jafnfús til að reiða refsivöndinn gegn sínum samherjum eins og andstæðingunum, ef þeir eiga það skilið. Annars kemur góður vilji ekki að gagni. Ég er reiðubúinn að taka höndum saman við hvern þann mann, sem í fullri alvöru vill útrýma hlutdrægni kunningskapar og pólitískra flokka í sambandi við atvinnuúthlutun, ef það mál er flutt á breiðum grundvelli og ekki sem bitbein fyrir einstaka stjórnmalaflokka.“

Til þess að gefa hugmynd um, hvernig á þetta mál var litið af Sjálfstfl., les ég það, sem Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv., sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki meira um annað skrafað nú á dögum en lýðræðið. En ég efast stórlega um, að þeir flokkar, sem sifellt reyna að skreyta sig með lýðræðisnafni og deila um það, hver sé mestur lýðræðisflokkur, geri sér ljóst, hvað lýðræði er í raun og veru. Lýðræði er það eitt, að allir menn í þjóðfélaginu njóti sama réttar.“

Ög síðar segir hann:

„Í höndum þeirra manna, sem nú fara með völdin í landinu, er Ísland ekki lýðrættarríki.“

Þetta var nú álit Alþingis 1937. Ísland var ekki að áliti Sjálfstfl. lýðrættarríki þá, vegna þess, að þar viðgekkst atvinnukúgun. Alþ. fann ástæðu til að lýsa yfir þessu og krefjast þess, að úr yrði bætt. Nú spyr ég hæstv. ríkisstj.: Hvað er nú orðið okkar starf á þessum þrem árum? Eftir ein þrjú ár kemur jafnvel fram á Alþ. till. um að lögfesta atvinnukúgunina. Og hv. þm. hafa snúist svo í málinu, að þeir fást ekki til að gera ráðstafanir, sem duga, gegn þessum óskunda. Það er daglega verið að svipta menn störfum hér á landi af pólitískum ástæðum. Það hafa nú nýlega verið reknir menn úr skólum landsins, t. d. kennaraskólanum, mönnum hannað að taka próf og nota sér prentfrelsið samkv. stj. skr., fyrir það eitt að hafa stjórnmalaskoðanir, sem valdhöfunum eru ekki að skapi. Þeir, sem með völdin fara, hafa nú náð þeim tókum, að þeir bægja mönnum frá atvinnu og nota sér óspart, hvernig hið íslenska

borgarapjóðfélag setur mönnum skilyrði. Bæði við atvinnufyrirtæki einstakra manna og þess opinbera fara stöðuveitingar eftir stjórnmalaskoðunum, og menn eru oft sviptir atvinnu, ef þeir gerast svo djarfir að brjóta í bága við vilja ríkisstj., — ríkisstj., sem hefir verið falið fyrir 3 árum síðan að leiðrétta það misrétti, sem hún mun hafa vitað um.

Ég skal því taka það greinilega fram gagnvart hæstv. ríkisstj., að þar sem vitað er, að þessi stj. hefir hjálpað til þess að brjóta móti vilja Alþ., er það ekki nema hlægilegt af slíkri ríkisstj. að þykjast ætla að gera einhverjar ráðstafanir til þess að vernda lýðræðið. Einmitt frá slíkri stj. stafar lýðræðinu hættu.

Ég get ekki komið hjá að minnst þess, að einn af frumkvöðlum þessarar till., hv. 2. þm. Eyf., sagði í ræðu sinni, að Alþ. ætti að vernda einstaklingsfrelsið og mannréttindi. Já, langt getur nú skörin færzt upp í bekkinn, þegar fulltrúar núv. stjórnarflokka dirfast að halda slíku fram. Ég vil minna á það, að það er alls ekki nóg með það, að þessir menn vilji eyðleggja og þurrka út einstaklingsfrelsi og mannréttindi Íslendinga, heldur eru þeir að þurrka út og hreint og beint drepa manndóm úr hinni íslensku þjóð.

Svo ætla ég rétt aðeins, til þess að drepa betur á, hve það er hlægilegt að ætla að fela núv. stj. að framkvæma það að hafa vakandi auga með og vernda lýðræðið í landinu, að minna á 3 ára gamla ályktun Alþ. um að efla lýðræðið og spyrja, hvað stj. hafi gert í því máli.

Ég ætla að gefa mönnum hugmynd um, hvað styður bezt það, sem látið er í veðri vaka, að sé tilgangur þessarar till., og hvernig hið íslenska lýðræði verður varið með lýðræðisaðferðum. Ég hefi bent hv. þm. í fyrri ræðu minni á, að það, sem fyrst og fremst þyrfti að gera til þess að koma á lýðræði hér á Íslandi og festa það í sessi, væri það, að hv. þm. væru formælendur hins rétta meiri hl. þjóðarinnar, og væru tryggir stuðningsmenn hans í ráðum sínum og framkvæmdu vilja þjóðarmeirihlutans. Ég vona, að allir þeir þm., sem skynbærir eru á þessa hluti, sjái, að ráðið til þess er að breyta kjördæmaskipuninni á Íslandi. En getum við treyst núv. ríkisstj. til þess, þar sem Framsfl., sem græðir á þessu misrétti, er sterkaasti stuðningsflokkur hennar? Því er alls ekki treystandi, að þessi stj. hafi forgöngu í því máli eða geri nokkrar ráðstafanir til þess að undirbúa nokkrar breyt. til bóta á kjördæmaskipuninni, og koma þannig á fullkomnara lýðræði hér á Íslandi. Það dettur engum einasta manni í hug, að meiningin með þessari till., ef samþ. verður, sé sú, að gera lýðræðið fullkomnara með stuðningi stjórnarflokkanna í ríkisstj. Þessi till. ber þess merki, bæði að efni og formi, að hún er komin frá harðsvirðustu fjandmönnum lýðræðisins. Þetta veit hver maður, og um leið og menn gera sér ljóst, hve fjarri lagi það er að halda það, að við séum nú nokkru nær því en 1937 að fá lýðræði, hljóta menn að sjá, að þessi till. er alls ekki í þeim tilgangi gerð. Þó að við þessa till. væri ekkert að athuga, er það, að ætla að fela núv. ríkisstj.

að hafa eftirlit með framkvæmd hennar, alveg sama sem að fela andstæðingum lýðræðisins, er vilja drepa það, að halda lífinu í því. Ég held, að áður en Alb. ætlar að fela núv. ríkisstj. slíkt, ætti Alb. að endurtaka ályktun sína frá 1937 móti atvinnukúgun og gæta þess, að ríkisstj. fari meira eftir vilja Alb. en hún hefir gert, og breyti þar með í meira samræmi við vilja meiri hl. þjóðarinnar. Slíkt væri hin besta vörn fyrir lýðræðið, og að öllu leyti heppilegast fyrir íslenska lýðræðið nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Sp., 8. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

#### ATKVGR.

Brtt. 307 tekin aftur.

— 389 samþ. án atkvgr.

— 353,1 (ný tillgr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÍv, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, PHerM, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, TT, VJ, ÞBr, ÞP, AJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BJB, BSn, EÁrna, EE, EmJ, ErlP, EystJ, GÐ, GG, GSv, HelgJ, HermJ, HV, IngP, JakM, JJós, HG.

BrB, EOI, ÍslH greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓTh, PHalld, FJ) fjarstaddir.

Brtt. 353,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 40 shlj. atkv.

— 319 kom ekki til atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 44:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BJB, BSn, EÁrna, EE, EmJ, ErlP, EystJ, GÐ, GG, GSv, HelgJ, HermJ, HV, IngP, JakM, JJós, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerM, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, TT, VJ, ÞBr, ÞP, HG.

nei: BrB, EOI.

ÍslH greiddi ekki atkv.

2 þm. (FJ, PHalld) fjarstaddir.

Till. (með fyrirsögninni: Pál. um ráðstafanir til verndar lýðræðinu og öryggi ríkisins og undirbúning löggjafar í því efni) afgr. sem ályktun Alþingis (A. 405).

#### 4. Eðsta vald í málefnum ríkisins.

Á 16. fundi í Sp., 10. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um eðsta vald í málefnum ríkisins (A. 413).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 46 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 46 shlj. atkv.

\*Forsrh. (Hermann Jónasson): Vegna þeirra atburða, sem gerzt hafa í Danmörku, og þess ástands, sem nú ríkir þar í landi, hefir ríkisstj. ákveðið að bera fram þær tvær þáttill., sem hér liggja fyrir. Till. hafa í allan dag verið ræddar í utanrnm., við þm. þá, sem styðja ríkisstj., svo og hv. 3. þm. Reykv. (HV). Hafa allir alþm. verið sammála ríkisstj. um þá óhjákvæmilegu nauðsyn, að bera till. fram og fá þær samþ. á Alþ. þegar á þessari nóttu.

\*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég vil f. h. okkar flokks mótmæla þeirri aðferð, sem farið hefir fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Okkar flokki hefir ekki gefizt tækifæri til að fylgjast með þeim umr., sem fram hafa farið, við höfum ekki heldur fengið að vita, hvaða till. það væru, sem fram hefðu komið. Okkur hefir þess vegna ekki gefizt tækifæri til þess að ræða þetta mál við miðstjórn flokksins, á sama hátt og aðrir þingflokkar. Ég vil þess vegna óska eftir því, ef það vegna málsins má ske, að gefinn yrði frestur til síðari hluta þessa dags, svo að okkur gefizt tækifæri til þess, eins og öðrum flokkum, að athuga þetta mál.

Ég vildi ennfremur, þar sem ekki liggja fyrir um það frá hæstv. forsrh., sem hafði framsögu þess máls, upplýsingum hér á þingfundinum, sem ég gæti trúað, að gefnar hefðu verið á þeim fundum, sem stjórnarflokkarnir hafa haldið með sér, um einstök atriði í sambandi við þetta mál, leyfa mér að koma með fyrirspurn um það, hvort nokkuð samband hafi náðst við Danmörku í dag, við konunginn eða sendiherra Íslands, þannig, að nokkuð liggi fyrir, sem hægt er að upplýsa þingheim um í sambandi við slíkt. Þá vildi ég um leið óska eftir lögfræðilegri skýringu frá ríkisstj. í sambandi við þessa till., sem mér skilst, að þýði það, að ef við samþ. hana og tækjum okkur það vald í hendur, sem af því leiðir, þá séum við í raun og veru að fara aðrar leiðir en þær, sem beinlínis eru fyrirskrifaðar í okkar stjórnarskrá og lögum. Þar fyrir segi ég ekki, að ekki hafi verið nauðsynlegt að fara slíkar leiðir. Þessu vildi ég sérstaklega óska eftir að fá svarað og ennfremur, hvort nokkuð liggur fyrir um það, að í sambandi við þetta liggi fyrir nokkrar kröfur eða afskipti af hálfu nokkurs erlends valds, og hvort okkur sé ekki óhætt að taka ákvarðanir um þau mál, sem ríkisstj. leggur hér fyrir þingið, sem fulltrúum algerlega fullvalda ríkis.

Í fyrsta lagi vil ég sem sagt biðja hæstv. forseta að gefa yfirlýsingu um það, hvort hann myndi verða við því að fresta þessum fundi til þess að gefa okkur samskonar tækifæri og allir aðrir hv. þm. hafa haft til þess að athuga þessi mjög svo veigamiklu mál, sem fyrir liggja.

\*Forseti (HG): Eftir að hæstv. ríkisstj. hefir skýrt svo frá, að hún telji nauðsyn bera til þess, að afgreiðsla þeirra mála, sem hér eru á

dagskrá, fari fram þegar á þessari nóttu, þá skal ég, að því er snertir þau ummæli hv. þm., er féllu á þá leið, að hann teldi, að hér væru farnar aðrar leiðir en fyrir væri mælt, taka það fram, að þar sem ástandið nú er þannig, að konungur getur ekki gegnt störfum sem þjóðhöfðingi Íslands, og því verður að teljast óhjákvæmilegt, að Alþingi ákveði skipun þeirra mála, tel ég, að till. beri að taka til meðferðar og afgreiðslu á Alþingi nú þegar.

**\*Einar Olgeirsson:** Viðvíkjandi ósk okkar um frest, sem hæstv. forseti, í sambandi við yfirlýsingu ríkisstj., getur ekki veitt til síðari hluta þessa dags, þá óska ég eftir svo stuttum fresti sem frekast er hægt að nota til þess að við þm., sem ekki höfum tekið þátt í ráðssamkomum stjórnarfl. nú í dag, gætum rætt okkar mál, eða a. m. k. að ¼ til ½ tíma frestur verði gefinn.

**Forseti (HG):** Ég get ekki orðið við tilmælu hv. þm., þar sem ríkisstj. hefir tilkynnt, að það sé ekki gerlegt, enda sé ég ekki, hvaða upplýsinga hv. þm. geta leitað um þetta leyti nætur.

**Einar Olgeirsson:** Það er aðeins til þess, að þm. geti talað saman.

**Forseti (HG):** Ég get gefið 10 mínútna frest, en ég vil biðja bæði þennan hv. þm. og aðra þm. að vikja ekki úr þinghúsinu. — [Fundarhlé í 10 mínútur].

**\*Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vil enn mótmæla þeirri afgreiðslu, sem höfð er á þessum stórmálum hér. Ég vil að visu ekki mótmæla því, að það geti verið rétt, að þörf hafi verið á því, að afgreiða þau í nótt, en þar sem hæstv. ríkisstj. mun hafa verið það ljóst, er þingfundum var slitið í dag, þá bar henni skylda til að láta okkur, þm. í stjórnarandstöðu, vita það jafnframt öðrum hv. þm. Ég álit, að e. t. v. hafi framkomna hæstv. ríkisstj. ekki gefið okkur sama tækifæri og öðrum hv. þm. til þess að fylgjast með í því, sem hefir verið að gerast, og tel ég það ábyrgðarlausa framkomu af hennar hálfu gagnvart fulltrúum þjóðarinnar, sem kosnir eru á sama hátt og með sama rétti og þeir hv. þm., sem fylgja ríkisstj. En ég álit, að hér riði mikið á því, að íslenzka þjóðin og fulltrúar hennar á Alþingi standi saman og komi einhuga fram um þau mál, sem hér liggja fyrir. Gengið út frá þeim upplýsingum, sem ríkisstj. hefir gefið, og því, sem skráð er í þessum þáttill., sem hér liggja fyrir, viljum við lýsa yfir því, að við teljum, að hér liggja fyrir „fors major“, sem við Íslendingar verðum að taka okkar afleiðingum af, og út frá því munum við greiða atkv. með þeim till. til þál., sem hér liggja fyrir, þótt ég vilji um leið itreka, að ég tel ekki slíka afgreiðslu á öðru eins stórmáli og þessu, sem ríkisstj. hér stofnar til, vera forsvaranlega. Hinsvegar er okkur það ljóst, að um mál eins og það, er hér um ræðir, er allt undir því komið, að þjóðin geti staðið saman sem ein heild.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, TT, VJ, ÞBr, ÞP, ÁJ, ÁÁ, BJ, BST, BÁ, BJB, BSn, BrB, EÁrna, EOI, EE, EmJ, ErlP, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, HV, IngP, ÍslH, JakM, JJós, JÍv, JPálm, HG.

3 þm. (FJ, GG, PHalld) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 415).

## 5. Utanríkismál og landhelgisgæzla.

Á 16. fundi í Sp., 10. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um meðferð utanríkismála og landhelgisgæzlu (A. 414).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 46 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 46 shlj. atkv.

**\*Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það gildir um þessa till. hið sama og þá till., sem nú hefir verið samþ., um æðsta vald í málefnum ríkisins, og læt ég þess vegna nægja að vísa til þeirra ummæla, er ég hafði um hina fyrri till.

**\*Einar Olgeirsson:** Ég vil í sambandi við þessa till. lýsa yfir því, að frá sjónarmiði okkar þm. Sósíalistafl. gildir hið sama um þessa till. og hina fyrri, og undir sömu forsendum og með sömu mótmælum gegn afgreiðslu þessa máls munum við greiða atkv. með henni.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, TT, VJ, ÞBr, ÞP, ÁJ, ÁÁ, BJ, BST, BÁ, BJB, BSn, BrB, EÁrna, EOI, EE, EmJ, ErlP, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, HV, IngP, ÍslH, JakM, JJós, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, HG.

3 þm. (FJ, GG, PHalld) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 416).

## 6. Sjórannsóknir og fiskirannsóknir.

Á 4. fundi í Sp., 8. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um sjórannsóknir og fiskirannsóknir (A. 74).

Á 8. fundi í Sp., 20. marz, var till. tekin til fyrri umr.

\*Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti! Mér skildist, að það stæði eins á með þetta mál sem önnur, að þm. óski heldur eftir því, að það gangi fljótt að afgr. það, og þess vegna ætla ég ekki að hafa mjög langa framsögu, enda er þetta gamalkunnugt mál hér á Alp., því að ég hefi flutt áður till. um sama efni og fengið þær samþ., og það er þegar orðin töluverð reynsla um framkvæmd þessara mála. Eins og þm. er kunnugt, var byrjað á því árið 1936, eftir að Alp. hafði samþ. þál., sem ég bar fram um hafrannsóknir og rannsóknir á fiskimiðum og fiskigöngum hér við land, og var fyrst leiður togari til þessara rannsókna um stuttan tíma og síðar var varðskipið Þór útbúið í þessu skyni. Samskonar till. hafa verið samþ. þrisvar hér á Alp., og þessum rannsóknum hefir verið haldið áfram síðan 1936, mest með varðskipinu Þór. Skipið var útbúið með rannsóknartækjum, sem ég ætla, að hafi kostað 6 þús. kr., og innréttað rúm í skipinu til þess að hægt væri að framkvæma þessar rannsóknir á skipsfjöl. En nú hafa þessar rannsóknir fallið niður, sökum þess að skipið var leigt, og sjálfsagt hefir það verið mjög skynsamleg ráðstöfun fjárhagslega. En ýmsar ástæður eru þess valdandi, að það er mjög óheppilegt, að þessar rannsóknir falli niður í ár.

Ég vil færa fram sem rök fyrir því, að í fyrsta lagi hafa þessar rannsóknir sýnt mjög mikinn árangur, þótt á byrjunarstigi séu. Í því sambandi vil ég nefna það, að einmitt þessar rannsóknir, mælingar á sjávarhita á ýmsum stöðum og ýmsu dýpi, og rannsóknir á því, hvaða fiskar hafast við í sjónum við eitt eða annað hitastig, hafa afarmikilsverða þýðingu til leiðbeiningar um það, hvar menn eigi að leita nytjafiska. Þessar mælingar hafa sýnt mjög nákvæmlega, við hvaða hitastig hrygningarfiskur eða fullvaxinn þorsfiskur heldur sig helzt, og sömuleiðis hvar hinn uppaxandi fiskur heldur sig helzt. Það hefir líka fundizt, að því er virðist með alveg öruggri vissu, hvar leita megi karfans, sem menn gera sér vonir um, að geti orðið landsmönnum nytjafiskur. Það merkilega atriði hefir komið í ljós, að það má ganga að honum vísam á straumamótum, þar sem kaldur og hlýr straumur mætast, en þó þeim megin við línuna, sem hlýrri straumurinn er.

Ég ætla ekki að fara langt út í þessi atriði, því að það er hált á því svelli fyrir menn, sem ekki eru lærðir, en ég verð að geta um þetta, og einnig hitt, að úr því að með þessum, þó að sjálfsögðu mjög ófullkomnu rannsóknum, sem hafa farið fram á því, hvaða leiðir fiskurinn færi af Íslandsmiðum til Grænlands, hefir þó tekizt að leiða í ljós, að þetta mætti rekja,

er hin mesta þörf á, að því verði haldið áfram. Það, sem mest hefir hamlað því, að þetta mætti rannsaka til hlitar, er isrekið, og það þarf að reyna að rannsaka þetta aftur við sæmileg skilyrði. Fiskifræðingar telja miklar líkur til, að finna megi þessar fiskislóðir og rekja þær örugglega, og ég vil líka minna á það, að það hafa fundizt verustaðir ýmsra nytjafiska, sem hingað til hafa verið vanræktir, en líklegt má telja, að gætu haft allverulega þýðingu fyrir fiskiðnaðinn.

Það er mikill fjöldi nytjafiska, sem lítið hafa verið rannsakaðir þessi 3—4 ár, sem varðskipið Þór hefir stundað fiskirannsóknir, og er það mikið fyrir þá sök, að náttúrlega höfum við miklu ófullkomnari útbúnað til slíks en tíðkast hjá öðrum þjóðum, þar sem menn eru langt um lengra komnir með þessar rannsóknir.

Ég ætla ekki að fara að þreyta hv. þm. með neinum tölum í þessu sambandi, en aðeins bæta því við, að fyrir þáttöku okkar Íslendinga í fiskirannsóknum og hafrannsóknunum má ætla, að það sé, að erlendis hefir okkur nú verið veitt tiltölulega mikil athygli í sambandi við þessi mál, og við höfum þar af leiðandi fengið sæti í alþjóða-hafrannsóknaráðinu, og má búast við því, að till. frá Íslendingum hafi miklu meira að segja meðal þeirra vísu manna heldur en yrði, ef við tækjum engan þátt í rannsóknum á því sviði, og er þess vegna alveg sérstök ástæða fyrir okkur að halda þeim áfram, jafnvel þó að í smáum stíl verði. Fyrsta ástæða fyrir því er sú, að við Íslendingar höfum farið því á flot við aðrar þjóðir, að við mætum breyta landhelgi okkar að nokkru, mest með tilliti til uppaxandi nytjafiska, í fyrsta lagi að alfriða Faxaflóa fyrir botnveiðitækjum. Í því sambandi er vert að geta þess, að þær hafrannsóknir og tilraunir, er fóru fram hér í Faxaflóa, hafa að því er mér virðist leitt ákaflega merkilega hluti í ljós. Þar reyndist miklu meira vera af fiski innan við landhelgislinuna en utan við hana, enda þótt dýpið væri að heita mætti hið sama og sjávarhiti og botn nákvæmlega eins. Ég vil aðeins nefna í þessu sambandi örfáar tölur, þar sem reynt var að veiða með botnvörpu beggja megin landhelgislinunnar, á samskonar botni, álika miklu dýpi og alveg jöfnu sjávarhita. Á 7½ klst. veiddust utan landhelgislinunnar 2656 fiskar, en hinsvegar innan hennar við sömu skilyrði 18792 fiskar. Þetta er geysimikill munur. Á öðrum stað, þar sem alveg stóð eins á, fengust utan við landhelgislinuna 154 fiskar, en innan við hana 2649 fiskar. Þetta eru ákaflega eftirtektarverðar tölur, þó að þær náttúrlega segi ekki allan sannleikann, því að það er margt fleira, sem kemur til greina, en fjöldi fiskanna, t. d. hve stórir þeir eru, en samt er vert að veita þessum tölum athygli.

Það, sem ég meina með þessum till., er í fyrsta lagi það, að þegar nágrannaþjóðir okkar, og einnig allar þær þjóðir, sem tekið hafa þátt í fiskirannsóknum, bæði í norðurhögum og við strendur Íslands, eru nú í styrjöld og geta ekki framkvæmt neitt þessháttar, væri það ákaflega mikils virði fyrir okkur Íslendinga, sem erum að mestu leyti lausir við hildarleikinn, a. m. k.

Sjórannsóknir og fiskirannsóknir. — Launamál og starfsmannahald ríkisins. — Framfærslumál og heimilisfang.

beinlínis, að við höldum áfram þeim litlu fiskirannsóknnum, sem byrjað var á. Það er varla unnt að afsaka það, að láta þetta algerlega niður falla.

Í öðru lagi er það afaráridandi, ef við ætlum að fá einhvern árangur af málaleitun okkar um friðun Faxaflóa, að við látum einmitt fara fram á þeim slóðum nákvæmar og óslitnar rannsóknir. Það verður að leitast við, að þær verði óslitnar og að engin ár falli úr. Ég hef þess vegna hugsað mér og ráðgast um það við mér fróðari menn, að reynandi væri að gera varðbátinn Óðin út um nokkurn tíma til að rannsaka Faxaflóa eða grunnmiðin við Austfirði og Vestfirði, önnurhvor eða bæði. Mér er ljóst, að þetta skip er ekki til þess fallið að gera rannsóknir á djúpmiðum, en á Faxaflóa og fjörðunum austan lands og vestan gætu þær rannsóknir komið að fullu liði. Árni Friðriksson fiskifræðingur segir t. d., að í varðbátnum Óðni sé rúm til að setja niður rannsóknartæki og láta fara fram þær rannsóknir, sem nauðsynlegt sé að gera í skipinu sjálfu. Einnig hefir hann sagt mér, að rannsóknir við Norðurland geti vel fallið saman við landhelgisgæzlu yfir sildveiðitímamann.

Ég ætla nú ekki að láta fleiri orð fylgja þessari till., en vil þó aðeins bæta því við, að þar er lagt til, að ríkissjóður greiði kostnaðinn af þessu að því leyti, sem hann fæst ekki annarsstaðar að; en nokkur hluti af þessum kostnaði hefir verið greiddur úr fiskimálasjóði undanfarin ár. Nú er sá sjóður náttúrulega öllu fátækari en áður var, vegna þess að miklu minna fé er nú veitt til hans úr ríkissjóði en áður. Þess vegna er ekki hægt að fullyrða neitt um, hvers hann væri megnugur í þessum efnum nú. Það væri ekki heldur illa til fallið, ef Fiskifélag Íslands sæi sér fært að taka einnig þátt í þessu, því að það liggur mjög nærri verksviði Fiskifélagsins.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 24 shlj. atkv. og til fjvn. með 25 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sp., 12. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 74, n. 367).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): N. hefir athugað þessa till. og orðið sammála um að mæla með, að hún verði samþ.

ATKVGR.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 447).

## 7. Launamál og starfsmannahald ríkisins.

Á 14. fundi í Sp., 5. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um launamál og starfsmannahald ríkisins (A. 363).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sp., 12. apríl, var till. tekin til einnar umr.

\*Frsm. (Pétur Ottesen): Þó að hér sé óneitanlega um mjög mikilsvert og þýðingarmikið mál að ræða, þá þykir fjvn. ekki ástæða til að fylgja þessari þáttill. úr hlaði með mörgum orðum. Ber þá hvortveggja til: Í fyrsta lagi, að í till. sjálfri er skýrt og greinilega mörkuð sú stefna, sem fjvn. ætlast til, að verði fylgt og lögð til grundvallar við athugun og endurskoðun þessa máls og setningu nýrrar löggjafar um þetta efni, — og í öðru lagi, að n. hefir átt samræður við ríkisstj. um þetta mál og nauðsynina á því, að hér sé nýskipan á gerð, enda er þessi þáttill. flutt með vitund og vilja ríkisstj. og í samráði við hana. Launalögin eru orðin yfir 20 ára gömul. Á þessu tímabili hefir orðið mjög mikil breyting á launakerfi ríkisins, og taka launalögin frá 1919 nú orðið ekki yfir nema tiltölulega lítinn hluta þess.

Í launalögum ríkisins er ríkjandi svo mikið ósamræmi og glundroði, að engan veginn er við það hlítandi, að við svo búið sé látið sitja. Fjvn. leggur því ríka áherzlu á, að gengið verði með röggsemi og festu að því að endurskoða og athuga launamál og starfsmannahald ríkisins, og að till. um nýja skipan þeirra mála, á þeim grundvelli, sem lagður er í þessari þáttill., liggi fyrir, þegar næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 448).

## 8. Framfærslumál og heimilisfang.

Á deildafundum 11. apríl var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um framfærslumál og heimilisfang (A. 407).

Á 18. fundi í Sp., 12. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Sp., 17. apríl, var till. tekin til einnar umr.



\*Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hefi leyft mér að bera fram ásamt samþm. mínum, hv. 2. þm. Árn., till. þá, sem hér liggur fyrir. Efni hennar segir fyllilega til um það, hver till. er, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara um hana mörgum orðum.

Það hefir komið í ljós, einkum á hinum síðari árum, að allmikil réttaróvissa ríkir um framfærslumál, og hefir það bæði valdið óþægilega mikilli fyrirhöfn, mótsögnum og kostnaði hjá ýmsum sveitarfélögum. Þannig hefir það borið við þó nokkrum sinnum, eftir því, sem mér hefir verið tjáð, að menn, sem hafa komið til dvalar í einu sveitarfélagi, e. t. v. aðeins um stuttan tíma, og á meðan þeir höfðu dvalarheimili þar, eða e. t. v. litlu síðar, hafa komið verulegar fjárkröfur á hendur þessum mönnum. Þegar farið var að gera gangskór að því, hvar heimilisfang þeirra væri, þá hefir það komið fyrir, að það hefir ekki fundizt. Þá hefir þeim málum verið stefnt þangað, sem mestar líkur voru til, að framfærsluveit þeirra væri, þar sem viðkomandi maður dvaldi síðast, og fjárkröfunum hefir verið vísað þangað og úrskurðað, að sú sveit skyldi greiða kostnaðinn, enda þótt viðkomandi maður hefði aðeins dvalið þar mjög stutta stund og aldrei komið til tals, að hann yrði þar lengi. Hann hefir e. t. v. dvalið þar ½ mánuð eða 3 mán. í mesta lagi og verið horfinn á bak og burt, þegar fjárkröfurnar komu. Stundum hefir farið svo, að það sveitarfélag, sem ólíklegast virtist, að ætti að greiða slíkt, hefir verið úrskurðað til að greiða slík gjöld. Slíkt öryggisleysi og óvissa í þessum málum er náttúrlega óviðunandi. Það má vel vera, að það hafi valdið nokkrum erfiðleikum, að löggjöfin sé ekki svo skýlaus og ótvíræð í þessum efnum, að það geti ekki orðið vandkvæðum bundið, að þau gjöld, sem þannig myndast, og þeir menn, sem aðeins dvelja stutta stund á hverjum stað, eiga að greiða, myndu ávallt koma niður á hinni réttu framfærsluveit. Eigi að síður tel ég nauðsynlegt, að eithvað sé gert til þess að ráða bót á þessu, og að við verðum nú að húa til löggjöf um heimilisfang manna með tilliti til hinnar fyrri framfærslulöggjafar, og við ættum að reyna að gera hana svo úr garði í þessum efnum, að hún verði fullnægjandi í framkvæmdinni. Það er ekki nóg, að menn vilji vel í þessu sambandi. L. um heimilisfang eru þannig, að ef menn vanrækja þær skyldur, sem á þeim hvíla, eru aðeins sektarákvæði lögð við slíkri vanrækslu, en frekara er þar ekki aðgert. En það hefir nú sýnt sig, að slíkt kemur ekki að fullu gagni.

Einnig ber á það að lita, að menn flytja stundum á stuttu tímabili frá einum stað á landinu til annars staðar, eða hafa vistaskipti hvað eftir annað. Af þessu leiðir, að bréfaskipti, kröfur og klögumál geta stundum gengið langt áður en komizt verði til botns í þeim málum, hvert þær kröfur eigi að fara og hverjir skuli standa skil á þeim, og reynist niðurstaðan stundum á allt annan veg en menn höfðu húizt við, og það sveitarfélag, sem maður skyldi sizt ætla, hefir verið úrskurðað til þess að annast þessar greiðslur. Slíkt fyrirkomulag hlýtur að leiða til

Alpt. 1910. D. (55. löggjafarþing).

þess, að atvinnurekendur þora ekki að ráða menn í þjónustu sína, jafnvel þó að einungis sé um stuttan tíma að ræða, öðruvísi en að æfiferilsskýrsla, undirrituð af hlutaðeigandi yfirvöldum, fylgi, og geta menn farið nærri um, hve auðvelt það muni reynast í framkvæmdinni, eða hve langdregin hagsmunamál allra starfsmanna í landinu myndu verða með slíku fyrirkomulagi.

Við, sem erum flm. þessarar till., höfum ekki komið með ákveðnar brtt. viðvikjandi þeirri löggjöf, sem um þessi mál fjallar. Það stafar af því, að við teljum, að þessi mál séu svo vandasöm og að það þurfi svo margs að gæta í því sambandi, að við treystum okkur ekki á stuttum tíma að gera slíkt þannig úr garði, að öruggt væri, í fyrsta lagi að slíkar brtt. rökkuðu ekki við öðrum ákvæðum þessarar löggjafar, og í öðru lagi, að með slíkum brtt. yrði ráðin veruleg bót á þeim atriðum, sem ég hefi nú minnt á. Fyrir þær sakir töldum við æskilegt, að hæstv. ríkisstj. vildi taka þessi mál til athugunar og sjá, hvort ekki væri unnt að ráða einhverja bót á þeim vandkvæðum, sem eru á framkvæmd þessara mála. Í fullu trausti þess, að ríkisstj. sinni þessum málum eftir beztu vitund, vil ég mælast til þess við þm., að þeir samþ. þessa þáttill. Hér er ekki raskað við efni þeirrar löggjafar, sem um er að ræða, né þess krafizt, að teknar verði neinar ákveðnar niðurstöður, heldur aðeins að það verði tekið til rannsókna, á hvern hátt muni verða bezt að lagfæra þetta, og hæstv. ríkisstj. leggi þá niðurstöðu, sem hún kemst að að þeirri rannsókn lokinni, fyrir næsta Alþ. Ég vil vona, að þar sem þetta mál er þannig borið fram, verði tillgr. samþ. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. geri sér ljóst að meira eða minna leyti, að framkvæmd þessara mála er ýmsum vandkvæðum bundin, og að þeir geti þess vegna fallizt á þessa þáttill.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 496).

## 9. Verðhækkun fasteigna.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um undirbúning ráðstafana út af verðhækkun á fasteignum fyrir sérstakar opinberar ráðstafanir (A. 30).

Á 4. fundi í Sp., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sp., 20. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Zóphóniasson): Herra forseti! Í grg., sem fylgir þessari þáttill., er tekið fram.

hvað fyrir okkur flm. vakir, og þarf því eigi langa framsögu um þetta mál, en ég vil óska þess, að þegar hæstv. forseta þykir umr. hæfilega langt komið, þá fresti hann umr. og visi till. til allshn., því að hún ætti að geta aflað nokkurra upplýsinga um, á hvern hátt sú verðhækkun, sem þegar hefir orðið vegna hafnargerða, hefir gengið inn í lóðaverðið á ýmsum stöðum í landinu og hinn upprunalegi tilgangur með hafnargerðinni þess vegna ekki náðst. Það eru líkur til, að n. geti aflað nánari upplýsinga um þetta heldur en ég. Ennfremur mætti athuga af nefndinni, hvað margir staðir það eru á landinu, þar sem hugsanlegt væri að koma í veg fyrir, að slíkur styrkur, sem atlazt er til, að almenningur njóti, hverfi inn í lóðaverð og almenningur hafi engin not af, er lengra liður, heldur einstakir menn, landeigendurnir.

ATKVGR.

Till. visað til allshn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 20. fundi í Sp., 18. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 30, n. 483).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! N. hefir orðið sammála um að leggja til, að till. yrði samþ. með lítilli breytingu. Ég veit ekki, hvort hv. meðflm. minir eru þessari breyt. sammála. Það er ekki efnisbreyt., en orðalag er ekki alveg eins ákveðið og áður samkv. brtt. Þar er talað um, „hvort ekki væri ástæða til“, í stað þess að segja beinlínis, að ástæða væri til. Hefi ég fallið á þetta til samkomulags. Á þörfina á þessu hefi ég áður minnt í framsögu eins og þarf, og það er líka tekið fram í grg. En n. leggur til, að málið sé samþ. með brtt. þeirri, sem prentuð er á þskj. 483.

ATKVGR.

Brtt. 483 samþ. með 27 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 513).

## 10. Innflutningur á byggingarefni o. fl.

Á deildafundum 27. marz var útbýtt frá Sp.: Till. til þál. um innflutning á byggingarefni o. fl. (A. 216).

Á 9. fundi í Sp., 30. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sp., 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sp., 3. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

\*Flm. (Magnús Jónsson): Ég skal, af því hvernig störfum og tíma þingsins er nú komið, stytta mál mitt eftir fremsta megni um þá þáttill., sem við þm. Reykv. höfum borið hér fram um innflutning á byggingarefni o. fl.

Það hefir nú verið tekin upp, og ég vil segja hvað eftir annað og stundum í nokkuð stórum stíl, sú regla, að hlaupa undir bagga með sérstökum stéttum manna, sem hafa orðið fyrir einhverjum sérstaklega þungum búisfjum af ýmsum óhjákvæmilegum atvikum. Vil ég í því sambandi benda t. d. á þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til viðréttingar þeim sveitum, sem hafa orðið fyrir þyngstum búisfjum af völdum sauðfjárpestarinnar. Að visu er mikið af þeim ráðstöfunum gert til þess að varna því, að pestin breiðist út. En það hefir líka af hálfu löggjafarvaldsins verið gert mikið til þess að reyna að bæta mönnum einhvern veginn upp það fjárhagslega tjón, sem þeir hafa orðið fyrir af þessum orsökum, til þess að firra þessar stéttir hreint og beint vandræðum af þessum völdum, sem menn geta ekki við ráðið. Og það er í raun og veru alveg eðlilegt, að slíkt sé gert, ekki sízt eins og nú er komið stjórnarháttum í okkar þjóðfélagi, þar sem ríkið dregur til sín svo afarmikið yfirleitt af tekjum manna og hefir orðið svo margvísleg afskipti af högum manna. Það er því alveg eðlilegt, að einstaklingar og ekki síður stéttir manna leiti til löggjafarvaldsins um nokkurn stuðning, ef nokkuð þér að höndum, sem gerir það að verkum, að fjöldi manna, já, heilar stéttir, kemst í mikil þrot og vandræði.

Sú stétt manna, sem nú leitar hjálpar þingsins, eru faglærðir byggingamenn hér í Reykjavík. Hér í Reykjavík hefir verið byggt mikið á mörgum undanfórnum árum. Ég hefi séð skýrslu, sem ekki er ástæða til að rengja, um það, að hér í Reykjavík sé nokkuð á 4. millj. kr. og upp yfir 7 millj. kr. verð þeirra húsa, sem reist hafa verið á ári á því árihili, sem ég hefi hér skýrslu um, sem jafnar sig upp með að vera um það bil 5.2 millj. á ári, sem hús hafa verið reist fyrir. Ég skal alls ekki fara út í það neitt hér að minnst á það, hvort þessar byggingar hafi verið nauðsynlegar eða hæfilega miklar út af fyrir sig, og þá ekki heldur ræða neitt um það, hvernig byggt hefir verið. Það spursmál er í sjálfu sér þessu alveg óviðkomandi. En það hlýtur að vera öllum augljóst, að sér mjög mikinn vinnukraft. Og ef á að fara svo að segja í einni svipan að taka fyrir svona viðtæka og mikla starfsemi, þá hljóta að steðja afarmikil vandræði að þeim mönnum, sem hafa unnið að byggingum, án þess að þeir hafi nokkuð þar til unnið. Ég býst við því, að enginn maður mundi láta sér detta í hug, að öll ábyrgðin af of miklum byggingum, hvort heldur er í Reykjavík eða annarstaðar, skuli hvíla á herðum þeirra manna, sem að þessum störfum vinna. Þeirra vilji hlýtur að vera sá, að mikil atvinna sé fyrir þá. Og þegar ráðizt er í mikið, þá dragast menn að þessari vinnu, eins og á sér stað um annað, sem býðst. En nú hefir fyrir atvikanna rás svo að segja tekið fyrir þessar

byggingar, og það mun láta nærri, eftir því, sem upp hefir verið gefið, og ég hefi enga ástæðu til að vefengja það, að það muni vera eins og segir í grg. þessarar þáttill., eitthvað um 900 faglarðir menn í byggingariðnaðinum hér í Reykjavík. Þessir menn hafa á framfæri sínu eitthvað um 4000 manns, og það má nærri geta, að í ekki stærri bæ en Reykjavík er verði það ákaflega tilfinnanlegt, þegar tekið er að mjög miklu leyti fyrir atvinnu þessara manna, sem eru svo margir og hafa svo marga á framfæri sínu og hafa orðið að kosta mjög miklu til þess að komast í stöðu þá, sem þeir eru í, því að faglarðir iðnaðarmenn verða að verja mörgum árum af sinni æfi til þess að geta fengið þau bréf og skirteini, sem krafizt er til þess að þeir geti talið hér faglarðir menn. Og þeir verða að vinna fyrir lágt eða sama sem ekkert kaup í 7 ár til þess að teljast faglarðir iðnaðarmenn.

Það, sem kippt hefir fyrst úr byggingum hér, eru beinlínis opinberar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið með tilliti til gjaldeyriserfiðleka í landinu. Og það mun hafa verið í júlí síðastl., þegar fyrst var tekið til að takmarka innflutning byggingarefnis til nýbygginga, áður en nokkur meiri ástæða var til heldur en verið hafði um langt skeið að ætla, að ófriður mundi koma til sögunnar. Og að tekið var fyrir innflutning á byggingarefni til nýbygginga, varð orsök stórkostlegra afleiðinga í þessum iðnaði. Ofan á þetta bættist svo ófriðarástandið með því geysilega verðlagi, sem verður á öllum vörum til bygginga af völdum þess, ásamt beinum örðugleikum á að fá það, sem þarf til bygginga, öðrum en verðhækkuninni. Og þar með er málið komið að þessu leyti úr höndum okkar, sem á venjulegum tímum einhverju getum ráðið um þessi mál, og út fyrir landsteinana, gersamlega undan öllu því, sem við getum gert ráðstafanir til að hafa áhrif á til að bæta úr beinlínis. Ófriðarástandið er óhjákvæmileg orsök verðhækkunar og annara slíkra örðugleika, þannig að það má alveg sjá það fyrir, að hvað sem nú annars er gert í þessum málum, þá hlýtur af orsökum ófriðarins að draga úr og nálega taka fyrir byggingar.

Þetta er þá það ástand hér í bænum, og ég býst við líka viðar á landinu, sem liggur til grundvallar þeirri þáttill., sem hér er horin fram á þskj. 216. Hér er stétt, sem löggjafarvaldið áreiðanlega verður að líta til, og það náttúrlega ekki síður fyrir það, að beinlínis opinberar ráðstafanir hafa átt sinn verulega þátt í þeim örðugleikum, sem þessi stétt er nú komin í. Og án þess að ég ætli að fara að gefa mönnum nokkurn vitnisburð um framferði í þjóðfélaginu, þá held ég, að maður geti sagt, að þessir iðnaðarmenn hafi ekki kvartað vonum fyrr, þótt þeir nú komi til þingsins og óski, að það líðsinni þeim nokkuð í þessu efni. Ef svo er lítið á það, hvað farið er fram á í þessari þáttill., þá sjá menn, að þar er hvorki farið fram á beinan eða óbeinan styrk til þessara stétta. Það er t. d. ekki farið fram á það, að ráðið sé í einhverjar stórkostlegar opinberar framkvæmdir á þessu sviði. Það hefir þó verið gert að nokkru leyti, t. d. fyrir þá bændur, sem

hafa orðið fyrir þyngstum búsfjum af völdum mæðiveikinnar; og það hefir verið hlyllt til þess að hafa nokkuð miklar opinberar framkvæmdir á mæðiveikisvæðunum, til þess að vinna við þær gæti að einhverju leyti létt undir með þeim mönnum, sem hafa orðið harðast úti og misst bústofn sinn.

Það hefir verið farið fram á það til handa þeim, sem hafa haft atvinnu við saltfisksveiðar, að skip yrðu gerð út til að veita þessum mönnum atvinnu, þó að fyrirsjáanlegt tap yrði af þeirri útgerð. Það má alltaf hlusta á slíkar raddir. En í þessari till. er ekki farið fram á neitt slíkt, heldur eingöngu það, að hið opinbera leitist ekki við að bæta með sinum aðgerðum ofan á þau vandræði, sem það almenna ástand skapar.

Um það er getið í grg., að það komi niður á fleirum en þeim faglarðu mönnum, hvað mikið hefir dregið úr byggingariðnaðinum í Reykjavík. Í sambandi við byggingarnar er margskonar vinna fyrir ýmsa aðra, t. d. bifreiðarstjóra og bifreiðaeigendur við margskonar flutninga vegna bygginganna, og ýmskonar aðra aðstoð, sem ekki þarf faglarða menn til, fyrir nú utan sjálfa byggingarverkamennina. Þessir menn verða því fyrir stórkostlegum atvinnumissi, en þeim er það að miklu leyti bætt upp með því mikla verkefni, sem nú stendur yfir í sambandi við hitaveituna. Þar skapast a. m. k. í svipinn veruleg atvinna, sem léttir undir með ófaglarðum mönnum.

Ég held, að ég kæri mig svo ekki að fara um þetta fleiri orðum að svo komnu máli. Málið er í raun og veru ákaflega ljóst. Það, sem farið er fram á, er í þremur liðum. Fyrst er það, að ekki verði gerðar ráðstafanir til þess að hindra það, að menn reisi ný hús í Reykjavík. Það er auðvitað, að hér er ekki farið fram á neinn háska, því að svo miklir örðugleikar eru nú á því að fá byggingarefni, að það er út úr hugum allra að láta sér detta í hug að reisa ný hús. Ég þekki þetta betur af því, að ég hefi verið viðriðinn byggingu á einu stóru húsi, sem nú er verið að reisa, en það er háskólabyggingin. Það er nú svo orðið með verðlag á öllu, að maður næstum því kviðir hverjum degi, að eitthvað kunni að þjóta svo upp úr öllu valdi, að gefast verði upp, þó að húsið sé nú í burðarliðnum. Slíkt ástand hlýtur náttúrlega að koma í veg fyrir, að menn geti reist sér hús eins og nú er. En ef einhver skyldi vilja gera það, hvort sem það væri af því að hann væri peningamaður eða hann af einhverjum öðrum ástæðum vildi reisa nýtt hús, þá er farið fram á, að opinberar ráðstafanir verði ekki gerðar til þess að hindra það, sérstaklega vegna þess, að þessi stórkostlega hækkun á byggingarefni stafar í raun og veru ekki nema að nokkru leyti af hækkun verði, heldur að mjög verulegu leyti af hinum gifurlega flutningskostnaði, sem gæti verið, að eitthvað væri hægt að komast í kringum, þannig að það gæti orðið gjaldeyrinum að minni byrði. Þessi fyrsti liður er hálfgerður hégómi, því að hætt er við, að þetta yrði byggingariðnaðarmönnum að litlu liði, vegna þess hvað verð á byggingarefni er hátt.

Annar liðurinn er í raun og veru aðalefni till. en það eru þær ráðstafanir, sem iðnaðarmenn fara sérstaklega fram á, að verði gerðar, en það er, að innflutnings- og gjaldeyrishöftum verði þannig beitt, að jafnan gæti verið til hér á staðnum sem allra flest og helzt allt, sem þarf til þess að framkvæma aðgerðir á húsum. Þessi tegund atvinnu faglærðra manna er að því leyti hentugri en nýbyggingar, að þar fer hlutfallslega miklu minna til efniskaupa, en aftur meira í vinnulaun heldur en við nýbyggingar. Þá er einnig farið fram á, að þær verzlunar, sem verzlara með þessi byggingarefni, fái að vera eins frjálsar með það og mögulegt er, því að þau ákaflega ströngu höft, sem eru í sambandi við sement og timbur, næstum hindra verzlun innanlands með þessi efni.

Þá er þriðji liðurinn. Það er vitanlegt, að þótt stjórnin greiði eftir því sem mögulegt er fyrir framgangi þessara tveggja fyrrnefndu liða, þá verður samt sem áður mikill hörgull á vinnu fyrir þessa byggingariðnaðarmenn. Því er farið fram á það í þriðja liðnum, að stj. í þeim framkvæmdum, sem hún lætur ráðast í, leitist við að nota þennan faglærða vinnukraft, eftir því sem hún telur fært.

Ég held, að hv. þm. hljóti bæði að viðurkenna þá þörf, sem hér er fyrir hendi, og eins, að hér er reynt að fara eins lipurlega og kurteislega í sakirnar í öllum kröfum og frekast er mögulegt.

Ég ætla ekki fyrirfram að gera ráð fyrir andstöðu gegn þessu máli, því að ég hygg, að stj. muni taka vel í svona hóflega fram bornar kröfur.

Af því að þetta mál liggur mjög ljóst fyrir og eins af því, að þótt það verði samþ., þá verður það að verulegu leyti í höndum stj., sé ég ekki ástæðu til, að það fari til n., einnig af því að miklir örðugleikar eru á að koma málum í gegnum n., og nú eru síðustu dagar þingsins. Ég legg því til, að málið fái afgreiðslu nefndarlaus, þótt ég geri það ekki að neinu aðalatriði.

**\*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég held, að rétt sé, að ég geri nú við umr. litilsháttar yfirlit um byggingarefnamálið, þ. e. a. s. innflutning á byggingarefnum, og þá sérstaklega til Reykjavíkur, frá því rétt áður en stríðið skall á og eftir að það skall á, til þess að í sambandi við meðferð málsins komi fram upplýsingar um, hvernig hefir verið ástatt í þessu efni og hvað gert hefir verið.

Hv. frsm. gat um það í ræðu sinni, að í júní og júlí f. á. hefði verið byrjað að draga úr nýbyggingum, svo að verulegt atvinnuleysi hefði verið í byggingariðnaðinum síðasta sumar. Ég hygg, að hv. þm. eigi við það, að síðasta sumar, þegar gefinn var út síðari hluti byggingarefnaleyfa fyrir Reykjavík, var svo kveðið á, að menn seldu ekki byggingarefni til nýrra húsa, nema þeir sæju fram á, að þeir gætu afhent byggingarefni til þess að ljúka byggingunum. Þetta var gert með það fyrir augum, að ekki skapaðist það ástand í þessum málum, að hópur húsa stæði hálfsmiðaður og ónothæfur til íbúð-

ar. Þetta var miðað við það, að gjaldeyrisástandið væri svo örðugt, að fyrirsjáanlegt væri, að erfitt yrði að sjá fyrir byggingarefni til þess að ljúka öllum þeim húsum, sem menn óskuðu að geta byggt. Ég vil ekki neita því, að þessar ráðstafanir kunna eitthvað að hafa dregið úr nýbyggingum í Reykjavík 1939, en ég vil taka fram, að eftir þeim upplýsingum, sem mér hafa verið gefnar í þessu efni, hefir alls ekki verið síðasta sumar tilfinnanlegt atvinnuleysi hjá byggingarverkamönnum eða byggingariðnaðarmönnum í Reykjavík, svo að ég held, að ofmælt sé að halda fram, að þessar ráðstafanir hafi orðið til þess að skapa slíkt ástand, en hafi það dregið úr byggingum, þá er það ekki af illvilja til byggingarmanna, heldur af hinu, að þeir, sem um þessi mál hafa fjallað, hafa litið svo á eftir nána ihugun, að ekki væri hægt vegna gjaldeyrisástandsins að flytja inn allt það efni, sem menn hefðu óskað eftir að fá.

Þegar stjórnin skall á 1. sept., var eins og venjulega á haustin litið til af byggingarefni í landinu, því að menn keppast við að ljúka húsum sínum af fyrir 1. okt., og er því venjulega mjög gengið til þurrðar það byggingarefni, sem fyrirleggjandi er. Þá var alveg óvist, hvernig takast mundi að útvega byggingarefni, og ennþá óvissara, hvernig gjaldeyrisástandið mundi verða. Þá sóttu byggingarefnakaupmenn um að fá að kaupa nokkurt byggingarefni, sem þeir gætu náð með nærri því óbreyttu innkaupsverði og flutt inn fyrir samilegt verð, og það varð að ráði, að leyfa innflutning á þessu efni, sem þeir gátu þá náð í, en jafnframt var tekið fram, að þetta byggingarefni yrði flutt inn upp í þann byggingarefnakvóta, sem menn teldu fært 1940. Nú kom til álita, hvernig með þetta byggingarefni skyldi farið og hversu frjálst það skyldi vera. Þá lá sú hætta fyrir, að ef það yrði algerlega frjálst, þá færu menn að byggja þau húsi, sem þeir vildu, sem svo stæðu hálfsmiðuð án þess að nokkur möguleiki væri á að ljúka við þau, og það sem verra var, að þetta yrði til þess, að ekki yrði hægt að útvega byggingarefni til þess að viðhalda húsum, en það er ljóst og um það eru allir sammála, að fyrst eigi að hugsa um að útvega byggingarefni til viðhalds og endurbóta, og fyrst eftir að séð hefir verið fyrir þeirri þörf, megi fara að hugsa um að reisa ný húsi. Þegar þessi leyfi voru gefin út í haust, var það gert með því skilorði, að ekki skyldu afhent byggingarefni til nýrra bygginga nema með samþykki ráðun. Nú er þetta byggingarefnamál til áframhaldandi athugunar hjá gjaldeyrisnefnd og stj., og hafa verið teknar ákvarðanir í gjaldeyrisnefnd fyrir nokkru, að veita á þessu ári byggingarefnaleyfi upp á 1272 þús. kr. og þar í innifalin þau leyfi, sem gefin voru út í haust, eins og ég gat áðan um. Ef maður ber þetta saman við ástandið á síðasta ári, þá er þetta allt að því jafnhátt og það, sem úthlutað var á árinu 1939 til þessara sömu aðila, en það var 1375 þús. kr. Nú gefa byggingarefnaverzlunar þær upplýsingar, að verðlag allt að meðtaldri fragt muni hækka um 100%, svo að það mætti gera ráð

fyrir, ef það stæði óbreytt, að fyrir þessa upphæð fengist allt að því helmingur af því byggingarefni, sem inn fluttist árið 1939, og því ætti að vera óhætt að vona, að þessi upphæð gæti nægt til þess að kaupa byggingarefni a. m. k. til viðhalds og endurbóta, og mun verða unnið að því, að verzlarnirnar noti þetta efni með það fyrir augum.

Nú vil ég benda á, að þetta er orðið mikið vandamál, ekki aðeins frá sjónarmiði byggingariðnaðarmanna, heldur almennt vandamál, þegar það kemur í ljós, að það, sem borga þarf út úr landinu fyrir byggingarefni, er strax í janúar 100% herra en í fyrra, og mér leikur grunur á, að muni hækka verulega síðar. Þetta þarf allt að borga í erlendum gjaldeyri, því að okkar floti hefir nóg að gera að flytja annað en byggingarefni, svo að hann hefir ekkert afgangs fyrir byggingarefni, svo að eftir því sem við flytjum meira af því, þarf að leigja meira af aukaskipum annarstaðar frá og greiða fyrir þau í erlendum gjaldeyri. Menn hafa verið að gera sér vonir um, að þessi upphæð kynnji að nægja til viðhalds og endurbóta, en það verður reynslan að leiða í ljós. Nú bætist hér við erfiðleikana að borga svo stórum hækkuðu verði hverja einingu af byggingarefni, sem til landsins er flutt, að svo erflitt hefir verið að fá leigð skip til þessara flutninga, að til vandræða horfir, og það stórkostlega. Mér er kunnugt um, að sumir aðilar hafa lengi verið að reyna að fá skip til að flytja byggingarefni, sem þeir hafa haft leyfi til að flytja inn, en án árangurs. Þegar ástandið er svona, annarsvegar þessi mikla hækkan á innkaupsverði og flutningsgjöldum og þessi mikla óvissa um gjaldeyrisástandið og þær óskaplegu kröfur um innkaup á öllum vörum, — ég skal nefna sem dæmi, að það kostar nú um 600—700 þús. kr. að leigja skip með einn oliufarm, og þarf að greiða allt út í hönd eins og flestar nauðsynjar nú, — og svo þegar þar á bætist þessi mikla óvissa um sjálfan flutninginn, þá verð ég að segja, að við verðum nauðbeygðir til að viðhafa varúð í þessum málum og setja enn sem komið er þau skilorð, að það byggingarefni, sem inn er hægt að flytja, verði ekki notað til nýbygginga, fyrr en séð er fyrir því, sem afla þarf til viðhalds og endurbóta.

Þetta er þá í sem stytztu máli það, sem gerzi hefir í þessu efni. Horfurnar eru með öllu óvissar, en þær geta því miður á engan hátt kallazt glæsilegar.

Þá komum við að því atriði, sem ég vil gera almennt að umtalsefni, hvort æskilegt sé, að hér verði framkvæmdar verulegar nýbyggingar eins og nú standa sakir. Nú býst ég við, að frá almennu sjónarmiði verði flestir sammála um, að þjóðhagslega séð sé mjög óhyggilegt að kaupa byggingarefni til stórra muna og byggja ný hús eins og nú standa sakir, því að slík hús hlytu alltaf að verða mylnusteinar um háls eigenda þeirra, og í annan stað er mikill partur af því efni, sem keypt væri til þeirra húsa, algerlega tapað fé, miðað við að nota það til annara hluta, einkanlega til þess að reyna að losa eitthvað um skuldir þjóðarinnar, ef þess

væri nokkur kostur. Og það hljóta allir að vera sammála um, a. m. k. allir hv. alþm., að á svona tímum er æskilegt að leggja í sem allra minnstar framkvæmdir, sem erlendan gjaldeyri þarf til, en reyna heldur að draga að sér höndina sem mest og losna heldur úr skuldum, ef nokkur kostur væri. Þetta býst ég við, að allir séu sammála um. En þá kemur hitt vandamálið, sem óeitanlega er stórt vandamál, en það er það, sem byggingariðnaðarmenn hugsa mest um, og það er ákaflega eðlilegur hlutur, en það er, hvaða ráðstafanir eigi að gera til þess, að þeir, sem hafa haft atvinnu sína við nýbyggingar, en þeir eru fjöldamargir, geti haft eitthvað að að hverfa. Eins og hv. flm. gat um, þá er það kannske ekki nema að litlu leyti fyrir opinberar ráðstafanir, að dregið hefir úr nýbyggingum, heldur er þar mest um að kenna utan að komandi ástandi, sem við fáum engu um ráðið. Ég vil taka fram, að ég tel alveg óhugsandi, að hægt sé að leiða þetta mál alveg hjá sér og sinna í engu málum þeirra manna, sem hér bjða atvinnuhnekkir, heldur verði að fá einhverja lausn, en það finnst mér, að eigi ekki að gera með því, að það opinbera ýti undir nýbyggingar eins og nú standa sakir, heldur eigi að reyna að koma á fót annari atvinnu, eftir því sem möguleikar eru á, sem þessir menn gætu fengið aðgang að, og ég segi það hiklaust sem mína skoðun og legg áherzlu á það, að ég tel miklu skynsamlegra frá þjóðhagslegu sjónarmiði að leggja talsvert á sig til fjáröflunar innan lands í því skyni heldur en það opinbera geri ráðstafanir til þess að auka þyngslin á gjaldeyrinum með því að ýta undir byggingar eins og nú standa sakir. Ég tel vel tímabært og nauðsynlegt, að Alþingi hefði samþ. fjárveitingu í því skyni að koma á fót atvinnu, sem sá hluti manna gæti starfað að, sem vitanlega hlýtur að verða atvinnulaus nú á næsta sumri og sennilega meðan á stríðinu stendur, vegna þess að nýbyggingar falla að miklu leyti niður, því að það hlýtur að verða, að þær falli að miklu leyti niður.

Mér finnst, að þessu máli hafi of litill gaumur verið gefinn hér á þingi. Í sambandi við afgreiðslu fjárl. á nú að gefa stj. heimild til niðurskurðar á ýmsum liðum fjárl., og kann að vera, að hægt sé að gera slíkt að vissu marki, — en gæti ekki verið líka nauðsynlegt fyrir stj. að hafa heimild til að gera ráðstafanir til að auka atvinnu til að veða á móti þeim atvinnumissi, sem hlýtur að koma fram vegna styrjaldarástandsins? Ég vil benda á, að ef framleiðslan getur gengið áfram óhindrað, þá mun mikill hluti þjóðarinnar geta þar séð sér fARBORða, og að sumu leyti kannske fengið eitthvað skárri aðstöðu. Gæti vel farið svo, að þessi hluti þjóðarinnar yrði eitthvað aflögufær til að styðja þá, sem verr yrðu úti, og mér finnst, að það sé eðlileg ályktun af þessu viðhorfi, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að stj. hafi heimild til þess að veita fé til atvinnuaukningar í því skyni. Þetta vil ég leggja áherzlu á einmitt í sambandi við þetta mál. Það er í raun og veru engin lausn frá þjóðhagslegu sjónarmiði að ætla að leysa mál eins og þetta með því að örva

framkvæmdir, sem frá sjónarmiði allra væri í raun og veru æskilegast að mættu bíða. Ætti miklu betur við að minum dómi að reyna í stað þeirrar atvinnu að skapa aðra nýja, og ég vil leggja áherzlu á, að mér finnst, að þessu máli hafi allt of litill gaumur verið gefinn við afgreiðslu fjárl. hér á þingi.

Ég álit, að ómögulegt sé nú að gefa neina ákveðna yfirlýsingu um, hvort hægt verði að afla svo mikils byggingarefnis, að hægt verði að leggja í nýbyggingar. Það mál verður tekið til athugunar í stj. og gjaldeyrisnefnd og teknar ákvarðanir eftir því, sem útlit er fram undan.

Ég lit því svo á, að hér sé um miklu stærra mál að ræða en það, hvort þessi klásúla um innflutning á byggingarefni skuli falla niður eða ekki. Það, sem hér ber sérstaklega að athuga, er það, á hvern hátt best og hagkvæmlegast verði bætt úr því atvinnuleysi, sem kemur til með að stafa af byggingarefnisskortinum. Vegna þeirra hluta vil ég óska þess, að málinu verði vísað til nefndar til frekari athugunar.

**\*Flm. (Magnús Jónsson):** Hæstv. viðskmrh. játaði, að með síðari byggingarefniskvóta 1939 hefði að mestu tekið fyrir byggingu nýrra húsa hér í Reykjavík, og hann játaði enn fremur, að nokkuð hefði dregið út atvinnu í byggingariðnaðinum, en hélt þó, að atvinnuleysið væri ekki tilfinnanlegt. Ég skal fúslega játa, að um þetta eru ekki til skýrslur ennþá, en það er eitt víst, að hér ríkir mikið atvinnuleysi meðal allra þeirra, sem að byggingum hafa unnið, og því til sönnunar þarf ekki annað en athuga, hvernig hér hefir verið háttáð um byggingar undanfarin haust; fjöldamörg húsa hafa t. d. verið hálfnuð, og á mörgum hefir jafnvel aðeins verið nýbyrjað á. En nú eru aðeins örfáir menn að vinna við háskólann og verkamannabústaðina.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri sama og mylnusteinn væri hengdur um háls þeirra, er byggðu úr jafndýru efni og byggingarefni væri nú. Ég held, að það sé með öllu óþarfi, að óttast það, að menn fari að hengja sig í slíku. Ég býst fastlega við því, að hið háa verð hamli mönnum frá að byggja, og því sé þetta út af fyrir sig óþarfa umbyggja hjá hæstv. ráðh.

Hvað snertir innflutninginn nú, 1272 þús. á móti 1375 þús. í fyrra, vil ég benda á, að mjög mikið af því byggingarefni, sem flutt er inn fyrir þessa upphæð, fer til annars en húsa-bygginga. Þannig fer t. d. mikið í kassa utan um ísfisk, o. fl., o. fl.

Ég get verið sammála ráðh. um, að óráðlegt sé að leggja í byggingu nýrra húsa, svo nokkrur nemi, enda er 1. liður till. orðaður á þann veg, að leyfa innflutning á byggingarefni, svo ekki þurfi að taka fyrir byggingu nýrra húsa vegna skorts á efni. Ég vil benda ráðh. á, að hér segir, „svo ekki þurfi að taka fyrir byggingar nýrra húsa“. Lengra er ekki hægt að ganga með takmarkanir á byggingum, því að einhver ný hús verða að koma.

Mér fannst hæstv. ráðh. tala lítið um 2. lið till. Ég fyrir mitt leyti tel það bestu atvinnu-

bætturnar fyrir þessa menn, ef þeir fá möguleika til þess að halda húsum við, án þess að það útheimti mikið erlent efni.

Mér þótti vænt um það, að hæstv. ráðh. taldi nauðsyn á vera að koma á fót einhverri vinnu fyrir hina atvinnulausu byggingarmenn, en ég saknaði þess, að heyra ekki, hvað hann hafði að leggja til þeirra mála. Eigi hann hér við venjulega atvinnubótavinnu, þá held ég, að slíkt sé neyðarúrræði, sem forðast beri í lengstu lög, en hitt er víst, að á einhvern hátt þarf að útvega þessum mönnum atvinnu, og um allt, sem miðar til þess, er ég fús til samvinnu við ráðh.

Annars fæ ég ekki séð, hvernig nefnd á að geta starfar að þessu máli eins og nú er komið með tíma þingsins. Allshn., sem sennilega myndi fá málið, hefir mjög mikið að gera, og það hafa þm. yfirleitt, svo tími til þess að sinna slíku máli sem þessu er helzt ekki nema á nóttunni. Það, sem ég svo að síðustu legg áherzlu á, er, að till. sé afgr. nú. Hinsvegar er allt með þökkum þegið, sem stj. vill bæta við hana og verða má til hins betra fyrir þá stétt manna, sem hér á hlut að máli.

**\*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagt, að hús þau, sem byggð yrðu hér eftir, hlýtu að verða svo dýr, að þau yrðu mylnusteinn um háls þeirra, sem létu byggja þau. Út af þessum ummælum minum dró hv. þm. þá ályktun, að það væri með öllu óþarft að vera með takmarkanir á innflutningi byggingarefnis. Dýrleiki vörunnar myndi verða nægileg takmörkun. Þetta er ég ekki viss um, að sé rétt ályktun hjá hv. þm., og því vil ég undirstrika það, að rétt sé að miða þær ráðstafanir, sem gerðar verða um innflutning byggingarefnis, við það, að nægilegt efni verði flutt inn til þess að viðhalda og lagfæra þau hús, sem þegar hafa verið byggð.

Þá vil ég taka það fram, að tölur þær um innflutning byggingarefnis, er ég nefndi, eru miðaðar við það efni, sem verzlarnir fengu að flytja inn. Þar fyrir utan er því allt efni í kassa og efni til iðnaðarvinnu. Við úthlutun byggingarefnisleyfanna er sjálfsagt að taka tillit til þess og athuga, hvort ein eða fleiri greinar iðnaðarins vaxa umfram aðrar vegna ófriðarástandsins.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að ég hefði lagt áherzlu á, að sjá þyrfti mönnum þeim, er atvinnulausir verða í byggingariðnaðinum, fyrir nýrri atvinnu, en ég hefði ekki bent á neitt til úrbóta. Hér skilst mér, að við séum sammála. Ég legg áherzlu á, að það sé athugað mjög gaumgæfilega, hvað helzt sé tiltækilegast að gera til þess að létta undir með þeim, sem hér verða hart úti.

Hv. þm. taldi, að síðast af öllu ætti að fara út á þá braut að láta mennina fá atvinnubótavinnu. Það væri neyðarúrræði. Þetta má vel vera rétt hjá hv. þm., en eitthvað verður að gera, þar sem óhugsandi er með öllu, að allir hinir faglærðu byggingamenn geti fengið atvinnu áfram við byggingar. Það, sem ég hefði getað hugsað mér, að þeir yrðu látnir gera,

er t. d. að vinna að undirbúningi nýbýlabbyggða o. fl. Þetta vil ég láta athuga í nefnd, og því hefi ég lagt til, að málinu verði vísað til nefndar, svo að það geti fengið nokkra athugun. Það vill nú svo vel til, að hv. 1. flm. þessa máls á sjálfur sæti í nefnd þeirri, sem málið fær til meðferðar, svo fremi sem því verður vísað til n. Honum er því innan handar að reka á eftir því, að nefndin afgr. málið frá sér sem fyrst.

Annars verð ég að segja það, að ég tel ekkert við það að athuga, þó að þingið yrði t. d. að sitja 2—3 dögum lengur en ella vegna þessa máls. Hér er um stórt mál að ræða, sem leysa þarf í heild, en ekki að einhverju leyti.

**\*Flm. (Magnús Jónsson):** Út af síðustu orðum hæstv. ráðh. skal ég taka það fram, að ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að málið fari til nefndar, úr því að ráðh. telur ekki eftir, þó að þingið yrði að sitja eitthvað lengur fyrir það eitt.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 25:2 atkv.

Á 20. fundi í Sp., 18. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 216, n. 484).

**\*Frsm. (Magnús Jónsson):** Þar sem hv. allshn. Sp. hefir orðið sammála um að afgr. till. með brtt. þeirri, er tilgreind er á þskj. 484, og þar sem ég hefi ekki ástæðu til að halda, að hæstv. viðskmrh. sé till. andvígur, spara ég mér langar umr. um málið. Brtt. er fólgin í því, að till. er orðuð á annan veg, þannig, að 2. liður, sem ég taldi þýðingarmestan og fjallar um það, að jafnan skuli vera til byggingarefni til viðhalds húsa, til verkstæðisvinnu o. s. frv., er settur fremst, en það, sem snertir byggingu nýrra húsa, er sett sem viðbót. Að öðru leyti er allt líkt og var, þó að till. sé orðuð nokkru varlegar en áður. En ég tel það ekki skipta verulegu máli. Aðalatriðið er, að hv. Alþ. láti í ljós vilja sinn í þessu efni.

Ég legg áherzlu á, að reynt sé að láta jafnan vera til svo mikið af þessu efni sem hægt er, og svo fjölbreytt, að iðnaðarmenn geti jafnan leyst af hendi nauðsynlegar viðgerðir á húsum, þó að ástandið sé nú orðið nokkru dekkra en var, þegar þáltill. var flutt.

**\*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég get fyrir mitt leyti fallið á þessa till. eins og hún er afgr. frá hv. allshn., en ég vildi taka það fram um leið og málið er tekið fyrir, að útlitið hefir nú versnað allmikið við atburðina á Norðurlöndum, en nær allt byggingarefni, sem hér var notað, var fengið frá Norðurlöndum. Menn höfðu verið að gera ráðstafanir til þess undanfarið að fá þaðan byggingarefni út á leyfi, er fengizt höfðu. Nú fæst ekkert út á þau leyfi, og óútséð er, hvort hægt er að fá t. d. sement frá Bretlandi. Það er því óvíst, að hægt sé að afla byggingarefnis til viðgerða, hvað þá til nýbygginga. Ríkisstj. mun þó fylgjast með möguleikum í þessu

efni. En jafnframt því, að erfiðleikar aukast um að ná í byggingarefni, hafa fjárhagsörðugleikar versnað, því að nú er norðurlandamarkaðurinn horfinn fyrir okkar beztu markaðsvörur. Í fyrra seldum við þangað fyrir 20—30 millj. kr. Útlitið er því enn iskyggilegra en það var áður, en þó er sjálfsagt að fylgjast með möguleikum í þessu efni og greiða fyrir málinu eftir föngum.

**\*Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Eins og hv. 1. flm. sagði, þá eru brtt. allshn. til að draga úr því, að till. nái tilgangi sínum, og álit ég þær mjög óheppilegar. Mér finnst, að það ætti eindregið að vinna að því að bæta þau vandræði, sem byggingarmenn eru nú komnir í vegna innflutningserfiðleika á byggingarefni. Ég mun greiða atkv. móti brtt. n., en með tillgr. eins og hún var orðuð upphaflega. Ég treysti því, að ríkisstj. muni samt sem áður álita það skyldu sína að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að innflutningur fái st. á byggingarefni, og láta byggingamenn njóta þess réttar, sem þeir eiga heimtingu á. Jafnvel þó að 2. liður í brtt. sé ekki eins vel orðaður og æskilegt væri, mun hann verða í framkvæmdinni þannig, að fag-lærðir iðnaðarmenn verði notaðir við alla þá vinnu, sem ríkið lætur framkvæma.

**\*Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil f. h. okkar flm. þakka hæstv. ráðh. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál, og hefir það meira að segja um gagnsemi till. en þó að hún sé orðuð eins og nú eða breytt að því leyti.

Viðvíkjandi því, sem hv. 5. þm. Reykvíkinga sagði, er raunverulega enginn munur á brtt. og till. okkar upphaflega. Þar segir í 2. lið „að sjá svo um, að jafnan geti verið til nægilegt efni til viðhalds á húsum.“ Eins og till. er samkv. brtt., er hún aðeins áskorun til ríkisstj. að láta þessar vörur vera til í landinu. En ég sakna þess, sem upphaflega var skýrt fram tekið í till., að frjáls sala verði á þessu efni. Þó sakna ég þessa atriðis ekki eins mikið vegna þess, að ríkisstj. þykir nauðsynlegt að setja reglur til þess að tryggja það, að efni, sem flutt er inn, verði aðeins notað til viðgerðar á gömlum húsum, en ekki til að reisa ný. Eins og ég hefi áður sagt, er allt undir því komið, hvernig undirtektir málið fær hjá ríkisstj. Svo lengi sem siglingar haldast til Englands og Ameríku, munum við geta fengið allar okkar nauðsynjar, ef við aðeins hefðum einhvern gjaldeyri. Það er þess vegna gjaldeyrisástandið, sem gerir okkar erfitt um allar framkvæmdir.

ATKVGR.

Brtt. 484 (ný tillgr.) samþ. með 32:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 514).

**11. Hlutfjáreignir í Útvegsbankanum.**

Á 15. fundi í Sp., 8. apríl, var útbýtt:  
Till. til þál. um hlutfjáreignir í Útvegsbanka Íslands h/f (A. 399).

Á 19. fundi í Sp., 17. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sp., 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sp., 22. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

**\*Flm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Ég hefi leyft mér að hreyfa þessu máli enn að nýju, og í þetta sinn á þann hátt að bera fram þáttill. á þskj. 399. Flestöllum hv. þm. er málið kunnugt, því að ég hefi tvisvar flutt frv. um leiðir til þess að leiðrétta það, sem mér og mörgum öðrum þykir ábótavant við þessa hlutfjáreign, sem um ræðir. Hún hefir orðið til fyrir atvik, sem ekki þarf að rifja upp fyrir þm. og ég veit, að þeir viðurkenna skyldu þjóðarinnar til að bæta úr. Það skal ég játa, að þótt ég þykist hafa komið auga á leiðir til þess, getur vel verið, að aðrir geti fundið þær heppilegri en ég hefi getað bent á. Því ber ég fram þessa till. um, að Alþingi felji ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hversu mikið af fé því, sem inni stóð í Íslandsbanka í sparissjóði og á innlánskírteinum, hafi verið gert að hlutafé í Útvegsbanka Íslands, og hvort kleift sé að bæta aðstöðu þeirra hlutabréfaeigenda, sem hafa af þessum ástæðum eignast hluti í þeim banka. Niðurstaða rannsóknarinnar verði síðan lögð fyrir næsta þing.

Það er kunnugt, að þetta fólk, sem á hlutféð og átti sparifjáreignirnar á sínum tíma, hefir þess engin not. Útvegsbankinn tekur ekki hlutabréf þessi gild sem trygging fyrir lánum. Fé þetta er því algerlega bundið, ef ekki tapað. Margt af þessu fólki voru smá-sparifjáreigendur, og nú er það flest orðið aldurhniðið og má sannarlega illa við því að missa þannig í raun og veru eign sína, einkum á tímum eins og nú eru. Það hefir sparað þetta til þess að grípa til, þegar sjúkdómar eða elli þrængdu að. Annars eru í grg. till. færð að þessu rök, og önnur ýtarlegri má sjá í umr. fyrri þinga um málið og í Alþt. 1934, á þskj. 289. Það er ekki fullreynt, hvort hægt væri að fara lagaleiðina til að rétta að einhverju leyti hluta þessa fólks. Ég efast um, að það sé hægt. Til þess nægir ekki ætíð hinn siðferðislegi réttur. En sá réttur er hér óvenju sterkur. Þetta er fólk, sem á neyðartímum stofnunarinnar lagði fúslega fram fé sitt til að koma fótum undir nýja bankastofnun og hlóð þannig um leið undir þá, sem sýndu minni þegnskap og drógu fé sitt allt út úr bankanum. Greiðsluskuldán á þessu fé hvílir á þjóðinni allri. — Ég get látið útrætt um málið, nema annað tilefni gefist, og vona, að hv. þm. geti

fallizt á að fela hæstv. ríkisstjórn þá rannsókn og ihugun, sem hér er farið fram á.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 533).

**12. Þegnskylduvinna.**

Á deildafundum 15. apríl var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um undirbúning þjóðaratkvæðagreiðslu um þegnskylduvinna (A. 451).

Á 19. fundi í Sp., 17. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sp., 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sp., 22. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

**\*Pétur Ottesen:** Með þessari þáttill. höfum við þrír þm., sem flytjum hana, viljað koma nýrri hreyfingu á þetta mál. Okkur hefir litizt svo á, að sjálfsagðasta leiðin til þess, að allur almenningur taki það til umræðu og geti myndað sér um það rökstuddar skoðanir, sé sú, að ríkisstj. taki nú þegar að sér undirbúning þess og leggi fyrir næsta Alþingi ákveðnar till. í frumvarpsformi, enda sé miðað við það, að þjóðaratkvgr. geti farið fram um málið við næstu reglulegar kosningar til Alþingis, á árinu 1941. Við litum svo á, að það hafi orðið málinu mjög til tjóns, að hingað til hefir legið í lausu lofti, hvornig framkvæmd þessarar þegnskylduvinnu yrði hagað. Það átti vafalaust sinn þátt í þeirri niðurstöðu, sem varð við þjóðaratkvgr. um málið við þingkosningar 1916, er aðeins lítill hluti kjósenda lýsti sig fylgjandi þegnskylduvinnu. Menn gerðu sér svo mjög rangar hugmyndir um málið, að enn eru þær því til hindrunar. En frá þeim tíma hafa orðið djúptækar breyt. í þjóðfélagi okkar, og ein afleiðing þeirra er aukin nauðsyn þegnskylduvinunnar í einhverri mynd. Þessi till. er ekki um annað en að fela ríkisstj. undirbúning málsins og að leggja síðan till. um það fyrir Alþingi. Fyrst að því loknu kemur að framkvæmdum. Annars fer nú hugmyndin að verða býsna gömul og þekkt af afspurn hér á landi. Á Alþingi 1903 flutti þáv. þm. Húnv. Hermann Jónasson á Þingeyrum, tillögu í 4 liðum um þegnskylduvinna, þar sem dregin voru fram ýmis atriði, er snertu hana. Um svo stórt mál var ekkert að undra, þótt árin liðu án þess að það næði framgöngu. En hugmyndin féll engan veginn niður. Þrem snum síðan hafa komið till. í þá átt hér á Alþingi. Í þessu sambandi vil ég minna á tillögur, sem Björgvin sýslumaður Vigfússon í Rangárvallasýslu er höf-



Pegnskylduvinna. — Millíþingan. um gjaldeyrismál og innflutningshömlur. — Vegagerð.

undur að, þar sem gert var ráð fyrir skóla, er nemendur sæktu þannig, að þeir ynnu sjálfir af sér skólagjaldið. Þá flutti hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) fyrir fjórum árum þáttill. í svipaða átt. Og á fyrra þinginu 1937 var fyrst flutt frv. um vinnuskóla. Gekki þetta allt saman í sömu átt og stefnt er með till. okkar.

Það er vitað, að eftir því, sem timar hafa liðið, hefir meira og meira vandræðaástand skapast hér í bæjunum, þar sem yngri sem eldri menn hafa gengið atvinnulausir og ekki haft nokkurt verkefni svo og svo mikinn hluta ársins. Eitthvað verður að gera í þeim málum. Þetta hefir m. a. orðið til að ýta undir þessa hugmynd, sem hefir verið vakandi með þjóðinni undanfarna áratugi.

Þegnskylduvinnan ætti að geta orðið grundvöllur undir það, að menn verði færir um að standa fyrir ýmsum framkvæmdum, um leið og hún á að bæta úr því mikla atvinnuleysi, sem nú ríkir í kaupstöðum landsins, og yfirleitt við sjáv-arsíðuna. Þegnskylduvinnan ætti að geta orðið til þess að hrinda í framkvæmd ýmsum nauðsynlegum verkefnum í landinu, um leið og hún kennir fólki margvislega vinnu, sem er vitanlega ákaflega hollur lærdómur fyrir fólk, sem er að ganga út í lífið. Við flm. viljum vænta þess, að Alþ. vilji fallast á að greiða götu málsins einmitt á þann hátt, sem hér er lagt til.

Það er álit okkar flm., að með því að fara svona að, sé þetta mál í raun og veru vel og rækilega undirbúið og að almenningur í landinu geti frekar eftir en áður tekið afstöðu til málsins, ef það yrði lagt undir atkvgr. við kosningar árið 1941.

Mér þykir ekki ástæða til þess að láta fleiri orð falla um þessa till., en vil vænta þess, að málið fái góðar undirtektir Alþ. nú. Við flm. erum sannfærðir um, að fyrir hendi er það mikill skilningur á þýðingu og gildi þessa málefnis, að mikilsvert sé, að það verði vel undirbúið fyrir næstu kosningar. Við erum einnig sannfærðir um það, að því verði fullkominn gaumur gefinn, þegar til þess kemur, að menn fá tækifæri til að segja álit sitt um það.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 25:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 534).

### 13. Millíþinganefnd um gjaldeyrismál og innflutningshömlur.

Á deildafundum 22. apríl var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um skipun millíþinganefnar til að endurskoða löggjöfina um gjaldeyrismál og innflutningshömlur (A. 541).

Á 22. fundi í Sp., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

\*Flm. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki fjölyrða um þessa þáttill., því að hún er í raun og veru Alpt. 1940. D. (55. löggjafarþing).

ávöxtur af samkomulagstilraunum um það mál, sem hér var ræðir, og geri ég því ráð fyrir, að hún sigli í gegn hér á þingi nokkurnveginn andmælalítið. Eins og allir sjá, gengur till. aðeins út á það, að Alþ. kjósi þriggja manna n., sem rannsaki þetta erfiða ágreiningsmál, sem hefir verið á milli flokkanna um gjaldeyris- og innflutningshömlur og rannsaki, hvaða nauður knýi til þess að hafa slíkar ráðstafanir og hvernig ástandið þurfi að vera til þess að fært sé að afnema þær verzlunarhömlur, sem nú eru, með öllu. Það er raunverulega með þessari þáttill. ekki farið fram á annað en það, að þessi þriggja manna n. rannsaki mál, sem var yfirlýst stefnumál þeirrar stj., sem nú er við völd, þegar hún tók við völdum, því að því var þá lýst yfir, að unnið skyldi að því að greiða úr þessum málum og höftunum yfirleitt.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Það eiga að fara fram 2 umr. um málið, og vil ég mælast til þess, að því verði nú þegar vísað til síðari umr., og leyfi mér að vænta þess, að forseti sjái til þess, að það komi strax fyrir aftur. Þar eð samkomulag hefir orðið um málið, sé ég ekki ástæðu til þess að vísa því til n.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29:1 atkv.

Á 23. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.  
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 25:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 576).

### 14. Vegagerð milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins.

Á deildafundum 19. marz var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um vegagerð milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins (A. 166).

Á 8. fundi í Sp., 20. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. og 12. fundi í Sp., 1. og 3. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sp., 12. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

\*Flm. (Eiríkur Einarsson): Þegar rætt er um verklegar framkvæmdir og önnur þróunarmál nú á tímum, er jafnan vonast eftir, að þau störf verði látin ganga á undan, sem hægt sé að inna

af hendi með eigin rammleik þjóðarinnar. Því meira sem þarf af aðkeyptu, erlendu efni við framkvæmdirnar, þess verra er að leggja fram fé til þeirra, sökum gjaldeyrisörðugleika til kaupa á erlendum vörum. Þegar við litum um heima fyrir og athugum, hvað næst þarf að leggja áherzlu á í framfaralám þjóðarinnar, sem verði sem mest í samræmi við þessa meginreglu, þá verða fyrst fyrir okkur beinar framkvæmdir í landbúnaði og vegagerð, þar sem eingöngu atorka landsmanna kemur til greina, en þarf ekki aðkeypt efni. Það vill svo til, þegar maður skyggnist um á þessum vettvangi, hvort vegagerð landsins sé komin í það horf, að henni sé ekki ábótavant, að þá er frá minni sjónarmiði full ástæða til að láta til skarar skriða með endurbót á vegakerfi landsins.

Ég mun nú ekki hafa frekari formála, en snúa mér strax að till. Þeirri, sem ég hefi leyft mér að bera fram um vegamál milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Ég staðhæfi, að ekkert af stórmálum þjóðarinnar, sem hafa verið rædd síðustu áratugi, hafa átt eins erfitt uppráttar að komast til heilsteyptra framkvæmda og þetta mál. Þó stafar þetta ekki af því, að svo lengi hafi dregið að koma því á dagskrá hjá þjóðinni. Það eru milli 40 og 50 ár síðan málið var rætt fyrst. Um 1895, þegar tímaritið „Eimreiðin“ hóf göngu sína, hlaut hún nafn sitt í samræmi við þann framtíðardraum þálfandi hugsjónamanna, að eimreiðin myndi verða samgöngutæki á Íslandi. Þorsteinn Erlingsson sagði þar í hinu þekktu kvæði sínu, hvort við ættum ekki að „brjótast beint“, þó að framtíðarlandið sé fjarri. Þannig voru óskir hugsjónamanna þeirra tíma. Síðan eru liðin mörg ár, og margt hefir verið skrifað og rætt, sem miðar í þessa átt. Ungir áhugamenn með stálvilja hafa komið til landsins, eins og Jón Þorláksson, frá námi sínu erlendis. Þeir hafa haft það sem markmið í framkvæmdum landsins, að bæta samgöngurnar, sérstaklega kringum höfuðstaðinn. Margar greinar voru skrifaðar um þetta, m. a. um hið kunna járnbrautar-mál, óskabarn Jóns Þorlákssonar. Það er kunnugt, hve hann hreif marga með sér með stórhug sínum í þessum málum. En margir urðu til þess að andmæla þessum ráðagerðum Jóns, sérstaklega einn maður, Björn Kristjánsson. Hann hafði ekki trú á járnbrautinni, heldur benti á vel gerða vegi sem beztu lausnina á samgöngumálum þjóðarinnar, og áleit bilvegi hentugasta fyrir Íslendinga. En mjög var hlegið að þessum till. Björns og bent á snjóþyngslin sem óyfirtíganlega hindrun fyrir almennri notkun bíla og byggingu bilvega. Þetta var kallað „þjóðargatið“, en ég hygg, að þeir menn, sem hæst hlógu, hafi síðar fúslegast viðurkennt við nánari athugun þessarar hugsjónir Björns, sem nú eru okkur til ómetanlegs gagns, þrátt fyrir of litlar framkvæmdir á þessu sviði. Eftir öll þessi ár erum við enn skammt á veg komnir. Í staðinn fyrir að „brjótast það beint“, sem var hin upphaflega hugmynd, höfum við farið ótal krókaleiðir, og þess vegna verr farið en skyldi með árangurinn af þessum framkvæmdum. Hin mikilsverða samgönguleið milli Reykjavíkur og

Suðurlandsundirlendisins er nú farin á 3 stöðum, og á hver að vera annar varaleið. Ein er um Hellisheiðina, önnur um Þingvelli og sú þriðja er Krisuvíkurvegurinn. Allir vita um hlutfallið milli þessara vega, sem nú liggja milli Reykjavíkur og Ölfuss. Hellisheiðarvegurinn er 59 km. Þar næst er vegur, sem verið er að gera eða verður gerður á Þingvallaleiðinni, 93,5 km. Krisuvíkurleiðin var upphaflega áætluð 100 km., en verður í framkvæmdinni 99,6 km. Það hefir legið fyrir till. frá vegamálastjóra um að leggja þann veg um Þrengslin, og er sú leið 70 km.; þ. e. a. s. 11 km. lengri heldur en Hellisheiðarvegurinn, 29,6 km. skemmri en Krisuvíkurleiðin og 23,3 km. skemmri en Þingvallaleiðin. Mönnum ber saman um, að eins og Hellisheiðarvegurinn liggur nú, verða þar alltaf miklu meiri snjóþyngsli heldur en bæði á Þingvallaveginum og Krisuvíkurveginum. Vegna þess að Krisuvíkurveginum er ekki enn lokið, er ókunnugt um þær viðsjár, sem verða á þeirri leið. Er óvist, hvort gerlegt sé að leggja hann meðfram Kleifarvatni, þar sem þarf að nota dýnamit og önnur sprengiefni, sem nú eru ófáanleg til landsins. Þegar nú liggur fyrir till. frá vegamálastjóra um fullkominn veg austur yfir fjall, svokölluð Þrengslaleið, þá er þetta sama till. sem fyrst kom fram 1932 og hefir verið á döfinni, síðan byrjað var á Krisuvíkurveginum. Þó að Krisuvíkurleiðin sé 38 km. lengri en Þrengslaleiðin, þá er athugandi kostnaðurinn við vegagerðina á hverja 10 km. Eftir rannsóknum, sem liggja fyrir um þessi atríði málsins, hve hlutföllin eru mikil milli hinna einstöku vega, kemur í ljós, ef miðað væri við, að Hellisheiðarvegurinn væri 100, þá yrði Þrengslaleiðin 119. Þingvallavegurinn 159 og Krisuvíkurvegurinn 169. Þá eru komin fram eftirtektarverð hlutföll á kostnaðinum, og sú leið er ódýrust, sem nú er farin.

Kunnugir menn hafa sagt mér, að ef vegurinn verður lagður um Þrengslin, spari það mjög mikið viðhald á bílum, vegna þess að leiðin sé skemmri. Nú er umferðin geysimikil, og má búast við, að 100 bílar fari þessa leið á dag, og er þá ekki um lítinn sparnað að ræða, sérstaklega þegar hér kemur til greina útlent efni, svo sem gúmmi og benzín. Ég álit þess vegna sjálfsagt að leggja veg þar, sem leiðin er stytzt milli þessara staða.

Það er að visu vísað til þess, og er það eðlilegt, að þetta myndi verða svo dýrt. Það er þó ekki, þegar litið er til þess, að þau ár hafa komið, að lagt hefir verið til vegamála í landinu nálega 2 millj. kr. Þetta er geysihá upphæð, en af öllum þeim merkilegu framkvæmdum í vegamálum Íslendinga, sem margar hverjar eiga mikinn rétt á sér, þá hlýtur þó framtíðarleið milli höfuðstaðarins og Suðurlandsundirlendisins að skipa virðulegan sess.

Það er svo, þegar litið er til vegar eins og Krisuvíkurvegarins, sem er í smíðum, að það mun þegar vera búið að eyða í hann allmiklu fé. Samkv. skýrslum, sem fyrir liggja, þá munu vera komnar í hann 342 þús. kr., og í Ölfusveginn 197 þús. kr. Það er ekki ástæða til að blanda þessum tveimur vegum saman, því annar

er nauðsynlegur byggðavegur, sem á sérstakan tilverurétt, hvað sem hinum líður.

Þó ég hafi verið meðal þeirra manna, sem á undanförunum árum hafa orðið að segja nei við þeirri aths., sem hnýtt hefir verið aftan við atvinnubótastyrkinn, að ákveðinni upphæð skuli varið til Suðurlandsbrautar, Krisuvíkurbrautar, þá vil ég engan veginn segja, að hún eigi ekki rétt á sér. Hún er mikilvæg vegarbót fyrir Hafnarfjörð til Krisuvíkur, þar sem er mikið graslendi, sem getur orðið til nytja fyrir Hafnirðinga. Hún hefir einnig orðið til að hjálpa atvinnulausum Hafnirðingum um atvinnu, þegar ekkert annað hefir verið að gera, og það má ekki gera lítið úr því. Ég vil segja, að ef hið háa Alþ. tæki það ráð, sem ég vona, að það geri, að samþ. þessa till., og það yrði þá tekið til endurnýjaðrar rannsóknar, hvort ekki megi finna skemmri leið, sem reyndist eins örugg, hvort sem það yrði um Þrengslin eða einhver önnur leið, sem væri í svipaðri fjarlægð við höfuðstaðinn, þá gæti sá vegur engu að síður átt rétt á sér. Það eru engu að síður möguleikar til að hafa hann fyrir atvinnubótastarf.

Ég gæti tekið ýmislegt fram, sem er mjög eftirtektarvert, bæði viðvikjandi vegarlengd, kostnaði og umferð, en ég álit, að það eigi ekki við. Ég er hér að óska eftir, að þetta sé tekið til endurnýjaðrar rannsóknar. Það er mitt að biðja um hana, en ekki að gefa í skyn, til hvers hún myndi leiða að lokum, enda þótt fyrri rannsóknir séu búnar að leiða ýmislegt í ljós. Ég vil af hugulesemi við hv. þm. stilla orðum mínum í hóf og lengja ekki mál mitt að óþörfu, en ég vænti þess, að hv. þm. taki það með í reikninginn, að það er ekki meiri firra, sem ég fer fram á, en það, að þegar rétt var síðast um þetta mál, þá lágu fyrir tillögur frá vegamálastjóra landsins um að fara svipað að og ég óska eftir að sé rannsakað nú, hvort ekki megi fara tiltölulega beina leið, sem væri örugg framtíðarvegur milli Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins.

Ég vil að svo mæltu ljúka máli mínu, en ég treysti því, að hið háa Alþ. samþ. þessa till. og láti rannsókn fara fram á þessum leiðum og hagi síðan framkvæmdum eftir því, sem sú rannsókn leiðir í ljós.

**\*Jörundur Brynjólfsson:** Það er nú meir en liðinn venjulegur fundartími, svo ég mun ekki fjölyrða um þetta mál, en hér er um þýðingarmikið stórmál að ræða, svo það getur ekki komið til mála, að Alþ. geri ályktanir um málið að því óathuguðu. Það er því till. mín, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

**\*Flm. (Eiríkur Einarsson):** Ég hefi ekkert að athuga við það, úr því að komin er fram till. um það, að málinu verði vísað til allshn., í trausti þess, að hún leggist ekki á það.

Hv. þm. sagði, að Alþ. gæti ekki gert ályktanir um þetta mál að órannsókuðu máli. Ég er einmitt með till. minni að biðja um rannsókn á þessu mikilvæga máli, en ekki að leggja fram neina rannsókn. Ég hefi sem sé ekkert á móti

því, að málið fari til n., en ég mælist til þess, að það komi þaðan aftur til þingsins.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 21. fundi í Sp., 22. apríl, utan dagskrár, mælti

**\*Eiríkur Einarsson:** Herra forseti! Það er í almæli, að þinglok séu fyrir dyrum og ekki seinna vænna að spyrjast fyrir um mál, sem eru í nefndum. Allsnemma á þinginu bar ég fram till. til þál. um að fela ríkisstj. að endurskoða gerðar rannsóknir um vegarstæði milli Reykjavíkur og Suðurlandsláglandisins, með tilliti til þess, að samgöngur haldist allar árstíðir og vegarlengd verði ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur. Till. var vísað til allshn. samkv. kröfu frá nokkrum hv. þm., sem töldu málið svo stórt, að ekki mætti afgr. það án nefndar. Málið er stórt, en því meiri er nauðsynin á rannsókn, og hér var aðeins farið fram á rannsókn. Hlutverk n. er að greiða fyrir því, en ekki svæfa það. Mér þykir nauðsyn á, að till. komi fram, og vil biðja hæstv. forseta að beina því til hv. allshn., að hún leggi fram álit sitt. Geri hún það ekki, mun það ekki verða talið stafa af varúð, heldur einhverju leyndarmáli gamallar þingsamvizku.

**\*Einar Árnason:** Þessi till., sem hv. þm. spurði um, liggur fyrir allshn. og hefir verið rædd þar á einum fundi. Ég geri ráð fyrir, að hún verði tekin fyrir á næsta fundi nefndarinnar. Um það, hvaða meðferð hún fær þar, get ég ekkert sagt að svo komnu.

Á 23. fundi í Sp., 23. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 166, n. 565).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

**\*Frsn. (Jörundur Brynjólfsson):** Allshn. hefir orðið ásátt um að leggja til, að till. verði samþ. með þeirri breyt., sem lagt er til á þskj. 565, og er það þá efni hennar að skora á ríkisstj. að leggja fyrir næsta Alþingi skýrslu og tillögur um framtíðarskipulag flutningaleiða milli Reykjavíkur og Suðurlandsláglandisins, og enn fremur skýrslur og tillögur um aðrar höfuðsamgönguleiðir jafnóðum og tími vinnst til. Nefndin átti tal um þetta við vegamálastjóra, og er breytingin gerð eftir það viðtal og er niðurstaða þess.

Eins og kunnugt er, hefir verið hreyft nokkrum leiðum milli Reykjavíkur og sveita austan fjalls og gerðar áætlanir um þær, svo sem um Krisuvíkurveg, leið yfir Þingvöll og niður með Sogi, Biskupstungnabraut, veg um Þrengslin, — en aldrei farið fram nægileg athugun á stytztu leiðinni, Hellsheiðarveginum, sem hlýtur líka að verða aðalleiðin yfir sumarið og alla þá stund, sem fært er að vetrinum. Það hefir verið ráðgert að breyta á köflum legu hans, til þess

að meiri líkur væru til, að hann verðist snjóalögum. Enn hefir ekki fengizt yfirlit yfir þá möguleika, sízt ýtarlegt. Fyrir því vildi nefndin, að fram færj athugun á málinu, svo að á verulegum skýrslum og hlutlausri athugun væri að byggja. Jafnframt óskar n. eftir slíkum athugunum á ýmsum leiðum úti um land, eftir því sem vegamálastjóri hefir starfskrafta til að sinna þeim störfum. Vitaskuld er hér ekki til þess ætlazt, að aukinn verði kostnaður vegamálastjórnarinnar fyrir þessar sakir. En ekki skiptir slík athugun litlu. Ég skal taka fram, að í n. hefir kostnað af þessu ekki borið á góma, og skildi ég n. svo, að ekki þyrfti sérstaklega að gera ráð fyrir honum að svo komnu máli. Ég vil því vænta þess, að Alþingi geti fallizt á till. í þeirri mynd, sem n. leggur til, að ríkisstj. vilji sinna málinu á þeim grundvelli, og að hv. flm. geti unað við þá afgreiðslu. Ég vonast til, að með brtt. n., sem hún stendur öll að, sé náð í öllum verulegum atriðum því, sem fyrir honum vakti.

**\*Eiríkur Einarsson:** Ég kann allshn. þakkir fyrir till. hennar um þetta mál. Að visu hefir hún orðað till. mína að ýmsu leyti um, en ég hefi ekki mikið út á það að setja, því að sama takmarkið ætti að nást fyrir því. N. hefir sleppt því úr, að við rannsókn vegarstæðis skuli einkum tekið tillit til þess, hver vegurinn sé stytztur og líklegastur til að verjast snjóum og verða fær allar árstíðir, og finnst mér, að það hefði mátt haldast, en vænti þess, að í framkvæmd

verði þessar höfuðkröfur ekki að vettugi virtar, þótt sleppt sé að minna þarna á þær. Gott eitt er um þá viðbót að segja, að rannsaka skuli leiðir annarstaðar á landinu, jafnóðum og tími vinnst til. Þó að mér þyki þessi rannsóknin brýnust af ástæðum, sem ég hefi áður rakið, eru vegarstæði víða á landinu mikið ihugunarmál og ekki sama, hvernig að er farið. Mér þykir því að öllu leyti betur, að samkomulag skuli hafa náðst í n. um málið, en lokið máliþófi því, sem verið hefir um þetta efni fyrr. Það bendir á, að þingið sé á réttri leið til þess að átta sig sameiginlega á málefnum, en þess þyrfti nú á sem allra flestum sviðum þjóðlífsins. Ég vænti þess, að hæstv, ríkisstj. sinni till. með gaumgæfni, ef hún nær nú samþykki hins háa Alþingis, og láti fram fara þá athugun fyrir næsta reglulegt þing.

Ég skal ekkert fara inn á einstakar leiðir, sem rannsaka þarf, Hellisheiðarleið né aðrar; það á einmitt rannsóknin að færa mönnum heim sanninn um. En ég vil segja það að síðustu, að ég ber þá von í brjósti, að svo skjótt og af svo mikilli alvöru verði snúið að framkvæmdum, að þær ættu að geta bætt að nokkru úr þeirri miklu atvinnuþörf, sem er fyrir dyrum.

ATKVGR.

Brtt. 565 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis. (A. 577).

# Pingsályktunartillaga felld.

## Innflutningur á heimilisnauðsynjum farmanna.

Á 3. fundi í Sp., 27. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um innflutning á heimilisnauðsynjum farmanna (A. 26).

Á 4. fundi í Sp., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sp., 12. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sp., 20. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

\*Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti! Ég ætla ekki að þreyta menn á langri framsögu fyrir þessari þáltill., allra sízt af því að ég þykist vita, að hv. þm. kjósi gjarnan, að það verði nú stuttur fundur.

Ég vil þó taka það sérstaklega fram, að það er náttúrlega nokkur togstreita á milli þeirra, sem sigla til annara landa, bæði á verzlunarflota landsins og á fiskiskipum, og hinna, sem gera skipin út, um þau kjör, sem þessir sjófarendur hafa. Nú sýnist mér, að hægt sé að veita hér nokkur fríðindi þessum sjófarendum, sem ekki geti skaðað neinn mann neitt, í því fölgín að heimila þessum mönnum, eins og í þáltill. greinir, að flytja inn nokkuð til heimilisparfa sinna af varningi, sem þeir í útlöndum geta fengið miklum mun ódýrari, ef þeir kaupa hann erlendis, heldur en ef þeir kaupa hann hér. Ég vil rökstyðja það með nokkrum orðum, að þetta getur ekki þurft nauðsynlega að hafa neinn kostnað eða útgjöld í för með sér fyrir neinn mann. Hér er ætlað til þess, að greidd séu öll gjöld hér í landinu fyrir innflutning á þessum varningi. Og þar af leiðandi getur ekki komið til mála, að ríkið tapi neinu, sem því ber fyrir innflutning almennt. Þvert á móti er mjög líklegt, að ríkissjóður mundi græða fé á því, að þessi þáltill. væri samþ. Því að eins og nú er ástátt kemur það mjög oft fyrir, að það finnst hjá skipsmönnum einhver smávegis varningur, sem þeir hafa ekki fengið leyfi til að flytja inn, og reyna þess vegna að koma inn í landið á bak við tollgæzluna. Þetta

bendir til þess, að eitthvað siast nú inn í landið af vörum án þess að gjöld komi af til ríkissjóðs. En með því að heimila þennan innflutning hygg ég, að fyrir það mundi algerlega taka.

Þetta getur nú verið að einhverju leyti gjaldreyrismál, því að að sjálfsögðu mundi það eitthvað rýmka þær greiðslur, sem farmenn og sjómenn fengju í erlendum gjaldeyri, ef þessi þáltill. verður samþ. En miklu mundi það ekki muna. Einu mennirnir, sem mundu hafa óþægindi af þessu, eru þeir, sem mundu fá innflutning á þessum vörum að öðrum kosti og selja með nokkrum hagnaði hér á landi. Ég hefi minnst á þetta mál við nokkra kaupsýslumenn. Þeir af þeim, sem ég hefi talað við um þetta, hafa sagt, að það væri hreint og beint hlægilegt, ef kaupsýslumenn færu að telja sér nokkurn ógreiða gerðan með svona litilfjörlegum innflutningi.

Þetta mál hefir náttúrlega fleiri hliðar heldur en sem snúa að ríkinu. Það er, eins og ég tók fram áðan, ákaflega rík freisting fyrir farmenn, einkum þá, sem fyrir heimili hafa að sjá, að reyna að koma inn varningi, sem þeir á þennan hátt geta fengið með þærilegra verði heldur en kostur er að fá hér á landi nú. Það er ekkert undarlegt, þó að svo sé. En þegar svo er ástátt, að mönnum er þetta ekki heimilt, þá hafa þessir farmenn ekki annað með þær greiðslur að gera, sem þeir fá í erlendum gjaldeyri, heldur en að eyða því fé í gildaskálum ytra eða reyna að smygla inn vörum fyrir það. Hvorttveggja er ákaflega óviðkunnanlegt. Það er óviðkunnanlegt, að ríkið setji þannig upp hálfgerðan þjófaskóla með því að neyða menn til að pukra með sína eigin eign, eins og menn verða að gera, ef þeir ætla að smeygja einhverju inn á bak við l. Hitt er ekki gott, að fyrirskipa þessum mönnum óbeinlínis að eyða því fé, sem þeir fá greitt í erlendum gjaldeyri, til óparfa. Mér finnst ákaflega ihugunarvert að heyra, að þegar finnst hjá hásetum einhver spjör, sem þeir hafa keypt á fjölskyldu sína fyrir sinn erlenda gjaldeyri, að hún sé þá tekin og þeir stimplaðir sem óráðvandir menn, en maður, sem notað hefir þessa skildinga sína til þess að kaupa áfengi eða til þess að skemmta sér með vændiskonum, er talinn hafa farið ráðvandlega með skildinga sína.

Það er enn ein hlið á þessu máli, að þeir menn, sem sigla á islenzka skipaflotanum til annara landa, eru í raun og veru landvarnar-

Innflutningur á heimilisnaúðsynjum farmanna.

menn okkar Íslendinga í þessu stríði. Þó að þeir beri ekki vopn, eru þeir í raun og veru stríðsmenn okkar, því að þeir sigla á lifshættulegum svæðum og geta, þegar þeir eru í siglingum á svæðinu milli Bretlands og Norðurlanda, búizt við því á hverri stundu, að lifi þeirra sé lokið. Í raun og veru eru því þessir menn sífellt með sverð hangandi yfir höfði sér, og ekki aðeins sínu höfði, heldur einnig þeirra, sem þeir þurfa að veita forsjá. Og virðist mér, að slíkir menn, sem í svona hættu starfa að okkar brýnustu naúðsynjamálum, verðskuldi, að hæstv. Alþ. liti á þeirra störf með þeirri þakk-látssemi og viðurkenningu, að það vilji rétta út sem ég kalla litlafingur til þess að veita þeim einhver hlunnindi eða friðindi og þar með viðurkenna mikilvægi starfs þeirra.

Ég hefi veitt því eftirtekt, og það hefir verið vakin eftirtekt mín á því, að þáttill., eins og hún er orðuð nú, sé ekki alls kostar heppilega orðuð að því er snertir fjárhæð verðs þeirra vara, sem farið er fram á, að þessir menn fái að flytja inn. Það er alveg rétt, sem mér hefir verið bent á, að kaupgjald manna er ákaflega misjafnlega hátt við siglingar, og þess vegna er tæpast rétt að miða við helming kaupsins, þegar svo stendur á t. d., að einstakir menn geta komið upp í 20 þús. kr. í sínum tekjum sem sjófarendur, en aðrir þessara manna fá ekki í slíkar tekjur nema mjög lítið yfir árið. Mjög mikill hluti af hinum óbreyttu hásetum siglir ekki að staðaldri til annara landa. Það er nú svo með togarana og þau skip, sem flytja út kældan fisk, að í þessum ferðum komast miklu færri að heldur en þegar skipin eru á saltfisksveiðum. Og útgerðarfélag hafa lagt sig fram um það, að skipta þessari atvinnu milli manna þeirra, sem mundu hafa haft atvinnu á skipum þeirra, ef þau hefðu verið á saltfisksveiðum. Þar af leiðir, að það er mjög algengt, að þessir menn hver fyrir sig verða að sitja heima aðra eða þriðju hverja ferð. Þeirra uppgrip eru því ekki stórkostleg, þó að þeir fái nokkuð hátt mán-aðarkaup á meðan þeir eru í förum.

Af þessum ástæðum, hve misjafnt menn bera úr þýtum við siglingar til annara landa, hefi ég hugsað mér að bera hér fram brtt. við mína eigin þáttill., þar sem ákveðið er, fyrir hve mikla upphæð hverjum farmanni sé frjálst að flytja inn í hverri ferð til annara landa. Og ég mun leyfa mér að leggja þessa brtt. hér fram fyrir hæstv. forseta.

Að öðru leyti þarf ég hér ekkert fram að taka. Ég vil þó gjarnan drepa á það, að af einstaka manni, sem ég hefi talað við, hefir verið talið, að það mundi nokkrum vandkvæðum bundið að láta fara fram tollskoðun og tollgreiðslur í þeim skipum, sem þessar vörur flytja, vegna innflutnings á þessum vörum. En ég get ekki fallið á, að þetta hafi við rök að styðjast. Ég held þvert á móti, að það sé ákaflega einfaldur og auðgerður hlutur, sem mætti haga þannig, að stýrimaður skipsins hefði skrá yfir allar vörurnar og þeim sé safnað saman öllum á einn stað í skipinu. En ef flytja á allar vörurnar upp á tollstöð, tæki það mjög langan tíma fyrir menn að geta fengið þær afhentar

aftur, og mætti þá oft búast við, að innflytandinn yrði þá farinn úr landi, þegar vörurnar væru lausar látnar, og að það lenti þá á hans fjölskyldu að ná í vörurnar. Sé ég því ekki neina ástæðu til að breyta þáttill. minni að því er þetta atriði snertir.

**Forseti (HG):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. Þarf tvöföld afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 205) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**\*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þessi till. fer fram á það, að Sp. skori á ríkisstj., eins og það er orðað hér, að ákveða, að heimilt sé að flytja inn án afskipta gjaldeyrisnefndar vörur, sein sjófarendur kaupa til heimilisþarfa fyrir allt að helming launa sinna, en samkv. brtt. fyrir 150 kr. fyrir hverja ferð, sem skipin fara milli landa.

Ég vil taka það fram í tilefni af þessari till. og því, sem hv. flm. sagði, að ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að naúðsynjar, sem farmenn hafa keypt erlendis á ferðum sínum, hafa þeir fengið að flytja í land hindrunarlítið, — ég vil ekki segja hindrunarlost, því að verið getur, að fyrir hafi komið, að steinn hafi verið lagður í götu þess, að þær hafi fengið fluttar inn í landið. Ég held því, að ekki sé rétt að tala um, að verið sé að tina af sjómönnum spjarir þær, sem þeir kunna að hafa komið með til landsins.

En það er annað atriði, sem nokkuð hefir verið talað um, en það er, hversu mikið af kaupinu sínu sjómenn skuli fá greitt í erlendum gjaldeyri. Um það hafa staðið yfir samkomulagsumleitani milli fulltrúa sjómanna annarsvegar og hinsvegar útgerðarmanna, bæði á flutningaskipum og togurum. Ég geri mér vonir um, að áður en langt um líður náist samkomulag um þetta atriði, sem er undirstaða þess, hversu mikið sjómenn flytja inn. Utgerðarfélagin hafa staðið í sambandi við ráðun. um þetta, vegna þess að það snertir gjaldeyrisástandið almennt, hversu mikið af kaupinu er greitt í erlendum gjaldeyri. Vona ég, að samkomulag náist, og mun verða reynt að koma til móts við óskir sjómanna um frjálstan innflutning.

Ég vil leggja til, að umr. um þessa till. verði frestað og vísað til allshn. Sp. Annars vil ég taka fram, að það er ákaflega stórt atriði, hversu mikinn hluta af kaupinu sínu sjómenn fá í erlendum gjaldeyri. Það skiptir milljónum. miðað við núverandi gengi, sem greitt er í kaup á skipunum. Sjá þá allir, hversu gifurleg upphæð það er, sem þannig færi út úr landinu, ef stórlega væri aukið við kaupgreiðslur í erlendum gjaldeyri. Það þarf ekki að auka mikið hlutfallslega þá upphæð, sem greidd er í erlendum gjaldeyri, til þess að það verði ákaflega stór upphæð samtals. Þess vegna er þetta kannske stærra mál en menn gera sér grein fyrir.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég get verið því sam-mála að vísa málinu til n.

Það, sem kom mér til að segja hér nokkur orð, var það, að ég vil leiðrétta misskilning, sem komið hefir fram í umr.

Hv. flm. virtist álíta, að sú skipting, sem er á sjómönnum á skipunum, væri miðuð við áhöfn á saltfisksveiðiflotanum, en það er ekki rétt; það er miðuð við isfisksveiðiflotann, og samkv. okkar samþykktum er það þannig, að 12—13 manna áhöfn siglir í hvert skipti. Áhöfnin á isfisksveiðunum er 19 menn, en á saltfisksveiðunum 30—35 menn. Þetta vildi ég láta koma fram, til þess að það valdi ekki misskilningi.

Þráð er ég segja nokkur orð til hæstv. viðskmrh. Hann sagði, að sjómenn hefðu fengið að flytja inn hindrunarlítið, eins og hann orðaði það. Þetta tel ég, að sé ekki rétt, en þýst við, að það stafi frekar af ókunnugleika en að hann hafi viljað fara með rangt mál. — Margir sjómenn, einkum á fiskiflotanum, lita svo á, að þeir séu eins og hundeltir af tolleflirlitinu samkv. skipun frá æðri stöðum. Það er ekki langt síðan ég var staddur uppi í ráðun. og átti þar tal við fulltrúann að skrifstofustjóranum áheyrandi um sjómann, sem hafði flutt inn fataefni, en það var tekið af honum, af því að hann hafði gleymt að gefa það upp við tollþjóninn, að því er hann skýrði frá, og síðan gat hann ekki fengið það aftur sökum þess, að hann þurfti að borga svo mikið fyrir fataefnið umfram toll og sekt. Það eina, sem sjómenn hafa fengið að flytja inn með sér, er leikföng og kannske örfá epli eða eitthvað þessháttar; af öllu öðru hafa þeir orðið að borga toll. Því er ekki hægt að neita, að þeir hafa lítið svo á, að mjög stranglega hafi verið gengið eftir í þessu efni. (Viðskmrh.: Þetta er misskilningur). Enda hefir hæstv. ráðh. gengið mjög röggssamlega fram í þessum málum, en hvort hann hefir gert það að sama skapi gagnvart öðrum þegn-um þjóðfélagsins, skal ég ekki segja um.

Um gjaldeyrinn vil ég segja, að það liggur nær að tala um hann í sambandi við annað mál, sem hér liggur fyrir. Hæstv. ráðh. taldi, að samkomulag mundi fást um þetta mál og gengið yrði til móts við óskir sjómanna, en ég hygg, að sjómenn telji, að hæstv. ráðh. hafi gengið of skammt. Sjómennirnir hafa líka rétt samkv. sjómannaögunum og þurfa ekki að beiðast leyfis hjá gjaldeyrisnefnd. Þess vegna er vafasamt það hirðisbréf, sem hann gaf út til útgerðarmanna, en sendi ekki stéttarfélagi sjómanna, um að takmarka skyldi gjaldeyrinn eins og hann ákvað í því bréfi. Hann leit svo á, að stríðsáhættuþóknunin gæti ekki heyrst undir þetta, en Norðmenn o. fl. telja þetta eins og hvert annað kaupgjald. Ég vildi segja hæstv. ráðh. mína skoðun á þessu. Ég vænti þess, að hann mæti sjómönnum sanngjarnlega í þessu og gefi málið frjálst til útgerðarmanna, að þeir megi semja um það við sína starfsmenn, því að ég hefi þá skoðun, að sjómenn geti ekki samið við hæstv. ráðh. um þetta mál, heldur við útgerðarmenn.

Þetta vildi ég láta koma fram nú, en skal ekki fara frekar út í gjaldeyris málið, nema sérstaklega gefist tilefni til.

\*Flm. (Sigurður Kristjánsson): Ég vil aðeins segja, að þótt þetta sé ekki stórmál, þá get ég ekki haft á móti till. hæstv. viðskmrh. um að málinu verði vísað til n. Það er sjálfsagður hlutur, að málið fái þinglega meðferð, en ég vil vænta þess, að n. láti málið ekki tefjast það lengi, að það dagi uppi í þinginu.

Það var ekki annað, sem ég þurfti að segja, en viðvikjandi því, að þetta væri mikið gjald-eyrisspursmál, vil ég segja, að samkv. brtt. minni er þetta ekki orðið svo fyrirferðarmikið.

Ég sá í blaði í morgun skýrt frá því, hvert væri mánaðar kaup manna á verzlunarskipunum. Það er nokkuð mismunandi, eftir því hvaða leiðir eru farnar, en það mun vera frá rúmunum 1000 kr. og niður í 450 kr. Þá eru þetta 150 kr. í ferð, sem þessir menn eiga að fá, og mun láta nærri, að það sé 150 kr. á mánuði yfir þann tíma, sem skipin sigla. Er það ekki mikill hluti af heildar kaupinu.

Ég vænti þess, að ef þessu máli verður vísað til n., þá athugi hún þessa hlið þess.

\*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég held, að hv. 2. landsk. hafi misskilið mig hrapallega. Hann segir, að ég hafi sagt, að sjómenn hafi fengið að flytja inn hindrunarlítið þar nauðsynjar, sem þeir hafi komið með til landsins. Með orðinu „hindrunarlítið“ átti ég ekki við, að þeir hafi ekki þurft að borga toll, heldur hafi fengið, eins og till. fer fram á, innflutningsleyfi fyrir þeim nauðsynjum, sem þeir hafa komið með til landsins. Aftur á móti hafa þeir verið látnir borga toll, enda munu hvorki sjómenn eða aðrir hafa ætlað til þess, að þeir fengju að flytja inn tollfrjálst, en ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að það hefir verið reynt að koma til móts við sjómenn í þessu efni. En þetta dæmi, sem hv. þm. tók til um sjómanninn, sem flutti inn fataefnið, hlýtur að stafa af því, að hann hafi ætlað sér að gefa það ekki upp.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki látið sjómennina vita neitt um bréf það, sem ég hefði skrifað útgerðarmönnum, þar sem ég óskaði eftir, að þeir greiddu ekki sjómönnum meira í erlendum gjaldeyri en gert hefði verið undanfarið, nema í samráði við ráðh. Það er rétt, ég skrifaði ekki stéttarfélagi sjómanna samskonar bréf, en í sambandi við samningana við sjómennina tók ég greinilega fram, að eins og þá stæði teldi ég ekki hægt að ganga lengra en gert hefði verið. Þess vegna hélt ég, að þeir hefðu búnt við, að svipað bréf mundi koma, en ég sló þátt varnagla, að ef talið væri, að óskum manna væri ekki fullnægt, þá skyldi talað við ráðun. Þannig stendur málið nú, að fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna hafa haft samband sín á milli um það, og ég álit, að það sé alveg rétt hjá hv. þm., að þeir eigi að ræðast við um það.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 11. fundi í Sp., 2. apríl, utan dagskrár, mælti

**Sigurður Kristjánsson:** Ég bar hér fram á öndverðu þingi till. til þál. um innflutning á heimilisnaúðsynjum farmanna. Það mun vera um hálfur mánuður síðan þessari till. var vísað til allshn., en hún hefir ekki enn skilað álit um málið. Vildi ég því mælast til, að hæstv. forseti minnti hana á.

**Forseti (HG):** Ég mun verða við tilmælum hv. þm. og beina því til n. að afgr. málið.

Á 20. fundi í Sp., 18. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 26, 205, n. 482).

**\*Frsm. (Þorsteinn Briem):** Till. sú, sem hér liggur fyrir, hljóðar í fyrsta lagi um það, að ríkisstj. er falið að veita íslenskum farmönnum, sem eru í siglingum til annara landa, heimild til þess að flytja inn heimilisnaúðsynjar fyrir allt að helmingi launa sinna, án þess að það komi til afskipta gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Í öðru lagi er lagt til að fela ríkisstj. að sjá um, að tollskoðun fari fram á þessum varningt. Hv. flm. hefir sjálfur flutt brtt. á þskj. 205 við 1. lið till. Brtt. er á þá leið, að í stað þess, sem lagt er til í þáltill., að heimildin taki til helmings launnanna, þá megi hver farmaður kaupa fyrir 150 kr. í hverri ferð. Allshn. hefir athugað þessa till., og leggur minni hlutinn til, að hún verði samþ., en meiri hl. vill ekki binda svo algerlega hendur ríkisstj. fyrirfram, hvornig sem á stendur, hve mikið af erlendum gjaldeyri skuli greiða farmönnum í hverri ferð. Meiri hl. væntir þess, að hæstv. ríkisstjórn komi á svo sanngjarnri reglu í þessum efnum sem henni þykir frekast fært. Meiri hl. væntir þess einnig, að gjaldeyris- og innflutningsnefnd sýni fulla lipurð í þessum málum, og hafa ekki horizt umkvartanir yfir afgreiðslu á gjaldeyri til farmanna. Í því trausti hefir meiri hl. orðið sammála um að vísa till. til ríkisstjórnarinnar.

**\*Magnús Jónsson:** Eins og nál. ber með sér og eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, þá höfum við 2 nm. ekki getað orðið sammála meðnm. okkar um að vísa þessari till. til ríkisstj. Minni hl. hefir ekki gefið út neitt nál., og ég hefi að vísu ekki umboð til að tala fyrir hönd okkar beggja, en við litum efalaust báðir þannig á málið, að ef því yrði vísað til ríkisstj., þá hyrfi það til uppsprettu sinnar. Ef það yrði sent til ríkisstj., færi það aftur til föðurhúsanna, og það er alveg gagnslaus hringferð. Minni hl. litur svo á, að það sé mjög meinlaust og jafnvel sjálf-sagður hlutur að samþ. þessa till., úr því hún er komin fram. Ég vil ekki fyrir mitt leyti færa þá ástæðu fyrir því, sem hér var gert áðan, að nú væru siglingar svo hættulegar. Það hefir nú verið reynt að bæta sjómönnum það upp með auknum tryggingum og skattfrelsi. En það, sem þessi till. fer fram á, álit ég, að sé þeirra réttur og allir farmenn eigi heimtingu á þessum friðindum. Það er ekki hægt að framkvæma

þessi l. þannig, að menn þurfi að sækja um innflutningsleyfi í hvert skipti. Þeir menn, sem eru í siglingum og fá greiddan hluta af kaupi sínu í erlendum gjaldeyri, sjá hlut, sem þá vanhagar um, og þá er ekki hægt að amast við því, þó að þeir fái að flytja þetta litilræði inn. Þessi till. er því alveg eðlileg og er ekkert annað en heimild fyrir farmenn að mega flytja inn fyrir 150 kr. í hverri ferð, án þess að þurfa að fara í launkofa með það. Þessi heimild er alveg sjálfögð, enda mundu sjómenn flytja inn hvort sem er. Það er algerlega ómögulegt að ætlast til þess, að menn, sem eru sifellt í siglingum til útlanda og eiga þægilegra með að fá sínar lífsnaúðsynjar úti, hafi ekkert leyfi til þess að koma með þær heim til sín, án þess að sækja um leyfi, sem kostar oft mikla fyrirhöfn.

Ég á bágt með að trúá því, að Alþingi geti ekki látið svo lítið að samþ. þessa till., án þess að miklar deilur þurfi að standa um hana, og láti hana ekki fara til ríkisstj. Ég legg svo til, að till. verði samþ. ásamt brtt. hv. flm. á þskj. 205.

**\*Brynjólfur Bjarnason:** Mér hefir verið sagt, að í þingfréttum í útvarpinu hafi verið tekið þannig til orða: „Málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar og er það þar með úr sögunni.“ Ég held nú, að það sé mála sannast, að þegar frv. og till. er vísað til ríkisstj., þá séu þau úr sögunni. Ef þessi till. á að fara þá leið, er sama sem að greiða atkv. á móti henni. Það er ágætt ráð til að koma málum úr sögunni, án þess beinlínis að láta í ljós álit sitt á þeim. Ég mun greiða atkv. á móti því, að málinu verði vísað til ríkisstj. Ég tel, að ef hv. þm. eru andvígir till., þá séu þeir ekki of góðir til að greiða atkv. á móti henni. Annars kvaddi ég mér hljóðs til þess að minna á, hvornig stendur á um till., sem ég og flokksbróðir minn fluttum í sameinuðu þingi. Hún er um það, að greiða sjómönnum í erlendum höfnum kaupíð í erlendum gjaldeyri, og hefir sáralitla þýðingu að samþ. slíka till., sem hér liggur fyrir, nema sjómönnum sé jafnframt gefin trygging fyrir því, að þeir fái hinn ákveðna hluta af kaupi sínu greiddan í erlendum gjaldeyri. Þessi till. okkar var borin fram á undan till. þeirri, sem nú er hér til umr., og var vísað til n. samtímis henni. En aðeins önnur er tekin fyrir, jafnvel þó að gagnslaut sé að ræða hana án þess að hafa tekið ákvörðun um okkar till. Þess vegna vil ég beina þeirri fyrirspurn til n., hverju það sæti, að hún hefir ekki tekið okkar till. til meðferðar enn.

**\*Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Ég vil þakka hv. minni hl. allshn. fyrir undirtektir hans undir till. mína, og ég vil einnig þakka hv. frsm. meiri hl. fyrir vinsamleg ummæli um þetta mál, þó að niðurstæða meiri hl. hafi orðið önnur en ég tel æskilega. Það kom fram í ræðu hv. frsm., að meiri hl. vill ekki binda hendur ríkisstj. í þessum efnum. Nú er það svo, að það er skylda að greiða farmönnum kaup sitt að nokkru leyti í erlendum gjaldeyri, og út af því, sem hv. 1. landsk. þm. sagði um gjaldeyrisfél-



Innflutningur á heimilissnaudsýnjum farmanna.

in, vil ég taka það fram, að með þessari till. er bindandi fyrir alla málsparta að láta af hendi þann erlenda gjaldeyri, sem till. gerir ráð fyrir, að sjómenn megi nota. Ég býst líka við, að ríkisstj. liti svo á, að þannig beri að skilja till., ef hún verður samþ. Hvað gjald-eyrshliðina snertir, þá hefir á því orðið alger breyting síðan till. var borin fram, og skilyrði til siglinga fyrir Ísland hafa breytzt ákaflega mikið. Má búast við, að siglingar beinist meira en áður til Ameríku. Þá hættir að sjálfsgöðu sú siglingaleið, sem nú er farin, og skilyrði til siglinga verða allt önnur heldur en var áður en Norðurlönd lokuðust fyrir öllum viðskiptum. Ég held þess vegna, að gagnsemi af till., ef hún verður samþ., hafi minnkað mjög mikið, en þó tel ég hana mikils virði. Ég held, að önnur mótbára hafi ekki komið fram gegn till. en gjaldeyrishliðin, og það er áreiðanlega á misskilningi byggt, að hér sé um að ræða gjald-eyriskvöð fyrir landið. Eins og till. ber með sér, þá er samkv. henni ekki heimilt að flytja inn annað en það, sem menn mundu þurfa að kaupa af öðrum innflytjanda. Hún nær aðeins yfir heimilissnaudsýnjar, og ef menn flyttu þær ekki sjálfir inn, þyrftu þeir að fá þær hjá manni, sem hefði innflutningsleyfi. Það myndi lítill sem engin áhrif hafa á gjaldeyrinn, þó að till. yrði samþ. Þeir menn, sem fengju að njóta friðindanna, hefðu aðstöðu til þess að fá nauðsýnjar sínar ódýrari en ella. Ég skal ekki fara út í það, hve mjög sjómenn, sem sigla til annara landa, eiga skilið að fá þessi friðindi, en læt nægja að visa til minnar framsöguræðu og ræðu hv. frsm. minni hl. allshn., að reynt hefir verið að bæta sjómönnum upp þá miklu hættu, sem hvarvetna mætir þeim. Engum blandast hugur um og enginn dregur í efa, að Ísland og Íslendingar eiga mikið komið undir starfi þessara manna og hversu stóran skerf þeir leggja til í okkar sameiginlegu lífsbaráttu, miklu meira en aðrir landsmenn, þar sem þeir leggja í hættu líf sitt og limi. Ég mun ekki endurtaka neitt af því, sem ég hefi áður sagt um þessi efni, þar sem aðrir hafa ekki mótmælt því.

Ég gat um það við framsögu, að það væri fleira en þau friðindi, sem farmenn fengju að njóta, sem gerði það að verkum, að hún væri bæði réttlát og holl. Það hefir talsvert borið á því, að þeir menn, sem sigla til annara landa, reyna að koma inn vörum án þess að borga tolla. Þeir treysta sér ekki til þess að greiða þá tolla, sem á vörurnar eru lagðir, og ef þeir sýna vöruna, myndi hún verða gerð upptæk og þeir fengju sektir fyrir. Ég álit því, að brýna nauðsýn beri til þess að leysa farmenn undan því að þurfa að smygla inn vörum, sem þeir hvort sem er þurfa að kaupa til heimilis síns, fyrir peninga, sem þeir hafa aflað sér með súrum sveita. Ríkissjóður myndi auk þess fá greidda tolla af þeim vörum, sem nú er reynt að smygla inn. Ef menn geta ekki mótmælt þessu, heldur eru sammála um, að sjálfsgötu sé að veita farmönnum þessi hlunnindi og jafnframt tryggja ríkissjóði nokkrar tekjur, ættu þeir að samþ. þessa till. umsvifalaust. Ég vil því

Alpt. 1940. D. (55. löggjafarþing).

eindregið mælast til þess, að hv. meiri hl. allshn. verði samþykkur fljótri afgreiðslu þessa máls.

**\*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hefi orðið þess var af ræðum þeirra hv. þm., sem talað hafa um þetta mál, að ef sú till. verður samþ. að visa því til ríkisstj., þá myndi verða litið þannig á af ríkisstj., að þingið ætlaðist til þess, að spornað væri við eðlilegri ósk sjómanna í þessum efnun. Ég vil taka það fram, að ef samþ. verður að visa því til ríkisstj., mun hún greiða fyrir þessum innflutningi eftir því sem í hennar valdi stendur. Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., þá lit ég svo á, að Alb. hafi ekki viljað taka sér þau völd fram í tímann, að ákveða, hversu langt skyldi farið í þessum efnun. Ég álit, að þetta sé mjög eðlileg afstaða, þar sem erfitt er fyrir Alb. að gera ákvarðanir á þessum breytilegu tímum. Ég mun fyrir mitt leyti lita svo á, að Alb. hafi viljað taka þetta mál til gaumgæfilegrar ihugunar í framtíðinni, og ekki viljað hnitmiða það, hve langt væri eðlilegt að fara í þessum efnun. Ég álit, að það sé mjög erfitt fyrir Alb. að ákveða þetta, og þetta sé eitt af því, sem verður að leggja á vald ríkisstj., hve langt hún telur fært að ganga. Þetta vildi ég segja til þess að fyrirbyggja, að þm. héldu, að þeir, sem leggja til, að þessari till. verði vísað til ríkisstj., vildu ekki, að þetta mál fengi afgreiðslu eftir því, sem föng standa til.

Ég vil að lokum segja það, að það hefir alltaf verið reynt, eins og fram hefir komið í umr. um þetta mál, að sjá um, að innflutningsleyfi fengist fyrir varning, sem menn hafa vísað fram gjaldeyri fyrir, og ég hugsa, að enginn ágrein- ingur hafi risið út af því. Hinsvegar hefir það valdið ágreiningi milli forráðamanna útgerðar- fyrirtækja og gjaldeyrisyfirvaldanna, hve mikið af kaupum farmanna skuli vera í erlendum gjald- eyri, og er það aðalatriðið í þessu máli, en um það fjallar þessi till. ekki. En út af því vil ég aðeins lýsa því enn einu sinni yfir, að eftir því, sem ég veit bezt, standa nú yfir samningar milli sjómanna og útgerðarfyrirtækja um það, hve mikinn gjaldeyri skuli greiða í erlendri mynt. Útgerðarfélögin munu leita upplýsinga um það, hvort þau muni geta fallizt á þær niður- stöður, sem útgerðarfélögin og sjómenn semja um við gjaldeyrisyfirvöldin, eða útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki eigi heldur að sækja um gjaldeyrisleysi til þess að borga vörur. Þetta vil ég aðeins taka fram, enda þótt það komi ekki þessari till. beinlínis við.

Ég tel miklu eðlilegra, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. með þeim upplýsingum, sem fram hafa komið á báða bóga, bæði frá minni hálfu og hv. flm., og meiri hl. n. mælir einnig með þeirri meðferð þessa máls.

**\*Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég vil ekki láta þessa till. fara svo framhjá mér, að ég segi ekki nokkur orð um hana.

Það hefir kennt nokkurs misskilnings í umr. um þetta mál, og er það e. t. v. eðlilegt, eins og nú hefir verið háttáð um þessi mál. Eftir

því, sem ég frekast veit, er það í raun og veru rétt, sem hæstv. viðskmrh. minntist á, að ágreiningurinn hefir aðallega verið um þá upphæð, sem ber að greiða farmönnum í erlendum höfnum. Hinsvegar hefir verið minni ágreiningur um það, þegar á land er komið, að menn fengju að fara með það, sem þeir hafa keypt, heim til sín. Það er vitanlegt, að í þeim gjaldreyrsl., sem nú gilda, er ekki gert ráð fyrir því, að sá varningur, sem sjómenn fá í erlendum höfnum, þurfi endilega að vera háður leyfum gjaldeyrirn. Ég fékk komið þessu ákvæði inn í l. síðast þegar þau voru til umr. hér á Alp., að ekki þurfi að leita til gjaldeyrirn. um leyfi fyrir þær vörur. Að því leyti þarf ekki að taka þetta fram um innflutningsleyfi, því að samkv. núgildandi l. þurfa farmenn ekki að standa í stímabraki um að fá þau. En eins og gefur að skilja, þá er gengið nokkuð ríkt eftir því, að menn greiði tolla af tollskyldum vörum, þegar þeir koma í land, og á það var lítillhættar minnt hér áðan í sambandi við aðaltill. En samkv. þeirri till., er hér liggur fyrir, fer flm. hennar fram á, að farmenn fái allir 150 kr. í erlendum gjaldeyri í hverri ferð, og það er í raun réttari lægra en það, sem menn yfirleitt hefir dreymt um að fá með frjálsum samningum við atvinnurekendur um úthlutun erlends gjaldeyris í ferðum til útlanda. Það má reikna með því, að ferðir til Englands með fiskiskipunum taki að jafnaði mánuð, og 150 íslenskar kr. jafngildi 6 sterlingspundum. Að visu er gengi pundans nokkru lægra nú, en sé reiknað með meðalgengi, þá er eitt pund sama sem 25 íslenskar kr. Nú hefir það verið svo fyrir síðustu áramót, að farmenn hafa almennt fengið erlenda gjaldeyri sem þessu nam í hverri ferð. ef maður miðar við þá farmenn, er hafa fremur lág laun. En yfirmenn fengu að visu allverulega hærri upphæðir. Mér er engin launung á því, að samkv. viðtali við nokkra sjómenn mun hafa verið ætlað til þess að heimila, að þeir fengju allt að 25% af mánaðartekjum sínum í erlendum gjaldeyri, en þó þannig, að sett væri ákvæði hámark á þá upphæð. Samt er sú upphæð hærri en gert er ráð fyrir í þessari till. Ég get nefnt það, að menn hafa talað um 200 kr. hámark, og að farmenn gætu alls ekki fengið meira fé í erlendum gjaldeyri, án tillits til þess, hvort þeir eru hátt eða lágt launaðir. Þetta er sjálfsgætt nokkru lægra en menn myndu geta fengið við frjálsa samninga, en eins og kunnugt er, þá er það skylda samkv. sjómanna, ef menn krefjast þess, að greiða þeim kaup sitt í erlendri mynt, ef þeir sigla til erlendra hafna, á. m. k. að mestu leyti þær upphæðir, sem þeir eiga inni, og sjómannaáttéttin litur svo á, að vilji Alp. ekki með neinum bindandi samþykktum afsala sér þessum rétti, sem það á samkv. sjómanna, þá verði að gripa til einhverra ráða.

Það hefir verið nokkuð deilt um það, hvort stríðsáhættuþóknunin skuli reiknast sem kaup. En í bréfi hæstv. viðskmrh., sem hann sendi út til atvinnurekenda rétt eftir nýárið, hefir hann skilið það svo, að áhættuþóknun sjómanna skyldi reiknast sem kaup samkv. ákvæðum sjómanna, og af einkasamtölum hefi ég fengið

að vita, að Norðurlandabúar líta þannig á, að áhættuþóknun sjómanna beri að reikna á sama hátt sem kaup. Svo var það síðast, að þá var einmitt það, sem sjómenn óskuðu, að tekið yrði fullt tillit til, að þeir fengju ekki minna en ¼ af samanlagðri áhættuþóknun og kaupi í erlendri mynt.

Nú má að visu geta þess, að allmargir sjómenn hafa ekki notað sér allan þann gjaldeyri. sem þeim var heimilt að fá; að sumu leyti vegna þess, að þeir höfðu ekki ráð á því að verja svona miklu fé til kaupa á erlendum varningi og myndu alls ekki gera það framvegis. En allir sjómenn, sem sigla að staðaldrí, geta notað sér þetta.

Þessi regla komst einu sinni á endur fyrir löngu, og síðan hefir orðið miklu tryggara en áður var fyrir sjómenn, er sigla milli landa, að fá gjaldeyri í erlendum höfnum með frjálsum hlutaskiptum um kaupskap. Það hefir verið gengið inn á það sem meginreglu, að þeir gætu fengið ¼ af mánaðartekjum sínum í erlendri mynt, og geta allir séð, hver trygging skapast við það. En mér er ekki grunlaust um, að þessi trygging hafi verið illa séð meðal kaupskýslustéttarinnar, því að kaupskýslumenn töldu, að farmenn notuðu erlenda gjaldeyri til að flytja inn vörur og selja þær Pétri og Páli, og þessar vörur væru oft bæði vandaðri og ódýrari en þær, sem fengjust í verzlunum hér. Þessi regla hefir gilt fram að þessu. En hið breytta viðhorf, fyrst lækkuu íslenzku krónunnar og af því leiddi, að allar vörur hafa orðið dýrari en áður. bæði hér á landi og erlendis, og menn verða því að fá meira en ¼ af mánaðartekjum sínum eins og þær voru til að geta keypt jafnmikið og áður, hefir leitt til þess, að hér á Alp. hefir komið fram till. um, að sjómenn fengju vissan hluta af áhættuþóknuninni að meðtöldu kaupinu í erlendum gjaldeyri.

Hvað er það svo, sem sjómenn hafa yfirleitt fengið fyrir þennan erlenda gjaldeyri? Enginn hefir fullt yfirliit yfir það, en það er langofast fatnaður, bæði tilbúinn klæðnaður og fatafni, skófatnaður og mansjetskyrtur. En það er nokkuð misjafnt, og má þar greina á milli eftir því, til hvaða landa menn sigla. Farmenn, sem sigla til Bandaríkjanna, nota mjög lítið af erlendum gjaldeyri, og stafar það af því, hve vörur eru þar dýrar. Ég hef heyrt, að farmenn teldu langtum hagkvæmara að gera kaup sín hér á landi en að breyta kaupi sínu í dollara og kaupa vörur í Bandaríkjunum. Hinsvegar er ekki því að neita, að viðhorfið er allt annað, þegar menn sigla til Bretlands, því að bæði er í mörgum tilfellum hægt að fá þar betri vörur og ódýrari vörur en hér á Íslandi, einkum allskonar klæðnað.

Nú er í þessari till. talað um heimilisþarfir allskonar. Það er viðtækt orð. Ég vildi gjarna fá skilgreiningu á því, hvað gæti heyrnt undir heimilisþarfir. Þarfir heimilanna eru mjög margvislegar, allskonar matur og margt fleira, og orðalag till. er alls ekki skýrt. Til slíkra þarfa gætu vel talizt t. d. sykur og kaffi, sem menn gætu e. t. v. keypt erlendis. Ég þykist vita, að þessi till. geti aldrei náð til tollskyldra

vara, sem alveg er bannað að flytja til landsins nema fyrir einkasölur, svo sem tóbak og áfengi. Ég geri ráð fyrir, að einmitt þetta þurfi að koma fram í umr., hvað geti talizt heimilisþarfir, og hvaða vörur það séu, sem ætlað er til, að farmenn geti fengið samkv. þessari till.

Yfirleitt verð ég að segja það, að ég er þeim mönnum þakklátur, sem vilja greiða fyrir þessu máli. Eftir því sem mér hefir skilizt, þá mun því nú verða visað til hæstv. ríkisstj., og ég treysti því, að hún sé nokkurn veginn fullviss um, að það beri að greiða fyrir framgangi þessa máls. Ég tel líkur til þess, að stj. sé þessu máli hlynnt, og því verði aldrei komið fram að tefja þetta mál, ef svo óheppilega tekst til, að hæstv. viðskmrh. fari að senda árásarbréf á sínum tíma. Ég vona, að ríkisstj. leitist við að koma þessu á nokkurnvegin eðlilegan rekspól, og að sjómenn geti fengið erlendan gjaldeyri, sem því svarar, er þeir sætta sig við. Á ég þar þó aðeins við þá sjómenn, sem eru tiltölulega lágt launaðir. Hinsvegar skal ég taka það fram, að farmenn, sem hafa háar tekjur, t. d. skipstjórar, gætu náttúrlega misnotað þetta, ef ákveðið yrði, að allir farmenn skyldu fá ákveðinn hluta af kaupum sínum í erlendri mynt. Þeir gætu eytt meiri peningum en hinir og keypt óhæfilega mikið af erlendum vörum. Ég er fyllilega sammála um það, að það eigi að setja ákveðið hámark, er gildi jafnt fyrir alla. Ég hygg, að nokkuð líkt viðhorf hafi komið fram frá hálfu sjómanna um þessi mál. Ég er nokkurnvegin fullviss um það, að það verður hægt að breyta þessu máli á friðsamlegan hátt. Ég vænti þess, að þetta mál verði leyst með fullum skilningi. Ég vil að visu segja það, að ég vildi óska, að þessi upphæð hefði verið ákveðin nokkru riflegri en þessi till. fer fram á, og hún myndi verða nokkuð bindandi fyrir farmenn með tilliti til erlends gjaldeyris, ef hún verður samþ. eins og hún liggur fyrir, því að upphæðin er ákveðin lægri en í hinum almennu kröfum af hendi sjómanna. Ég mun samt greiða henni atkv. eins og hún er. Ég er ekki viss um, hvað ég græddi á því að bera fram brtt., því að ég tel óvist, að Alp. myndi vilja fallast á hana, og ég býst við, að svo fari, að það geti orðið nauðsynlegt að vera ekki að hanga mjög í föstum reglum um þessa hluti. Eftir því, sem ég veit best, mun það hafa verið þannig áður en styrjöldin hófst á Norðurlöndum, að meðal farmanna, er þurftu á erlendum gjaldeyri að halda, mun hafa verið tekið mjög mildum tókum á málunum hvað þetta snertir. Það er rangt að gera menn óánægða á þessu sviði. Mér er ekki skiljanlegt, hvers vegna þeir þm., sem hafa þá skoðun, að það eigi að breyta þeim l., sem nú gilda um þetta efni, vilja ekki heldur breyta þeim svo, að menn geti orðið nokkurnvegin ánægðir. Ég álit, að það væri hið skynsamlegasta hvað þetta snertir.

\*Frsm. (Þorsteinn Briem): Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að ég þóttist geta skilið það, er hv. flm. sagði, svo, að hann teldi þó nokkuð fengið af því, sem hann vildi fá, með þeirri afgreiðslu, sem meiri hl. n. lagði til, enda hefir

meiri hl. n. látið í ljós ákveðna ósk um það, að hæstv. ríkisstj. framkvæmdi þetta á svo sanngjarnan og lipran hátt sem ástæður frekast leyfðu. Ég hygg, að meiri hl. Alp. liti svo á, að sú ósk jafnist nokkurnvegin á við áskorun, og sérstaklega vil ég líta svo á eftir að hæstv. viðskmrh. hefir gefið yfirlýsingu sína, sem gengur í þá átt, að hann muni sýna alla þá lipurð í þessu máli, sem hann sér sér fært. En meiri hl. vildi hinsvegar ekki binda ríkisstj. alveg í þessu máli með því að hnitmiða fyrirfram, hversu langt hún mætti ganga í þessum efnunum hvað erlendan gjaldeyri snertir.

Viðvíkjandi innflutningsleyfum hygg ég nú, að vart verði mjög staðið á móti afgreiðslu á innfluttum varningi í þessum efnunum. Ég ætla, að þar verði sýnd öll viðleitni til að viðhafa lipurð í afgreiðslu leyfa, jafnvel þó að ekki verði stranglega gætt alls ytra forms.

Það er rétt, eins og drepið hefir verið á, að aðalatriðið í þessum efnunum fyrir farmennina er það, hve mikið þeir fá af erlendum gjaldeyri. Það hefir löngum verið gefinn ádráttur um slíkt eftir því, sem mönnum sýndist í hvert sinn, og ekki farið alveg eftir föstum reglum, en þó hygg ég, að aðalreglan hafi verið sú, að farmenn hafi fengið 25% af kaupum sínum í erlendum gjaldeyri. Nú standa yfir samningar milli aðila um nokkra viðbót, en ekki er enn vitað, hve mikil hún verður. Þar teygja báðir aðilar sig svo langt sem fært þykir, og verður að líkindum samkomulag um, að sanngjörn regla verði gildandi um þetta, og að það gangi nokkurnvegin jafnt yfir alla farmenn.

Hv. flm. þessarar till. vildi nú telja, að ekki væri varhugavert að láta farmenn fá erlendan gjaldeyri nokkurnvegin án sérstakra takmarkana, það myndi koma í sama stað niður, sömu vörur kæmu til landsins, hvort sem farmenn fengju mikinn gjaldeyri eða ekki. Ef farmenn fengju nógu riflegan erlendan gjaldeyri, myndu meiri vörur koma gegnum hendur annara aðila en verzlunarstéttarinnar heldur en að öðrum kosti myndi verða. Ég vil ekki væna farmannastéttina í heild sinni um neina misbrúkun í þessum efnunum, því að ég ann henni, en ég treysti mér þó ekki til að taka ábyrgð á því, ef engin regla gildi í þessum efnunum, að ekki myndu finnast undantekningar um það, að farmenn keyptu vörur erlendis, sem ekki yrðu fluttar hingað til lands ella, heldur notaðar til eyðslu erlendis.

Viðvíkjandi tollskoðun, sem hv. flm. drap á, þá hygg ég nú, að þar sé allmargs að gæta í því sambandi, og n. vildi ekki fyrirfram binda hendur framkvæmdarvaldsins í því atriði, með því að þar kemur ýmislegt til greina, og e. t. v. ekki alstaðar samskonar menn við að eiga í þeim efnunum, og einnig að því leyti taldi meiri hl. n. réttara, að till. yrði visað til ríkisstj., en þó með því fororði, að allt, sem gert yrði í málinu, hnigi í þá átt, að reyna að finna hinn góða og gullna meðalveg.

Þáll Zóphóniasson: Herra forseti! Ég er hér eins og litill skóladrengur og ófróðastur allra þm. í þessu máli. Lærifaðir minn í þessum efn-

um er hv. 2. landsk., eins og um öll mál, er sjómanna-stéttina snerta, og mig langar til að fræðast af honum. Við vorum fyrir stuttu síðan að tala saman í Ed. um áhættuþóknun sjómanna og um það, hvort hún ætti að vera undanþegin skatti. Þá útlitaði hann með mörgum hjartnæmum orðum, að það yrði að greiða sjómönnum þessa þóknun fyrir þann spenning og taugatitring, er því fylgdi, að verða að sigla um hættusvæðin, og áhættuþóknunin kæmi kaupinu ekki nokkurn hlut við; hún væri því alveg óskýld.

En nú í dag virðist hann vera algerlega á gagnstæðri skoðun, því að nú álitur hann, að áhættuþóknunin sé ekkert annað en kaup, og eigi að hlíta sömu reglum, og því beri að greiða nokkurn hluta hennar í erlendum gjaldeyri.

Nú langar mig til að spyrja: Hvort á ég heldur að trúa því, sem hv. 2. landsk. sagði fyrir nokkrum dögum í Ed., eða því, sem hann segir hér í dag, — eða er hvortveggja rangt?

**\*Sigurður Kristjánsson:** Mér skildist á því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að jafnvel þó að þessi till. yrði ekki samþ., þá myndi efni hennar verða framkvæmt á einhvern svipaðan hátt sem þar er lagt til, þar sem tillgr. a. m. k. reyndi að fullnægja eins og hægt væri innflutningsþörfum farmanna. Ef svo er, þá finnst mér það yrði algerlega meifangalaust fyrir hæstv. ríkisstj., þó að þessi till. verði samþ. Annars vil ég segja það út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, þegar hann minntist á það, að sá erlendi gjaldeyri, sem farið væri fram á í till., að sjómenn fengju, væri töluvert minni en sú upphæð, sem þeir gerðu sér vonir um að fá með samningum, að ég hefði rætt um þetta mál við menn úr farmannasambandinu, einmitt þá mennina, sem fyrstir báru fram þessar kröfur utan Alp., og eftir það að ég kom með þessa till. hér á Alp., þá talaði ég við nokkra menn úr þessum hópi og skýrði þeim frá því, að mér virtist það dálítið varhugavert að binda innflutning á heimilisnaúðsynjum við helming kaupsins, eins og upphaflega hafði verið farið fram á, því að kaup þessara manna er geysilega misjafnt, og yfirmennirnir á skipunum fengju þá miklu meiri innflutning tiltölulega. Það varð að samkomulagi milli mín og þeirra manna, er stilltu þessum kröfum mjög í hof, að viss upphæð yrði ákveðin handa öllum, og töldu þeir miklu hentugra að gera kröfurnar tiltölulega lægri og nokkurnvegin eins og þær verða með minni britt. heldur en að stofna málinu í hættu. Þeir óskuðu eftir því, að öllum yrði gert jafnt undir höfði, hvort sem þeir hefðu herra eða lægra kaup. Að visu er það ekki að öllu leyti sanngjærnt, því að þarfir þeirra, sem hafa herra kaup, eru einnig heldur meiri hvað innflutning snertir. En því er ekki hægt að neita, að kröfunum er stillt í hof, eins og hv. 2. landsk. tók fram.

Ég vildi, að það kæmi fram í umr. um þetta mál, að þetta er ekki borið fram hér á Alp. án þess að það hafi áður verið borið undir neinn af þeim mönnum, er eiga þar hlut að máli. Að kröfurnar séu lágar, get ég rökstutt

með því, að laun þeirra farmanna, sem eru fremur lágt launaðir á þeim siglingaleiðum, sem enn eru opnar, sem eru ekki aðrar en til Norður-Ameríku og Englands og e. t. v. að einhverju litlu leyti til Miðjarðarhafslöndanna, er um 750 kr. á þeim ferðum, er taka 1½ mánuð, með kaupi og áhættuþóknun, en Ameríkuferðirnar taka oftast svo langan tíma. Þá sjá menn, að 150 kr. er ekki mikill hluti af kaupinu. En kaup skipstjóra og annara hæstlaunaðra yfirmanna getur komið upp í 2000 kr. í slíkum ferðum, og þá sér hver maður, að 150 kr. eru aðeins sáralítil hluti af kaupi þeirra. Ferðirnar til Englands taka talsvert skemmri tíma, því að það er ekki eins langt, a. m. k. ef skipin eru ekki stöðvuð þar, en það getur auðvitað alltaf komið fyrir, að afgreiðsla skipanna tefjist til muna af þeim orsökum. En þegar allt gengur tregðulaust, taka Englandsferðirnar venjulega hér um bil 26 daga, sumar og vetur. Það má gera ráð fyrir, að Englandsferðirnar taki að meðaltali ekki lengri tíma en einn mánuð. Samkv. þessari till. myndi innflutningurinn taplega nema meiru en ½ af kaupi þeirra, sem lægst eru launaðir, en miklu minni hluta af kaupi þeirra, sem herra eru launaðir.

Ég ætla ekki að teygja úr þessum umr. að óþörfu, en ég vil þó taka það fram út af því, sem frsm. meiri hl. sagði, að því fer mjög fjarri, að ég láti mig það einu gilda, hvort þessi till. verður samþ. eða henni vísað til ríkisstj. Þrátt fyrir vinsamleg ummæli hv. frsm. meiri hl. um till., og þrátt fyrir vinsamlegar undirtektir hæstv. viðskmrh. í garð þessara till., sem að visu er mikils um vert, tel ég samt, af því að þessi till. er sjálf mikils virði, að réttast sé, að hún verði samþ. hér, svo að þessir hlutir verði ákveðnir á þann hátt, sem þar er lagt til. Þess vegna vænti ég þess, að ef hv. þm. geta orðið sannfærðir og sammála um það, þá muni verða vel ráðið fram úr þessum málum.

Ég vænti þess, að hv. þm. geti orðið sannfærðir um og sammála um það, að hér er ekki ein gjaldeyriseyðsla að ræða að ráði fram fyrir það, sem þegar á sér stað. Ég vænti þess einnig, að hv. þm. geti sannfærð um það, að þessi friðindi eru mikils virði fyrir þá, sem þeirra eiga að njóta, en litil eða engin útlát fyrir hið opinbera.

Ég vænti því þess, að hv. þm. geti fallið á að samþ. þessa till., sérstaklega með tilliti til þess, að við, sem í landi erum, eigum afarvandgert við þá, sem sigla til annara landa og leggja í hættu líf sitt og lími.

**\*Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Ég spurðist fyrir um það áðan hjá hv. allshn., hvernig á því stæði, að n. hefir ekki enn tekið fyrir þá till. þá, sem ég flutti ásamt öðrum hv. þm. um kaupgreiðslu til sjómanna í erlendum gjaldeyri. Frsm. n. hefir engu svarað þessu. Má ég spyrja: Hvað á svona framkoma að þýða? Þykjast háttvirtir þingmenn vera of virðulegir til að svara svona einfaldri spurningu? Svona framkoma eykur ekki virðingu þjóðarinnar fyrir þeim.

Viðvikjandi þessu máli er hér ekkert annað að fara fram en skripaleikur, eins og hæstv. viðskmrh. tók réttilega fram. Aðalatriðið er það, hvað mikinn hluta af kaupinu eigi að greiða í erlendum gjaldeyri. Þessi till. hefir bókstaflega enga þýðingu fyrir sjómenn, nema því aðeins, að það sé áður tryggt, að þeir fái nægilegan erlendan gjaldeyri til kaupa á því, sem till. fjallar um.

Það hefir enga þýðingu að vísa þessu til ríkisstj. eins og hér er lagt til. Till. mín fer aftur á móti fram á það, að engar hömlur séu lagðar á það af hálfu ríkisstj., að sjómenn fái kaup sitt greitt í erlendum gjaldeyri eins og l. standa til. Þennan rétt eiga sjómenn samkv. l. Það er þess vegna þingsins að láta vilja sinn í ljós um það, hvort sjómenn eigi að njóta þeirra réttinda, sem þeir eiga l. samkvæmt. Annað liggur ekki fyrir Alþ. í þessu máli.

Hitt er svo annað mál, hvað sjómenn og útgerðarmenn kunna að semja sín á milli.

\***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég ætla aðeins að segja örfá orð við hv. flm. út af því, sem hann sagði. Ég veit, að hann segir það satt, að hann mun hafa rétt við vissa menn í Farmannasambandinu, og það mun vera í samræmi við vilja þeirra, sem till. er fram komin. Hitt er jafnsatt, að það, sem ég nefndi, er hin almenna skoðun um það, hvað menn telja sig geta annað við um gjaldeyrisútlát.

Ég ætla annars ekki að fara að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt. Þetta er bein afleiðing af hinum breyttu tímum.

Við hv. 1. þm. N.-M. vil ég segja það, að hann virðist tornæmur nú sem stendur. Það, sem ég sagði, er þetta: Ég hefi aldrei skoðað áhættuþóknunina sem sérstakt launafyrirkomulag, heldur sem verðlaun fyrir það, að þessir menn leggja sig í sérstaka hættu umfram aðra þegna Þjóðfélagsins til að flytja að og frá landinu nauðsýnjar. Hinsvegar sagði ég áðan, að það væri hin almenna skoðun í nágrannalöndum okkar, að það bæri að greiða mönnum gjaldeyri jafnt af þessum heiðurslaunum, án tillits til þess, hvort þau væru skoðuð sem kaup eða ekki.

Þetta getur hv. þm. ekki skilið. Hann hefði sjálf sagt skilið það betur, ef ég hefði talað við hann um búfjarkvilla. En um þau efni, sem hér er um að ræða, virðist hann vera alveg ófróður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Sp., 22. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sp., 23. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. meiri hl. allshn., á þskj. 482, um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÍv, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, SkG, StgrSt, VJ, ÞBr, ÞP, BSt, BÁ, BJB, EÁrna, EystJ, GG, HelgJ, HermJ.

nei: ÍsIH, JakM, JJós, JPálm, MG, MJ, ÓTh, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, TT, ÁJ, ÁÁ, BrB, EOL, EE, EmJ, ErlP, GP, GSv, HV, HG.

PO, StSt, BJ, BSn greiddu ekki atkv.

3 þm. (SvbH, FJ, IngP) fjarstaddir.

**Forseti (HG):** Samkvæmt beiðni hæstv. viðskmrh. verður atkvgr. um þetta mál frestað þar til síðar á fundinum.

**Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Mér skilst, að það sé atkvgr., sem er að fara fram, svoleiðis að það sé um seina að fara að biðja um frestun atkvgr., þegar atkvgr. er byrjuð. Þetta mun vera síðasti fundur í Sp., og ég mótmæli því þess vegna, að frestað verði þessari atkvgr., sem þegar er hafin.

**Forseti (HG):** Ég vil benda hv. þm. á það, að það hafa aðeins verið greidd atkv. um till. um að vísa málinu til ríkisstj. Ég mun láta fara fram atkvgr. áður en þessum fundi lýkur.

**Atvrmh. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins geta þess, að ég mun fara fram á, að frestað verði þeim málum, sem nú eru á dagskrá, og veitt fundarhlé, þannig að það þyrfti ekki að koma í bága við afgreiðslu þessa máls að fresta fundinum, þótt ekki yrði annar fundur á þessu þingi. Sjálfstfl. hefir ekki getað athugað afstöðu sína um kosningar, sem fram eiga að fara á fundinum.

**Forseti (HG):** Þessi fundur verður ekki nema til kl. 4.

Síðar á sama fundi var atkvgr. fram haldið. Brtt. 205 samþ. með 27 shlj. atkv.

Tillgr., 1. tölul., svo breyttur, felldur með 24:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JPálm, MG, MJ, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, TT, ÁJ, BSn, BrB, EOL, EE, EmJ, ErlP, GP, GSv, HV, ÍsIH, HG.

nei: JÍv, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞBr, ÞP, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BJB, EÁrna, EystJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP.

JakM<sup>1)</sup>, ÓTh, StSt greiddu ekki atkv.

1 þm. (FJ) fjarstaddur.

Till. þar með fallin.

1) **Fjmrh.:** Ég greiði ekki atkv., þar sem ég get ekki tekið afstöðu til tillgr. fyrir en ég sé, hvernig fer um síðari lið hennar.

# Pingsályktunartillaga afgreidd með rökstuddri dagskrá.

## Athugun á fjárhag þjóðarinnar.

Á 15. fundi í Sp., 8. apríl, var útbýtt:  
Till. til þál. um athugun á fjárhag þjóðarinnar  
(A. 400).

Á 18. fundi í Sp., 12. apríl, var till. tekin til  
meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Sp., 17. apríl, var till. tekin til  
einnar umr.

\*Flm. (Jón Pálmason): Ég þarf ekki að fara  
mjög mörgum orðum um þá till., sem ég flyt á  
þskj. 400, þar sem aðalatriðið, er fyrir mér  
vakir, er tekið fram í grg. till. Það hefir verið  
mjög mikill ágreiningur um það, bæði innan  
Alþ. og utan þess, að hve miklu leyti fjárhagur  
okkar þjóðar sé í vanda staddur. Ég tel, að það  
sé á hverjum tíma alveg brýn þörf á því, ekki  
aðeins fyrir Alþ. og ríkisstj., heldur alla að-  
ila, sem hafa opinber fjármál með höndum, að  
gera sér glögga grein fyrir því, hvernig fjár-  
hagur þjóðarinnar er í aðaldráttum á hverjum  
tíma.

Það hefir undanfarið verið mjög mikill á-  
greiningur um það, hve mikla skatta og tolla  
væri fært að leggja á okkar þjóð, og hvernig  
hag atvinnuveganna væri farið, vegna þess að  
þungar byrðar hvíla á framleiðslunni í sam-  
bandi við opinber gjöld. Nú er það vitað mál,  
og ætti að standa ljóst fyrir augum allra, a. m.  
k. allra þeirra, sem sæti eiga hér á þingi, að sá  
eini grundvöllur, sem rétt er að byggja á til á-  
lagningar útsvara og skatta á framleiðslutekjur  
landsmanna og þær tekjur, sem menn hafa af  
skuldlausum eignum, er það, hve miklar þessar  
framleiðslutekjur þjóðarinnar hafa verið á und-  
anföllum árum að frádregnum atvinnurekstrar-  
kostnaði. Þetta atriði verðum við að fá upplýst,  
og þess vegna er það meginatriðið, sem ég hefi  
byggt till. mína á.

Í sambandi við þetta er einnig brýn þörf á,  
að það liggja ljóst fyrir, hve miklar skuldirnar  
eru við útlönd og hve miklar skuldir eru við  
banka og sparisjóði hér innanlands og hjá öðr-  
um sliikum stofnunum. Ennfremur þurfum við  
að fá að vita greinilega, hve miklu eignir  
íslenzkra manna erlendis nema, og arður af

þeim. Okkur er nauðsynlegt að vita um hag  
framleiðslunnar, hve mikið allt stofnfé hennar  
er, hús og bátar og önnur fyrirtæki, sem eru  
arðberandi, en teljast ekki til opinberra stofn-  
ana, eins og margt af því, sem talið er á ríkis-  
reikningunum til eigna hjá ríkissjóði.

Í fimmta lagi er farið fram á það í till. minni,  
að athuga rekstrarkostnaðinn og semja skýrslur  
um, hve mikill hann muni verða hjá þeim að-  
ilum, sem till. tekur fram. Það þarf að safna  
skýrslum um þetta frá ríkinu, frá bæjar- og  
sveitarfélögum, frá peningastofnunum, sam-  
göngufyrirtækjum og þeim fyrirtækjum, er ein-  
stakir menn eiga og annast verzlun í landinu.  
Ég lit svo á, að með þeirri athugun muni fást  
yfirlit yfir það helzta, sem framleiðsla lands-  
manna hvílir á á hverjum tíma. Af því að á  
mörgum sviðum liggja reikningar nokkuð ljóst  
fyrir, þá þarf ekki mjög mikla fyrirhöfn við  
það að draga þá út, og ég tel, að það þurfi  
ekki að valda mjög miklum kostnaði að fá  
þessar skýrslur gerðar. Mesta fyrirhöfnin er  
fólgin í því að draga út úr skattskýrslum öll  
gögn, er fyrir liggja um það, hve mikil fram-  
leiðslan er, að frádregnum atvinnurekstrar-  
kostnaði. Ég get hugsað mér, að þeir einir muni  
vera á móti því, að sú athugun fari fram, sem  
ekki hafa gert sér ljóst, hvernig ástandið er á  
þessu sviði; en ég vona, að þeir séu ekki  
margir, sem þannig eru sinnaðir, að þeir vilji  
ekki hafa fastan grundvöll til að byggja á  
þær ráðstafanir, sem gerðar verða á fjármála-  
sviðinu.

Ég sé ekki neina ástæðu til þess að vísa þess-  
ari till. til n., en ef till. kemur fram um það,  
þá tel ég réttast, að henni verði vísað til fjvñ.  
— Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál  
að sinni, en ég óska þess, að þessi till. nái fram  
að ganga, og ef þm. vilja vísa henni til n., óska  
ég þess, að hún verði athuguð af fjvñ. áður en  
þingi verður slitið, svo að hún geti fengið full-  
nægjandi afgreiðslu.

\*Sveinbjörn Högnason: Ég ætla aðeins að segja  
örfá orð til athugunar um þessa till. áður en  
henni verður vísað til n. Það hefir áður verið  
gerð tilraun til skýrslusöfnunar svipaðrar þeirri,  
sem farið er fram á í þessari till., m. a. mun  
hv. flm. hafa stofnað skrifstofu til þess í fyrra,  
og ég veit ekki, með hvaða heimild. Hún mun  
hafa kostað allmikið fé, en hefir komið að

mjög litlu gagni, vegna þess að upplýsingarnar, er byggðust á skýrslusöfnun eins og gert er ráð fyrir í þessari till., voru mjög óábyggilegar, og ekki er vitað, að þær hafi komið að neinu líði, vegna þess hve óáreiðanlegar þær voru og náðu ekki nema yfir starfsmenn ríkisins og um það hversu launagreiðslum til þeirra væri varið. En til þess þurfti að stofna skrifstofu og hafa þar fimm launaða starfsmenn.

Nú er ætlað til samkv. þessari till., er hér liggur fyrir, að hefja mikla og stórfellda rannsókn á fjárhag þjóðarinnar, og sennilega yrði að fá sæg af mönnum til þess að hafa framkvæmd þess með höndum. Ef þetta yrði samþ., myndi það sjálfsagt kosta nýja n., skrifstofu og allmarga starfsmenn, og því verki myndi ekki verða lokið á einu ári, heldur standa yfir í nokkur ár. Hér er um stórfelld aukin útgjöld að ræða fyrir ríkið, ef miða skal við það, hvað sú skrifstofa kostaði á síðastl. ári, er þó leysti lítið starf af hendi.

Hinsvegar skal því ekki neitað, að ef hægt yrði að safna ábyggilegum skýrslum um þessi mál, gæti það komið að gagni. En ég býst við því, að þetta mundi lenda í höndum manna, sem e. t. v. gæfu að lokum jafnóábyggilegar skýrslur á allan hátt eins og sú skrifstofa, sem var að safna skýrslum um þetta á síðastl. ári. Ég veit ekki, hvernig vinnuáferð þeirra manna, er þar störfuðu, var háttað, en sú skrifstofa kostaði nokkur þús. kr. En ef þessi till. yrði samþ., myndi kostnaðurinn vitanlega verða margfalt meiri, og vafasamt, að skýrslurnar yrðu ábyggilegar.

Ég vil aðeins láta það í ljós um þessa till., að ég vil, að henni verði vísað til fjvn., því að ég veit, að sú n. hefir langbezta aðstöðu til þess að meta, að hvaða gagni hún myndi koma, ef hún yrði samþ., og hve mikill kostnaður myndi verða við framkvæmd hennar, og geti þm. því verið nokkuð rólegir, ef þessari till. verður vísað þangað. Ég vil beina því til þm., að þeir taki þetta til hlíðsjónar um leið og þeir taka þessa till. til athugunar.

\*Flm. (Jón Pálmason): Út af þessum ummælum hv. 1. þm. Rang. vil ég taka fram, í fyrsta lagi, að hann veit ekkert um, þessi hv. þm., hvort skýrslusöfnun fjvn. síðastl. ár er ábyggileg eða ekki. Það hefir verið unnið að þessari skýrslugerð bæði af þessum hv. þm. og öðrum, sem hafa persónulegar ástæður til að koma í veg fyrir, að skýrslurnar verði birtar, vegna þess að þeir vilja ekki, að almenningur sjái, á hvern hátt launagreiðslur til þeirra og annara starfsmanna ríkisins fara fram. En að það hafi nokkuð upplýst um það, að skýrslurnar séu óábyggilegar, er algerlega út í bláinn sagt. En um hitt má náttúrlega deila, hvort skýrslusöfnun á þennan hátt sé að fullu tæmandi. Hitt kemur nokkurnveginum ljóst fram hjá hv. þm., að hann er einn í hópi þeirra manna, sem ekki vilja fá það upplýst, hvernig fjárhagur þjóðarinnar er í raun og veru, vegna þess að hjá þeim mönnum er ríkjandi sá hugsunarháttur, sem hefir komið mjög í ljós hér á hv. Alþ. undanfarin ár, og ekki sízt nú upp á síðkastið, eu

það er að hugsa eins og maður, sem er á gjaldþrotabarmi og álitur, að bezt sé að láta allt afskiptalaust, það hrynji allt hvort sem er. Þessi hugsunarháttur hefir verið mjög ríkjandi bæði utan þings og innan, og getur það orðið til þess að blekkja þjóðina og leynd hana því, hvernig ástandið er í raun og veru í þessum efnun. — Viðvíkjandi því, hvort þessari till. skuli vísað til n., vil ég segja það, að ég álit eðlilegast, að fjvn. fengi málið til athugunar; það er hennar verksvið að fjalla um þessi mál.

\*Sveinbjörn Högnason: Ég hefi ekki miklu að svara hv. þm. A.-Húnv. í þessu efni. Hann sagði, að ég vissi ekkert um, hve ábyggileg skýrslusöfnun fjvn. hefði verið. Ég sagði ekki heldur beint, að skýrslurnar væru óábyggilegar, en sagði hinsvegar, að hv. fjvn. ætti að vera kunnugt um það, hversu ábyggilegar þær væru. Hitt er víst, að það kom a. m. k. fyrir í fyrra, að það munaði a. m. k. ½ með 3 menn, hvað skýrslurnar voru skakkar, og sumir menn voru alls ekki teknir með, og allt var gert af sama handa-höfinu.

Hv. flm. sagði, að ég vildi ekki fá upplýst, hvernig fjárhag þjóðarinnar væri komið, og vildi því koma í veg fyrir, að slíkar skýrslur bæru birtar. Ég vil bara segja það, að eftir því, sem ég þekki til óvandvirkni hans í þessum málum, treysti ég því ekki, að neinar gagnlegar upplýsingar fengjust um þessi mál, þó að stofnað væri til n., þar sem þessi hv. þm. ætti sati, — það yrði líklega svipuð útkoma og með endurskoðun landsreikninganna.

Þá sagði þessi hv. þm., að ég hugsaði eins og maður á gjaldþrotabarmi. Ég veit nú ekki, hvað hv. þm. hefir fyrir sér í þeim efnun, en hitt veit ég, að ef nokkur hugsar eins og maður, sem kominn er að gjaldþroti, þá er það einmitt þessi hv. þm., því að ég hefi aldrei heyrt nokkurn mann tala með eins mikilli lítillsvirðingu um fjármál þjóðarinnar eins og þennan hv. þm., því það verður að játa, að þrátt fyrir fjárhags-erfiðleika þjóðarinnar hafa eignir hennar aldrei verið meiri en nú, Við skulum bara líta aftur til aldamóta og sjá, hverjar eignir þjóðarinnar voru þá, og bera þær saman við eignir hennar nú, og þrátt fyrir erfitt ástand nú verður að játa, að velmegun þjóðarinnar hefir aldrei verið meiri en einmitt nú. Ég hygg, ef við litum nokkur ár aftur í timann, að við vildum ekki skipta á þeim verðmætum og þeim skuldum, sem þá voru fyrir í landinu, og þeim verðmætum, sem nú eru fyrir, jafnvel þó skuldarnar séu miklar nú. Þess vegna er það, þegar menn eru alltaf að tala um, að þjóðin sé á barmi gjaldþrots, þá verður það til þess að draga úr hjartsýni þjóðarinnar og til þess að gera lítið úr þeim stórkostlegu verðmætum, sem þjóðin hefir eignast, þrátt fyrir það, þó að hún hafi safnað skuldum. Ég sé þess vegna ekki, að það sé neinum manni til góðs að vera stöðugt að draga fram það svartasta í efnahag þjóðarinnar. Það er enginn vafi á því, að hún hefir rétt mikið úr kútnum frá því, sem áður var. Þess vegna segi ég það, að þeir einir stjórnmálamenn hugsa eins og gjaldþrotamenn, sem stöð-

Athugun á fjárhag þjóðarinnar.

ugt eru að tala um, að gjaldþrot sé fyrir dyrum; ég sé ekki annað.

**\*Pétur Ottesen:** Ég skal ekki blanda mér inn í umr. um þessi mál, en vil geta þess, af því að starf fjvn. hefir verið dregið inn í þessar umr., að þau ummæli, sem fallið hafa um það, að n. hafi gefið rangar og villandi upplýsingar, eru með öllu ómakleg, og ég vil láta það koma fram hér, að s. maður, sem lét þau orð falla, að upplýsingar fjvn. væru rangar og villandi, hann brestur kunnugleika til þess að fella dóm um þetta. Ég er sannfærður um, að það verk, sem þarna hefir verið unnið, getur orðið grundvöllur að þeirri endurskoðun á launal. og starfsmannahaldi, sem fjvn. lagði til fyrir nokkru, að fram færi, og var einum rómi samþ. Þess vegna held ég, að það sé líka ofmælt að segja, að þetta starf hafi verið unnið fyrir gíg.

Um það, hvort þessi till. eigi að fara til fjvn. eða allshn., þá skilst mér, að þarna sé um að ræða mjög almennt efni, og álit ég því, að þetta geti eins heyrt undir verksvið allshn. eins og fjvn. Annars álit ég það ekki skipta verulegu máli, til hvorrar þessara tveggja n. málinu verður vísað.

**\*Bjarni Bjarnason:** Ég vil mótmæla því, að þessi till. eigi sérstaklega heima hjá fjvn.; hún hefir það hlutverk að athuga skatta- og tollatekjur ríkissjóðs og gera till. um, hvernig því fé skuli varið, ennfremur að kynna sér nokkuð ríkisreksturinn. En þessi till. og þau atriði, sem þar koma fram, eiga alls ekki fyrst og fremst erindi til fjvn., heldur miklu fremur allshn., því að það eru einmitt þess háttar atriði, sem allshn. á að fjalla um.

**\*Sveinbjörn Högnason:** Mér þykir það dálítið einkennilegt, hvað fjvnm. eru ákafir að losna við að fá þessa till. til athugunar. Mér finnst, að þeim ætti ekki að vera svo mjög á móti skapi að fá till. til athugunar, ef grundvöllurinn, sem lagður hefir verið með skýrslusöfnuninni, er eins tryggur og hv. þm. Borgf. vill vera láta, og ég get ekki skilið annað en að hv. fjvn. verði fljót að afgr. þetta mál eftir að lagður hefir verið svo mikilsverður grundvöllur. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Borgf., að mig brestur kunnugleika til þess að dæma að fullu um skýrslusöfnunina. En mér finnst það samt ekki leika á tveim tungum, að það er alltaf mikilsvert, að byggt sé á traustum grundvelli, og mér finnst það ekki vera traustur grundvöllur að byggja á, ef miklar skekkjur eru undir því verki, sem lengi á að standa. Ég held, að þá sé miklu betra að mynda grundvöllinn að nýju; a. m. k. myndi ég miklu heldur taka þann kostinn, ef ég ætti að fást við slíkt.

**\*Flm. (Jón Pálmason):** Ég þarf ekki mörg orð til að svara hv. 1. þm. Rang. Það þýðir að sjálfsgöðu ekki fyrir okkur að þræta um það á þessum stað nú, hvernig komið sé fjárhag þjóðarinnar.

Mér virtist á ræðu hv. þm., að hann teldi fjárhaginn vera í svo góðu lagi, að hann hefði

jafnvel aldrei verið betri en nú, en um það atriði ætla ég ekki að þræta. En viðvíkjandi þeim ásökunum hv. þm., að ýmsar skekkjur hefðu átt sér stað viðvíkjandi skýrslusöfnuninni, þá vil ég enn segja það, að hann hefir ekki hugmynd um það, hvort þær eru rangar, og eru þessar fullyrðingar hans því út í bláinn sagðar. En þessar skýrslur eru teknar eftir upplýsingum frá stofnunum sjálfum, og eftir þeim niðurstöðum, sem þær hafa fengið, og ég er hræddur um, að hv. þm. reynist ofvaxið að telja almenningi trú um, að þessar skýrslur séu allar rangar og villandi.

Snertandi það, að ég hafi gert mig sekan um að gorta af því, hvað illa væri komið hag þjóðarinnar, þá er það eins og svo margt annað hjá þessum hv. þm., að það er alveg hrein villa. Það er fjarri því, að ég hafi á nokkurn hátt verið að gorta yfir því, að illa væri komið fjárhag þjóðarinnar, en hitt er satt, að ég hefi ekki fundið ástæðu til að draga dul á það, hvernig fjárhagurinn er.

Um það, hvort þessi till. eigi að fara til fjvn. eða allshn., þá tel ég það ekki skipta verulegu máli, en þar sem hér er eingöngu um fjárhagslega athugun að ræða, þá áltí er réttara, að fjvn. fengi málið til athugunar, og ég vil mega æskja þess, að forseti beri þá till. upp fyrst.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: PHerM, PHann, PO, SEH, SÁÓ, StgrSt, TT, ÞÞ, BJ, BJB, EmJ, ErlÞ, HelgJ, IngP, HG. nei: JÍv, JPálm, JörB, MG, MJ, PZ, SkG, StSt, SvBH, VJ, ÞBr, ÁJ.

22 þm. (JakM, JJós, JJ, ÓTh, PHalld, SK, ÁÁ, BSt, BÁ, BSn, BrB, EÁrna, EOL, EE, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, HermJ, HV, ÍslH) fjarstaddir.

Á 23. fundi í Sp., 23. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 400, n. 564).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 slj. atkv.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti! Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að till. verði afgr. með rökst. dagskrá á þskj. 564, þar sem lagt er til að vísa málinu til ríkisstj., í trausti þess, að hún láti rannsaka, eftir því sem gerlegt þykir, þau verkefni, sem till. ræðir um.

Það kemur fram í því, að hæstv. forseti lætur nægja eina umr. um málið, að talið er af hans hálfu, að till. þyrfti ekki að kosta fjárlát, þótt hún yrði samþ. En ef það ætti að rannsaka til hlítar alla liði till., þyrfti áreiðanlega til þess mikið fé. Með því að víkja við orðalagi till. og bæta inn orðunum: „eftir því sem gerlegt þykir“, vill allshn. takmarka verkefnið við það, sem ríkisstj. telur fært. Ætti að rannsaka það, sem talið er í till. í liðunum 1—5a—d, yrði líka óhjákvæmilegt, að þeir, sem það ættu að vinna, fengju aðgang að upplýsingum hjá ýmsum aðilum, sem ekki er skylt að veita þær, og þyrfti sérstaka lagaheimild til. Hinsvegar er



Athugun á fjárhag þjóðarinnar.

hægt að afla ýmissa af þeim upplýsingum með hægara móti. Hugsagt getur, að ástæða sé til þess, þegar kemur að hinu almenna manntali á komandi hausti, að haga því nokkuð öðruvísi en áður. Árlega er það flokkað af hagstofunni, hvernig skattgreiðendur skiptast eftir tekjuhæð. Á líkan hátt mætti e. t. v. flokka menn við manntalið, og þá jafnframt eftir stéttum, svo að fram kæmi nokkuð af þeim upplýsingum, sem hv. flm. óskar eftir. Aftur eru aðrar upplýsingar nefndar í till., sem fást ekki án sérstakrar lagasetningar. Í 4. lið eru nefndar upplýsingar, sem hagstofan hefir að nokkru leyti skýrslur um, og væri hægt án mikils kostnaðar að vita, hverju skuldir nema við stofnanir innanlands. Nefndin vill leggja það á vald ríkisstj., hve mikið af því, sem í till. er talið, verði rannsakað og hefir þá fyrst og fremst í huga eftirgrenslan þeirra atriða, sem ég nú veik að og ekki ættu að þurfa að valda miklum kostnaði.

Þá vil ég segja, að ríkisstjórnin ætti að sjá til þess, að ekki þurfi að líða mörg ár frá því að manntalið er tekið, þangað til árangur þess er lýðum ljós og nothæfur almenningi. Það liðu 4 ár frá manntalinu 1930 þangað til menn höfðu þess nokkur not, og þetta er venja með skýrslur hér, að gefa þær ekki út fyrr en um það leyti, sem þær eru að verða úreltar. Þó að það þyrfti að bæta við manni í hagstofunni til að flýta fyrir þessu máli, er ekki í það horfandi. Við höfum ekki efni á að geyma dýrmætar upplýsingar, sem mikið er húið að hafa fyrir, árum saman í skjalapökkunum ónunum.

Ég geri ráð fyrir, að hv. flm. verði e. t. v. ekki alls kostar ánægður með þá afgreiðslu, sem n. leggur til. En sem góður stuðningsmaður ríkisstj. ætti hann, finnst mér, að bera það traust til hennar, að hún muni láta framkvæma till. hans í öllu því, sem gerlegt verður talið.

**\*Jón Pálmason:** Úr því að allshn. hefir orðið sammála um það að visa þessu máli frá með rökst. dagskrá, mun vera þýðingarlaust að tefja tímann með miklum umr. um það. Eigi að síður get ég ekki látið hjá líða að láta í ljós nokkra undrun yfir því, að allshn. skuli hafa komizt að þessari niðurstöðu, einkum vegna þess, að þessi till. er ekki annað en áskorun til ríkisstj., og að því leyti er rökst. dagskráin í svipuðum anda, að öðru leyti en því, að það virðist hafa verið vilji n. með sinni dagskrá að koma því til leiðar, að þessi till. verði ekki samþ. Jafnframt kemur það í ljós að því er virðist í ræðu hv. frsm., að hann telur sennilegt, að þó að þetta yrði samþ., þá yrði svo miklum annmörkum bundið að framkvæma það, sem till. fer fram á, að það yrði lítt gerlegt, eða a. m. k. myndi það hafa mjög mikinn kostnað í för með sér. Ég tel, að hv. frsm. hafi gert allt of mikið úr þessu, því að það starf, sem ég ætlast til, er aðallega í því fölgandi að draga út úr reikningum, skýrslum og skattaframtölum þær tölur, sem ég tel nauðsynlegt að fá í þessu sambandi. Að vísu er það náttúrlega nokkuð verk, en ég tel þó, að ríkisstj. geti látið þær stofnanir, sem eru starfandi, fleiri eða færri, annast

Alpt. 1940. D. (55. löggjafarþing).

þetta án þess að það hafi nokkurn verulegan aukakostnað í för með sér.

En hvað það atriði snertir, að það myndi þurfa löggjöf til að hafa aðgang að ýmsum þeim upplýsingum, sem hér er farið fram á, þá fæ ég ekki séð, að þess þurfi með. Hiit er annað mál, að það yrði náttúrlega að heimila þeim mönnum, er þetta verk ynnu, að fá aðgang að skattaframtölum, en því mætti koma til leiðar með tilstilli yfirskattan. og ríkisskattan. hér í Reykjavík, að draga út úr skattaframtölunum þær upplýsingar, sem hér er farið fram á.

Að því er snertir manntalið, eða 2. lið þessarar till., þá er það náttúrlega rétt, sem hv. frsm. tók fram, að það á að vera hægt án mikillar fyrirhafnar að fá svar við þeim spurningum, er þar koma til greina, þegar almennt manntal fer fram næsta haust, og þær niðurstöður gætu legið fyrir í byrjun næsta Alþ.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. minntist á, að þessi till. myndi hafa svo mikinn kostnað í för með sér, að ríkisstj. væri trúandi til þess einni, og engum öðrum, að framkvæma þetta að svo miklu leyti sem fært þætti samkv. hinu rökst. dagskrá, vil ég svara, að það er næsta lítil munur á því að samþ. áskorun til ríkisstj. eða lýsa því yfir, að þessari till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún láti framkvæma hana án þess að hún fái áskorun um það.

Að öðru leyti ætla ég ekki að tefja tímann með því að fjölyrða um þetta mál; ég geri ráð fyrir, að rökst. dagskráin verði samþ., og á næsta Alþ. gefst vantanlega tækifæri til að sjá, hve mikill árangur hefir orðið af þeirri meðferð þessa máls, sem allshn. hefir lagt til.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Ég skal vera ákaflega stuttorður um þetta mál. Mér skildist á hv. flm., að hann teldi, að mjög mikið af því, sem hann leggur til, að athugað verði, mætti athuga í sambandi við skattskýrslur.

Í öðru lagi taldi hann, að þær stofnanir, sem eiga að fara yfir skattskýrslur, skattanefndir úti um land og ríkisskattan. hér í Reykjavík, ættu að geta leyst þetta af hendi án aukins mannafla. Hann taldi ennfremur, að þar væri hægt að fá allan þann fróðleik, sem hann ætlast til, að aflað verði samkv. till. sinni. En ég vil benda honum á það, að öll sú skýrslusöfnun í sambandi við skattamálin, sem lagt er til að gerð verði í þessari till., er þannig lagað verk, að ef ætlast er til, að skattanefndirnar annist um þá vinnu, þá myndu þær þurfa að bæta við mönnum í sína þjónustu, og það allverulega.

Í öðru lagi vil ég benda hv. þm. A.-Húnv. á, að það myndi þurfa sérstök l. til að framkvæma þetta, því að allan þann fróðleik, sem ætlast er til að safna, er alls ekki að finna í skattskýrslunum. Í þessari till. er m. a. talað um samgöngufyrirtæki, bæjar- og sveitarfélög og sparisjóði m. m., en slíkt er alls ekki unnt að sjá af skattskýrslum. Þetta eru skattfrjálssir aðilar og telja alls ekki fram, eiga enga skattskýrslu. Þó að menn vildu leggja allan sinn vísdom í þá rannsókn, þá er alls ekki unnt að

sjá af skattskýrslu t. d., hvernig rekstur spari-  
sjóðsins á Blönduósi er, því hún er engin til,  
og svo er um ýmislegt fleira, sem nefnt er í  
þessari till., að skattskýrslur gefa alls ekki upp-  
lýsingar um það. Það stendur því óhagganlegt,  
að ef þessi till. yrði samþ. og kæmist í fram-  
kvæmd, þá yrði að samþ. sérstök l., er heimil-  
uðu þeim mönnum, er að þessu ynnu, aðgang  
að hverskonar reikningum og skýrslum opin-  
berra fyrirtækja og einstaklingsfyrirtækja sem  
væri. En til slíks þyrfti sérstök lagafyrirmæli.  
Ég man svo langt, að þegar „Rauðka“ var stofn-  
uð og það kom til mála að láta hana fá slíka  
heimild, þá voru ekki allir þm. því fylgjandi,  
að henni yrði veitt slíkt, og minnir mig þm.  
A.-Húnv. vera meðal þeirra.

\*Jón Pálmason: Ég ætla aðeins að segja örfá  
orð. Hv. 1. þm. N.-M. gat þess, að það myndi  
þurfa sérstaka löggjöf til þess að rannsaka hag  
og rekstur peningastofnana og með þessari till.  
væri gengið inn á nokkuð svipuð svið eins og  
tilætlunin var með starfsemi skipulagsnefndar  
atvinnumála hér á árunum. En þá er því til að  
svara, að ég hefi aldrei ætlað til, að gefnar  
yrðu skýrslur um allan rekstrarkostnað hjá  
hverri stofnun. Þær stofnanir, sem nefndar eru  
í þessari till. minni, hafa allar opinbera reikn-

inga að því leyti, sem þar eru birtar niðurstöður  
um opinber gjöld þeirra, og er það tvennt ólíkt  
eða að gefa upplýsingar um allan rekstrarkostn-  
að þessara fyrirtækja. Það er ekki ætlað til,  
að peningastofnanir, verzlunarfyrirtæki og önn-  
ur fyrirtæki gefi nákvæmlega upp, hve háir hver  
liður sé í reikningum sínum. Í þessari till. minni  
er ekki farið fram á annað en það, að fá heildar-  
tölur um, hvernig ástandið er að því er fjár-  
haginn snertir.

Viðvíkjandi því, að það myndi þurfa að bæta  
við starfsmönnum hjá öllum þeim stofnunum,  
er líklegar væru til að geta framkvæmt þetta,  
ef samþ. yrði, er því til að svara, að það er  
náttúrulega rétt, ef ætlað er til, að því fólki,  
er vinnur við þær stofnanir, sem myndi verða  
falið þetta, hvort sem heldur er skrifstofufólk  
eða stjórnendur, eigi að vera leyft að hafa þessi  
störf á hendi þannig, að vinna aðeins örstutt-  
an tíma í þeim stofnunum, sem þeirra aðal-  
starf á að vera við. En ef því yrði breytt í rétt  
horf, þá hvgg ég, að engu fólki þyrfti að bæta  
við til þess að vinna það starf, sem farið er  
fram á í þessari till.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá allshn., á þskj. 564, sam-  
þykkt með 26:1 atkv.

# Þingsályktunartillaga, vísað til ríkisstjórnarinnar.

## Saltfisksveiðar togara.

Á 15. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:  
Till. til þál. um saltfisksveiðar togara (A. 107).

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 21., 23. og 24. fundi í Nd., 19., 27. og 28. marz, var till. tekin til einnar umr.  
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

\*Emil Jónsson: Mér þykir leitt, að hv. 1. flm. till. er ekki viðstaddur og getur því ekki lýst máli þessu eins og hann ætlaði. Hann hafði aflað sér ýmissa gagna, sem ég hefi ekki í höndum. En þar sem ég hefi verið með í þessu og tel mér málið nokkuð skylt, vil ég fara um það nokkrum orðum.

Ég þarf ekki að lýsa því, hversu mikill þáttur í öllu atvinnulífi þjóðarinnar, saltfisksverkin er og hefir verið, því að nálega alstaðar við sjóinn hefir þetta um langt skeið verið aðal- atvinnuvegur manna. Það er ekki langt síðan héðan voru fluttar út afurðir þessa atvinnuvegar fyrir 10—20 millj. króna, og sést best af því, hversu mikill þáttur þetta hefir verið í öllu atvinnulífi þjóðarinnar. Það ber einnig að athuga, að á þessum stöðum er þetta nær eini atvinnuvegurinn, sem konur og unglingar hafa getað stundað. Ég þekki þess mörg dæmi, að þegar fyrirvinnan hefir farið burt úr kaupstaðnum í atvinnuleit, hefir konan og stálpaðir unglingar getað aflað sér tekna við þessi störf, svo að fjölskylduþeirrin hefir getað notað tekjur þær, er hann aflaði sér um sumaríð, til að búa sig undir veturinn, í stað þess að hafa þær sem eyðslueyri handa heimilinu jafnóðum.

Önnur vinna í kaupstöðum og sjávarþorpum hefir verið lítil. Að visu hefir á seinni árum komið upp nokkur iðnaður, en annars hefir helzt verið um að ræða vinnu við byggingar, og svo á síðustu tímum við landbúnað, þannig. að menn hafa fengið við ræktun til þess að bæta hag sinn. Annars hefir ekki verið um aðra vinnu að ræða en störf við saltfisksverkun.

Á þessu hefir þó orðið nokkur breyting á síðari árum. Afli veiðiskipanna hefir minnkað mjög

og söluörðugleikar auk þess dregið úr framleiðslustörfunum. Útvegsmenn hafa ekki verið eins fúsir til að reka þennan atvinnuveg og áður var. Af þessum orsökum hefir þjóðin verið að reyna að endurskapa að nokkru leyti atvinnuvegi sína. Víða um landið hafa t. d. risið upp frystihús, sem tekið hafa að sér að breyta verkunaraðferðunum úr saltfisksverkun í kældan og hraðfrystan fisk. En til þessarar verkunar hefir helzt verið veitt af vélbátum. Afli stærri skipa hefir varla farið í frystihúsin. Því hafa þeir bæir orðið harðast úti, þar sem togaraútgerð hefir verið mest stunduð. Þar hefir atvinnulífið dregið saman, en í staðinn komið arðlitið atvinnubótavinna. Iðnaður hefir að visu aukizt nokkuð í þorpum og kaupstöðum, en það hefir aðallega verið byggingariðnaður, sem alltaf er tímabundinn og ekki áreiðanlegur, svo að úr honum getur dregið jafnvel meira en öðrum iðngreinum eftir árferði. Þá hefir landbúnaður aukizt nokkuð, er kaupstaðabúar hafa tekið land til ræktunar til framfæris sér í atvinnuleysinu. Nú er svo komið í þessum bæjum, að keyrt hefir um þverbak, þar sem svo að segja enginn fiskur kemur á land, sem líkur eru til, að verkaður verði sem saltfiskur, á þeim stöðum, þar sem togaraútgerð hefir verið mest, en þeir eru Hafnarfjörður með sína 10 togara, Reykjavík með 20—30 togara og svo Patreksfjörður.

Ísfisksveiðar hafa verið allmikið reknar, og svo virðist ætla að verða framvegis, en útgerðarmenn gefa sér ekki tíma til að hugsa um saltfisksveiðar nema að litlu leyti. Hvað á þá það fólk að gera, sem beðið hefir eftir þessari atvinnu og byggt afkomu sína á henni? Það virðist ekki eiga annað framundan en dauðann, sérstaklega er byggingarvinna er því nær engin. Er ekki sýnilegt annað en að stjórnarvöldin verði að gripa hér til skjótra úrræða. Um landbúnaðinn er það að segja, að nú er búið að ganga svo frá honum, að ekki eru líkur til, að nokkur maður vilji leggja tólmstundir sínar í að rækta land, þar sem fjórði hver mjólkurlitri er tekinn af slíkum mönnum og færður austur yfir fjall til manna, sem hafa þó að öllu leyti betri aðstöðu.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á þetta, þar sem engin von er til bjargar. Eins og útlitið er nú, eru engir möguleikar fyrir saltfisksveiðar og landvinnu í sambandi við þær, engir möguleikar fyrir byggingarvinnu, engir möguleikar

fyrir verkamenn að stunda landbúnað í tómstundum sínum. Hvað á þá fólkið að gera? Það er ekkert framundan annað en atvinnubótavinna við einhverjar óarðbærar framkvæmdir, eins skemmtileg og hún er. Þess vegna er ekki furða, þó að bæði mér og öðrum hafi dottið í hug, hvort ekki væri arðvænlegra að reyna heldur að snúa sér að því, sem verið hefir okkar aðal- atvinnuvegur að undanförunu. Ef til vill væri hægt með hjálp þess opinbera, ef ekki með öðru móti, að haga framleiðslustarfinu þannig, að fólkið geti fengið að vinna við saltfisksverkun, þó ekki væri í eins stórum stíl og áður. Þá vaknar að sjálfsgöðu sú spurning, hvort nokkur sanngirni sé í því og hvort það muni vera fjárhagslega kleift fyrir útgerðarmenn að snúa sér að saltfisksveiðum dálitinn tíma, ef þeir telja meiri hagnaðarvon í ísfisksveiðum. Togaraflo- tinn hefir nú stundað ísfisksveiðar í 6—7 und- anfarna mán. Hann hefir siglt með afla sinn til Englands og selt hann þar. Allir þeir, sem hafa stundað þessa veiði, hafa haft af henni nokk- urn hagnað, og sumir allgóðan. En þessi sala er alltaf ákaflega óviss, og það geta engir sagt fyrirfram, hve mikið fæst fyrir aflann. Þó að heildarútkoman hafi enn verið sæmileg, er hverjum bátsfarmi siglt út í óvissuna, og marg- ar ferðir hafa verið farnar til Englands, sem ekki hafa greitt að fullu tilkostnaðinn við að afla fiskjarins. Ég hefi reynt að gera mér grein fyrir því, hvort forsvaranlegt sé, bæði gagnvart þjóðarbúskapnum yfirleitt og útgerðarfyrirtækj- unum sjálfum, að segja við þau: Nú skuluð þið fara á saltfisksveiðar í einn mánuð eða svo og hætta ísfisksveiðum á meðan. — Ég hefi ekki komið að annari niðurstöðu en þeirri, að þetta sé fullkomlega forsvaranlegt. Ég hefi ekki get- að fundið annað út, ef aflabrögðin yrðu svipuð og að undanförunu, en að með þessu mætti bjarga atvinnuleysinu að nokkru, ef ekki yrði reiknað gífurlegt verð fyrir þau kol og það salt, sem til þessarar hluta þarf. Báðar þessar vörutegundir muna vera til í landinu, a. m. k. sem þarf til að stunda saltfisksveiðar í einn mánuð. Sölu- verð afurðanna fyrir eins mánaðar afla ætla ég, að yrði engu minna en meðalsala togaranna, sem selja fisk sinn til Englands. Þess vegna ætti það alls ekki að vera ókleift, hvorki fyrir togaraeigendur eða þjóðarbúskapinn, að gera þetta í einn mán. til að bæta úr atvinnuleysinu og til þess að þurfa ekki að láta verkafólkið vinna einhverja óarðbæra atvinnubótavinnu. Þá hlýtur sú spurning að vakna: Hvað getur Alb. og ríkisstj. gert í þessum málum? Alb. veitti þessum útgerðarfyrirtækjum landsins skattfrelsi fyrir 2 árum með hliðsjón af því, að hagar útgerðarinnar væri svo þröngur, að hann þyldi ekki skatta þá, sem ríkið og bæjarfélögin lögðu á útgerðina. Nú hefir að visu komið fram till. um að afnema þetta skattfrelsi, og tel ég hana mjög athyglisverða. En í því formi, sem hún var lögð fyrir þingið, er hún gagnslaus á þessu ári til að bæta úr þeirri atvinnuleysishættu, sem nú vofir yfir og verður að koma í veg fyrir strax. Sú till., sem hv. 3. þm. Reykv. bar fram um að afnema skattfrelsi, hefir ekki þýðingu fyrr en á næsta ári og mun ekki bæta úr

því neyðarástandi, sem nú er að skapast. Þess vegna verður að gera eitt af tvennu, sem kæmi að gagni fyrir fólkið, annaðhvort að skipin fari á saltfisksveiðar strax, eða leggja skatt á ís- fisksútflutninginn, og gæti hann komið til af- nota fyrir fólkið, sem biður atvinnulaust í landi eftir verkefni. Allir sjá, að úr þessu verður að bæta strax. Mér finnst ekki til of mikils mælt, þó að Alb., sem hefir veitt útgerðarmönnum þau fríðindi, sem felast í skattfrelsinu, verði því samþykkt, að útgerðin beini skipum sínum í þá átt, að vinnulaust fólk í landi hafi atvinnu af. Ef þessi leið reynist ófær, verður að fara hina, að láta atvinnulaust fólk njóta styrks frá þessum útgerðarmönnum.

Ég vænti þess, að hv. d. taki vel þessari till. og sjái, að eitthvað verður að gera til að koma í veg fyrir yfirvofandi atvinnuleysi. Ég hefi bent hér á tvær leiðir, annaðhvort að láta skipin fara strax á saltfisksveiðar eða leggja skatt á útgerðina til að bæta mönnum upp vinnutapið. Tel ég þá leið miklu heppilegri og eðlilegri, að láta fólkið vinna að framleiðslustarfinu, og mun halda mig við þá skoðun mína, þangað til út- gerðarmenn hafa sýnt með rökum skaða sinn á því eða að hér væri um að ræða almennt tap fyrir þjóðarþúið. Atvinnutekjur verkafólks af saltfisksveiðum togaranna hafa numið á lítilli vertið um 50000 kr. af hverjum togara í bæjum eins og Hafnarfirði, svo að sýnilegt er, hver áhrif það muni hafa á afkomu manna, ef þessi atvinna yrði með öllu þurrkuð burt. Sérstak- lega hefir þetta komið hart niður á verkafólki í Hafnarfirði, sem hefir haft saltfisksverkun sem höfuðatvinnugrein. Þess vegna er ég hrædd- ur um, þó að það fengi einhverja atvinnubóta- vinnu í staðinn, sem gæti aldrei orðið annað en kák, að ekki myndi verða varið þeim upp- hæðum sem þyrfti til að bæta afkomu fólks- ins. Mér finnst því heppilegasta úrlausnin á þessu vandamáli felast í því, að þáttill. þessi verði samþ.

**\*Atvnrh. (Ólafur Thors):** Ég tel ekki ástæðu til að fara um þessa till. mörgum orðum á þessu stigi málsins. Ég geri ráð fyrir, að hún verði send til n. og fái þar betri athugun en hún hefir nú fengið. Þó mun ég láta nokkur orð falla um þetta mál. Ríkisstj. hefir gert sér ljóst fyrir löngu, að framundan biði margvíslegir erfiðleikar í sambandi við atvinnuleysi almenn- ing, sem fylgir í kjölfar tvenandi saltfisksölu. Þess vegna hefir hún um tveggja mánaða skeið látið athuga þessi mál, og ég get gefið nokkuð einstakar upplýsingar fyrir hönd stjórnarinn- ar, sem sýna, hve málið er örðugt viðfangs. Það er of augljóst mál til þess, að um það þurfi að ræða, að stj. getur ekki látið sér standa á sama, ef saltfisksveiðar togara falla niður. Hún myndi hiklaust hafa komið með frumkvæðið að því, að veiðiskipin færu einhvern tíma á saltfisksveiðar, ef henni væri ekki ljóst, hvi- líkir örðugleikar yrðu því samfara. Mér hefir verið falið af ríkisstj. að hafa forystu og af- skipti gagnvart útgerðarmönnum af þessum mál- um, og af þeirri ástæðu mun ég svara þessum málum fyrir hönd stjórnarinnar. Ég hefi fengið

skýrslur frá útgerðarmönnum, sem sýna, hvernig þeir ætla, að afkoman myndi verða, ef farið yrði á saltfisksveiðar. Þrjú útgerðarfélag hafa sent þessar skýrslur, — þó mætti segja, að þau væru ekki nema tvö, þar sem eitt er frá bæjar-útgerðinni í Hafnarfirði. Eftir að hafa athug- að þessar skýrslur sá ég, að mjög orkaði tvi- mælis, að farin væri þessi leið, vegna hins háa verðs á kolum og salti. Skýrslurnar eru samd- ar eftir bókum félaganna og reiknaðar eftir af- komunni eins og hún var 1938 og 1939. Reiknað var með kolum, salti, kaupgjaldi og fleiru eins og það er í dag, miðað við notkunina í fyrra, en aflamagnið eins og það var í fyrra. Niður- staðan í skýrslunum er sú, að hallinn af þess- arí veiði í aprilmánuði, sem er þó beztí timinn af vertíðinni, nam 1600 kr. á dag á hvert skip. Þessi útkoma fæst með því að reikna verðlag á kolum heldur hærra en ástæða kann að vera til. Ég á sjálfur sök á því, að í þessari áætlun eru kolin reiknuð á 160 kr. tonnið. Þetta er að visu nokkuð hátt, en það munar aldrei meiru en 250 kr. á dag. Útgerðarmenn fá líka kol með nokkuð lægra verði en tíðkast hér á landi, þar sem þeir kaupa þau sjálfir og flytja þau á sin- um skipum. En aftur á móti er saltfiskurinn reiknaður hærra hér en útlit er fyrir, að fáist nú fyrir hann, og er miðað við verðlagið 1939. Ef nú yrði farið á saltfisksveiðar, yrði hallinn samkv. þessum skýrslum 48000 kr. á mánuð, ef miðað er við þá afkomu á isfisksveiðunum, sem verið hefir hjá flestum skipum frá því að styrj- öldin hófst. Það yrði mikið fyrir stjórnina að taka þessi fyrirtæki þjóðfélagsins úr rekstri, sem skila svo miklum ágóða, og setja þau í rekstur, sem yrði stórkostlegur halli af samkv. þessum útreikningi. Þessi skip, sem ég hefi hér skýrslur af, skila afla í 8 daga í apríl fyrir 48 þús. kr. Ágóðinn af isfisksveiðunum nemur þá um 50— 60 þús. kr. á hvert skip. Nú er saltfiskurinn reiknaður á 30 kr. skippundið, svo að með því að fara á saltfisksveiðar og bjarga með því atvinnu landsmanna í bili, yrði þjóðfélagið að leggja fram 60 þús. kr., þar sem isfiskurinn er nú seldur á 100 kr. skippundið. Ég býst við, að flestum, sem þekkja til, þætti þetta nokkuð óaðgengilegt, jafnvel þó að engu væri hér við að bæta. En nú kemur ennþá tvennt til greina. Nú er komið fram yfir páska og sá tími lið- inn, sem veiðist mest á, án þess að nokkur afla- brögð hafi verið, sem heitið geti. Með því verð- lagi, sem nú er á saltfiski, er gersamlega von- laust að fara á saltfisksveiðar, því með þeim aflabrogðum, sem verið hafa að undanfögnu, yrði tekjuhalli togaranna gifurlegur. Vonandi glæðist veiðin, en þó að svo yrði, væri ríkisstj. ekki um að knýja togarana til að fara á salt- fisksveiðar, meðan verðið er svo glæsilegt fyrir isfiskinn. Þegar ríkisstj. byrjaði að ræða um þetta mál, voru undirtektir mjög góðar hjá út- gerðarmönnum. Hún vakti máls á því, að út- gerðarfélagin yrðu að hafa hugfast, að þau nytu þess mikla réttar, skattfrelsisins. Þó að fisksal- an hefði gengið sémilega undanfarna mánuði, væru horfurnar þannig með landvinnu, að full ástæða væri til þess að bera kvíðboga fyrir af- komu almennings. Sagðist ríkisstj. vona, að út-

gerðarmenn sýndu skilning á hag þjóðfélagsins og að þeir settu hann ofar eigin hagsmunum. Útgerðarmenn segjast hafa þetta hugfast, en koma með þá eðlilegu spurningu, hvort ríkisstj. geti treyst sér að skora á þá að fara á saltfisks- veiðar, og hún hefir ekki tekið afstöðu til þessa máls ennþá.

Ég minntist á það áðan, að tvennt kæmi til greina fram yfir það, sem þessar skýrslur sýndu. Annað er, hve litil eru aflabrogðin, og hitt, hve lélegar horfur eru með sölu á saltfiski. Það er ekki nema vika síðan á þessum eina markaði okkar, þ. e. a. s. í Portúgal, voru boðin út 3000 tonn af saltfiski fyrir 24 shillinga pakk- inn, eða 20 kr. lægra en Íslendingar seldu hann á sama tíma í fyrra, og þá keyptum við kolin á 40 kr. tonnið, en nú á 160 kr. Þetta eru ekki glæsilegar horfur. Að visu er lýsisverðið hag- stætt og getur nokkuð bætt upp saltfisksverðið, en í þessum skýrslum er miðað við núverandi verðlag á lýsi. Ég held þess vegna, að margt þurfi að athuga, áður en sú leið er farin til að bæta úr atvinnuleysinu, að senda togarana á saltfisksveiðar, sem yrðu að vera talsvert mikl- ar, ef þær kæmu að gagni. Ríkisstj. er ljóst, að eitthvað verður að gera til að bæta almenn- ingi upp það atvinnuleysi, sem þessi vinnu- stöðvun hefir í för með sér, en skýrslur útgerð- arfélaganna hafa mjög dregið úr þreki hennar til þess að fara þá leið, sem ég hefi gert að umtalsefni.

Nú er svo, að ég er ekki alveg viss um, hvort hér í Reykjavík þyrfti að vera beinlínis at- vinnuskortur framundan. Það er ýmislegt, sem ætla má, að hafi bætandi áhrif á afkomu al- mennings, og á ég þar fyrst og fremst við hita- veituna. Ríkisstj. hefir sannfrétt, að það verði örugg vinna um langan tíma, svo óhætt er að lita vonglöðum augum fram á veginn. Ég er ekki heldur viss um, að ástæða sé til að vera svartsýnn í dag, enda þótt saltfisksveiðarnar yrðu litlar eða engar. Sérstaklega vildi ég mega treysta því, ef því versta yrði afstýrt, að hægt verði að halda atvinnulífinu uppi með opin- berum framkvæmdum. Gæti vel verið, er fjár- hagar ríkisins batnaði, að ríkisstj. tæki sér þessaleyfi um aukin útgjöld til að bæta úr hag- almennings og auka atvinnuna.

Ég viðurkenni það, sem hv. flm. þessarar till. sagði, að í Hafnarfirði væri ekki glæsilegt um að litast, þar sem íbúarnir hefðu enga vinnu, nema atvinnubótavinnu, ef saltfisksveiðarnar hættu. Það er líka rétt hjá honum, að gera þarf alveg sérstakar ráðstafanir til að bjarga þessu fólki frá yfirvofandi neyð. En ég býst við, eftir rannsóknum í þessu máli, að það verði síður en svo létt verk. Það er stórkostlegur mis- skilningur, sem kom fram hjá hv. flm. þess- arar till., að yrðu aflabrogðin svipuð og undan- farin ár, nægðu saltfisksveiðar í 4—5 vikur til að afstýra atvinnuleysinu. Verði aflabrogðin eitthvað svipuð því, sem verið hefir undanfarin ár, og verðlagið svipað því, sem útlit er fyrir, og kolin reiknuð með núverandi verði, er fyrir- sjáanlegur stórkostlegur halli af þessum rekstri. Hann myndi verða margfaldur á við þá atvinnu, sem fólkið fengi með þessu móti.

Ég sótti upplýsingar til annara en þeirra, sem mér standa næstir í útgerðinni, og lét annað útgerðarfélag reikna út, hve mikinn afla þeir teldu sig þurfa til þess að útgerðin gæti borið sig einn mánuð. Og kom þá í ljós það, sem ég hafði gert mér hugmynd um, að aflinn þyrfti að vera nákvæmlega tvöfaldur við það, sem hann var í fyrra, og þó sé miðað við hærra verðlag. Ég álit, að það verði að athuga, hvaða leiðir séu færar til að afla ríkissjóði tekna í þessu skyni, til þess að geta staðið undir hækkingu útgöldum vegna rénandi atvinnuvega í landinu. Það er ekki alveg víst, að sú leið yrði farin, að leggja skatt á þessa útgerð eða aðra útgerð til þess að afla þessa fjár.

Þessi útgerð hefir verið skattfrjáls í viðurkenningu þess, að það væri eina leiðin til þess að bjarga henni frá hruni. Og það þýðir líka að bjarga þeim almenningi, sem á henni hefir lífað.

Hafi þetta nú verið svo, að þetta sé eina leiðin til þess að bjarga útgerðinni við, hljóta menn að beita nokkurri varfærni áður en farið er að leggja á hana nýjan skatt, enda þótt gengið hafi betur fyrir henni í nokkra mánuði en áður.

Það er nokkuð misjafnt, hvernig skipunum hefir gengið. Sumum þeirra hefir gengið ágætlega, sumum vel og sumum hörmulega illa. Og tugir þúsunda kr. hafa tapazt á einstökum skipum síðan styrjöldin hófst.

Það verður einnig að muna, að skattfrelsið var veitt af því, að það var álitnið, að það ætti að gera eitthvað til þess að útgerðin gæti losað sig við einhvern skuldabaggann, sem á henni hvílir. En ég er reiðubúinn að vera með í því að taka þátt í athugun á skattálagningu á þessa aðila eða aðra, til þess að þjóðfélagið geti, eftir því sem óhjákvæmilegt þykir, tekið á sig byrðar vegna rénandi atvinnumöguleika fólksins.

Ég ætla að láta þessar tiltölulegu stuttu upplýsingar nægja við þessa umr. málsins, en mun að sjálfsgöðu óska eftir að eiga tal við þá n., sem fær málið til athugunar, og leggja ný gögn fyrir hana f. h. ríkisstj., og hún mun einnig afla sér gagna sjálf.

Ég legg svo til, að umr. um málið verði frestað og því vísað til sjútvn.

**Emil Jónsson:** Herra forseti! Mér þykir vænt um, að hæstv. ríkisstj. hefir haft þetta mál til athugunar og kynnt sér það rækilega, eins og líka trúlegt var, þar sem hér er um eitt hið þjóðingarmesta mál fyrir afkomu allrar þjóðarinnar að ræða, eins og þetta mál er. En sú niðurstaða, sem hæstv. stj. eða hæstv. atvmrh. virðist hafa komizt að í þessu efni, felur í sér þá sorglegu staðreynd, að hann telur, að þetta, ef ekki alveg útiloki, þá geri litt fært að hugga sér möguleika til þess, að togarar geti stundað þessar veiðar.

Það er nú alltaf talið þannig, þegar skýrslur eru gerðar eða áætlun gerð, að niðurstaðan velti mikið á því, hvaða tölur eru teknar, eins og þar stendur.

Og þar sem hæstv. atvmrh. taldi sig hafa nokkurn veginn vissu fyrir því, að tekjuhalli togara við eins mánaðar rekstur myndi verða

40—50 þús. kr. miðað við núverandi verðlag á afurðunum, þá er ég nú satt að segja hálfsmeykurur við, að það myndu ekki allir útgerðarmenn skrifa undir þetta með honum.

Ég skal játa, að sá kostnaður, sem útgerðin verður að hafa af sínum rekstri, er ákaflega mikill. Og hann er sérstaklega mikill, ef reiknað er með verði á nauðsynjum til útgerðarinnar eins og verðið mun verða eftir að vertið er lokið. Það er ekki almennt, svo ég nefni eitt dæmi, að reikna kolin nú 160 kr. tonnið. Og ég ætla, að það sé ekki ósanngjarnt að reikna togurum þau með verði, sem sé verulega lægra en þetta verð.

Togarar, sem hafa stundað isfisksveiðar og fiskflutning til Englands í 6—7 mánuði, hafa komið alla þessa mánuði heim fullfermdir af kolum, sem þeir hafa keypt í Englandi á eitt-hvað milli 20—40 kr. tonnið, mismunandi eftir því, á hvaða tíma er. Það hefir farið hækkingu, en milli þessara settu marka ætla ég, að verðið hafi legið. Og þessi skip þurfa ekki að reikna sér farmgjald svo hátt, að útsöluverð hér á staðnum þurfi að vera 160 kr. tonnið.

Mér er sagt af þeim, sem hafa reiknað þetta fyrir mig, að ef kostnaðurinn sé reiknaður með því að telja hæfilega reiknuð laun, miðað við þessar ástæður, og allt miðað við það verð, sem var við síðustu áramót, þá telji þeir, að mjög muni standast á kostnaður og tekjur útgerðarinnar með svipuðum aflabrogðum og nú eru. Og til þess að hafa ekki eintómur áætlaðar tölur, vil ég nefna eitt dæmi frá útgerðinni, sem ég þekki bezt og hefi verið nokkuð riðinn við. Það er skip, sem hefir hætt isfisksveiðum og verið gert út heldur en ekki á saltfisksveiðar og ufsaveiðar, sem gefa nákvæmlega sömu atvinnuaukningu, og sít minni.

Skipið hefir farið nokkrar veiðiferðir. Og það hefir venjulega fyllt sig á viku, og aflinn eftir vikuna hefir verið 20—25 þús. kr. að verðmæti til, þannig að tekjur skipsins á viku má reikna 20—25 þús. kr. Og ég tel ekki, að sú útgerð hafi gefið halla þennan tíma, sem hún hefir verið rekin. Þetta er að vísu kannske nokkuð öðruvísi heldur en þorskveiðar, en þó svipað að því leyti, að það gefur nokkuð sömu raun fyrir fólkið, sem nýtur þessarar atvinnu.

Ef fleiri hefðu haft hug á að stunda þennan atvinnuveg, hefði mátt auka verulega frá því, sem nú er, atvinnu í landinu með þessu. Fyrir utan þessar tölur, sem ég nefndi um tekjur skipsins eftir veiðiferð, koma svo verkunarlaunin í landi, því að mér hefir skilizt, að svo hefði verið samið um þennan ufsa, að hann væri keyptur föstu verði og seldur og verkunarlaun á honum væru tryggð þannig, að sala á honum væri nokkuð örugg. Þetta eru raunverulegar tölur, sem teknar eru beint út úr veruleikanum einmitt í því efni, sem um er deilt. Ég ætla, að það liggi ekki fyrir margar tölur heppilegri af sama tagi, af því ég geri ráð fyrir, að aðrir hafi ekki átt við ufsaveiðar til þess að efla atvinnu hjá fólki í landi, sem þarf að fá eitt-hvað að gera.

Ég er fús á að vísa málinu til n., eða það fái athugun þar, svo aðrir fái að sjá þau gögn frá

## Saltfisksveiðar togara.

rikisstj., sem hæstv. ráðh. talaði um og vel má vera, að standist með þessu háa verði á kolum og salti, sem hann gaf í skyn, að reiknað væri með. En það, sem fyrir mér vakir, er það, að þar sem verðmæti hefir verið aflað á þennan hátt, gefur það ekki tilefni til þess að meta þau eftir þessu háa kolaverði. Hinsvegar ef það sýnir sig, að lokinni athugun á þessu máli, sem ég tel sjálfsagt að fari fram, að það sé ókleift að gera þetta, og úr því verður að fá skorið þegar í stað, því að það er nú þegar komið fram að þeim tíma, sem venjuleg vertíð á að vera hafin eða um það bil að hefjast, og í allra síðasta lagi um næstu mánaðamót, þá verður að bæta úr atvinnuleysinu á annan hátt. Ég vil þess vegna vænta þess, að þeirri athugun, sem n. á að gera, verði hraðað mjög.

Ef það skyldi svo sýna sig, að lokinni þessari athugun, að það væri ókleift ekki aðeins fyrir eigendur skipanna — því að ég tel það ókleift, ef afkoman sýnir sig að verða eins og hæstv. atvnrh. taldi tapið á skipi í einni veiðiför, 50—60 þús. kr. —, sé ég ekki aðra leið til þess að bæta úr atvinnuleysisbólinu en að leggja skatt á þau skip, sem hafa haft ágóða af ísfisksveiðunum og sölu til Englands. Náttúrlega verður að taka tillit til þess við þá skattálagningu, hvaða skip hafa haft mest og í hvaða skuldum þau eru nú. Það er ekki nema maklegt og rétt, að það sé skylt að taka það til greina.

En ef ekki fæst atvinna handa fólkinu með því að láta skipin ganga á saltfisksveiðar, þá sé ég engan annan stað til þess að taka peninga í það að skaffa þessu fólki atvinnu til þess að geta lifað heldur en frá þeim, sem hafa haft hagnað af þessum ísfisksveiðum. Þau skip, sem hafa stundað saltfisksveiðar, hafa orðið til þess að draga fólkið til kaupstaðanna héðan og þaðan að af landinu, til þess að afla sér þar atvinnu. Þegar það svo er skilið eftir í vandræðum og atvinnuleysi, þá verða þeir, sem hafa fengið það til sín og eiga töluverða sök á því, að það er þangað komið, fyrst og fremst að reyna að sjá um að bæta úr þessu höli.

Hæstv. atvnrh. minntist einnig á það, að það hefðu farið fram nokkrar sölur á saltfiski og útlitið væri slæmt, m. a. hefðu Norðmenn selt sinn fisk verulega miklu ódýrari heldur en við hefðum selt hann í fyrri á sama tíma, sem er óvenjulegt, því að þeirra fiskur hefir venjulega verið í herra verði. En þá er því til að svara, að ég heyrði ekki betur en einn framkvæmdarstjórinn í S. Í. F. segði, að verð fyrir óverkaðan fisk, sem seldur var til Ítalíu, hefði verið verulega herra en á sama tíma í fyrri, er myndi nema allt að 50%. Og mætti því einnig vænta þess, að hinn verkaði fiskur færðist eitt-hvað upp, þegar fram í sækti.

Ég er fús til að ræða við n. þá, sem málinu kann að verða vísað til, og vona, að hún sinni fljótt þessu máli, því að því liggur verulega mikið á.

\*Atvnrh. (Ólafur Thors): Það er ekki margt í ræðu hv. 6. landsk., sem krefst svara frá mér á þessu stigi málsins. Ég verð þó aðeins að áréttta það, sem ég sagði áðan, að ég held, að

þessar tölur, sem ég nefndi, séu réttar. Ég hefi talið 160 kr. kolatonnið. Ég spurði af sérstökum ástæðum um verð á kolum í Gautaborg, vegna skipsferðar, sem átti að verða þangað, og var mér sagt, að það væri yfir 200 kr. tonnið, svo mér fannst ekki ósanngjarnt að áætla kolin þetta.

Það er ekki rétt og engin skynsemi í því að miða við kolaverð eins og hv. þm. áleit, að útgerðarmenn þyrftu að reikna sér þessi kol. Það er atriði, sem er ákaflega mikið álitamál. Stundum þurfa skipin líka að reikna sér kolin 300 kr., til þess að veiðiförin geti staðizt. Í öðrum veiðiförum geta þeir flutt kolin frítt, af því að þeir hafa haft hag af söluinni. Og ef ég nota þær tölur í þessu sambandi í dag til þess að reikna út hag af saltfisksveiðum, þá getur það ekki staðizt.

Þjóðfélagið þarf að eiga kol í landinu og hafa þau handbær. Og ég hefi ekki leyfi til að spyrja um annað en það, hvað þarf að borga fyrir þau hér, ef ég þarf að nota þau. Og held ég, að það sé því rétt að miða við, að borga þurfi 130—200 kr. fyrir kolatonnið hér.

Ég hefi ekki séð tölur um útgerð þess skips, sem hv. 6. landsk. talaði um, en veit hinsvegar, að Helgafell og Þorfinnur hafa gert tilraun með saltfisksveiðar. Bæði skipin gáfust upp við þessa tilraun, vegna þess að þau töldu sig ekki geta staðizt undir þeim halla, sem leiddi af þessum atvinnurekstri.

Ég held ekki heldur, þó að útgerð þessa eina skips kynni að hafa horið sig, að það megi ganga út frá því, að í því felist sönnun fyrir því, að allir togarar geti stundað veiðar með samilegri útkomu. Þetta skip, sem hv. 6. landsk. nefndi, fékk tryggt afurðaverð hjá S. Í. F., því að þetta var tilraun til þess að vita, hvort tiltækilegt væri að stunda þær veiðar. Ég var með þessu vegna þess, að ég áleit rétt að hvetja menn til þess að fara á saltfisksveiðar, ef sannað væri, að fiskafli væri einhverstaðar að finna. Niðurstaða útreikningsins á því, hvort þessi rekstur beri sig eða ekki, fer eftir því, hvað á að reikna verð á kolum til þessara veiða.

Ég get fullvissað hv. þm. um það, að hann hefir ekki ríkari tilhneigingu heldur en ríkisstj. til þess að mega líta þannig á, að það sé kleift að ganga til útgerðarmanna og segja: Ríkisstj. myndi meta það við ykkur, ef þið farið á saltfisksveiðar. — Það hlýtur að hvíla sem þung skylda á sérhverri ríkisstj. að reyna að afstýra atvinnuleysisbólinu í þjóðfélaginu. Þær skyldur verða kannske því brýnni og ríkisstj. ljósari, sem hver dagur leggst með meiri þunga á verkamanninn heldur en áður vegna aukinnar dýrtíðar í landinu.

En af þessu má ekki leiða það, að ríkisstj. láti villa sér sýn um það, á hvern hátt væri bezt bætt úr því höli. Og þó það væri æskilegt, að saltfisksveiðar togara bættu úr þessu, þá er líklegt, að það verði ekki. Þó getur það verið, ef aflabrogð glæðast að mun. Og það hefir komið til orða hjá ríkisstj., að hún beini til þeirra, sem fiskveiðar stunda, tilmælum um að athuga möguleika fyrir saltfisksveiðum.

En það er engin skynsemi í að samþ. þessa

þáltill. Ég held, að skynsamlegt myndi ekki verða eða okkur til framdráttar að hætta ísfisksveiðum alls flotans í einu. Ég held, að það myndi þá skapast lægð á enska markaðinum og þangað myndi koma norskur fiskur, sem myndi svo verða fyrir okkur, þegar við vildum selja þangað aftur. Og það mætti telja nokkra bót, ef nokkur skip færu á saltfisksveiðar, ef þau veiddu þá nokkuð annað en þara og grjót, — þó að það sé kannske sterkt til orða tekið, að þau veiddu ekkert annað.

Ég álit ekki ástæðu til þess að ræða um það nú, hvar ætti að taka tekjur til þess að standa undir atvinnuaukningu fyrir almenning. Það er ákaflega erfitt að ákveða það. En ef maður vill taka það af atvinnurekstri þeim, sem hér á hlut að máli, þá er vandasamt að athuga og ákveða, hver hafi grætt og hver hafi ekki grætt, og hverjir skuldi meira eða minna. Það er sjálf-sagt ekki auðvelt að koma þar við því réttlæti, sem æskilegt væri.

Viðvíkjandi fiskverði er mér kunnugt um, að á Ítalíu hefir verið greitt fyrir fiskinn með nokkru hærri verði. En það eru clearing-viðskipti við þau lönd. Og verður þá að athuga, hvaða vörur er hægt að kaupa frá þeim löndum, og hvað dýrar og hve heppilegar þær eru fyrir okkur.

Ég álit ekki heppilegt að hafa meiri umr. um þetta mál að sinni, en ég legg til, að því verði vísað til sjútvn. að svo komnu máli.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 20 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 9. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 11. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 107, n. 337).

\*Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég get látið nægja að vísa til nál. Ég sé, að hæstv. atvmrh. er ekki við. Hann hefði átt að gefa hv. þm. nokkrar upplýsingar, og mun hann sennilega gera það síðar. Ég læt nægja að vísa til nál. og legg til, að þáltill. verði samþ.

Skúli Guðmundsson: Sjútvn. hefir haft þessa þáltill. til meðferðar og skilað áliti á þskj. 337. Ég hefi undirritað það nál. með fyrirvara, og sömuleiðis hv. þm. Barð.

Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir þeim fyrirvara, sem ég hefi í þessu máli. Þáltill. er um það, að ríkisstj. hlutist til um, að allir togarar fari á saltfisksveiðar nú á vertíðinni, a. m. k. 4—5 vikna tíma, og að fiskurinn, sem veiðist, verði að mestu leyti seldur út úr landinu fullverkaður. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að íslenzku togararnir hafa verið gerðir út með tapi undanfarin ár, langflestir þeirra, og hafa flest útgerðarfyrirtækin tapað mjög miklu. En frá því að stríðið hófst á síðastl. ári hafa ísfisksveiðar togara og flutningar til Englands gefið mörgum þeirra allverulegan hagnað. Nú skal ég ekki mæla gegn því, að rétt sé, að ríkisstj. athugi möguleika til

þess að fá togarana til þess að fara á saltfisksveiðar nú á vertíðinni, af því að það myndi veita meiri atvinnu í landi heldur en áframhaldandi ísfisksflutningar þeirra. En ég vil þó taka það fram, að ég tel ekki, að það eigi að beita neinum þvingunarráðstöfunum við togaraútgerðarfyrirtækin í þessu efni. Ef það kæmi í ljós við athugun þessara mála, að horfur væru svo óalitlegar um aflbrögð eða um sölumöguleika á saltfiski, að það væri fyrirsjáanlegt, að þarna væri um stórtap að ræða á þessari útgerð, en hinsvegar lægi fyrir, að möguleiki væri fyrir skipaeigendur að hafa áframhaldandi hagnað af ísfisksveiðum eða ísfisksflutningum, þá tel ég tæplega fært að beita nokkrum þvingunarráðstöfunum við togaraútgerðina í þessu efni, því að ég tel illt að bæta við það tap, sem útgerðarfyrirtæki hafa orðið fyrir á undanförunum árum og mörg þeirra stynja nú undir. Ég vil taka það fram, að ég tel sjálf-sagt, að þessir möguleikar séu athugaðir, en um framkvæmdirnar fari eftir því, hvað sú athugun leiðir í ljós. Ég fyrir mitt leyti hefði getað vel fellt mig við þá afgreiðslu á þessu máli, að vísa því til ríkisstj., en vildi þó ekki gera um það neinn ágreining við meiri hl. n., og hefi því aðeins undirritað nál. með fyrirvara, sem ég hefi nú gert nokkra grein fyrir.

\*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég hefi því miður ekki heyrt ræðu hv. frsm. og ekki heldur ræðu hv. þm. V-Húnv., því að ég var bundinn á áriðandi fundum.

Ég geri ráð fyrir, að flestum hv. þm. sé ljóst, hvernig þetta mál liggur fyrir. Eins og ég gat um við fyrri hluta umr. um þessa þáltill., hafði ríkisstj. rætt þetta mál allmikið við ýmsa útgerðarmenn, og þeir höfðu tekið mjög vel í það, að láta reyna þessa veiði, ef skynsamleg rök væru þar fyrir hendi. Nú hafa þegar allmörg skip stundað þessar veiðar, og árangur virðist ekki glæsilegur. Allir útgerðarmenn, sem stj. hefir átt tal við, hafa haft um það mjög góð orð og vilja gera hið sama, þó að síðar verði, einkum ef árangur, sem næðist af veiðunum, væri ekki mjög bágborinn.

Nokkrir útgerðarmenn hafa látið í ljós þá skoðun, að þeir væru fúsir til að reyna þessa leið, enda þótt afkoma skipanna yrði verri heldur en með því að stunda ísfisksveiðar, og gera það út frá því höfuðsjónarmiði, að mikil þörf er á atvinnu fyrir almenning.

Ég hygg, að ef ríkisstj. er á eitt sátt um það, að leggja til a. m. k. við suma útgerðarmenn í Reykjavík, að þeir hefji saltfisksveiðar um mánaðamótin eða síðari hluta þessa mánaðar, þá hafi náðst nokkur árangur, þótt ég ekki með því geti fullyrt, að allur flotinn fari á veiðar, — en raunar mun óhætt að fullyrða, að það sé ekki hægt, að allur flotinn fari á saltfisksveiðar. Enda mun það ekki vera tilgangur þeirra, sem gengist hafa fyrir þessu máli, með því að nokkur áhætta væri því samfara að láta allan íslenzka flotann hverfa til þessara veiða, þar sem með því gæti skapast þurrð á enska markaðinum, sem gæti haft óheppilegar afleiðingar fyrir íslenzka hagsmuni.



Ég hygg, eftir því sem stefna ríkisstj. er í þessu máli og vilji útgerðarmanna til þess að gera sína þjóðfélagslegu skyldu — og jafnvel fram yfir það, því að það má orka tvímælis, hvort það er útgerðarmanna, sem illa eru fjárhagslega staddir, að inná þá skyldu af hendi, að tryggja atvinnu almennings — að þá sé alveg óhætt að vísa þessu máli til ríkisstj. til frekari aðgerða, og mér skilst, að um það geti orðið samkomulag, með því að ríkisstj. hefir hugfast það sjónarmið, að almenningi sé brýn nauðsyn á að fá atvinnu, en jafnframt verði það athugað, hvort þetta auki atvinnu almennings eða þetta sé sú skynsamlegasta úrlausn á atvinnuleysi fólksins, að senda togarana á saltfisksveiðar. Ef þeir fá mjög rýran afla, þá getur verið mjög vafasamur þjóðfélagslegur hagnaður af því að halda úti allstórum hluta af togaraflotanum á slíkum veiðum. Ég álit nauðsynlegt að tryggja hæfilega stóran hóp skipa á veiðum til þess að hægt sé að rannsaka það fyllilega, hvort um nægilegan afla sé að ræða á hverjum tíma yfir vertíðina. Þetta höfuðsjónarmið mun ríkisstj. hafa hugfast, ef málinu verður vísað til hennar, og vil ég gera það að till. minni, að málinu verði vísað til ríkisstj. til frekari aðgerða.

**\*Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Það er alveg rétt hjá hæstv. atvmrh., að þegar ég ræddi um þetta mál við hann, þá gerði hann ráð fyrir því, að hann myndi koma með till. um það, að vísa málinu til ríkisstj. til athugunar um, hvort tiltækilegt væri, að togarar færu á saltfisksveiðar. En eftir því, sem ég bezt veit, þá hefir það ekki orðið enn, að því einu undanskildu, að nokkur hluti af togurum Hafnarfjarðar er farinn á saltfisksveiðar. Ég verð því að telja, þar sem um svo stórvægilegt mál er að ræða sem þetta, að það sé í alla staði eðlilegt og æskilegt, að Alþ. láti sinn vilja í ljós um þetta mál með atkvgr. um þessa þáttill. Það hlýtur að vera að því mikill styrkur fyrir ríkisstj., ef hún hverfur að þessu ráði, að hafa samþykkt Alþ. um það.

Ég get verið sammála um það, að það sé ekki æskilegt, að allur togaraflotinn fari frá ísfisksveiðum og á saltfisksveiðar, því að það er spursmál, hvort það er heppilegt. Það hefir komið fram í ræðu hæstv. atvmrh., að þó að samþ. yrði þessi þáttill., þá væri það ekki tilætlunin, að allur togaraflotinn færi á saltfisksveiðar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það orkaði tvímælis, hvort útgerðarmenn hefðu að sjálfsögðu slíkar skyldur gagnvart fólkinu, sem hefði bundið atvinnu sína við atvinnurekstur þessara manna. En þjóðfélaginu ber ekki siður skylda til þess að gæta þess, að þetta fólk hafi atvinnu. Eins og glögglega kom fram hjá flm. þáttill., fæ ég ekki séð annað en að tvær leiðir séu fyrir hendi í þessu efni. Önnur er, að horfið sé að því að senda togarana á saltfisksveiðar í tíma, beinlínis til þess að auka atvinnuna í landinu. En hin leiðin er að leggja skatt á ísfisksútgerðina, til þess að sjá þessu fólki fyrir atvinnuaukningu. Á þetta var bent af flm. þáttill.

Alþt. 1910. D. (55. lögjatarþing).

við fyrri hl. umr., að þessi leið myndi teljast eðlileg í þessu efni. Ég hefði talið eðlilegt í þessu máli, að togaraútgerðarmönnum væri gert frjálst val um tvær leiðir, að fara á saltfisksveiðar eða að öðrum kosti að halda uppi ísfisksveiðum og leggja af mörkum visst skattgjald til atvinnu fyrir fólkið, sem misst hefir þá atvinnu, sem það hefir haft við saltfisksverkun. Þetta hefir verið orðað við útgerðarmenn.

Ég vil ekki, að svo verði við þetta mál skilið af Alþ., að það láti ekki sitt álit í ljós um þetta. Við það má e. t. v. bæta því, að ég ætla, að einmitt nú í dag hafi borizt fregn um það, að kyrrsetja ætti togara í Englandi. Þá væri sjálf-sagt að athuga þetta mál, hvort ætti ekki heldur að hverfa að saltfisksveiðum, ef eitthvað verður um afla.

**\*Atvmrh. (Ólafur Thors):** Út af því, sem síðasti ræðumaður sagði um kyrrsetningu togara í Englandi, þá liggur ekkert fyrir um það, og þá er ekki heldur ástæða til þess að ræða þá hluti nú.

Ég legg til, að þáttill. verði vísað til ríkisstj. út frá því sjónarmiði, að það er upplýst við þessa umr., að ríkisstj. gerir nákvæmlega það sama í málinu, hvort sem þessi þáttill. verður samþ. eða ekki. Það hefir engin áhrif um gerðir ríkisstj., og þá þykir mér, þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir frá ríkisstj., það vera eina þinglega lausnin að vísa málinu til ríkisstj.

Út af því, sem hv. þm. að öðru leyti sagði, vil ég segja það, ef hann hugsar sér það sem möguleika, að togurum verði settir tveir kostir, annar að fara á saltfisksveiðar, enda þótt vítað væri, að sá atvinnurekstur bæri sig ekki, eða hinsvegar að leggja skatt á þá togara, sem stunda ísfisksveiðar, til þess að bæta úr atvinnuleysi fólksins, sem hefir haft atvinnu af saltfisksverkun, að ef skynsamleg rök mæla með því, að togarar fari á saltfisksveiðar og ríkisstj. álitur það vera gerlegt, þá mun hún beita valdi sínu til þess, að skipin fari á saltfisksveiðar.

Ég sé ekki, að það sé glæsilegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að senda togarana á saltfisksveiðar, ef sú atvinna, sem fæst við það, yrði svo dýru verði keypt þjóðhagslega séð, að ekki þætti slíkt tiltækilegt. Ef segja má, að þjóðarhöll það, atvinnuleysisið sem nú er, sé til komið af óviðráðanlegum atburðum, þá er það hvorki beint eða óbeint tregðu útgerðarmanna að kenna, að skipin hafa ekki stundað saltfisksveiðar. Af þessu leiðir atvinnuleysi fólksins. Hver á að borga? Frsm. sagði, að útgerðarmenn ættu að borga. Það virðist að þessir hv. þm. vilji slá því föstu, að sérhver sá atvinnurekandi, sem vegna breyttra kringumstæðna getur ekki haft sömu atvinnu að þjóða og áður, eigi ekki aðeins að hafa siðferðislega skyldu, heldur einnig lagalega skyldu til þess að greiða framfærslukostnað þessa fólks. Mér finnst þetta vera fjarstæða. Og ég sé satt að segja ekki, hvornig þessir menn hugsa sér að leggja slíkt á herðar fyrirtækja, sem Alþ. hefir viðurkennt,

að séu svo illa stæð, að þau verði að njóta forréttinda í þjóðfélaginu hvað greiðslu opinberra gjalda snertir. Og þó að ég viðurkenni, að aðstaðan hefir breytzt, þá er hitt jafnvíst, að hún hefir ekki breytzt svo mikið, að það sé forsvaranlegt að leggja slíkar kvaðir á þessi fyrirtæki. Og það er áreiðanlega hinu opinbera sjálfu fyrir mestu, að þessi fyrirtæki geti rétt við. Ég álit, að ef þess þykir þörf að gripa til frekari ráðstafana til atvinnuaukningar fólkinu til handa, þá beri að ræða það mál á miklu víðari grundvelli heldur en að samþ. þessa till., því hún stýðst hvorki við rök né sanngirni. Og eins og ég hefi þegar bent á, þá er alveg sama, hvort hún verður samþ. eða afgr. eins og ég hefi stungið upp á. Í hvorugu tilfellinu er tekin nein afstaða til þessa máls. Mér þykir eðlilegast, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

**\*Einar Olgeirsson:** Það er nú komið fram á miðjan þann tíma, sem togararnir eru vanir að stunda saltfisksveiðar, og við sitjum hér enn og ræðum um það, hvort togararnir skuli fara á saltfisksveiðar eða ekki. Ég er hræddur um, að samþykkt þessarar till., sem hér liggur fyrir, myndi þýða það, að þeir fáu togara, sem komnir eru á saltfisksveiðar, haldi áfram, en hinir færu ekkert á saltfisksveiðar. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að Alþ. gangi frá sínum ályktunum viðvíkjandi saltfisksveiðunum alveg skýrt og skorinort, þannig að það sé öruggt, að verkalýðnum verði bætt upp það tjón, sem hann verður fyrir, ef saltfisksveiðarnar falla niður.

Við sósialistar flytjum till. um ráðstafanir í þessa átt, sem því miður er ekki komin aftur frá þeirri n., sem henni var vísað til. Og þar sem gera má ráð fyrir, að hún komi seint frá n. aftur, eins og sumt, sem vísað er þangað, þá vildi ég leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við þessa till. til þál., um að ráðstafanir verði gerðar til þess að bæta verkalýðnum upp þann vinnumissi, sem hann verður fyrir, ef togararnir fara ekki á saltfisksveiðar.

Ég skal ekki ræða efni þessarar till. frekar. Ég hefi áður gert það og skal ekki endurtaka það, en ég vil segja það aftur, að ég fæ ekki séð nokkra skynsemi í því að knýja togarana til að fara á saltfisksveiðar, ef fyrrisjáanlegt tap verður á því, ef möguleikar eru til að láta togararfélögin greiða álíka mikinn skatt, sem síðan yrði notaður eingöngu til greiðslu vinnulauna handa verkamönnum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 432) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**\*Emil Jónsson:** Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði um sinn fyrirvara, þá langar mig til að undirstrika það, að það hefir aldrei verið mín meining, að neinum þvingunarráðstöfunum yrði beitt til þess að skipin færu á saltfisksveiðar. Það, sem fyrir okkur vakti, var það, að allt yrði gert, sem væri á valdi ríkisstj., til þess að þau tækju upp veiðarnar, að svo miklu leyti, sem það mætti teljast forsvaranlegt af hálfu allra aðila.

Ég get gjarnan þakkað hv. sjútvn. fyrir það, hvernig hún hefir í þetta tekið, þótt æskilegast hefði verið, að enginn fyrirvari hefði verið um þetta hafður. Ég vil einnig nota tækifærið til að þakka ríkisstj. fyrir það, sem hún hefir gert í málinu, því mér er það ljóst, að sá árangur, sem fengizt hefir, er að verulegu leyti henni að þakka, en árangurinn hefir orðið sá, að það hafa farið nokkur skip á veiðar.

Þá vil ég með örfáum orðum víkja að því, sem hæstv. atvmrh. sagði. Mér virtist hann draga í efa, að nokkur skylda hvidi á útgerðarmönnum um skattgreiðslu eða annað þess í stað til að draga úr atvinnuleysinu. Án þess að fara langt út í að ræða þetta mál skal ég geta þess, að í viðræðum um þetta, sem fóru fram milli bæjarstj. Hafnarfjarðar og útgerðarmanna þar, var aldrei dregið í efa, að útgerðarmenn ættu nokkrum skyldum að gegna í þessu efni. Og mér virtist þeir gera sér það ljóst, að ef þeir færu ekki á saltfisksveiðar, þá yrðu þeir að gjalda nokkra skatta til að standa straum af kostnaðinum við framfærsluna. Þessum atvinnufyrirtækjum hafa verið veittar skattaávilnanir og auk þess hafa bæjarstjórnunum verið gefnar heimildir til að undanþiggja þessi fyrirtæki útsvari. Það þarf þess vegna að koma yfirlýsing um það frá viðkomandi bæjarstjórn, að þær muni ekki leggja útsvar á þessi fyrirtæki. Nú lét bæjarstjórn Hafnarfjarðar óspart í það skína, að ef ekki yrði farið á saltfisksveiðar, þá yrði að leggja útsvar á þessi fyrirtæki.

Þetta mál þarf að sjálfsögðu nánari athugun. En ég geri ráð fyrir, að það heildarsjónarmið muni vera þar ríkjandi, að ef togararnir fari ekki á saltfisksveiðar, þá muni heimildin til útsvarseftirgjafar á þeim ekki verða notuð. Ég hefði heldur kosið, að hin leiðin yrði farin, bæði vegna þess, að það yrði halldrýgra fyrir verkafólkið, og eins af því, að ég teldi það neyðarúrræði að fara að leggja útsvör á skipin á því tímabili, sem talað var um, að þau ættu að vera skattfrjáls. En nauðsyn brýtur öll lög. Á einhverju verður fólk að lifa. Og það er enginn, sem getur látið neitt af mörkum að ráði, nema þeir, sem hagnast á ísfisksútflutningnum. Það er þess vegna ekki rétt hjá hæstv. atvmrh., að það sé ekki nóg að samþ. þessa till. út af fyrir sig, heldur þurfi jafnframt að gera einhverjar ráðstafanir til að framkvæma þetta. Það er hægt að gera þær ráðstafanir samkv. gildandi l. með því að viðkomandi bæjarstjórnir noti ekki heimildina til útsvarseftirgjafar. Þegar málið var lagt fyrir útgerðarmenn í Hafnarfirði, var það gert á þessum grundvelli.

Þá skal ég að lokum víkja að því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að ríkisstj. myndi gera það sama, hvort sem þessi till. yrði samþ. eða ekki. Ég er undrandi yfir því, að hann skuli segja þetta, ekki af því, að ég viti ekki, að hann muni gera það, sem hægt er í þessu efni, en ég er undrandi yfir því, að hann skuli ekki telja sér styrk í því að hafa yfirlýstan vilja Alþ. um það, hvað skuli gert í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti lit svo á, að ef d. samþ. að vísa málinu til stj., þá væri það vegna þess, að hún teldi málið ekki

þess vert að afgr. það á þinglegan hátt, heldur vildi skjóta sér undan allri ábyrgð. Ég fyrir mitt leyti tel því ekki vansalaust fyrir hv. d. að vísa málinu til ríkisstj., heldur vil ég láta afgr. það á þann þinglega hátt, sem till. gerir ráð fyrir.

**\*Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Hæstv. atvnrh. tók svo til orða, að það væri augljóst nú þegar, að togararnir gætu ekki farið á saltfisksveiðar, vegna þess að það hlyti að verða svo geysilegt tap á þeim rekstri, vegna þess að aflinn væri fyrst og fremst litill og verðlagið lágt. Ég hygg nú, að þetta sé ofmælt hjá hæstv. ráðh. Um þetta er ekki hægt að segja með vissu. Það er hvortveggja, að aflinn getur glæðzt og verðlagið er reikult. Hitt skal ég játa, að það er almennt lítið svo á, að það borgi sig betur að stunda ísfisksveiðar. Og það er einmitt þess vegna, að gera þarf sérstakar ráðstafanir til þess að fá togarana til að fara á saltfisksveiðar. Ég verð að segja það, að mig furðar mjög á orðum hæstv. ráðh., þegar hann sagði, að það væri hvorki rökrétt hugsun né réttlæti í því að gera ráð fyrir, að togararnir mættu eiga tveggja kosta vól: annaðhvort að fara á saltfisksveiðar eða leggja fram fé til þess að bæta úr því atvinnutjóni, sem af því leiddi, að þeir færu ekki á saltfisksveiðar. Mér finnst þvert á móti bæði rök og réttlæti mæla með þessu. Hæstv. ráðh. sagði, að gerðar hefðu verið ráðstafanir til hjálpar útgerðinni, vegna þess að hún var í fjárþröng, og þess vegna næði engri átt að fara nú að leggja svona kvaðir á hana. Ég er honum sammála um það, að nauðsyn þar til þess að létta undir með útgerðinni. Hæstv. ráðh. gleymdi þó að geta þess, sem skiptir þó hvað mestu máli í þessu sambandi, að einmitt á sama þingi sem þetta var gert var samþ. að lækka gengi íslensku krónunnar, og þar með skerða nokkurn hluta kaupgjalds verkamanna og sjómanna beinlínis til styrktar útgerðinni. Alþ. taldi þetta nauðsyn, og sjómenn og verkamenn hafa sætt sig við þetta. Það er fullkom-

lega rétt, að útgerðarmenn hafa hér enga lagalega skyldu, en þeir hafa siðferðislegar skyldur við þetta fólk, og það því fremur, sem þetta fólk hefir sýnt skilning á högum útgerðarinnar á hennar verstu tímum, með því að taka á sig afleiðingar gengisbreytingarinnar í fyrria.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en ég vænti þess, að hv. þm. geri sér það fullkomlega ljóst, að hér er um svo stórt mál að ræða, að það er varla gerlegt, að þingið hætti svo störfum, að ekki sé eitthvað vitað um aðgerðir í þessu máli. Á þingið að ljúka svo störfum, að stj. verði engin vísbending gefin um það, hvornig eigi að mæta því ástandi, sem skapast hefir í þessu efni? Fari svo, að þessi till. verði felld, þá verð ég að lýsa því yfir, að ég mun fyrir mitt leyti verða þess hvetjandi, að borin verði fram áður en þingi lýkur till. til þal. um heimild fyrir ríkisstj. til einhverra aðgerða í þessu efni. Ég tel, að þingið geti ekki skilið svo við þetta mál, að ekki liggi eitthvað fyrir um vilja þess í þessum efnum.

**Skúli Guðmundsson:** Með tilvísun til þess fyrirvara um afgreiðslu þessa máls, sem ég hefi og sem ég þegar hefi gert grein fyrir, vil ég geta þess, að ég mun greiða atkv. með þeirri till. að vísa málinu til ríkisstj., þar sem ég álit það eðlilegustu lausn þessa máls. Ég tel og víst, að hæstv. ríkisstjórn muni velja þá leið, sem heppilegust er, að öllum málavöxtum athuguðum.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. Barð. hafði kvatt sér hljóðs, en hann mun ekki vera viðstaddur. Fleiri höfðu ekki kvatt sér hljóðs, og sé ég ekki ástæðu til að fresta umr. fyrir þessar sakir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 12. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 107, n. 337, 432).

ATKVGR.

Till. frá atvnrh. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 16:4 atkv.

# Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

## 1. Síldarverðsuppbót.

Á 11. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:  
Till. til þál. um uppbót á verði bræðslusíldar  
til sjómanna og útvegsmanna (A. 66).

Á 12. fundi í Nd., 7. marz, var till. tekin til  
meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Nd., 11. marz, var till. tekin til  
einnar umr.  
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki  
á dagskrá tekið framár.

## 2. Bætur til verkalýðsins vegna vinnumissis.

Á 16. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:  
Till. til þál. um bætur til verkalýðsins vegna  
vinnumissis (A. 117).

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var till. tekin til  
meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 21., 23. og 24. fundi í Nd., 19., 27. og 28.  
marz, var till. tekin til einnar umr.  
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 29. marz, var till. enn tekin  
til einnar umr.

\*Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti!  
Þessi till., sem við flytjum hér á þskj. 117, er  
um það, að verkalýðnum verði bættur upp  
vinnumissirinn, sem hann verður fyrir, ef ekki  
verður gert út á saltfisksveiðar. Það hefir verið  
allmikið um þetta mál rætt, og ég býst við, þó  
að menn séu ekki á eitt sáttir um það, hve  
miklu þetta vinnutap nemur, þá séu menn sam-  
mála um það annarsvegar, að verkalýðurinn  
verði að fá uppbót fyrir það vinnutap, sem  
hann verður fyrir, ef saltfisksveiðarnar falla  
niður, og hinsvegar geri ég ráð fyrir, að menn  
verði sammála um það, að ekki sé viturlagt að  
kasta fé í það að gera togarana út á saltfisks-  
veiðar, ef sannanlegt er, að tap verði á því og svo

framarlega sem hægt væri á annan heppilegri  
hátt að bæta verkalýðnum þetta vinnutap upp.  
Við höfum hinsvegar þess í stað lagt til, að  
lagður yrði skattur á þá togara, sem isfisks-  
veiðar stunda, en því fé yrði síðan varið til at-  
vinnuaukningar. Hér liggur þess vegna fyrir  
möguleiki til þess að tryggja verkalýðnum upp-  
bætur á þann vinnumissi, sem hann verður  
fyrir, ef ekki verður gert út á salt, án þess að  
þjóðin þurfi að tapa nokkru á því, heldur yrði  
þetta aðeins tilfærsla á peningum innan þjóð-  
félagsins. Það virðist liggja í augum uppi, að  
þessi leið er fær, svo framarlega sem hv. þm.  
vilja. Maður skyldi ætla, að ekki væri þörf á  
því að fjölyrða um það, hversu mikil þörf verka-  
lýðsins er fyrir meiri vinnu. Ég vil þess vegna  
vænta þess, að till. fái samþykki hér á Alþ.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 18 shlj. atkv. og  
umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dag-  
skrá tekin framár.

## 3. Húsmæðrafræðsla.

Á 25. fundi í Ed., 30. marz, var útbýtt:  
Till. til þál. um húsmæðrafræðslu (A. 257).

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var till. tekin til  
meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Ed., 2. apríl, var till. tekin til  
einnar umr.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti!  
Menntmn. hafði til meðferðar breyt. á l. um  
húsmæðrafræðslu, sem miðar í þá átt að auka  
framlag ríkisins um stofnkostnað úr ½ í ¾, og  
er það í samræmi við þá stefnu, sem upp var  
tekin á síðasta þingi gagnvart héraðsskólunum.  
Þegar n. fór að ræða þetta mál, varð hún fyrir  
þeim örðugleikum, að ekki lágu fyrir henni  
neinar upplýsingar um það, hvernig hag húsmæð-  
raskólanna í landinu væri farið, nema eins,  
þar sem hv. þm. N.-M. gátu gefið fulla skýrslu

um skólann í þeirra héraði, Hallormsstaðaskólann. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að leita þessara upplýsinga, en þær virðast ekki hafa legið svo fyrir, að hægt hafi verið að láta þær af hendi eins og sakir standa. Hinsvegar hefir það komið fram í umr., að fjárhagsaðstæður margra þessara skóla væru e. t. v. það góðar, að ekki myndi vera mjög aðkallandi að veita þeim þau friðindi, sem frv. fer fram á. Ekki taldi n. þó útilokað, að þetta álit kynni að breytast að fengnum upplýsingum, og til þess að útiloka ekki skólana frá þessum friðindum í framtíðinni, flytur n. till. um, að ríkisstj. athugi möguleika skólanna og hvort þörf sé á að létta undir með þeim með stofnkostnaðinn frá því, sem nú þegar er gert. Þrátt fyrir það, að n. er þess fullviss, að einn skólinn muni vera þannig staddur fjárhagslega, að hann hafi ríka þörf fyrir aðstoð sem þessa, þá sá n. sér ekki fært að breyta l. fyrir þann skóla einan. Um þetta mál í heild kom það einnig til umr. í n., að húsmæðrafræðslan má teljast komin á góðan rekspól í sveitum landsins — ég hygg, að skólarnir séu 5, sem settir hafa verið á stofn í hinum ýmsu fjórðungum landsins —, en segja má, að þarna sé svo gott sem alveg óþlæggður akur í kaupstöðum og kaupþúnum landsins. Ef ég man rétt, þá er aðeins til einn húsmæðraskóli í kaupstað, fyrir utan skólann á Blönduósi, sem fremur verður að teljast sveitaskóli. Menn ganga þess ekki duldir, að húsmæðrafræðsla er ekki síður nauðsynleg í bæjum og kaupstöðum en í sveitum, og virðist sem því máli hafi ekki verið sýnd nógu mikil ræktarsemi, þar sem enn hefir ekki verið sett neitt fast fyrirkomulag um það í l., hvernig haga skuli húsmæðrafræðslunni í kaupstöðum og bæjum. Því er ekki að neita, að frá kaupþúnum og bæjum hafa borizt til Alþingis háværar raddir um að taka þessi mál til athugunar og undirbúa löggjöf í þessum efnum, og að lagt yrði fram nokkurt fé, svo að skólar geti risið upp á þessum stöðum. Af þessum ástæðum hefir n. orðið sammála um það, að rétt væri að fela ríkisstj. enn á ný þetta mál til athugunar fyrir næsta Alþingi. Fyrir 2 árum var samþ. till. hér í þessari hv. d. um, að ríkisstj. undirbyggi þetta mál, en það hefir dregizt úr hömlu, en n. telur samt fyrir sitt leyti rétt að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj. á ný, svo leggja megi fram till., sem séu vel undirbúna, svo sjást megi einhver árangur af þeim röddum, sem fram hafa komið um að koma þessum málum í viðunandi horf.

Ég held, að ég hafi með þessum orðum mínum í aðaldráttunum lýst viðhorfi n. í þessu máli og hvers vegna hún hefir ekki beitt sér fyrir framgangi þess frv., sem til hennar var vísað um þetta efni. Vænti ég, að d. verði sammála um þetta mál.

**Páll Hermannsson:** Það er fátt manna hér í d., en hér er þó a. m. k. staddur hv. frsm. menntmn., og verð ég þá sérstaklega að víkja máli mínu til hans, fyrst hann er af tilviljun staddur hér.

Þegar ég sá þessa þáltill., þá gizkaði ég á, að hún væri m. a. fram komin til þess að víkja

frá meðferð þingsins að þessu sinni frv. á þskj. 32 um breyt. á l. um húsmæðrafræðslu í sveitum. Mér varð þetta enn ljósara við ræðu hv. frsm., að þessi till. er að öðrum þræði og kannske einkanlega til þess að vísa hínu upphaflega lagafrv. frá. Að visu er hér að auki annað málsatriði, sem sé um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum og kaupþúnum, en það er svo sjálfstætt mál, að það mætti náttúrlega koma sérstakt út af fyrir sig, ef mönnum sýndist það. Ég get ekki neitað því, að mér þykir nokkuð á skorta, að menntmn. hafi tekið myndarlega á þessu frv., sem í raun og veru er hér til 3. umr. samhliða þáltill. Málið hefir legið hjá henni ákaflega mikinn hluta þingtimans, þó að það sé í sjálfu sér ekkert stórt. Í öðru lagi hefir menntmn. á þessum tíma reynt að vinna að málinu, eins og stendur í grg. fyrir þessari till., en með næsta litlum árangri. Í grg. stendur, að n. hafi ekki séð sér fært að fara með málið inn á þessa braut að svo komnu máli, þar sem upplýsingar um fjárhagsafkomu skólanna hafi ekki legið fyrir. Svo getur n. þess, að hún hafi fengið upplýsingar um einn skóla. Þær upplýsingar fékk hún að einhverju leyti frá mér. Ég gaf n. upplýsingar um kostnað vegna skólans, stofnkostnað og áhvilandi stofnskuldir. En ég hygg, að auk þess eigi sæti hér á Alþingi menn, sem eru þrautkunnugir fjárhag allra húsmæðraskóla. Ég veit ekki betur en að einn úr skólaráði Laugalandsskólans sé jafnvel forseti þessarar d. Ég hygg, að maður, sem er gagnkunnugur Staðarfellsskólann eigi einnig sæti í þessari d. Þá ætti ritara menntmn. að vera kunnugt um fjárhag skólans á Laugum, og þá er ekki eftir nema skólinn á Blönduósi, og hygg ég, að einhver ráð hefðu átt að vera til að fá um hann vitneskju.

Það stendur í grg. till., að útlit sé fyrir, að húsmæðraskólinn á Hallormsstað hafi þörf fyrir, að frv. um breyt. á húsmæðrafræðslulögum verði samþ., en það sé óupplýst um aðra skóla, hvort þeir þurfi þess. En ef þeir þurfa þess ekki, þá fá þeir ekki heldur neitt, þó að frv. verði að l., því að þannig er frá gengið, að þeir húsmæðraskólar í sveitum, sem hafa ekki áhvilandi stofnskuldir, fá ekki tillag úr ríkissjóði samkv. frv. Þeir kynnu að njóta þessara hlunninda síðar, ef þeir bættu við sitt húsnæði, en það er breyt., sem einatt þarf að gera við þessa skóla. Ég get þess vegna ekki neitað því, að ég hefði búizt við, að n. hefði gengið rösklegar að því að afgr. þetta frv. heldur en þessi þáltill. ber með sér. Nú býst ég við, að ekki þýði að gera sér rellur út af því, hvernig komið er, því að þetta frv. verður ekki samþ. á þessu þingi, jafnvel þótt fyrir því væri þingvilji. En ég verð að hafa þá skoðun ennþá, sem ég hafði, þegar ég gerðist meðflm. að frv. um breyt. á l. um húsmæðrafræðslu, að Alþ. geti ekki smeygt sér undan því að veita húsmæðraskólunum svipaða fjárhagsaðstöðu eins og héraðsskólarnir hafa, því að ég álit, að þótt héraðsskólarnir séu gagnlegir, þá séu húsmæðraskólarnir samt ennþá nauðsynlegir.

Ég stóð hér aðallega upp til þess að láta hv. frsm. víta, fyrst hann er hér staddur, að ég

fyrir mitt leyti hefi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með starf menntm. í sambandi við þetta mál. Ég sé upp á hár, að af því hlýtur að leiða drátt á því, sem ég tel sanngirni gagnvart húsmæðrafræðslu í sveitum. Þess vegna verð ég að álíta mjög hæpið, að þessi þáttill. greiði nokkuð fyrir því máli, sem hún er um. En ef þingvilji er fyrir því, að reynt verði að undirbúa húsmæðrafræðslu í kaптúnum, þá er það fjarri mér að vilja setja fótinn fyrir það, því að ég er hv. frsm. alveg sammála um, að húsmæðrafræðsla í kaптúnum sé einnig nauðsynleg. Það er alveg rétt, að það er lítið um hana í kaптúnum, því að stærsti skólinn þar, kvennaskólinn í Reykjavík, er fyrst og fremst góður gagnfræðaskóli, en ekki húsmæðraskóli.

Ég hefði gjarnan viljað, að hv. frsm. hefði útskýrt nánar fyrir mér, hvaða upplýsingar það voru um húsmæðraskólana, sem sérstaklega vantaði, til þess að n. gæti tekið afstöðu til frv. um breyt. á húsmæðrafræðslulögunum út af fyrir sig án þess að binda það saman við húsmæðrafræðsluna í kaптúnum. Ég segi fyrir mig, að ég er reiðubúinn til að gefa menntm. fullkomnar upplýsingar um þann skóla, sem ég er kunnugur, Hallormsstæðaskólann, og ég vildi einnig fá að vita, hvort þessi n., sem er eins skipuð og menntm. síðasta þings, hefir haft gleggri upplýsingar um þörf héraðsskólanna um síðustu áramót, þegar hún treysti sér til að taka ákvörðun um að bæta kjör héraðsskólanna, heldur en hún hefði getað fengið nú um ástæður húsmæðraskólanna í sveitunum.

Umr. frestað.

Á 45. og 47. fundi í Ed., 22. og 23. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

#### 4. Kaupgreiðslur til sjómanna í erlendum gjaldeyri.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt:

Till. til þál. um kaupgreiðslu til sjómanna í erlendum gjaldeyri (A. 10).

Á 4. fundi í Sp., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sp., 12. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sp., 20. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Í raun og veru er þetta mál í áframhaldi af því máli, er var hér fyrst á dagskrá, till. til þál. um innflutning á heimilissauðsynjum farmanna. Eins og tekið var þá fram af hæstv. viðskmrh., er undir-

staðan undir því, að sjómenn geti yfirleitt keypt nauðsynjar til heimila sinna erlendis, að þeir fái eitthvað af kaup sínu greitt í erlendum gjaldeyri. Málið er annars svo einfalt, að það þarf ekki að segja meira um það heldur en stendur í grg., og þá sérstaklega því bréfi, sem er tilfært þar. Ég sé ekki, að hæstv. viðskmrh. hafi nokkra heimild til að takmarka þann gjaldeyri, sem sjómenn fá greiddan í erlendum höfn-um. Mér virðist ótvírætt, að samkv. sjómanna-lögunum hafi sjómenn skýlausan rétt til að fá allt sitt kaup greitt í þeirri mynt, sem er gjald-geng á staðnum, að því undanskildu, sem er heimilt að halda eftir af kaupinu samkv. 1. Nú er það svo, að sjómenn hafa ekki neytt þessa réttar síns til fulls. Þeir hafa haft samkomulag um þetta við atvinnurekendurna og gert ákaflega sanngjarnar kröfur. Virðist mér ekki mega minna vera en þeir megi vera frjalsir að því að semja um þetta við útgerðarmenn. Eins og tekið hefir verið fram, standa nú yfir samningar milli sjómanna og útgerðarmanna, m. a. um þetta mál. Hv. 2. landsk. tók alveg réttilega fram, að í raun og veru þurfi sjómenn ekkert um þetta að semja, því að þeirra réttur sé alveg skýlaus. Hitt er annað mál, hvað sjómenn vilja ganga langt í að nota þennan rétt. Hæstv. viðskmrh. tók fram í ræðu sinni áðan, að útgerðarmenn hefðu rætt um þetta við sig. Ég hygg, að málinu yrði bezt borgið með því, að hæstv. ráðh. skipti sér ekkert af því. Ég hygg, að það mundi bezt greiða fyrir, að samningar tækjust, að hæstv. ráðh. gæfi út skýlausa yfirlýsingu um, að hann skipti sér ekkert af málinu, en meðan svo er lítið á, að hæstv. viðskmrh. eða stj. yfirleitt sé hlutaðeigandi, þá geri ég ráð fyrir, að það verði til þess að torvela samninga.

Eins og kunnugt er, þá hefir annarsvegur smjæðrið fyrir sjómönnum í orði og hinsvegur naglaskapurinn gagnvart þeim á borði verið svo áberandi, að öllum ber saman um, að það sé eitt af einkennum í okkar þjóðlífi. Blöð tveggja stjórnmalaflokka, sem að ríkisstj. standa, hafa stutt málstað sjómanna alveg eindregið í þessu máli og þessi tillaga hlýtur þess vegna að hafa fylgi meiri hl. Alþ. En ef það væri ekki, sem ég skil ekki, að geti verið, þá væri það ekki annað en auglýsing um það, að afstaða þessara flokka og blaða þeirra til sjómanna væri ekki annað en hræsní frá upphafi, en það á eftir að koma í ljós við atkvgr. um þessa till.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég leyfi mér að leggja til, að till. þessari verði vísað til allshn. til athugunar.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Viðvíkjandi þessari till. frá 2. landsk. (SÁÓ), sem ég geri ráð fyrir, að verði samþ., vil ég samt segja það, að ég get ekki fallið á hana, því að ég hefi svo slæma reynslu af því, að n. hér á Alþingi liggja á svona málum, og þau komi aldrei frá þeim aftur. Ég vildi helst, að þetta mál yrði afgr., enda virðist mér málið svo einfalt, að það þurfi alls ekki að fara til n.

Kaupgreiðslur til sjómanna. — Framfærslustyrkur. — Launagreiðslur hins opinbera. — Verðjöfnunarsvæði.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 26 slj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dag-skrá tekin framar.

## 5. Framfærslustyrkur.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um hækkun framfærslustyrks (A. 14).

Á 4. fundi í Sp., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sp., 20. marz, var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Brynjólfur Bjarnason):** Það hefir nú verið viðurkennt, a. m. k. í orði kveðnu, að ekki verði hjá því komizt, að kaup hækki frá því, sem það var fyrir stríð, því að menn geti alls ekki komizt nú af með það kaup, er þeir höfðu fyrir stríð. Það liggja nú fyrir Alþ. tvö frv. um hækkun á ellistyrk, örorkubótum og öðrum tryggingarbótum, annað frá Sósíalístafli, en hitt frá Alþfl. En ég hygg, að öllu fjarstæðara sé þó að halda, að styrkþegar geti komizt af með sama styrk sem þeir höfðu fyrir stríð. Ég hygg, að þetta sé svo mikil fjarstæða, að enginn geti haldið því fram, og ég hefi ekki heyrt því haldið fram. En samt er það nú svo í raunveruleikanum, að fátækrastryrkurinn hefir ekki hækk- að, a. m. k. ekki hér í Reykjavík. Hér í Reykjavík var fátækrastryrkurinn 80 aurar á dag fyrir stríð, og hafði verið það lengi, og hann er það enn í dag. Mér er ekki kunnugt um, að nein ákvörðun hafi verið gerð um, að þessu skyldi breytt. Fyrir þessa 80 aura á dag, sem styrkþegar fá í peningum, eiga þeir að kaupa allt, fæði, ljós, hita, hreinlætisvörur og aðrar daglegar lífsnauðsynjar og svo nokkuð af fötum. Það er augljóst, að á þessu getur enginn maður lifað, það er alveg útilokað með svona lágum framfærslustyrk; það er bókstaflega sama sem að ætlast til, að allir þeir, sem verða að lifa á framfærslustyrk, t. d. hér í Reykjavík, fari hreint og beint á vergang. Hér verður þess vegna að taka í taumana.

Einhver kann nú að segja, að þetta komi bæjarfélögunum einum við og þetta sé málefni, sem Alþ. beri ekki að skipta sér af. En þetta mál hefir verið tekið fyrir í bæjarfélögunum; t. d. hefir það verið tekið fyrir í bæjarstj. Reykjavíkur. Fulltrúar Sósíalístafli. í bæjarstj. Reykjavíkur báru fram till. um að hækka framfærslustyrkinn upp í 1 kr. á dag, en þessi till. hefir verið fellt. Þannig lita staðreyndirnar út. Ég fyrir mitt leyti álit þetta framferði, að halda framfærslustyrknum í 80 aurum á dag, ekkert annað en lögbrot. Samkv. framfærslul. ber hinu opinbera skylda til þess að sjá þeim farborða,

sem ekki geta þjargað sér af eigin rammleik. Nú er það augljóst mál, að það er ekki að sjá neinum farborða, að fá honum 80 aura á dag og segja honum að lifa á því. Hér er því verið að brjóta framfærslul. og hér er verið að fremja lögbrot, algerlega miskunnarlaus lögbrot; lögbrot, þar sem niðzt er á þeim, sem erfiðast eiga. Ég vil nú spyrja: Kemur það Alþ. ekki við, að slíkt athæfi sé framið í bæjarfélögunum? Það virðist vera önnur skoðun, sem kemur fram í því frv., sem hér liggur fyrir Alþ. um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum. Þar er gengið svo langt, að hægt er að mestu leyti eftir geðþótta ráðh. ekki aðeins að setja bæjar- og sveitarfélög undir eftirlit, heldur bókstaflega setja þau undir stjórn ríkisstj. En nú, þegar svo langt er gengið að því er þetta snertir, þá vil ég spyrja: Ber Alþ. ekki að taka í taumana, þegar bæjarfélögin fremja slík lögbrot sem hér um ræðir gagnvart þeim, sem erfiðast eiga?

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að þessi till. verði ekki samþ.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Sp., 1. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 24:3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dag-skrá tekin framar.

## 6. Launagreiðslur hins opinbera.

Á deildafundum 4. marz var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um ráðstafanir til sparnaðar í launagreiðslum hins opinbera (A. 53).

Á 4. fundi í Sp., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. og 10. fundi í Sp., 20. marz og 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 7. Verðjöfnunarsvæði.

Á 9. fundi í Sp., 30. marz, var útbýtt:  
Till. til þál. um skipting verðjöfnunarsvæðis (A. 260).

Á 10. fundi í Sp., 1. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Sp., 17. apríl, var till. tekin til einnar umr.  
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framur.

## 8. Innflutningur á fiskiskipum.

Á 13. fundi í Sp., 4. apríl, var útbýtt:  
Till. til þál. um innflutning á fiskiskipum (A. 341).

Á 14. fundi í Sp., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Sp., 17. apríl, var till. tekin til einnar umr.

\*Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Ég mun ekki tala langt mál fyrir till. þessari, nema sérstakt tilefni gefist, því að í grg. eru fram dregnar þær höfuðástæður, sem við flm. teljum stýðja þetta mál. Við flm. bendum á það, að oft getur verið, að menn eigi kost á að afla sér skipa án þess að fá innanlandslán, og jafnvel án þess að láta fyrir þau gjaldeyri út úr landinu. Ég get bent á dæmi þessu til skýringar, ef hv. þm. vildu spyrja, hvernig það mætti verða, að menn gætu eignast fiskiskip hér á landi án þess að þurfa yfirfærslu gjaldeyris. Á síðastl. ári var keypt stórt og myndarlegt vélskip til Vestmannaeyja frá Belgíu (þau voru vist tvö), og fór greiðslan þannig fram, að borgað var í friðu, ef svo mætti segja; ákveðið tonnatal af fiski, sem aflað var á skipið, var látið ganga upp í greiðsluna. Hér var því ekki um að ræða gjaldeyri, sem tekinn væri frá öðrum þörfum. Þetta er einn möguleiki, en þeir eru fleiri til. Bæði geta menn eða félög átt lánstraust erlendis, eða annað, sem dugir. Því álitum við flm., að hafa verði á því alla gát, að torvelða ekki slíkan innflutning af skrifstofulegum ástæðum, ef svo má að orði kveða. Sé hægt að fá góð fiskiskip inn í landið, ætti það að vera föst regla að leyfa þann innflutning, ef skipin geta borgað sig sjálf. Nú mun því verða til svarað, að undanfarið hafi verið leyfður innflutningur á fjölda skipa, þannig að af þeim væri borguð viss upphæð árlega. En um þetta hefir engin föst regla verið höfð, heldur hefir þetta farið eftir því, „hvernig um hefir samizt á eyrinni“ við innflutningsn. Það kostar oft mikið stímabrák að semja við n. um slíkan innflutning, og getur oft orðið til þess, að menn missi af góðum kaupum á skipum sem öðrum hlutum. Við flm. álitum því, að þingið þurfi að segja orð í þessu máli, sem sé það, að þegar svo stendur á, skuli innflutningur hæfra skipa á engan hátt torveldaður af innflutningsnefnd.

Mun ég svo ekki fjölyrða um þetta mál, því að ég tel vist, að hv. þm. séu sammála um, að nauðsynlegt sé að auka skipastól landsmanna að hæfum skipum og að þetta sé leið, sem beri

að fara. Þess má geta, að till. þessi var lögð fram áður en svo skipaðist á Norðurlöndum sem nú er orðið, en það ástand mun verða þrándur í götu þessa máls sem margra annara. En vert er að geta þess, að ýmsar leiðir eru enn opnar, og þó að miklir örðugleikar séu nú, getur þetta skjótlega breytt þannig, að teppur af völdum ófriðarins hverfi, svo að till. á enn fullan rétt á sér.

Skúli Guðmundsson: Ég varð þess ekki var, að hv. þm. Vestm. gerði till. um að vísa þessu máli til n. til athugunar, sem mér finnst þó eðlilegt, að gert væri, og vildi ég því gera það að till. minni, ef slík till. er ekki fram komin. En áður en málið fer lengra, vildi ég segja um það nokkur orð.

Ég er sammála hv. flm. um það, að skipaflooi okkar mun brátt ganga úr sér, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess, að flutt séu inn eða smíðuð skip í stað þeirra, er heltast úr lestinni. Það getur verið rétt að greiða fyrir innflutningi hentugra fiskiskipa, ef hægt er, þó að líta beri á það, að nú eru tímar erfiðir til þessa, þar sem skip eru í mjög háu verði. En það er fleira í sambandi við þetta, sem ég vildi láta koma fram og teldi gott, að n. athugaði einnig. Það er vitað, að mörg af fiskiskipum okkar eru orðin gömul og óhentug, og á ég þar aðallega við togarana, sem munu að meðaltali vera orðnir 20 ára, og þó að margir þeirra hafi verið reknir með góðum árangri síðan styrjöldin hófst, held ég, að óhætt sé að segja, að á venjulegum tímum muni ekki vera hægt að reka þá þannig, að afraksturinn hrökkvi fyrir gjöldum, með því afurðaverði, sem fengizt hefir að undanfögnu. Það eru aðeins fá skip í flotanum, sem að undanfögnu hafa verið rekin með sæmilegri útkomu. Ég tel því ástæðu til að athuga í þessu sambandi, hvort ekki myndu vera tók á að selja eitthvað af þessum skipum, ef hægt væri að losna við eitthvað af þeim og þau gætu reynzt öðrum hentugri en okkur. Hér á ég einnig sérstaklega við togarana. Eins og nú er komið í útvegsmálum, eru þeir okkur óhentugri en smærri skip, t. d. á sildveiðum, sem nú eru orðnar miklu stærri þáttur í útgerðinni en áður. Kostnaður við rekstur þeirra er meiri en smærri skipa, en afli er þó oft ekkert meiri á togurum.

En þegar um það er að ræða að auka skipastól okkar, kemur fleira til greina en innflutningur skipa, sem sé smíði skipa hér á landi. Ef hægt væri að selja nokkra togara úr landi góðu verði, mætti fyrir andvirðið kaupa efni í skip, sem smíða mætti hér á landi. Reynolds hefir fengizt fyrir því, að íslenzkir iðnaðarmenn geta smíðað hér allstór skip, sem hentug eru fyrir okkur. Þetta tel ég ástæðu til að athuga í sambandi við þetta mál, úr því að það er fram komið. Fer ég svo ekki fleiri orðum um þetta, en óska þess, að hv. allshn., sem ég legg til, að fái till. þessa, athugi þessa hlið málsins.

\*Flm. (Jóhann Jósefsson): Út af till. hv. þm. V.-Húnv. get ég lýst yfir því, að það er nátt-



úrlega í sjálfu sér réttara, að svona mál sé at-  
hugað í n., þó að þetta atriði, sem hér um  
ræðir, þurfi ekki nauðsynlega athugunar við.  
En það er ekki ætluð okkar flm. að setja okkur  
upp á móti nauðsynlegri athugun, og ekki er  
heldur rétt að amast við því, að hugleiðingar  
hv. þm. V.-Húnv. komi til athugunar. En af því  
að ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé mér sammála  
um það, að málið eigi ekki að fara til n. til  
þess að það sofni þar svefninu langa, þá er  
að spyrja, hvort hæstv. forseti getur upplýst  
það, hvort timi myndi vinnast til þess áður  
en þingi er slitið að afgreiða málið, þó að það  
færi til n. Ef hæstv. forseti telur það líklegt.  
að timi verði til að afgreiða það, þá er ekkert  
á móti því, að málinu sé vísað til n.

**Forseti (HG):** Það hefir ekkert verið ákveðið  
um þinglausnir enn, og geri ég ráð fyrir, að  
n. muni gefast timi til að ljúka athugun máls-  
ins, enda er auðvelt að ýta við henni um það.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Áður en ég vík að ræðu  
hv. þm. V.-Húnv., vil ég láta í ljós þá skoðun  
mína, að rétt sé að vísa málinu til n., með það  
fyrir augum auðvitað, að n. afgreiði málið. Hv.  
flm. benti réttilega á þær erfiðu ástæður, sem  
nú eru á Norðurlöndum, en ég geri ráð fyrir,  
að hv. flm. hafi aðallega haft fyrir augum  
möguleika á skipakaupum þaðan. En nú munu  
flestar þjóðir ófúsar á að selja skip, því að  
bæði er það, að margar þeirra hafa galdið mik-  
ið afhroð og misst mörg skip af völdum stríðs-  
ins, og eins er hitt, að skip hafa nú hækkað  
mjög í verði, svo að hver þykist góður að halda  
því, sem hann hefir. Þó tel ég rétt að athuga  
þessa möguleika, ef til eru.

En ég vildi ekki láta því ómótmælt, sem hv.  
þm. V.-Húnv. sagði um athugun á möguleik-  
unum fyrir því, að hægt væri að selja íslenzk  
skip. Ég býst ekki við því, að þeir, sem hafa  
ráð yfir skipum, telji viturlegt að selja þau nú,  
því að mjög mun örðugt að fá sambærileg skip,  
hvað þá betri, í staðinn. Málið hefir að vísu  
margar hliðar. En ég tel þó nauðsynlegt, að við  
eigum sem stærstan skipastól, því að það getur  
komið okkur í koll síðar, ef við missum eitt-  
hvað af togurunum.

Ég hefi orðið þess var, þegar leitazt var við  
að selja skip, sem menn gjarnan vildu losna  
við, að þá voru sett l. frá fyrra ári, er banna að  
selja skip úr landi. Hæstv. ríkisstj. hefir leitazt  
við að fara mjög varfærnislega og leyfa ekki  
sölu skipa úr landinu, og ég tel, að þm. líti svo  
á, að ríkisstj. sé fastbundin við að leyfa ekki  
slíka sölu. Ég get nefnt nokkur dæmi þess, að  
hæstv. ríkisstj. hefir synjað um leyfi fyrir slíkri  
sölu, og menn líta svo á, að slíkt gildi jafnt  
um sölu fiskiskipa sem annara skipa.

Um nothæfi togara til sildveiða má deila aft-  
ur og fram, en skýrslur sýna, að meðalafli tog-  
ara er langtum hærri en annara skipa. En hvort  
sá afli vegur upp á móti tilsvarende kostnaði,  
fer nokkuð eftir því, hvernig sildveiðarnar  
ganga og hversu langt er sótt, en þegar um  
sildveiðar er að ræða, verður oft að fara nokkuð  
langt, og oft og tíðum verður afkoma togara-

útgerðarinnar á sildveiðum ekki miklu lakari  
en annara skipa. Hins er ekki að vænta, að  
svona gömul skip sem sumir togararnir eru  
komi að sérstaklega miklum notum, þegar langt  
er sótt til veiða.

Ég skal ekkert fara út í þá hlið málsins, sem  
hefir mjög mikla þýðingu fyrir alla þá menn,  
sem sjómennsku stunda. Það er ekki nóg að  
hafa aðeins vinnu tvo mánuði ársins; sjómenn  
þurfa að vinna lengur en tvo mánuði á ári til  
þess að geta lifað. En það hefir oft gengið  
þannig til, að sildveiðiskipin hafa aðeins gengið  
tvo eða í mesta lagi þrjú mánuði ársins, og hinn  
tímann hafa sjómennirnir verið atvinnulausir  
í landi. En flestir togarana hafa stundað veið-  
ar lengur en flest önnur veiðiskip, oftast 9—10  
mánuði á hverju ári, og þess vegna veitt sjó-  
mönnum atvinnu um lengri tíma en flest önnur  
veiðiskip.

Allir munu að vísu hafa hug á því að losna  
við þessar gömlu fleytur, og ber að því að  
stefna, þegar tímarnir breytast til batnaðar. En  
ég vil beina því til hv. þm., að þeir fari mjög  
varlega í það að taka undir slíka till. sem hv.  
þm. V.-Húnv. hefir hér komið með.

**Skúli Guðmundsson:** Ég ætla aðeins að segja  
örfá orð, áður en þessi till. verður borin undir  
atkv., út af ummælum hv. 2. landsk. Hafi hann  
skilið orð mín svo, að ég ætlaðist til, að hætt  
yrði við togaraútgerð, þá er það mjög fjarri  
því rétta. Það er alls ekki meaning mín, þó að  
ég veki athygli á, að það gæti vel komið til  
mála, að við ættum að losna við eitthvað af tog-  
urunum, og það gæti vel komið til athugunar  
einmítt í sambandi við endurnýjun skipastóls-  
ins, sem hv. 2. landsk. var mér sammála um,  
að sé mjög nauðsynleg. Við vitum báðir, að  
sum af skipum togaraflotans eru orðin mjög  
gömul og úr sér gengin, og þó að möguleikar  
séu á því að gera þau út nú, vegna þess að  
verðið á ísfiski, sem seldur er til Englands, er  
miklu herra nú heldur en á venjulegum tím-  
um, þá er engin leið til að gera þau út nema  
með stórtapi á venjulegum tímum. Því miður  
er það nú svo um þó nokkra íslenzku togarana,  
að þeir munu innan skamms verða algerlega  
ónothæf skip, því að þegar skipin eru orðin  
mjög gömul, er viðhaldskostnaður þeirra svo  
mikill, að hann gleypir allar tekjurnar. Ég get  
ekki fallt á, að það sé nein fjarstæða að  
leggja til, að þetta sé athugað af n., hvort opn-  
ast kynnu möguleikar til þess að selja eitthvað  
af íslenzkum skipum, og síðan væri hægt að  
verja andvirði þeirra til þess að kaupa ný og  
hentug skip, eða — og á það vil ég leggja á-  
herzlu —, að kaupa efni í skip og láta íslenzka  
iðnaðarmenn smíða þau. Það hefir sýnt sig, að  
þeir eru vel færir um það. Sá kostur fylgir því  
á smíða skipin hér á landi, að þá er hægt að  
haga gerð þeirra eftir því, sem hver og einn  
telur sér best henta. Ég veit ekki betur en að  
hér á landi hafi verið smíðuð skip, sem eru um  
100 smálestir að stærð, og að þau hafi reynzt  
ágætlega, og ég efast ekkert um, að það eru  
möguleikar til að smíða enn stærri skip hér á  
landi. Ef við gætum á þann hátt eignast stór

Innflutningur á fiskiskipum. — Fiskveiðar við Grænland. — Ófriðarráðstafanir.

og góð vélskip í staðinn fyrir eitthvað af gömlu togurunum, sem ég álit ekki hægt að gera út nema mjög skamman tíma enn, væri einmitt stórt spor stigið í þá átt, að endurnýja skipastólinn, eins og hv. 2. landsk. taldi nauðsynlegt.

Ég skál ekki lengja umr. um þetta, en vænti þess, að n. taki öll þessi atriði til yfirvegunar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

### 9. Fiskveiðar við Grænland.

Á 14. fundi í Sp., 5. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um fiskveiðar við Grænland (A. 377).

Á 15. fundi í Sp., 8. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

### 10. Ófriðarráðstafanir.

Á deildafundum 19. apríl var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands (A. 498).

Á 21. fundi í Sp., 22. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin frammar.

# Fyrirspurnir.

---

## 1. Framkvæmd tollskrárákvæðis (fyrirspurn ÍslH og EOl).

Á 13. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:  
Fyrirspurn til fjármálaráðherra um framkvæmd tollskrárákvæðis (A. 78).

Á 15. fundi í Nd., 12. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Leyfis synjað með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu  
já: ÍslH, VJ, EOl.

nei: GSv, HG<sup>1</sup>), HelgJ, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, SvBH, TT, BJ, BÁ, EE, EmJ, GP, JörB.

JakM greiddi ekki atkv.

13 þm. (HV, JÍv, JPálm, ÓTh, PHalld, SK, StgrSt, ÞBr, ÁÁ, BjB, EystJ, FJ, GG) fjarstaddir.

Á 42. fundi í Nd., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Gísli Sveinsson: Ég vildi aðeins vekja máls á því, að á þskj. 211 var borin fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. af mér og nokkrum öðrum hv. þm. Þessi fyrirspurn var leyfð og samdægurs afgr. til hæstv. ráðh., en engin úrlausn hefir komið á því enn, hvort hæstv. ráðh. vill svara henni eða ekki. Ég vildi leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann hlutist til um það, að fá upplýsingar um það hjá ráðh., hvort hann ætlar að svara fyrirspurninni.

Forseti (JörB): Ég skal heita hv. þm. V.-Sk. því, að ég skal spyrja hæstv. landbrh. að því, hvort hann muni geta orðið við tilmælum fyrirspyrjenda um að svara fyrirspurninni.

Við bréfi forseta barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 2. Jarðræktarlög.

Á 23. fundi í Nd., 27. marz, var útbýtt:  
Fyrirspurn til landbúnaðarráðherra um störf búnaðarþingsnefndar og um afnám 17. gr. jarðræktarlaganna (A. 211).

Á 24. fundi í Nd., 28. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 19 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 28. marz, sendi forseti Nd. landbrh. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hann teldi sig reiðubúinn að svara.

1) HG: Af því að þessi fyrirspurn mun vera borin fram á öðrum vettvangi, og ég tel það nægilegt, segi ég nei.

---

## 3. Framkvæmd tollskrárákvæðis (fyrirspurn ErlÞ og SÁÓ).

Á 18. fundi í Ed., 15. marz, var útbýtt:  
Fyrirspurn til fjármálaráðherra um framkvæmd tollskrárákvæðis (A. 141).

Á 19. fundi í Ed., 18. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 11 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 18. marz, sendi forseti Ed. fjmrh. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hann teldi sig reiðubúinn að svara.

Við þessu bréfi barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar.



**VIÐBÆTIR**

## Alþingisreikningur

frá 1. janúar til 31. desember 1939.

(Yfirlit.)

## Tekjur:

I. Fyrir seld Alþingistiðindi .....	kr.	155.00	
II. Fyrir seldar þakhellur .....	—	67.50	
III. Vextir af innstæðu í hlaupareikningi við Landsbankann .....	—	75.68	
IV. Ávísað úr ríkissjóði samkv. ávísana- og gjaldabókum þingsins:			
a. Alþingiskostnaði .....	kr.	322777.08	
b. Fyrir yfirskoðun ríkisreikninga o. fl. ....	—	4882.90	—
			<u>327659.98</u>
			<u>Samtals kr. 327958.16</u>

## Gjöld:

A. Samkvæmt 9. gr. 1. í fjárlögum (alþingiskostnaður):			
I. Þingfarar kaup alþingismanna (sjá fylgiskjal) .....	kr.	124263.00	
II. Goldið starfsmönnum:			
a. Föst laun o. fl. [laun skrifstofustjóra kr. 5000.00 + húsaleigu- stýrkur kr. 2400.00; laun fulltrúa kr. 4995.00 + persónul. launa- viðbót kr. 1605.00; laun aðstoðarmanns kr. 6000.00; laun hús- varðar kr. 3000.00] .....	kr.	23000.00	
b. Lausum starfsmönnum [skrifst. og prófarkalestur kr. 5919.50; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 2451.00; lestrarsalsgæzla kr. 1980.00; innanþingskriftir kr. 21375.00; þingfréttamaður í út- varpi kr. 2000.00; dyra- og pallavarzla kr. 7072.50; þingsveins- störf kr. 3901.00; simavarzla kr. 2340.00; fatagæzla kr. 2099.00] .....	—	49138.00	—
			<u>72138.00</u>
III. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda og önnur prentun:			
A. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda:			
1. Skjalapartur og þingskjöl:			
a. Prentun á 16% arkar A-deildar (stjfrv.), án sérprentana, á kr. 172.40; hefting kr. 217.95 .....	kr.	3041.00	
b. Prentun og hefting á 149% arkar A-deildar, með sérprentunum, + a—d-örk = 153% arkar á kr. 243.05; 8 kápur á kr. 21.10; auka- líming á 8 hefti á kr. 24.75; uppbót fyrir setningu á þing- mannaskrá kr. 100.00 .....	—	37683.85	
c. Pappir í skjalapart, í sérprent- anir og kápur .....	—	4274.90	kr. 44999.75
2. Útsending [burðareyrir og flutningsgjöld kr. 586.65; afgreiðsla o. fl. kr. 900.00; umbúðagarn kr. 21.78] .....	—	1508.43	kr. 46508.18
B. Önnur prentun [prentun dagskráa kr. 1366.75; lagaprentun o. fl. kr. 3167.80; prentun á þingmannaskrám o. m. fl. kr. 1004.85; fjölritun kr. 514.95] .....	—	6054.35	—
			<u>52562.53</u>
IV. Bókband (kr. 777.60), bækur (kr. 2652.14), ritföng (kr. 1043.49) ....	—		4473.23
V. Ljós, hiti, ræsting og kostnaður af húsi og munum:			
1. Ljós og önnur raforka (kr. 761.88), ljósfæri (kr. 255.59) .....	kr.	1017.47	
2. Hiti .....	—	3652.55	
3. Ræsting [ræstingarvinna kr. 3448.15; ræstingarvörur kr. 444.59] .....	—	3892.74	
4. Kostnaður af húsi [kostn. af breytingum innanhúss kr. 15450.52; málun á hibýlum þingsins kr. 9066.05; ýmsar aðgerðir kr. 252.13] .....	—	24768.70	
5. Kostnaður af munum [stólar og borð í blaðamannastúkur og pallstúku kr. 1498.45; uppdúkun gamalla stóla o. fl. kr. 609.80; 5 ráðherrastólar kr. 1400.00; skóhlífaskápur kr. 294.99; um-			
			<u>kr. 33331.46</u> kr. 253436.76

Viðbætur.  
Alþingisreikningur 1939.

155

gerðir um forsetamyndir kr. 369.00; reikningsvél kr. 725.00;	kr. 33331.46	kr. 253436.76
ýmsir keyptir munir, aðgerðir á munum o. fl. kr. 1055.82] ....	— 5953.06	— 39284.52
<b>VI. Önnur gjöld:</b>		
1. Aðstoð og aukavinna [þóknun til Lárusar H. Blöndals fyrir umsjón með bókasafni þingsins kr. 600.00; aðstoð Lárusar Péturssonar við leiðréttingu fjárlagafrv. kr. 100.00; til söngflokks við þingsetningu kr. 100.00] .....	kr. 800.00	
2. Kostnaður við einstakar nefndir [þóknun til ritara fjárveitinganefndar, Haralds Matthíassonar, kr. 1036.00; vinna á vegum sömu nefndar að samningu launaskrár o. fl. kr. 4050.35; ferðakostn. sömu nefndar kr. 288.10; þóknun til ritara utanríkismálanefndar, Stefáns Þorvarðssonar, kr. 2400.00; aðstoðarvinna í þarfir allsherjarnefndar Nd. kr. 30.00] .....	— 8794.45	
3. Símagjöld Alþingis [afnotagjald af sínum o. fl. kr. 2153.13; símtöl og símskeyti frá forsetum og skrifstofu kr. 79.95] ....	— 2233.08	
4. Símanot þingmanna .....	— 8300.54	
5. Þinghúsgarðurinn .....	— 648.50	
6. Opinber gjöld [vatnsskattur kr. 755.25; brunabótaiðgjald kr. 303.75; slysatryggingariðgjöld fyrir ræstingarkonur og þingsveina kr. 99.00] .....	— 1158.00	
7. Ýms gjöld [blómsveigar við fráfall alþingismanns og fimm fyrrv. þingmanna kr. 251.00; afmælisgjöf til húsvarðar Alþingis á sextugsafmæli hans kr. 500.00; leiga fyrir 5 flokksfundaherbergi o. fl. kr. 1997.20; kostn. vegna ráðsfundar þingmannasambands Norðurlanda í Osló kr. 3722.93; greitt fyrir samningu yfirlits um íslenska löggjöf í Árbók sama sambands kr. 278.50; risnukostn. forseta kr. 1451.90; kostn. af þingskrif- araprófi kr. 59.00; akstur þingtiðindaupplags til geymslu í háskólahúsinu kr. 72.50; myndasafn Alþingis kr. 25.00; auglýsingar kr. 55.38; leiga fyrir pósthólf kr. 6.00] .....	— 8419.41	— 30353.98
		kr. 323075.26
<b>B. Samkv. 9. gr. 2. í fjárlögum (yfirskoðun ríkisreikninga):</b>		
VII. Laun yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna o. fl. [yfirskoðunarlaun kr. 3750.00 + 700 kr. aukabóknun til tveggja yfirskoðunarmanna, búsettra utan Reykjavíkur; herbergisleiga kr. 418.95; simakostn. kr. 13.95] ....	—	4882.90
	<b>Samtals</b>	<b>kr. 327958.16</b>

Skrifstofu Alþingis, 1. marz 1940.

*Jón Sigurðsson.*

## Fylgiskjal

## Þingfararkaup alþingismanna

Fyrir þinghlé.

	Nöfn	Dagpeningar og dýrtíðaruppbót			Ferða- kostnað- ur o. fl.¹)	Samtals fyrir þinghlé
		Dagpen- ingar	Uppbót 25%	Dagpen- og uppbót alls		
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1.	Árni Jónsson, 9. landsk. þm.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
2.	Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
3.	Bergur Jónsson, þm. Barð.	864.00	216.00	1080.00	300.00	1380.00
4.	Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.	1032.00	258.00	1290.00	490.00	1780.00
5.	Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.	864.00	216.00	1080.00	320.00	1400.00
6.	Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.	888.00	222.00	1110.00	420.00	1530.00
7.	Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafuf.	864.00	216.00	1080.00	300.00	1380.00
8.	Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
9.	Einar Arnason, 2. þm. Eyf.	1020.00	255.00	1275.00	490.00	1765.00
10.	Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
11.	Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
12.	Emil Jónsson, 6. landsk. þm.	864.00	216.00	1080.00	300.00	1380.00
13.	Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.	1020.00	255.00	1275.00	460.00	1735.00
14.	Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
15.	Finnur Jónsson, þm. Ísaf.	972.00	243.00	1215.00	386.00	1601.00
16.	Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
17.	Gísli Guðmundsson, þm. N.-P.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
18.	Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.	1092.00	273.00	1365.00	550.00	1915.00
19.	Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
20.	Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.	888.00	222.00	1110.00	400.00	1510.00
21.	Hermann Jónasson, þm. Str.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
22.	Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
23.	Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.	936.00	234.00	1170.00	418.00	1588.00
24.	Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.	936.00	234.00	1170.00	350.00	1520.00
25.	Jakob Möller, 2. þm. Reykv.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
26.	Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.	588.00	147.00	735.00	»	735.00
27.	Jóhann G. Möller, 4. (vara)þm. Reykv.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
28.	Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.	»	»	»	»	»
29.	Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.	900.00	225.00	1125.00	350.00	1475.00
30.	Jónas Jónsson, þm. S.-P.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
31.	Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.	912.00	228.00	1140.00	450.00	1590.00
32.	Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.	1020.00	255.00	1275.00	494.00	1769.00
33.	Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
34.	Ólafur Thors, þm. G.-K.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
35.	Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.	1356.00	339.00	1695.00	675.00	2370.00
36.	Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
37.	Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
38.	Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.	»	»	»	»	»
39.	Pétur Ottesen, þm. Borgf.	888.00	222.00	1110.00	330.00	1440.00
40.	Sigurður E. Hliðar, þm. Ak.	1020.00	255.00	1275.00	490.00	1765.00
41.	Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
42.	Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
43.	Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
44.	Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.	1068.00	267.00	1335.00	530.00	1865.00
45.	Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
46.	Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.	924.00	231.00	1155.00	500.00	1655.00
47.	Thor Thors, þm. Snæf.	624.00	156.00	780.00	»	780.00
48.	Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.	864.00	216.00	1080.00	»	1080.00
49.	Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.	816.00	204.00	1020.00	»	1020.00
50.	Þorsteinn Briem, þm. Dal.	876.00	219.00	1095.00	325.00	1420.00
51.	Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.	1008.00	252.00	1260.00	465.00	1725.00
	Samtals	44112.00	11028.00	55140.00	9793.00	64933.00

1) Í ferðakostnaðinum er fölginn húsnæðiskostnaður í Reykjavík um þingtimann, 100 kr. á mánuði fyrir hvern utan-



# á þinginu 1939—1940.

Eftir þinghlé.

Dagpeningar og dýrtíðaruppbót			Ferða- kostnað- ur o. fl.)	Samtals eftir þinghlé	Þing- fararkaup alls	Nöfn
Dagpen- ingar	Uppbót 25%	Dagpen- og uppbót alls				
kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Árni Jónsson, 9. landsk. þm. .... 1.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf. .... 2.
792.00	198.00	990.00	250.00	1240.00	2620.00	Bergur Jónsson, þm. Barð. .... 3.
888.00	222.00	1110.00	385.00	1495.00	3275.00	Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf. .... 4.
792.00	198.00	990.00	250.00	1240.00	2640.00	Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr. .... 5.
768.00	192.00	960.00	340.00	1300.00	2830.00	Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn. .... 6.
792.00	198.00	990.00	250.00	1240.00	2620.00	Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf. .... 7.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm. ... 8.
888.00	222.00	1110.00	390.00	1500.00	3265.00	Einar Árnason, 2. þm. Eyf. .... 9.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv. .... 10.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm. .... 11.
876.00	219.00	1095.00	250.00	1345.00	2725.00	Emil Jónsson, 6. landsk. þm. .... 12.
924.00	231.00	1155.00	565.00	1720.00	3455.00	Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm. . 13.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M. .... 14.
852.00	213.00	1065.00	725.00	1790.00	3391.00	Finnur Jónsson, þm. Ísaf. .... 15.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm. .... 16.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Gisli Guðmundsson, þm. N.-P. .... 17.
864.00	216.00	1080.00	620.00	1700.00	3615.00	Gisli Sveinsson, þm. V.-Sk. .... 18.
204.00	51.00	255.00	»	255.00	1335.00	Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf. .... 19.
828.00	207.00	1035.00	350.00	1385.00	2895.00	Helgi Jónasson, 2. þm. Rang. .... 20.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Hermann Jónasson, þm. Str. .... 21.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv. .... 22.
972.00	243.00	1215.00	443.00	1658.00	3246.00	Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M. .... 23.
816.00	204.00	1020.00	325.00	1345.00	2865.00	Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm. .... 24.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Jakob Möller, 2. þm. Reykv. .... 25.
144.00	36.00	180.00	»	180.00	915.00	Jóhann Jósefsson, þm. Vestm. .... 26.
»	»	»	»	»	1080.00	Jóhann G. Möller 4. (vara)þm. Reykv. . 27.
900.00	225.00	1125.00	450.00	1575.00	3175.00	Jón Ívarsson, þm. A.-Sk. .... 28.
1056.00	264.00	1320.00	410.00	1730.00	3205.00	Jón Pálmason, þm. A.-Húnv. .... 29.
876.00	219.00	1095.00	»	1095.00	2175.00	Jónas Jónsson, þm. S.-P. .... 30.
912.00	228.00	1140.00	400.00	1540.00	3130.00	Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. .... 31.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2759.00	Magnús Gíslason, 11. landsk. þm. .... 32.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv. .... 33.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Ólafur Thors, þm. G.-K. .... 34.
1020.00	255.00	1275.00	690.00	1965.00	4535.00	Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M. .... 35.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M. .... 36.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf. .... 37.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	990.00	Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv. .... 38.
900.00	225.00	1125.00	305.00	1430.00	2870.00	Pétur Ottesen, þm. Borgf. .... 39.
888.00	222.00	1110.00	385.00	1495.00	3260.00	Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak. .... 40.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv. .... 41.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm. ... 42.
828.00	207.00	1035.00	370.00	1405.00	2485.00	Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv. .... 43.
936.00	234.00	1170.00	430.00	1600.00	3465.00	Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm. .... 44.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf. . 45.
816.00	204.00	1020.00	350.00	1370.00	3025.00	Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang. .... 46.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	1770.00	Thor Thors, þm. Snæf. .... 47.
792.00	198.00	990.00	»	990.00	2070.00	Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf. .... 48.
»	»	»	»	»	1020.00	Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk. .... 49.
840.00	210.00	1050.00	280.00	1330.00	2750.00	Þorsteinn Briem, þm. Dal. .... 50.
948.00	237.00	1185.00	437.00	1622.00	3347.00	Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm. .. 51.
39744.00	9936.00	49680.00	9650.00	59330.00	124263.00	

bæjarþingmann, skv. úrskurði þingfararkaupsnefndar.

**Reikningur Alþingissjóðs 1939.**

[Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Alþt. 1936, B. 1452—1453].

**Tekjur:**

1. Eign við árslok 1939:		
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	2919.34
2. Vextir 1939 af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	151.81
	<b>Samtals</b>	<b>kr. 3071.15</b>

**Gjöld:**

Eign við árslok 1939:		
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	3071.15
	<b>Samtals</b>	<b>kr. 3071.15</b>

Skrifstofu Alþingis, 2. jan. 1940.

*Jón Sigurðsson.*